**HELENA KONRÁÐSDÓTTIR**

*Kjólinn hefur fjölbreytt notagildi*

Tíska Heimili Heilsa

**allt** Í MIÐJU BLAÐSINS



**HAFNARFJÖRÐUR**

*Stórfelld uppbygging*

Sérblað um Hafnarfjörð

FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG







# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

11. maí 2006 — 125. tölublað — 6. árgangur | MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI | Sími: 550 5000


### Óttast ekki brottrekstur



Aðstandendur Eurovision-keppninnar vilja að Silvía Nótt taki blótsyrði úr textanum.

FÓLK 58

### Hvergi banginn



Jónas Örn Helgason hefur slegið í gegn í spurningaþættinum Meistaranum og keppir um fimm milljóni 25. maí næstkomandi.

FÓLK 58

### Dýrt að byrja í hestamennsku

Það kostar um 320 til 800 þúsund krónur að fjárfesta í lágmarksútbúnaði fyrir hestamennsku.

FÁKAR 22



### FH spáð titlinum



Íþróttafréttamenn Fréttablaðsins og Sýnar spá því að FH verji Íslandsmeistaratitilinn í knattspyrnu í sumar og að ÍA verði í öðru sæti. Íslandsmótið hefst á sunnudag.

ÍÞRÓTTIR 52

### VEÐRIÐ Í DAG




**LÍTILSHÁTTAR VÆTA** Í dag verður hæg suðaustlæg átt sunnan og suðvestan til, annars yfirleitt norðaustlæg átt. Skýjað með köflum víða um land en hætt við skúrum við suður- og suðvesturströndina. Hiti 2-9 stig, mildast syðst.

VEÐUR 4

# Rúm standa auð og gamla fólkið bíður

**Tæplega hundrað eldri borgarar bíða á Landspítalanum eftir rúmi á hjúkrunarheimili. Tíu rúm hafa að meðaltali staðið auð á dvalar- og hjúkrunarheimilinu Grund frá áramótum. Ástandið getur hæglega versnað frá því sem nú er.**

**HEILBRIGÐISMÁL** Mannekla í umönnunarstörfum á dvalar- og hjúkrunarheimilum veldur því að rúm hafa staðið þar auð mánuðum saman. Aldraðir dvelja því oft á sjúkrahúsum í staðinn.

Kostnaður við einstakling á sjúkrahúsi er mismikill eftir deildum en dæmi eru um að einstaklingur sem gæti dvalið á hjúkrunarheimili fyrir um fjórtán þúsund krónur sé vistaður á deild á sjúkrahúsi fyrir fjórum til fimm sinnum hærri upphæð. Ekki er mögulegt að ráða fólk af erlendum uppruna til að leysa vandamálið vegna reglna um lágmarks íslenskukunnáttu sem í gildi eru á dvalarheimilunum. Þórunn Sveinbjörnsdóttir, varaformaður Eflingar, segir að samkvæmt lögum um málefni útlendinga fái fólk af erlendum uppruna 150 tíma í íslenskukennslu en í Noregi sé tungumálakennsla þrjú þúsund stundir.

Anna Stefánsdóttir, hjúkrunarforstjóri Landspítalans, segir fleiri aldraða bíða eftir rúmi nú en á sama tíma í fyrra. „Fyrir stuttu voru 97 aldraðir einstaklingar sem biðu eftir hjúkrunarheimilisplássi.“ Anna segir kostnað við sjúkling á öldrunardeild um 34 þúsund krónur en við sjúkling sem liggur á lungnadeild, en ætti að vera á hjúkrunardeild vegna þess að meðferð er lokið, geti kostnaður numið rúmum fimmtíu þúsund krónum.

Júlíus Rafnsson, framkvæmdastjóri á dvalar- og hjúkrunarheimilinu Grund, segir ástandið erfitt. „Það hafa verið um tíu rúm laus að meðaltali frá áramótum vegna þess að okkur vantar fólk til starfa í aðhlynningu sem er náttúrulega grafalvarlegt.“ Júlíus segir að reglur um íslenskukunnáttu hindri að fólk af erlendum uppruna gangi í umönnunarstörf.

Sveinn H. Skúlason, forstjóri Hrafnistuheimilanna, segir að vegna manneklu hafi á síðustu mánuðum komið upp sú staða að dvalarrými séu ekki nýtt. „Þetta var mjög þungt í fyrrasumar, haust og í upphafi árs. En það er mjög tæpt mannað og það má ekkert út af bregða til að þetta byrji aftur.“ **- shá**



**DREGIÐ TIL STAFS UNDIR HANDLEIÐSLU FORSETANS** Nemendur í Ísaksskóla þurftu heldur betur að vanda sig við skrifin í gær því vökul augu Ólafs Ragnars Grímssonar forseta hvíldu á þeim. Reyndar voru krakkarnir svo lagnir að gamli stjórnmálafræðiprófessorinn þurfti ekki að rifja upp kennsluaðferðir sínar heldur fylgdist hann spenntur með. Enda kom hann til að samgleðjast nemendum og kennurum Ísaksskóla en haldið var upp á 80 ára afmæli skólans í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



**VÍKUR HVERGI** Blair og stjórnarandstöðuleiðtoginn Cameron tókust á á þingi í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Breski forsætisráðherrann:

## Sótt að Tony Blair á þingi

**BRETLAND, AP** Tony Blair fékk í gær að finna smjörþefinn af því hvernig það er að starfa sem forsætisráðherra á útleið, er hann reyndi árangurslaust að beina umræðuefninu í fyrirspurnatíma í þinginu að öðru en kröfunum sem uppi eru um að hann víki úr embætti.

David Cameron, leiðtogi Íhaldsflokksins, þjarmaði að Blair eftir bestu getu og hvatti hann til að „fara, og það fljótt“. „Þakka þér fyrir þessa mjög svo vinsamlegu ráðgjöf,“ svaraði Blair og sagðist vilja tala um raunveruleg stefnumál. Sakaði hann Cameron um að hafa lítið bitastætt fram að færa. **- aa**

Silvía Nótt til Grikklands:

## Má ekki blóta á sviðinu

**EUROVISION** Silvía Nótt heldur ásamt föruneyti til Grikklands í dag. Söngkonunni hefur verið tilkynnt að hún megi ekki blóta á sviðinu í Aþenu. Verði textanum ekki breytt frá því sem er í myndbandinu gæti farið svo að henni verði vikið úr keppninni.

Svante Stockselius, yfirmaður hjá Sambandi evrópskra sjónvarpsstöðva, EBU, segir að fundað verði með íslensku sendinefndinni í Grikklandi þar sem nokkur lönd líði ekki að hún blóti.

Jónatan Garðarsson, sem fer fyrir íslenska hópnum, segir að Silvía Nótt hafi skrifað undir samning um að virða reglur keppninnar. Hann gerir ráð fyrir að samningurinn standi. **- gag**

Aðstandendur þeirra sem létust í sjóslysinu á Viðeyjarsundi í september í fyrra:

# Íhuga málsókn vegna björgunar

**DÓMSMÁL** Við aðalmeðferð í máli ákæruvaldsins gegn Jónasi Garðarssyni kom fram hjá Boga Sigvaldasyni, varðstjóra lögreglunnar í Reykavík, að bátar björgunarsveita hefðu verið komnir á vettvang meira en 20 mínútum áður en lögreglan ákvað að leita eftir bátnum á hafi úti. „Við heyrðum ekkert um alvarleika málsins fyrr en við komum að fólkinu á kili bátsins,“ sagði Bogi fyrir dómi.

Jónína Sigurðardóttir, aðstoðaryfirlögregluþjónn og rekstrarstjóri fjarskiptamiðstöðvar ríkislögreglustjóra, segir tilkynninguna hafa verið metna miðað við fyrstu upplýsingar sem bárust. „Lögreglan í Reykjavík var með málið og ef allt er eðlilegt þá þarf lögreglan að óska eftir upplýsingum ef hún þarf þær. Í þessu tilfelli gekk erfiðlega að fá staðfest hvar slysið varð.“



**SKEMMTIBÁTURINN HARPA** Hífður upp úr sjó eftir slysið. FRÉTTABLAÐIÐ/TEITUR

Jóhannes Rúnar Jóhannsson, talsmaður og lögmaður aðstandenda Friðriks Á. Hermannssonar og Matthildar V. Harðardóttur sem létust í slysinu, segist fylgjast grannt með öllum þáttum rannsóknarinnar. „Þess verður krafist að sérstaklega verði farið yfir samskipti fjarskiptamiðstöðvar Ríkislögreglustjóra og Neyðarlínunnar við lögregluna í Reykjavík. Aðstandendur hinna látnu fylgjast grannt með framgangi þessa máls en eðlilegt er að þeir vilji bíða niðurstöðu í málinu sem nú bíður dóms, áður en næstu skref eru ákveðin endanlega.“ **- mh**

Árangur skiptir máli




Samfylkingin

Flugvöllinn áfram í Vatnsmýrinni.




www.xf.is
www.f-listinn.is



## SPURNING DAGSINS

*Steingrímur, þetta er örugglega vetnisvagn er það ekki?*

„Ég skal nú ekki segja en við notum að minnsta kosti almenningssamgöngur sem er betra en að þvælast um á Hummer.“

Kosningaherferð vinstri-grænna hefst í dag en næstu daga fara frambjóðendur um í strætó og kynna sín mál. Farartæki framsóknarmanna í borginni er Hummer-jeppi. Steingrímur J. Sigfússon, er formaður vinstri grænna.

Jón Gerald Sullenberger og kæra Jóhannesar Jónssonar á hendur honum:

# Jón Gerald yfirheyrður einn

**BAUGSMÁL** Jón Gerald Sullenberger hefur verið yfirheyrður af lögreglunni í Reykjavík í tengslum við rannsókn á meintum röngum sakargiftum á hendur Jóhannesi Jónssyni í Bónus.

Jóhannes lagði fram kæru á hendur Jóni Gerald í kjölfar sýknudóms í Baugsmálinu í Héraðsdómi Reykjavíkur um miðjan mars síðastliðinn. Máli Jóhannesar var ekki áfrýjað og hann er ekki heldur meðal sakborninga í endurútgefnum ákærum setts saksóknara í Baugsmálinu.

Jón Gerald, sem upphaflega lagði fram kæru á hendur Jóhannesi fyrir nærri fjórum árum, var eitt helsta vitni ákæruvaldsins en hefur nú stöðu sakbornings í endurútgefnum ákærum í Baugsmálinu.

Embætti ríkissaksóknara fól lögreglunni í Reykjavík að rannsaka málið á grundvelli kæru Jóhannesar. Jón Gerald á rétt á verjanda en kaus að gefa skýrslu um málið án liðsinnis lögfræðings. Framhald málsins er í höndum ríkissaksóknara.

Sá sem leggur fram ranga kæru, gefur rangan framburð, skýtur undan gögnum eða aflar falsgagna sem ætlað er að koma sök á saklausan mann skal sæta fangelsi allt að 10 árum samkvæmt ákvæðum hegningarlaga. - jh



**JÓN GERALD SULLENBERGER** Jóhannes Jónsson er laus allra mála í dómskerfinu en hefur kært Jón Gerald fyrir meintar rangar sakargiftir á hendur sér.

Menntamálaráðherra:

# Ný leið kynnt í sjúkraliðanámi

**MENNTAMÁL** Menntamálaráðuneytið hefur ákveðið að bjóða upp á nýja leið til sjúkraliðamenntunar með svokallaðri brú. Boðið verður upp á 60 eininga nám með vinnu fyrir ófaglærða starfsmenn á heilbrigðisstofnunum.

Inntökuskilyrði eru 23 ára aldur, að minnsta kosti 5 ára starfsreynsla við umönnun aldraðra, sjúkra eða fatlaðra, og að viðkomandi vinni við slíka umönnun og hafi meðmæli frá sínum vinnuveitenda. Auk þess þurfa umsækjendur að hafa lokið starfstengdum námskeiðum að lágmarki 240 til 260 stundir. - shá

Banaslys á Kjósarskarðsvegi:

# Lét lífið í vélhjólaslysi



**JOHN JOSEPH CRAMER**

Maðurinn sem lést í vélhjólaslysi á Kjósarskarðsvegi síðastliðinn sunnudag hét John Joseph Cramer. John var 47 ára gamall, fæddur árið 1959.

Hann var búsettur á Hæðargötu 10 í Njarðvík.

John lætur eftir sig eiginkonu, þrjú uppkomin börn og barnabörn.

Innbrot í Bláfjöllum og eftirför:

# Handtekinn eftir ofsaakstur

**LÖGREGLUMÁL** Lögreglan í Kópavogi rannsakar innbrot í Ármannsskálann í Bláfjöllum en tæplega tvítugur karlmaður var handtekinn á vettvangi í fyrrakvöld. Félagi hans keyrði í burtu á ofsahraða.

Lögreglan í Reykjavík var kölluð til og veitti hún ökumanninum eftirför eftir Suðurlandsbraut og niður í Breiðholt. Bifreið ökumannsins mældist mest á meira en 160 kílómetra hraða.

Ökuferð mannsins endaði í Breiðholti eftir að hann hafði ekið á bifreið lögreglunnar. Ökumaðurinn var fluttur á slysadeild. Hann fékk svo að gista í fangageymslu lögreglunnar.

Málið er enn í rannsókn hjá lögreglunni í Kópavogi. - mh

## HÉRAÐSDÓMUR

**Upphæði í dómsmáli** Vegna tæknilegra mistaka skiluðu breytingar á texta sér ekki í frétt um dóm héraðsdóms vegna læknamistaka. Landspítalinn var dæmdur til þess að greiða konu 40 milljónir króna í miskabætur vegna lömunar í andliti. Í meginmáli fréttarinnar var tekið fram að upphæðin hefði verið 25 milljónir en hið rétta er 40 milljónir.

# Seinagangurinn veldur vandræðum

**Mikið magn spilliefna hefur safnast upp hér á landi á meðan undirbúningsvinna við uppbyggingu urðunarsvæðis hefur staðið yfir. Úrvinnsla úr gögnum um líkleg urðunarsvæði gengur vel og niðurstöðu að vænta í sumar eða haust.**

**MENGUN** Of hægt hefur gengið að koma upp svæði hér á landi þar sem urðun á spilli- og eiturefnum getur farið fram. Þetta segir Cornelis Aart Meyles, umhverfisverkfræðingur hjá Umhverfisstofnun.

Milli 100 og 150 tonn af PCB-menguðum jarðvegi eru geymd í sekkjum á starfssvæði endurvinnslufyrirtækisins Hringrásar í Klettagörðum. Jarðvegurinn hefur verið geymdur þar frá því árið 2001. Mikið magn spilliefna er að finna á svæði fyrirtækja utan höfuðborgarsvæðisins.

Í Fréttablaðinu í gær sagði Lúðvík Gústafsson, deildarstjóri mengunarvarna hjá Reykjavíkurborg, það er á verksviði umhverfisyfirvalda í landinu að koma upp svæði þar sem urðun á spilliefnum gæti farið fram.

Cornelis tekur undir þetta með Lúðvíki en hann segir málefnið vandmeðfarið og hægagangurinn hafi valdið vandræðum. „Það hefur gengið hægt að finna lausn á þessum málum en vandinn hefur verið viðvarandi um árabil. Það er vandmeðfarið að vinna að framgangi þessa máls þar sem erfitt er að finna stað þar sem urðun spilliefna getur farið fram. Það hefur verið hægt að senda mengað efni úr landi en í miklu magni er það erfitt vegna mikils kostnaðar. Það er hægt að skoða möguleika á því að brenna efnin hér á landi. Það er nauðsynlegt að vinna áfram að því að koma upp svæði þar sem urðun á spilliefnum getur farið fram.“

Sigríður Anna Þórðardóttir umhverfisráðherra segir undirbúning vegna uppbyggingar urðunarsvæðis fyrir spilli- og eitur-



**FRÁ VINNUSVÆÐI HRINGRÁSAR** Mikið magn PCB-mengaðs jarðvegs er inni í lokuðu rými á starfsvæði Hringrásar. Erfitt er fyrir fyrirtækið að losa sig við efnin þar sem mikill kostnaður fylgir því að flytja efnin af landi brott.



**CORNELIS AART MEYLES**



**SIGRÍÐUR ANNA ÞÓRÐARDÓTTIR**

efni vera langt á veg kominn. „Það hefur verið unnið markvisst að því á vegum umhverfisráðuneytisins að finna stað til að urða spilliefni. Að finna rétta staðinn er hins vegar alls ekki einfalt mál og líta þarf til ýmissa þátta, svo sem vatnsverndar og samgangna. Nú er verið að vinna úr gögnum sem safnað hefur verið um þá staði sem taldir eru koma til greina og ég geri ráð fyrir að málið muni skýrast í sumar eða haust.“

PCB er ekki bráðaeiturefni en efnið eyðist hægt úr lífríkinu og getur valdið skaða ef það fer út í lífríkið í miklu magni. PCB er verið að rannsaka um allan heim með tilliti til tengsla á milli efnisins og ýmissa sjúkdóma í dýrum og mönnum.

magnush@frettabladid.is



**BUSH-BRÆÐURNIR** George W. og Jeb Bush í Sun City á Flórída í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Bandaríkjaforseti á Flórída:

# Segir Jeb Bush gott forsetaefni

**BANDARÍKIN, AP** George W. Bush Bandaríkjaforseti sagði í gær að hann myndi gjarnan vilja sjá fleiri meðlimi Bush-fjölskyldunnar halda uppi merkjum hennar í Hvíta húsinu eftir að forsetatíð hans lýkur, hugsanlega með yngri bróðurnum Jeb sem er nú ríkisstjóri Flórída. Kjörtímabili Bush lýkur í ársbyrjun 2009.

Bush tjáði fréttamönnum í Orlando að hann teldi Jeb eiga frekari frama skilinn og að hann yrði „frábær forseti“. Jeb Bush, sem lýkur öðru ríkisstjórakjörtímabili sínu í byrjun næsta árs, hefur ítrekað sagt að hann hyggi ekki á forsetaframboð. - aa

## LÖGREGLUFRÉTTIR

**Mikill hraðakstur í borginni** Tæplega 60 ökumenn voru stöðvaðir og sektaðir vegna hraðaksturs í höfuðborginni síðasta sólarhringinn. Yfir helmingur ók á yfir hundrað kílómetra hraða.

## HÆSTIRÉTTUR

**Gæsluvarðhald áfram** Hæstiréttur staðfesti í gær gæsluvarðhaldsúrskurð yfir síbrotamanni sem grunaður er um að hafa valdið tjóni á nokkrum bílum og íkveikju í Kópavogi í síðustu viku. Manninum er gert að sitja í haldi til 7. júní næstkomandi.




Kristín Gísladóttir sjúkraþjálfari aðstoðar við val á réttri dýnu alla fimmtudaga á milli kl. 16 og 18.

LYSTADÚN Marco

Opið virka daga: 10–18
Reykjavík: Mörkin 4, s: 533 3500


Ung stúlka varð fyrir fólskulegri árás í miðborginni í gærmorgun:

# Tognuð og marin eftir árás

**LÖGREGLUMÁL** „Ég er marin og blá og taugaóstyrk og verð einhvern tíma að ná mér eftir þetta enda ekki eitthvað sem ég átti von á,“ segir Sigríður Inga Eysteinsdóttir, nemi í Iðnskólanum í Reykjavík.

Sigríður var á leið í skólann í gærmorgun þegar hún varð fyrir fólskulegri árás við Landsbankann á Laugavegi þegar kona vatt sér skyndilega að henni og hafði í hótunum. Konan reif tösku af Sigríði og hljóp í burtu.

Sigríður elti konuna upp Barónsstíginn og inn í húsasund þar sem þær lentu í hörðum átökum.

Tveir menn komu þá aðvífandi og lét konan sig þá hverfa en Sigríður hélt veskinu. Tognaði hún á hálsi og í baki auk þess sem konan beit hana í hendina.

Faðir Sigríðar, Eysteinn Georgsson leigubílstjóri segir mildi að dóttir sín hafi ekki hlotið meiri skaða. Hann varar við að ungt fólk sé á ferð ofarlega á Hverfisgötunni snemma morguns eða seint á kvöldin.

„Ég hef starfað lengi sem leigubílstjóri og okkur dettur ekki í hug að hleypa ungmennum út á þessum stað því mikið er um misyndisfólk og beinlínis hættulegt að vera þarna á ferð. Það er grátlegt til þess að vita að þarna sé vinsæl stoppistöð strætisvagna og sérleyfisbíla.“

Lögregla leitaði konunnar enn þegar Fréttablaðið fór í prentun í gærkvöld. - aöe



**SIGRÍÐUR INGA** Var afar brugðið eftir að kona reyndi að ræna hana tösku sinni í miðbæ Reykjavíkur snemma í gær. VÍKURFRÉTTIR/HILMAR BRAGI



Sýpris 100 sm og leirpottur

999

# Mosastríðið heldur áfram




Grasáburður 5kg 399

Garðakalk 12,5kg 799

Grasfræ 1kg 699




Nýtt á Íslandi

Kornaður mosa-eyðir og dreifari 1990

dugar á allt að 150 fm

# Allt í garðinn

## á góðu verði



Soldis

Silkitré & silkiblóm

ný sending

full búð af sumarblómum

Frostþolnir pottar

3 stærðir 690, 990 og 1790



Einir

899

blómaval

*heillandi heimur*

Skútuvogur - Keflavík - Selfoss - Akureyri

Grafarholt - Kringlan - Smáralind

## GENGIÐ

GENGI GJALDMIÐLA 10.05.2006

| | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 70,14 | 70,48 |
| Sterlingspund | 130,53 | 131,17 |
| Evra | 89,66 | 90,16 |
| Dönsk króna | 12,021 | 12,091 |
| Norsk króna | 11,541 | 11,609 |
| Sænsk króna | 9,604 | 9,66 |
| Japanskt jen | 0,6347 | 0,6385 |
| SDR | 104,52 | 105,14 |

*Gengisvísitala krónunnar*
124,154

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Bæjarfulltrúar á Álftanesi vilja kanna rétt Álftnesinga til Lönguskerja:

# Vilja fá lögsöguna á hreint

**ÁLFTANES** Bæjarráð Álftaness hefur samþykkt að vísa tillögu Á-listans um að réttur Álftnesinga til Lönguskerja verði kannaður til bæjarstjórnar. Lögmaður sveitarfélagsins mun kanna málið og verða gögn tekin fyrir á næsta fundi.

Kristján Sveinbjörnsson, bæjarfulltrúi Á-listans, segir að bæði Seltirningar og Álftnesingar telji sig eiga tilkall til Lönguskerja og því séu það hagsmunir Álftnesinga að eignarhaldið verði kannað.

„Nú þegar menn eru farnir að tala um flugvöll eða íbúabyggð þarna þá verður að koma því á hreint formlega séð hver hafi lögsögu yfir Lönguskerjum. Ég tel að það séu hugsanlega verulegir hagsmunir sveitarfélagsins að fá þetta á hreint,“ segir Kristján.



**GUÐMUNDUR GUNNARSSON**, Bæjarstjóri á Álftanesi.



**KRISTJÁN SVEINBJÖRNSSON** Bæjarfulltrúi Á-listans.

Guðmundur Gunnarsson bæjarstjóri telur Álftnesinga eiga „óskoraðan rétt,“ stjórnsýslurétt eða eignarrétt, þar sem Álftnesingar hafi notað skerin fyrir tvö hundruð árum.

„Við vildum ekki samþykkja tillöguna því fyrir fimm til sjö árum hugðust sveitarfélögin ræða stjórnsýslumörk á vogunum. Reykjavík og Seltjarnarnes treystu sér ekki í umræðuna vegna þess að það var álitamál hver ætti hvað,“ segir Guðmundur. - ghs

Alþingi samþykkti:

# Löngusker verði friðlýst

**UMHVERFISMÁL** Þingsályktunartillaga um að friðlýsa Löngusker var samþykkt á Alþingi í umhverfisráðherratíð Sivjar Friðleifsdóttur. Í þingsályktunartillögu um náttúruverndaráætlun ályktaði þingið að 14 svæði á landinu yrðu friðlýst 2004-2008. Þar á meðal er Skerjafjörður.

Ekki er búið að friðlýsa Skerjafjörð en það stendur til. Í greinargerð er gert ráð fyrir að fjara og grunnsævi við Álftanes verið friðlýst með tilliti til farfugla og vaðfugla. Framsóknarflokkurinn leggur nú til að hafa flugvöll á Lönguskerjum í Skerjafirði. - ghs

Skallaði mann eftir dansleik:

# Fékk tveggja mánaða dóm

**DÓMSMÁL** Héraðsdómur hefur dæmt karlmann til tveggja mánaða skilorðbundins fangelsis vegna líkamsárásar fyrir utan veitingastaðinn Oddvitann á Akureyri þjóðhátíðardaginn í fyrra.

Skallaði maðurinn þar annan eftir stympingar þeirra í millum inni á skemmtistaðnum skömmu áður með þeim afleiðingum að fórnarlambið nefbrotnaði. Var árásarmaðurinn einnig dæmdur til greiðslu 200 þúsund króna í miskabætur auk alls sakarkostnaðs. - aöe



**LISTAVERKIÐ** Verkið sýnir tvö mannshöfuð sem innra ljós lýsir upp.

Ríkisspítalinn í Kaupmannahöfn:

# Baugur gefur listaverk

**KAUPMANNAHÖFN** Jóhannes Jónsson, formaður Styrktarsjóðs Baugs afhenti í gær Ríkisspítalanum í Kaupmannahöfn listaverk eftir listakonuna Steinunni Þorsteinsdóttur að gjöf. Verkið heitir Crusaders og sýnir tvö mannshöfuð sem innra ljós lýsir upp eins og segir í tilkynningu.

Helen Bernt Andersen, hjúkrunarforstjóri tók á móti gjöfinni. Sagði hún tengsl Íslands og sjúkrahússins sterk og sem dæmi starfaði fjöldi Íslendinga þar og eins væri íslenskum sjúklingum sinnt þar reglulega. - ks




**KOSNING Í ALLSHERJARÞINGINU** Kjörkassi var borinn á milli fulltrúa á Allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna í New York í gær þegar kosið var í nýja Mannréttindaráðið. Þarna sést fulltrúi Austurríkis stinga atkvæði sínu í kassann. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Fullskipað í nýtt mannréttindaráð SÞ

**Fjörutíu og sjö ríki hafa verið kosin í nýtt Mannréttindaráð Sameinuðu þjóðanna sem kemur í staðinn fyrir umdeilda nefnd. Bandarísk stjórnvöld óttast að sömu gallar muni há nýja ráðinu og gömlu nefndinni. Aðrir eru vonbetri.**

**SAMEINUÐU ÞJÓÐIRNAR, AP** Kúba, Sádi-Arabía og Kína eru meðal þeirra 47 ríkja sem kosin hafa verið í nýtt Mannréttindaráð Sameinuðu þjóðanna, sem tekur til starfa 19. júní næstkomandi. Ráðið kemur í staðinn fyrir Mannréttindanefnd Sameinuðu þjóðanna, sem var lögð niður vegna þess að í henni áttu sæti ríki sem höfðu staðið sig illa í mannréttindamálum.

Bandaríkin sóttust ekki eftir sæti í ráðinu og sögðust talsmenn Bandaríkjastjórnar óttast að nýja Mannréttindaráðið þróist í svipaða átt og gamla nefndin. Svo virðist sem kjörið í gær hafi að einhverju leyti staðfest þann ótta Bandaríkjanna.

„Hvílík ánægja,“ sagði James Bolton, sendiherra Bandaríkjanna hjá Sameinuðu þjóðunum, þegar hann frétti að Kúba hefði fengið sæti í ráðinu. „Það sýnir bara að gallarnir frá fyrri nefnd geti nú sem hægast flust yfir.“

Ýmis mannréttindasamtök sögðust þó í gær að mestu ánægð með þau 47 ríki, sem kosin voru í ráðið.

„Skaðvöldunum, þeim ríkisstjórnum sem reyndu að grafa undan vernd mannréttinda með aðild sinni að gömlu nefndinni, hefur nú fækkað til muna og eru í minnihluta í ráðinu,“ sagði Kenneth Roth, framkvæmdastjóri mannréttindasamtakanna Human Rights Watch. „Það tryggir ekki að þetta ráð verði vel heppnað, en það er skref í rétta átt.“

Sjö ríki frá Vestur-Evrópu og Norður-Ameríku voru kosin í ráðið, en það eru Bretland, Finnland, Frakkland, Kanada, Holland, Sviss og Þýskaland. Þá urðu sex Austur-Evrópuríki fyrir valinu, nefnilega Aserbaídjan, Pólland, Rúmenía, Rússland, Tékkland og Úkraína.

Þrettán Afríkuríki sitja í ráðinu, þrettán Asíuríki og átta ríki frá Suður-Ameríku og Karíbahafinu.

Öll aðildarríkin undirrituðu skuldbindingu um að framfylgja mannréttindasáttmálum til hins ýtrasta.

„Sum ríkjanna sem hlutu kosningu hafa staðið sig illa í mannréttindamálum, en nú hafa þau líka skuldbundið sig til þess að standast ströngustu kröfur um mannréttindi,“ sagði Yvonne Terlingen, fulltrúi Amnesty International hjá Sameinuðu þjóðunum.

gudsteinn@frettabladid.is

Chirac Frakklandsforseti:

# Fordæmir Gróusögur

**PARÍS, AP** Jacques Chirac Frakklandsforseti tjáði sig í gær í fyrsta sinn um pólitískt hneyksli, sem varpað hefur skugga sínum á ríkisstjórn landsins. Dominiques de Villepin forsætisráðherra hefur hvað eftir annað verið hvattur til að segja af sér vegna málsins, en Chirac sagði í gær enga ástæðu til þess.



**JACQUES CHIRAC**

„Ég ber fullt traust til ríkisstjórnar Dominiques de Villepin,“ sagði Chirac og bætti því við að gróusögur ættu ekki að hafa einræðisvald í franska lýðveldinu. Dómstólar verði að fá svigrúm til að rannsaka málið. - gb

Dorrit Moussaieff forsetafrú:

# Kyrrsett á flugvelli í Ísrael

**BESSASTAÐIR** Dorrit Moussaieff forsetafrú var stöðvuð af landamæralögreglu þegar hún var að fara af flugvelli í Ísrael á mánudaginn. Lögreglan taldi að þar sem hún er fædd í Ísrael bæri henni að hafa ísraelskt vegabréf en Dorrit hefur breskt vegabréf sem hún framvísaði.

Haft var samband við sendiherra og ræðismann Íslands í Ísrael og fyrir milligöngu þeirra tókst að leysa málin.

Dorrit var kyrrsett í tæpar tvær klukkustundir áður en henni var hleypt úr landi. - sdg

## LEIÐRÉTTING

Jón Jónsson og Ester Sigfúsdóttir kona hans reka gistihús að Kirkjubóli á Ströndum. Þar er opið allan ársins hring. Bærinn var rangnefndur í blaðinu í gær og er beðist velvirðingar á því.




## VEÐURSPÁ



Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

**NÆTURFROST FRAMUNDAN**

Nú er loftið yfir landinu orðið allnokkuð svalara en það var fyrr skemmstu. Það þýðir að næturfrostin gera vart við sig og verður svo næstu nætur. Hins vegar er loftið við norðaustur- og austurströndina það kalt að hitinn nær að skríða yfir núllið að deginum en vart mikið meira. Landið er enn kalt og sjórinn svalur, allt eins og það á að vera snemmsumars.

**HÖFUÐBORGIN Í DAG**

Hæg suðaustlæg átt og hætt við lítilsháttar vætu. Hiti 5-8 stig að deginum.

*um hádegi »*



*» á morgun*



Yfirleitt 3-8 m/s

*» laugardagur*



Hæg breytileg átt.

*um hádegi »*

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 18°C | léttskýjað | London | 21°C | léttskýjað | Alicante | 23°C | hálfskýjað |
| Billund | 19°C | heiðskírt | París | 24°C | léttskýjað | Mallorca | 18°C | léttskýjað |
| Osló | 20°C | skýjað | Frankfurt | 23°C | léttskýjað | Algarve | 23°C | skýjað |
| Stokkhólmur | 20°C | skúrir | Friedrichshafen | 22°C | léttskýjað | Krít | 22°C | léttskýjað |
| Gautaborg | 18°C | skýjað/skúr | Berlín | 23°C | léttskýjað | Las Palmas | 22°C | léttskýjað |

* Hitatölur sýna hæstu hitagildi. Vindhraði er í metrum á sekúndu.



# Gjafir sem gleðja...

## Gjafadagar í Kringlunni

Á gjafadögum finnur þú fallegar og skemmtilegar gjafir fyrir öll tækifæri. Frábærar hugmyndir að brúðkaups- og útskriftargjöfum. Gjafakort Kringlunnar er líka góð gjöf sem hittir alltaf í mark. Komdu og skoðaðu endalaust úrval góðra gjafa!

## Vinnur þú flug til San Fransisco?

Allir sem kaupa gjöf meðan á gjafadögum stendur gætu unnið flug fyrir tvo til San Fransisco með **Icelandair**. Taktu þátt í leiknum við lukkukassann á 1. hæð.

Fíton/SÍA FI016861

**Opið til 21 í kvöld – Nýtt kortatímabil!**

Kringlan
MEÐ ALLT Á EINUM STAÐ

www.kringlan.is / upplýsingasími 588 7788 / skrifstofa 568 9200



## KJÖRKASSINN

*Áttu plötu með Bubba Morthens?*

| | |
|---|---|
| Já | 51% |
| Nei | 49% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG**

*Hefurðu fylgst með umfjöllun Kastljóss um Baugsmálið?*

Segðu þína skoðun á Vísir.is

Símanum er skylt að flytja símanúmer yfir til netsímaþjónustu Atlassíma:

# Tjón vegna tafa umtalsvert

**FJARSKIPTI** Samkvæmt bráðabirgðaákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar ber Símanum hf. að flytja símanúmer í almennri talsímaþjónustu yfir í netsímaþjónustu Atlassíma þegar um það berast umsóknir. Unnt er að kæra ákvörðun stofnunarinnar til úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála.

Talsmenn Atlassíma telja að þær tafir sem orðið hafi á umbeðnum númeraflutningi frá Símanum hafi þegar valdið óafturkræfu fjárhagslegu tjóni á rekstri félagsins. Það sitji uppi með tugmilljóna fjárfestingu án þess að fá tekjur fyrir vegna tafa af hálfu Símans.

Síminn ber því við að með flutningi á talsímanúmerum yfir í netsímaþjónustu hafi símanúmer eftirleiðis enga tiltekna staðsetningu.



**SÍMTÆKNI FLEYGIR FRAM** Símanúmerin gætu verið á leiðinni inn í kerfi netþjónustunnar. Fari svo verður hægt að hringja í heimilissímann hvar sem er líkt og gildir til dæmis um MSN-netsamskipti.

Einnig hafi tilgreind númer þegar verið flutt og því beri að vísa erindi Atlassíma frá.

Póst- og fjarskiptastofnun telur að krafa Atlassíma gildi almennt um flutning símanúmera yfir í netsímaþjónustu enda réttur notenda til að halda númerum lögbundinn. Sú staðreynd, að notendur geti fengið netsímatengingu fyrir númer sín óháð staðsetningu, sé Símanum óviðkomandi.

Stofnunin telur brýnt að notendum sé gerð grein fyrir þeirri hættu sem skapast geti í neyðartilvikum þegar óljóst verður hvar númerið er niðurkomið hverju sinni.

- jh

Verkalýðsfélag Húsavíkur:

# Óskar eftir formannafundi

**VINNUMARKAÐUR** Aðalsteinn Baldursson, formaður Verkalýðsfélags Húsavíkur, hefur óskað eftir formannafundi hjá Starfsgreinasambandinu til að fara yfir kjaramál láglaunahópa eftir að stofnunum var einhliða heimilað að hækka laun hinna lægst launuðu.

„Ríkið veitir fé til stofnana með fólk á lægstu kjörum en eftir situr fólk í fiskvinnslu, bílstjórar, iðnverkafólk og starfsfólk á hótelum og veitingahúsum. Taxtinn er á bilinu 101 upp í 120 þúsund krónur. Þessir hópar eru að verða langt á eftir öðrum,“ segir hann. Fundurinn verður í næstu viku.

- ghs






# Actavis ætlar að skoða verðmuninn

**Talsmaður Actavis segir allt að tífaldan verðmun á lyfjum þeirra milli Íslands og Danmerkur óeðlilegan. Hann verði skoðaður. Hann telur óraunhæft að samræma reglur og leyfa sömu pakkningar og í Danmörku til að lækka lyfjaverð.**

**LYFJAVERÐ** Actavis ætlar að láta skoða verðmun á lyfjum fyrirtækisins í Danmörku og á Íslandi.

Halldór Kristmannsson, talsmaður Actavis, segir að samanburður lyfjanna tveggja sem var tekinn í frétt blaðsins á þriðjudag, þar sem áttfaldur munur var á þunglyndislyfi og tífaldur á blóðfitulækkandi lyfi, sé óeðlilegur.

„Við ætlum að leita skýringar á þessu. Lyfin eru ekki framleidd af okkur, heldur erum við með utanaðkomandi framleiðendur. Það skýrir hins vegar ekki þennan mun,“ segir Halldór.



**HALLDÓR KRISTMANNSSON** Talsmaður Actavis.

Fréttablaðið tók dæmin tvö af handahófi, þar sem lyfin eru algeng. Þau eru fleiri. 28 taflna lyfjaglas af lyfinu Lanser frá Actavis kostar 4.055 krónur, samkvæmt Lyfjastofnun. Það nefnist Lansoprazol í Danmörku og kostar rétt rúmar 688 íslenskar krónur. Séu pillurnar hundrað kostar glasið 7.351 hér en 1.378 ytra. Tíu 250 milligramma töflur af sýklalyfinu Síprox kosta 1.358 hérlendis. Í Danmörku kallast lyfið Sancipro og kostar sama magn 363 krónur. Sama virka efnið gegn sjúkdómunum er að finna í pilluglösunum. Þessi dæmi eru einnig tekin af handahófi. Landlæknisembættið skoðaði verðmuninn í mars. Í niðurstöðum þess má sjá að lyfið Lomex-T kostaði 14.945 krónur hér. Það kallast Omeprazol í Danmörku og kostar 6.470 íslenskar krónur.



**LYFJAFRAMLEIÐSLA ACTAVIS** Íslenski lyfjaframleiðandinn Actavis heldur 15 prósenta markaðshlutdeild hér á landi. Vegna samninga um lækkun lyfjaverðs hafa þeir slegið 170 milljónir af verði lyfja sinna síðustu tvö árin.

Halldór segir dýrt að þjóna litlum markaði. „Danski markaðurinn er tuttugu sinnum stærri en sá íslenski. Við erum með yfir hundrað lyf á þeim íslenska en fimmtán til tuttugu í Danmörku.“

Hann segir misjöfn nöfn lyfjanna ekki til þess ætluð að rukka ríkið um hærri endurgreiðslu. „Lyfin bera ólík nöfn eftir mörkuðum. Þau er alltaf hægt að bera saman út frá einkenniskóða.“

Spurður af hverju Actavis geti ekki boðið ódýru lyfin hér á landi segir hann að almennt séð sé miklu dýrara að þjóna litlum markaði eins og hér heldur en markaði eins og í Danmörku. „Ég skil að það er erfitt fyrir almenning að skilja kostnaðarmuninn. En við getum sett eitt lyf í framleiðslu fyrir stóran markað og framleitt í miklu magni. Hins vegar framleiðum við hundrað lyf í mjög litlu magni fyrir Ísland. Eftir hverja einustu lotu þarf að hreinsa vélar. Gæðaeftirlitið er annað sem og pakkningarnar og tungumál á þeim.“

Spurður hvort það sem þurfi til að lækka verð á Íslandi sé að samræma pakkningar og taka upp danskar reglur fyrir framleiðsluna segir Halldór: „Þetta er óraunhæf leið. Hins vegar yrði hagkvæmnin mikil.“

gag@frettabladid.is






Formaður samtaka frumlyfjafyrirtækja segir samanburð Sivjar óþolandi:

# Hafa staðið við samninginn

**LYFJAVERÐ** Jakob Falur Garðarsson, formaður Frumtaka sem eru samtök framleiðenda frumlyfja, segir óþolandi að heilbrigðisráðherra setji þá í sama flokk og Actavis í umræðunni um hátt lyfjaverð. Frumframleiðendur hafi staðið við samning heilbrigðisráðuneytisins og lyfjagreiðslunefndar við þá og síðan Actavis.



„Það er í raun og veru óþolandi að við skulum allir vera settir undir sama hatt þegar ráðherra er búinn að segja í þinginu að fyrirtækin eigi hrós skilið og ekki lengra síðan í febrúar,“ segir Jakob Falur: „Um 85 prósent markaðarins heyra undir þau lyf sem við seljum. Þau eru á sambærilegu verði og er í löndunum í kringum okkur.“ Hann segir hugmyndir um sérinnkaupasamband fyrir stofnanir ríkisins galnar.



**JAKOB FALUR GARÐARSSON**

Páll Pétursson, formaður lyfjagreiðslunefndar, segir báða aðilana hafa staðið við samninginn um að lækka lyfjaverð. Lyfin sem bæði frumlyfjaframleiðendurnir og Actavis selji hér séu á sambærilegu verði og á Norðurlöndunum. „En þeir bjóða ekki sömu ódýru lyfin sín hér og þeir gera í Danmörku,“ segir Páll. Það skýri verðmuninn milli landanna.

Í samantekt landlæknisembættisins um lyfjaverð í mars sést að hægt er að fá samheitalyf í Danmörku á mun hagstæðara verði en lyf með sömu virkni hér.

Lyf við áblæstri eða herpes sem kallast Zovir í báðum löndunum, en er framleitt hvort í sínu fyrirtæki fæst fyrir 2.556 íslenskar krónur í Danmörku en 9.458 krónur hér.

- gag




# Leikfanga-útsala

allt að **80%** afsláttur

af völdum vörum




ODDI VOA8880

Gildir á meðan birgðir endast.

**HAGKAUP**
*Skemmtilegast að versla*






Menntamálaráðherra um könnun á fagmenntun grunnskólakennara:

# Efla þarf sérgreinakennslu

**MENNTAMÁL** „Þessar niðurstöður styðja það sem ég hef verið að leggja áherslu á, að það þurfi að efla sérgreinakennslu í skólakerfinu," segir Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra um fagmenntun grunnskólakennara hér. Niðurstöður nýrrar könnunar ráðuneytisins eru í stórum dráttum þær að hæst er hlutfall fagmenntaðra kennara í íslensku, 52 prósent í 8. - 10. bekk. Lægst er það í ensku í 5. - 7. bekk, um 29 prósent.

„Við höfum gripið til ráða til að efla sérgreinakennslu," segir ráðherra. „Við erum með viðbótarnám fyrir grunnskólakennara í íslensku, dönsku, ensku og stærðfræði."

**FAGMENNTUN GRUNNSKÓLA-KENNARA 2005 - 2006**

| | Fagmenntun | Ekki fagmenntun | Leiðbeinendur í kennslugreininni |
|---|---|---|---|
| DÖNSKUKENNARAR | | | |
| 7. BEKKUR | 40% | 52% | 9% |
| 8.-10. bekkur | 47% | 45% | 7% |
| ENSKUKENNARAR | | | |
| 5.-7. bekkur | 29% | 62% | 10% |
| 8.-10 bekkur | 46% | 42% | 12% |
| ÍSLENSKUKENNARAR | | | |
| 8.- 10. bekkur | 52% | 38% | 10% |

Ráðherra kveðst hafa fengið í hendur skýrslu um framtíðarmenntun og skipan kennarastéttarinnar. Allt miði þetta að því að styrkja og efla kennaramenntunina sem slíka, þannig að hægt sé að uppfylla þær þarfir sem skólakerfið setji fram. Ef sameining Kennaraháskólans og Háskóla Íslands verði til þess að efla kennaramenntun, og þá sérstaklega sérgreinamenntunina, sé æskilegt að af henni verði.

Heilsugæslan í Reykjavík:

## Höfuðstöðvar verða fluttar

**HEILSUGÆSLAN** Höfuðstöðvar Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins flytjast úr Heilsuverndarstöðinni við Barónsstíg í Mjóddina í Reykjavík í ágúst.

Nýja húsnæðið er í Álfabakka 16 og í Þönglabakka 1 í Mjódd. Staðsetningin í Mjódd þykir mjög heppileg, segir í tilkynningu frá Heilsugæslunni. Starfsemin verður þar á einum stað nálægt þungamiðju þjónustusvæðisins sem nær frá Hafnarfirði og upp á Kjalarnes, um Garðabæ, í Kópavog, Reykjavík og út á Seltjarnarnes.

Aðalumferðaræðar í gatnakerfi höfuðborgasvæðisins liggja við Mjóddina og þar er einnig ein af aðalmiðstöðvum almenningssamgangna á höfuðborgarsvæðinu. Þá er fyrir í Mjóddinni ein heilsugæslustöð.

-jss



**ÁLFTANES** Tæplega 50 Álftnesingar eru meðlimir í Lions en meðal verkefna er klúbbfélagar fengu 800 þúsund krónur fyrir frá bæjarfélaginu var lagning túnþaka og niðurrif girðinga.

# Samdi við sjálfan sig

**Lionsklúbbur Álftaness fékk 800 þúsund krónur frá bænum fyrir garðvinnu. Peningarnir fóru í Kúbuferð. Bæjarstjórinn fór með.**

**SVEITARSTJÓRNARMÁL** Guðmundur G. Gunnarsson, bæjarstjóri á Álftanesi, lét bæjarsjóð greiða Lionsklúbbnum á Álftanesi, um 800 þúsund krónur fyrir tveggja daga vinnu við þökulagningu og snyrtingu í bæjarlandinu. Samningurinn var munnlegur og peningarnir voru notaðir til niðurgreiðslu ferðar félagsmanna til Kúbu. Bæjarstjórinn er félagi í Lions og fór í ferðina ásamt eiginkonu sinni.

Athugasemdir hafa komið fram í bæjarstjórn og bæjarráði en bæjastjóri hefur vísað öllum athugasemdum frá og sagt þær lágkúrulegelegar aðfarir.

Bæjarstjóri segir munnlegan samning hafa verið gerðan við Lionsklúbbinn, en Sigtryggur Jónsson, formaður klúbbsins, segir svo ekki vera og verkin sem unnin voru hafi ekki verið í nafni klúbbsins.

„Félagsmenn unnu störfin en samningurinn var ekki við klúbbinn. Málið var reifað á fundi okkar og þeir sem þess óskuðu gátu tekið þátt í vinnunni og fengið greitt fyrir en klúbburinn sem slíkur kemur ekki að málinu."

Sigtryggur telur að um tuttugu félagsmenn hafi unnið í tvo til þrjá daga við þökulagningu og við að rífa niður girðingar. Segir hann greiðslu til hvers félaga hafa verið um tuttugu þúsund krónur fyrir hvert dagsverk.

Gjaldkeri Lionsklúbbsins, Richard Hanson, segir engar greiðslur hafa borist í þá tvo sjóði sem Lions hefur yfir að ráða. Annar er líknarsjóður og hinn félagasjóður. Hann segir að undir venjulegum kringumstæðum færu greiðslur fyrir slík verkefni félagsmanna í líknarsjóðinn en svo hafi ekki verið nú. „Á því hef ég engar skýringar. Þarna var gerð undanþága án minnar vitundar og engir peningar komu í okkar sjóði."

Bæjarstjóri segist þreyttur á umræðu um málið, enda hafi hún valdið ólgu innan bæjarfélagsins og þær öldur vilji hann lægja. Þetta sé upphlaup minnihlutans í bæjarstjórn og brýnt að fyrirbyggja frekari skaða og mælist hann til þess að ekki verði aðhafst meira í málinu.

albert@frettabladid.is



HÁSKÓLINN Á AKUREYRI

LAGANÁM Á AKUREYRI

www.unak/feloglaga

Félagsvísinda- og lagadeild Háskólans á Akureyri býður nú upp á nám til B.A. prófs í lögfræði sem og nám til fullgilds embættisprófs í lögfræði (ML).

Umsóknarfrestur er til 5. júní.
Umsóknareyðublöð, námsskrá og kynningarefni eru aðgengileg á www.unak.is.

B.A. próf í lögfræði

Námið til B.A. prófs í lögfræði er einstakt í sinni röð hérlendis og eru sérlega ríkar áherslur lagðar á íslenska- og evrópska réttarsögu, réttarheimspeki, samanburðarlögfræði, stjórnskipunarfræði og á alþjóðalög. Þessi nálgun gerir það að verkum að námið hentar bæði sem sjálfstætt B.A. nám og sem fræðilegur undirbúningur fyrir hefðbundið laganám.

Embættispróf í lögfræði

Til embættisprófs í lögfræði (ML) eru kenndar á meistarastigi allar megingreinar íslenskrar lögfræði á sviði opinbers réttar og einkamáláréttar. Lögð er áhersla á að gera nemendur sem best í stakk búna til að takast á við lögfræðistörf, sem dómarar, lögmenn eða sem lögfræðingar hjá opinberum stofnunum eða einkafyrirtækjum.



Spennandi valkostur

- Persónulegt umhverfi – góð tengsl milli nemenda og kennara
- Verkefnavinna – bæði hópverkefni og einstaklingsverkefni
- Alþjóðleg áhersla – töluvert um að kennarar komi frá erlendum samstarfsháskólum
- Lotubundið nám og símat

Á vormisseri 2006 fór lið laganema til Washington DC og tók þátt hinni alþjóðlegu Jessup-málflutningskeppni. Þátttaka í slíkri keppni er mikil viðurkenning og ber gæðum námsins gott vitni.

Staðfesting á launahækkun frá heilbrigðisráðuneyti:

# Fyrirmæla beðið

**VINNUMARKAÐUR** Forstöðumenn öldrunar- og heilbrigðisstofnana áttu von á því í gær að fá tölvupóst frá heilbrigðisráðuneytinu til staðfestingar á því að stofnanirnar hafi fengið aukafjárveitingu til að hækka starfsmenn um fjóra launaflokka þannig að þeir fái sömu hækkun og starfsmenn hjá sveitarfélögunum.

„Það er allt í biðstöðu. Við bíðum fyrirmæla frá ráðuneytinu um það hvernig við eigum að haga okkur og hvað við eigum að gera. Það er formsatriði en mér skilst að það sé á leiðinni," segir Konráð Karl Baldvinsson, framkvæmdastjóri Heilbrigðisstofnunarinnar á Siglufirði.



SIGNÝ JÓHANNESDÓTTIR

Signý Jóhannesdóttir, formaður Verkalýðsfélagsins Vöku á Siglufirði, segir að starfsmenn á Siglufirði séu í startholunum með að gera stofnanasamning. Fyrsti fundur eftir fréttirnar frá fjármálaráðuneytinu hafi verið á mánudaginn.

- ghs

ABCDEFGHIJKLMNOPQRSTUVWXYZ

# Það hefur aldrei verið auðveldara að gefa!



# ABC-kort

Himinn og haf / SÍA

Barnaland · abc BARNAHJÁLP · Netbankinn

ABC-barnahjálp, Netbankinn og Barnaland.is kynna samstarf sem kemur ungum fjölskyldum og bágstöddum börnum í heiminum til góða. ABC-kortin eru þau fyrstu sinnar tegundar í heiminum. Með þeim nýtur þú afsláttar og fríðinda sem taka mið af þörfum barnafjölskyldna og styrkir um leið börn víðsvegar um heiminn.



## ABC-kreditkort

Við stofnun ABC-kreditkorts renna strax 1000 kr. til ABC-barnahjálpar. Samstarfsfyrirtækin láta 1% af viðskiptum korthafa renna til ABC-barnahjálpar og veita einnig korthöfum góðan afslátt.

## ABC-debetkort

Við stofnun ABC-debetkorts renna strax 1000 kr. til ABC-barnahjálpar. **Öll færslugjöld af kortinu renna til ABC-barnahjálpar.**

## ABC-barnahjálp

Starf ABC-barnahjálpar snýst um að bæta hag bágstaddra barna. Markmiðið er að veita yfirgefnum og umkomulausum börnum varanlega hjálp í formi menntunar og heimila þar sem þess er þörf, auk læknishjálpar, framfærslu og síðast en ekki síst, umhyggju.

**Þú getur sótt um ABC-kortin hjá Netbankanum í síma 550 1800, á nb.is og barnaland.is.**

Samstarfsaðilar ABC-kortanna eru sérvalin fyrirtæki sem þjónusta barnafólk og eru leiðandi á markaði á sínu sviði.

BabySam · LYFJA · 66° NORÐUR · Hans Petersen · spron · Veröldin okkar · yoga shala · sissa stúdíó · Pizza Hut




Forsetakjör á Ítalíu heppnaðist í fjórðu umferð:

# Napolitano varð fyrir valinu

**ÍTALÍA, AP** Giorgio Napolitano verður næsti forseti Ítalíu. Sameinað þing efri og neðri deildar, þar sem einnig sátu fulltrúar frá héraðsstjórnum, kaus forsetann í fjórðu umferð með 543 atkvæðum, sem er nokkru meira en sá 505 atkvæða meirihluti sem dugað hefði til að niðurstaða fengist.

Fyrri umferðirnar þrjár höfðu ekki skilað neinni niðurstöðu, enda þurfti þá tvo þriðju atkvæða. Bandalag vinstriflokkanna hefur nauman meirihluta á þinginu, þannig að hægrimenn gátu hæglega komið í veg fyrir að forsetaefni vinstrimanna næði sigri.

Napolitano er fyrrverandi kommúnisti, sá fyrsti úr þeirra röðum sem tekur við forsetatign á Ítalíu. Hann er áttræður og hefur átt sæti á þingi sem heiðursþingmaður til æviloka, einn af sjö manns sem njóta þess heiðurs.

Napolitano nýtur víða virðingar, þykir bæði hógvær og réttsýnn. Hann átti þátt í að umbreyta Kommúnistaflokknum í vinstrisinnaðan demókrataflokk. **- gb**



**GIORGIO NAPOLITANO** Fyrrverandi kommúnisti, áttræður að aldri, var í gær kjörinn forseti Ítalíu. Napolitano er fyrir miðju á myndinni, en þeir Fausto Bertinotti, forseti neðri deildar þingsins, og Franco Marini, forseti öldungadeildar, samfagna honum. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Leysti til sín landspildu:

## Blönduósbær sýknaður

**DÓMSMÁL** Héraðsdómur hefur sýknað Blönduósbæ af kröfum tveggja manna sem kröfðust þess að bærinn viðurkenndi erfðafesturétt þeirra á landspildu innan bæjarmarkanna.

Töldu mennirnir að faðir þeirra hefði eignast landið en bærinn innleysti spilduna árið 1998. Taldi dómurinn að slík ákvörðun væri einkaréttarlegs eðlis og því ættu ákvæði stjórnsýslulaga ekki við í málinu. Var Blönduósbær því sýknaður af öllum kröfum. **- aöe**

### BRETLAND

**Engin lögreglurannsókn** John Prescott, varaforsætisráðherra Bretlands, þarf ekki að sæta lögreglurannsókn vegna framhjáhalds. Lögreglu barst áskorun um að rannsaka hvort Prescott hefði gerst brotlegur við lög en að sögn aðstoðarlögreglustjóra þykir brotið ekki nógu alvarlegt til að verðskulda rannsókn.



**PÚTÍN RÚSSLANDSFORSETI** Í árlegri stefnuræðu sinni líkti Pútín Bandaríkjunum við úlf, sem „étur án þess að hlusta, og ætlar greinilega ekki að hlusta á neinn“. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

# Pútín svarar Dick Cheney

**Segir Bandaríkin þurfa að gæta sín að láta ekki lýðræðishugsjónina víkja fyrir pólitískum hagsmunum sínum. Hann ætlar að styrkja rússneska herinn.**

**MOSKVA, AP** Vladimír Pútín Rússlandsforseti svaraði gagnrýni Bandaríkjamanna í árlegri stefnuræðu sinni í gær og gaf meðal annars í skyn að bandarísk stjórnvöld létu pólitíska hagsmuni sína hafa forgang umfram lýðræðishugsjónir. Hann sagði mikilvægt að styrkja bæði efnahagslíf og hernaðarmátt Rússlands til þess að verjast þrýstingi erlendra ríkja.

Í stefnuræðu sinni, sem er sú sjöunda frá því hann tók við forsetaembættinu árið 2000, dvaldi Pútín einkum við innanlandsmálefni, hvatti meðal annars til þess að dregið verði úr fólksfækkun, sem hefur verið mikil frá því Sovétríkin liðu undir lok.

Dick Cheney, varaforseti Bandaríkjanna, gagnrýndi Rússa í síðustu viku og sagðist hafa áhyggjur af lýðræðisþróun í Rússlandi. Einnig hafði hann áhyggjur af því að Rússar notfærðu sér orkuauðlindir sínar til þess að „hræða og kúga“ nágrannaríki sín. Bush forseti tók síðan undir þennan málflutning Cheneys.

Margir Rússar brugðust ókvæða við þessari gagnrýni, og nú hefur Pútín lagt orð í belg.

„Hvað verður um allan þennan tilfinningahita í kringum það að vernda mannréttindi og lýðræði þegar kemur að þörfinni til að vernda eigin hagsmuni?“ spurði Pútín í stefnuræðu sinni og beindi spjótum sínum greinilega að Bandaríkjunum.

„Við gerum okkur grein fyrir því sem er að gerast í heiminum,“ sagði hann. „Félagi úlfur veit hvern hann á að éta, hann étur án þess að hlusta, og ætlar greinilega ekki að hlusta á neinn.“

Pútín tók einnig fram að útgjöld Rússa til hernaðarmála væru 25 sinnum minni en Bandaríkjanna.

„Hús þeirra er virki – gott fyrir þá. En það þýðir að við verðum líka að gera okkar hús sterkara og öruggara,“ sagði Pútín. „Því sterkari sem her okkar er, því minni verður freistingin að beita okkur þrýstingi.“

Hann sagði einnig að Rússland þyrfti að leggja áherslu á fjárfestingar og nýsköpun til þess að styrkja stöðu sína í alþjóðlegu viðskiptaumhverfi, en viðurkenndi jafnframt að það markmið, sem hann hefði sjálfur sett sér um að tvöfalda þjóðarframleiðsluna á innan við áratug, virðist nú býsna fjarlægt. **gudsteinn@frettabladid.is**



**DICK CHENEY** Reitti Rússa til reiði í síðustu viku þegar hann sagðist hafa áhyggjur af lýðræðisþróun í landinu.






Öll höfum við ólíkar þarfir sem mikilvægt er að hafa í huga við val á bíl. Sjóvá fjármögnun býður fjölbreyttar og hagstæðar fjármögnunarleiðir; bílalán, bílasamning eða vagnalán sem henta þínum þörfum – hverjar sem þær eru. Að auki er Sjóvá fjármögnun fyrst til að bjóða lánavernd sem sér um eftirstöðvar láns ef til áfalls kemur. Fleiri leiðir – valið er þitt.

**Kíktu á sjovafjarmognun.is og reiknaðu út þína fjármögnunarleið.**
**Við veitum þér 50% afslátt af lántökugjöldum út maí.**

SJÓVÁ FJÁRMÖGNUN



**HERSTÖÐIN Á MIÐNESHEIÐI** Brottför bandaríska hersins setur mikinn svip á kosningabaráttuna í Reykjanesbæ, enda margir íbúanna starfandi á Vellinum.

# REYKJANESBÆR

Reykjanesbær varð til við sameiningu sveitarfélaganna Keflavíkur, Njarðvíkur og Hafna þann 11. júní 1994 og nær sveitarfélagið yfir landsvæði sem nær frá norðurmörkum Keflavíkur og út á Reykjanestá. Við sameininguna bjuggu ríflega tíu þúsund manns í sveitarfélaginu en þar bjuggu 11.346 þann 1. desember síðastliðinn samkvæmt tölum Hagstofunnar.

**ÚRSLIT KOSNINGANNA 2002:**
**Fjöldi íbúa á kjörskrá:** 7.686
**Fjöldi greiddra atkvæða:** 6.516 (84,7%)

**Fjöldi fulltrúa í sveitarstjórn:** 11

**Listi Framsóknarflokksins (B)**
872 atkvæði - 1 fulltrúi

**Listi Sjálfstæðisflokksins (D)**
3.386 atkvæði - 6 fulltrúar

**Listi Samfylkingarinnar (S)**
2.154 atkvæði - 4 fulltrúar

**Bæjarfulltrúi B-lista:**
Kjartan Már Kjartansson

**Bæjarfulltrúar D-lista:**
Árni Sigfússon
Böðvar Jónsson
Björk Guðjónsdóttir
Steinþór Jónsson
Þorsteinn Erlingsson
Sigríður Jóna Jóhannesdóttir

**Bæjarfulltrúar S-lista:**
Jóhann Geirdal
Ólafur Thordersen
Guðbrandur Einarsson
Sveindís Valdimarsdóttir

## KOSNINGAR 2006:

Efstu menn **A-lista**, sameiginlegs framboðs **Samfylkingar**, **Framsóknarflokks** og **óflokksbundinna**:
**1.** Guðbrandur Einarsson, form. Verslunarmfél. Suðurn. og bæjarfulltrúi
**2.** Eysteinn Jónsson, aðstoðarmaður ráðherra
**3.** Sveindís Valdimarsdóttir, kennari og bæjarfulltrúi
**4.** Ólafur Thordersen, framkvæmdastjóri og bæjarfulltrúi
**5.** Guðný Kristjánsdóttir stuðningsfulltrúi
6. Reynir Valbergsson fjármálastjóri

**Efstu menn D-lista, Sjálfstæðisflokks:**
**1.** Árni Sigfússon bæjarstjóri
**2.** Böðvar Jónsson sölustjóri
**3.** Björk Guðjónsdóttir framkvæmdastjóri
**4.** Steinþór Jónsson framkvæmdastjóri
**5.** Sigríður Jóna Jóhannesdóttir þróunarstjóri
**6.** Þorsteinn Erlingsson framkvæmdastjóri

**Efstu menn F-lista, frjálslyndra og óháðra:**
**1.** Kristinn Guðmundsson fiskverkandi
**2.** Sigríður Rósa Laufeyjardóttir leiðbeinandi
**3.** Helgi J. Kristjánsson fiskverkandi
**4.** María Ó. Sigurðard. nemi
**5.** Ingvar A. Garðarsson framkvæmdastjóri
**6.** Helga Kolbrún Sigurpálsdóttir húsmóðir

**Efstu menn R-lista, Reykjanesbæjarlistans:**
**1.** Baldvin Nielsen bílstjóri
**2.** Sæmundur Þ. Einarsson rafverktaki
**3.** Konráð K. Björgólfsson rithöfundur
**4.** Gunnar Þór Böðvarsson tónlistarmaður
**5.** Eygló Rós Nielsen leikskólakennaranemi
**6.** Gunnar L. Þorsteinsson húsasmiður

**Efstu menn V-lista, Vinstri grænna:**
**1.** Sigurður Eyberg Jóhannesson leikari
**2.** Þórunn Friðriksdóttir kennari
**3.** Ægir Sigurðsson framhaldsskólakennari
**4.** Margrét Þórarinsdóttir yfirflugfreyja
**5.** Rut Ingólfsdóttir nemi
**6.** Elín Inga Ólafsdóttir nemi

Baldvin Nielsen R-lista:

## Baráttuframboð með ferskum blæ



Baldvin Nielsen leiðir Reykjanesbæjarlistann. Baldvin er tengdur Frjálslynda flokknum en ágreiningur um innanlandsflugið skilur á milli. „Flokkurinn á landsvísu vill innanlandsflugvöll í Reykjavík en ég vil hafa hann hér.“

Baldvin segir R-listann baráttuframboð með ferskum blæ og megináherslur á atvinnumál. „Við styðjum álver í Helguvík og viljum að sú ákvörðun verði tekin fyrir næstu alþingiskosningar að það rísi.“ Hann segir R-listann vilja gjaldfrjálsan leikskóla í áföngum og nefnir líka mál láglaunafólks. „Við viljum veita láglaunafólki sem þarf að sækja vinnu á höfuðborgarsvæðið fjárhagsstyrk,“ segir Baldvin.

Guðbrandur Einarsson A-lista:

## Berjumst til síðasta manns



Guðbrandur Einarsson er í efsta sæti A-listans sem er sameiginlegt framboð Samfylkingar, framsóknarmanna og óflokksbundinna. Bæjarstjóraefni listans er Reynir Valbergsson sem er í sjötta sætinu, baráttusætinu. „Reynir var fjármálastjóri Reykjanesbæjar í níu ár og hann gjörþekkir rekstur þess.“

Guðbrandur vonar að með sameiginlegu framboði takist að ná meirihluta. „Sagan segir að þessir flokkar hafi verið með um og yfir fimmtíu prósent atkvæða hér og með sameiningu nýtum við atkvæðin betur.“

Guðbrandur segir A-listann hafa fegið góðar viðtökur. „Við munum berjast til síðasta manns,“ segir hann.



**KEFLAVÍK** Búast má við að kjósendur flykkist á kjörstaði í Reykjanesbæ þann 27. maí enda tekist á um mikilvæg mál varðandi framtíð bæjarfélagsins.

Sigurður Eyberg V-lista:

## Komum inn af miklum krafti



Sigurður Eyberg Jóhannesson leikari fer fyrir lista vinstri grænna í Reykjanesbæ. Hann segir listann boða nýjar áherslur. „Við erum til dæmis andvíg álveri í Helguvík. Það leysir ekki atvinnuvandann sem við blasir og væri mjög vont fyrir bæinn,“ segir hann.

V-listinn er að sögn Sigurðar skipaður góðri blöndu af reynslumiklu fólki og nýliðum. „Þetta er fínn þverskurður af samfélaginu og afar sterkur listi.“

Hann segir bjartsýni ríkja hjá vinstri grænum. „Flokkurinn er með átján prósent á landsvísu í könnunum og það ætti að skila okkur góðum árangri hér. Við ætlum að koma inn af krafti,“ segir Sigurður.

Árni Sigfússon D-lista:

## Samfélagsþjónusta alla leið



Árni Sigfússon bæjarstjóri er efstur á D-lista og bæjarstjóraefni. Hann er bjartsýnn á stöðu listans og segir hann ætla að halda áfram á sömu braut með áherslu á velferð samfélagsins og velferð einstaklingsins. „Það þýðir samfélagsþjónustu alla leið.“

Árni segir þjónustu leikskóla og dagforeldra í bænum góða en hægt að bæta hana enn frekar. „Við viljum greiða foreldrum yngstu barnanna þrjátíu þúsund krónur í umönnunarstyrk, sem þeir geta valið hvort þeir nýta til að vera heima með barnið eða kaupa þjónustu dagforeldris. Eins ætlum við að tryggja öllum börnum leikskólapláss frá tveggja ára aldri,“ segir Árni.

Kristinn Guðmundsson F-lista:

## Gera sér vonir um einn mann



Kristinn Guðmundsson fiskverkandi er í efsta sæti lista frjálslyndra. Hann segir raunhæft að gera sér vonir um að ná einum manni í bæjarstjórn. „Við þurfum sex hundruð atkvæði og ég er viss um að við eigum þau inni.“

Megináherslumál listans eru gjaldfrjáls leikskóli strax, aukin velferð eldri borgara, álver í Helguvík, innanlandsflugið til Suðurnesja og átak í atvinnumálum, svo eitthvað sé nefnt. „Herinn er að fara og það verður að grípa til aðgerða í atvinnumálunum,“ segir Kristinn.

Hann segir fleiri þurfa að koma að stjórn bæjarins. „Það er engum flokki hollt að vera einn í stjórn,“ segir Kristinn.

Mikil gróska í pólitíkinni í Reykjanesbæ:

# Mikill fjöldi lista

**KOSNINGAR** Kjósendur í Reykjanesbæ hafa sjaldan haft um jafnmarga kosti að velja í bæjarstjórnarkosningum og nú. Fimm listar keppa um hylli þeirra en fyrirfram er búist við að sjálfstæðismenn og A-listi Samfylkingar og Framsóknar fái mest fylgi.

Þannig sýnir ný könnun NFS að D-listinn fengi nærri tvo þriðju atkvæða og átta fulltrúa og A-listinn fengi þá þrjá sem eftir eru.

Reyndar var könnunin gerð áður en vinstri grænir, frjálslyndir og Reykjanesbæjarlistinn tilkynntu um framboð og því gæti hið pólitíska landslag í bænum hafa breyst nokkuð. Líklegt má telja að litlu framboðin nái að kroppa einhver atkvæði af stóru listunum, sennilega þó meira af A-listanum. Að minnsta kosti hleypir fjöldi lista nokkurri spennu í kosningabaráttuna.

SVEITARSTJÓRNARKOSNINGAR 2006 Reykjanesbær

Atvinnumál í bæjarfélaginu verða eflaust fyrirferðamikil í kosningabaráttunni enda blasir nokkur vandi við þegar herinn fer. Nátengd þessu er umræðan um álver í Helguvík sem allir nema vinstri grænir hafa á stefnuskránni.

- ssal


LEGACY SUBARU

Mest seldi fjórhjóladrifni bíllinn á Íslandi*



JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is

SYMMETRICAL AWD

STAÐALBÚNAÐUR: 2.0 LÍTRA - 165 HESTÖFL, SÍTENGT FJÓRHJÓLADRIF, 17” ÁLFELGUR, HRAÐASTILLIR, TÖLVUSTÝRÐ LOFTKÆLING, KASTARAR Í STUÐARA OG MARGT FLEIRA.

Það fer ekki á milli mála að Íslendingar vita upp á hár hvaða bíll er bestur fyrir Ísland. Reynslan af Subaru Legacy við hinar erfiðu og óvenjulegu aðstæður hér á landi hefur gert bílinn að samnefnara fyrir endingu, hörku og úthald. Það ætti enginn að kaupa sér bíl án þess að reynsluaka Subaru Legacy.

Sjálfskiptur Sedan **2.540.000,-** Beinskiptur Sedan **2.370.000,-** Sjálfskiptur Wagon **2.690.000,-** Beinskiptur Wagon **2.560.000,-**

Ingvar Helgason | Sævarhöfða 2 Sími 525 8000 www.ih.is | Opið: Mánudaga - föstudaga kl. 9:00–18:00 og laugardaga kl. 12:00–16:00

| Umboðmenn um land allt | Akureyri 461-2960 | Selfossi 482-3100 | Njarðvík 421-8808 | Höfn í Hornafirði 478-1990 | Reyðarfirði 474-1453 |
|---|---|---|---|---|---|

* Samkvæmt sölutölum Umferðarstofu 01/04 til 28/04 2006

# TVÖFALDUR SPRENGIDAGUR Í DEBENHAMS

## OPIÐ Í DAG KL. 8-22
## OG Á MORGUN KL. 11-19

# 25%

NÝTT KORTA-TÍMABIL

AFSLÁTTUR AF ÖLLUM
FATNAÐI OG HEIMILISVÖRUM
15% AFSLÁTTUR AF SNYRTIVÖRUM






OPIÐ TIL KL. 21 Í KVÖLD

# Krakkadagar

FRÁ FIMMTUDEGI TIL SUNNUDAGS

í Smáralind

## FRÁBÆR SKEMMTUN OG FJÖR

Börnin eru í aðalhlutverki alla helgina. Ótrúleg tilboð á vörum fyrir börn, spennandi dagskrá og fullt að gerast fyrir alla krakka á hverjum degi til sunnudags. Komdu á Krakkadaga, njóttu skemmtilegra stunda með börnunum og gerðu frábær kaup.

**SKEMMTILEGAR UPPÁKOMUR OG ENDALAUST FJÖR**

- **HAFIÐ BLÁA – SKEMMTUN FYRIR ALLA FJÖLSKYLDUNA**
- **INGÓ KEMUR.** Ingó náði langt í Idol stjörnuleit í vetur og vann huga og hjörtu Íslendinga. Komið og sjáið Ingó skemmta í Smáralind í dag kl. 15.00 á fyrstu hæð.



- **BRÍET SUNNA SKEMMTIR.** Bríet sló í gegn í Idol sjörnuleit og náði alla leið í 3. sætið. Hún mætir í Smáralind á sunnudaginn kl. 15.00 og skemmtir gestum og gangandi á fyrstu hæð.



- **LEIKTÆKI** í göngugötunni - FRÍTT! Föstudag, laugardag og sunnudag.



SÝNT VERÐUR ÚR LEIKRITINU
**HAFIÐ BLÁA**
á fyrstu hæð í dag kl. 17.00
og laugardaginn kl. 14.30




**NÝTT KORTATÍMABIL!**

ENNEMM / SIA / NM216958

Verslanir opnar mán-mið 11-19, **fim 11-21**, fös 11-19, lau 11-18 og sun 13-18 / smaralind.is / 528 8000




Birt með fyrirvara um prentvillur.

„ORÐRÉTT“

*En ekki alveg viss*

**„Ég held að fyrirkomulagið sem við höfum valið okkur varðandi eftirlit með fjármálaþjónustu sé mjög gott.“**

JÓNAS FR. JÓNSSON FORSTJÓRI FJÁRMÁLAEFTIRLITSINS. MARKAÐURINN

*Bíddu nú við!*

**„Ég held að Halldór sé góð landkynning.“**

STEINGRÍMUR ÓLAFSSON UPPLÝSINGAFULLTRÚI FORSÆTISRÁÐUNEYTISINS UM HALLDÓR ÁSGRÍMSSON. MORGUNBLAÐIÐ.

*nær og fjær*
**tilveran**

**HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?** MARGRÉT MARÍA SIGURÐARDÓTTIR, FRAMKVÆMDASTJÓRI JAFNRÉTTISSTOFU:

# Yfirdrifið nóg að gera



„Það er yfirdrifið nóg að gera bæði í leik og starfi hjá mér og næg spennandi verkefni framundan,“ segir Margrét María Sigurðardóttir, framkvæmdastjóri Jafnréttisstofu. Þar hefur hún starfað frá árinu 2002 og verið framkvæmdastjóri síðan í nóvember 2003.
„Ég er að koma af fyrsta jafnréttisfundi allra Norðurlandanna með félagsmálaráðherra, Jóni Kristjánssyni, þar sem fleiri aðilar komu reyndar að. Nú er ég á leiðinni heim en það stendur mikið til í starfi mínu. Við fundum með Kvenréttindafélaginu og Akureyrarbæ í vikunni um jafnréttismál og í næstu viku fer fram kynning á stóru verkefni um launajafnrétti á Norðurlöndunum.
Af því tilefni verður haldið málþing á okkar vegum og Félagsmálaráðuneytisins og ýmsir hnútar sem þarf að hnýta varðandi það. Svo er von á sendinefnd frá Eistlandi í byrjun júní og ætlar hún að kynna sér stöðu jafnréttismála hér hjá okkur.“
Annasamt starf virðist þó ekki duga eitt og sér til að halda Margréti rólegri. „Ég sjálf er að fara að ganga á Hvannadalshnjúk um hvítasunnuhelgina og hef æft stíft með einkaþjálfara fyrir það. Þess á milli hef ég æft mig annars staðar og gekk meðal annars á Esjuna ekki alls fyrir löngu og hef farið víðar þar sem fjöll er að finna sem auðvelt er að ganga á. Ég náði reyndar engri fjallgöngu hér á meðan á ferð minni stóð í Noregi og það er ákveðin synd. En það er nóg af fallegu umhverfi hér til að ganga um og kynna sér nánar. En það er sem sagt nóg að gera og nóg framundan í allt sumar.

**ÁSTKÆRA YLHÝRA**

## Í hund og kött

Hundar og kettir eru meðal allra vinsælustu gæludýra. Þau eru þekkt fyrir að koma illa saman og í því sambandi talað um að rífast eins og hundur og köttur. Þessir loðnu vinir okkar hafa þó ekki síður sett mark sitt á málið í forskeytum, sem geta verið býsna forvitnileg. Hægt er að vera hundfúll og hundleiðinlegur, sem þykir ekki eftirsóknarvert, en sumir verða hundgamlir og þá kannski hundvísir líka, þó að viturleiki og aldur haldist ekki alltaf í hendur. Hund-forskeytið leggur þannig áherslu og magnar upp lýsingarorðið sem það fylgir úr hlaði. Hundalógík þykir þó ekki burðug og hundaklyfberi er afar ómerkilegur maður, hundingi. Dýrin tengjast aftur gegnum hundslappadrífu, sem sums staðar er kölluð kattlappadrífa. Forskeyti kattanna virðast hafa öllu meira að gera með eiginleika dýranna, eins og sjá má af því að kettir eru sannarlega kattliðugir. En þá má velta því fyrir sér hvort það sé í rauninni hrósyrði að segja um náungann að hann sé kattþrifinn, þar sem kattarþvottur er lélegur þvottur. Þetta er hundþvælið en það verður að taka því eins og hverju öðru hundsbiti.

magnus@frettabladid.is



**BLÓÐRAUTT SÓLARLAG** Svona sest sólin í eyðimörkum í suðvesturríkjum Bandaríkjanna. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Sagan varðveitt í Árbænum



**Hugmyndir um flutning Árbæjarsafns út í Viðey hafa vakið blendin viðbrögð. Á meðan sumir telja safninu og eyjunni mikill greiði gerður með flutningnum segja aðrir að hugsmunir safnsins séu fyrir borð bornir.**

Árbæjarsafn var stofnað fyrir tæpri hálfri öld þegar bæjarráð Reykjavíkur ákvað að endurbyggja býlið Árbæ, koma þar á fót almenningsgarði og flytja þangað gömul hús úr miðbænum. Árbær stóð þá utan byggðarinnar í Reykjavík en er nú umlukinn byggð og umferðarmannvirkjum. Um og upp úr 1960 var hafist handa við að flytja gömul hús í land Árbæjar og teljast nú 27 hús til Árbæjarsafns. Í þeim er margháttuð starfsemi, einkum að sumarlagi, og er leitast við að sýna lifnaðarhætti og handbragð fyrri tíma á lifandi hátt. Húsin í safninu voru reist á árunum 1820-1907 og stóðu flest í Kvosinni í Reykjavík eða á nærliggjandi lóðum. Þau eru af ýmsum stærðum og gerðum en eiga það sameiginlegt að vera vel haldið við og vera safninu og borginni til sóma.

Það er eins og að hverfa meira en öld aftur í tímann að ganga um Árbæjarsafn. Þar drýpur sagan af hverju strái og gestir geta auðveldlega gleymt því að þeir eru staddir inni í miðri borg. Lengst af hefur ríkt eining um að hafa Árbæjarsafnið þar sem það er; í Árbænum. Að minnsta kosti hefur fáum dottið í hug að hrófla við starfseminni þar. Fyrir nokkrum árum stakk Hrafn Gunnlaugsson kvikmyndagerðarmaður upp á að safnið, eða hluti



**GÖMLU HÚSIN TEIKNUÐ** Skólabörn í Árbænum heimsækja Árbæjarsafn.

þess, yrði flutt í Hljómskálagarðinn. Hafði hann þá fyrst og fremst hagsmuni og notagildi Hljómskálagarðsins að leiðarljósi en honum þótti (og þykir líklega enn) miður hve garðurinn er lítið notaður. Nú virðist annað uppi á teningnum, þó umhyggja fyrir safninu og Viðey fylgi með. Þróunarfélagið Þyrping ásælist landið sem Árbæjarsafn stendur á og sér tækifæri til að reisa þar íbúðabyggð. Yrði svæðið eflaust vinsælt til búsetu enda

**GAMLI TÍMINN Í MIÐRI BORG** Í Árbæjarsafni getur fólk kynnst lífinu eins og það var á nítjándu öld og framanverði tuttugustu öldinni. Allt var þá með öðrum hætti en nú er. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

umhverfið ofan Elliðaáa fagurt. Telur félagið það taka tvö ár að flytja safnið út í Viðey og reiknast til að kostnaðurinn nemi um einum og hálfum milljarði króna.

Safnamenn eru á hinn bóginn ekki ánægðir með hugmyndina og hafa af henni áhyggjur. Segja þeir faglega hagsmuni Árbæjarsafns ekki hafða að leiðarljósi, telja faglegu starfi þess og aðgengi fólks að því teflt í tvísýnu. Á endanum verða það stjórnmálamennirnir í borgarstjórn Reykjavíkur sem ákveða framhaldið og ef að líkum lætur verður endanleg ákvörðun, hvort sem hún verður á þá leið að safnið skuli flutt eður ei, ekki tekin fyrr en á næsta ári, 50 árum eftir að forverar þeirra í bæjarstjórninni ákváðu að koma safninu á laggirnar

bjorn@frettabladid.is



**VATNIÐ SÓTT Í BRUNNINN** Það kann að koma börnum og ungmennum á óvart að í gamla daga var ekki skrúfað frá krönum í húsum heldur vatnið sótt í næsta brunn.



**ALLT EINS OG Í GAMLA DAGA** Meira að segja girðingarnar eru gamlar í Ábæjarsafni




Kraftur og hugmyndir

Karl Tómasson
skipar 1. sæti á lista VG í Mosfellsbæ.

Hugmyndaríkur athafnamaður sem lætur verkin tala.



20 pylsur og fótboltasett
20 GOÐAPYLSUR
999 KR.
+FÓTBOLTASETT!
20 Goða PYLSUR og fótboltasett
KJÚKLINGABITAR
-ferskir leggir og vængir-
FERSKIR VÆNGIR
139 kg KR.
Merkt verð 199KR.
Ferskir bitar
FERSKIR LEGGIR
349 kg KR.
Merkt verð 349KR.
30% afsláttur við kassann
Nýtt kortatímabil!
EKKERT BRUÐL
DANSKAR KJÚKLINGABRINGUR 900g
1298 KR.
900g poki
BÓNUS SVÍNAGRILL LÆRIS-/HNAKKASNEIÐAR
899 kg KR.
KJÚKLINGABRINGUR
-frosnar danskar í 900g pokum-
BÓNUS SVÍNAGRILL
-svínalærissneiðar eða svínahnakki-
Sjáðu verðið!
Léttum sólinni störfin!
25 BRÚNKUKLÚTAR
299 KR.
BRÚN ÁN SÓLAR
25 brúnkuklútar
8 maískubbar
8 FROSNIR MAÍSKUBBAR
259 KR
Gott á grillið!
Corn on the Cob
Létt Egilsgull
49 KR.
500 ml
Egils GULL
FEITAR OG FREISTANDI LAMBARIFJUR
FEITAR, GÓÐAR RIFJUR
299 KR
MERKT VERÐ 399KR.
25% afsláttur við kassann
www.bonus.is
bonus.is
Tilboð í viku 19, gilda til sunnudags eða á meðan birgðir endast

## Svona erum við

> Heildarafli erlendra ríkja á Íslandsmiðum




Heimild Hagstofa Íslands

**baksvið**
*fréttir og fróðleikur*

**FBL. GREINING:** SKILMANNAHREPPUR

# *Eitt auðugasta sveitarfélag landsins*

Sigurður Sverrir Jónsson, oddviti í Skilmannahreppi, hefur verið nokkuð í fréttum síðustu daga þar sem hann býður íbúum hreppsins 600 þúsund króna framlag úr sjóði hreppsins í formi vöruúttektar hjá Byko og Húsasmiðjunni.



**Af hverju veitir hreppsstjórinn úr sjóðnum?**
1. júní næstkomandi mun Skilmannahreppur sameinast Hvalfjarðarstrandarhreppi, Innri Akraneshreppi og Leirár- og Melahreppi. Þegar sameining var ákveðin var sjóðurinn undanskilinn og er nú verið að tæma hann áður en til sameiningar kemur svo hann deilist ekki á alla íbúa nýs sveitarfélags. Sigurður Sverrir leiðir einn listann sem býður fram í nýju sameinuðu sveitarfélagi.

**Hvað búa margir í Skilmannahreppi?**
Í desember á síðasta ári bjuggu 214 íbúar í Skilmannahreppi sem er 47 fleiri en árið áður. Árið 1991 bjuggu aðeins 144 í hreppnum. Nokkur þéttbýliskjarni hefur myndast á undanförnum árum á Hagamel, eða Melahverfi, sem er norðvestan við Eiðisvatn. Þótt það sé steinsnar frá þjóðveginum þegar ekið er frá Hvalfjarðargöngum í átti til Borgarness virðast fæstir verða varir við þennan nýja þéttbýliskjarna.

**Hver er helsta tekjulind hreppsins?**
Skilmannahreppur er einn auðugasti hreppur landsins enda er járnblendiverksmiðjan á Grundartanga innan hreppsmarkanna. Einnig er hálft álver Norðuráls á Grundartanga innan hreppsmarkanna en það með stærstu iðnfyrirtækjum landsins og er frekari stækkun þess fyrirhuguð nú í haust. Hreppurinn er að breytast úr landbúnaðarsvæði í að verða venjulegt íbúasvæði. Flestir sækja vinnu til Akraness, Grundartanga eða Reykjavíkur.

**SPURT & SVARAÐ**
SJÚKRALIÐAR

## *Mikils metið starf*



KRISTÍN Á. GUÐMUNDSDÓTTIR FORMAÐUR SJÚKRALIÐAFÉLAGS ÍSLANDS

Málefni sjúkraliða hafa verið í umræðunni að undanförnu. Mikinn fjölda sjúkraliða vantar til starfa og nýliðun úr námi er ófullnægjandi. Nú er stefnt að því að gera átak til að fjölga sjúkraliðum með því að fjölga menntunartengdum úrræðum.

**Í hverju felst sjúkraliðanám?**
Sjúkraliðanám felst í því að mennta starfsmenn til að starfa við allar hliðar hjúkrunar.

**Hvaða starfsréttindi gefur námið?**
Menntunin gefur rétt til starfa þar sem verið er að sinna þeim þætti hjúkrunar sem er hvað næst sjúklingum. Sjúkraliði sinnir því persónulegasta í umönnun sjúkra.

**Eru störf sjúkraliða metin að verðleikum?**
Ég tel að starf sjúkraliða sé metið mikils. En starf sjúkraliða er ekki metið að verðleikum til launa og það mætti nýta hæfileika þeirra mun betur.

VILTU SKJÓL Á VERÖNDINA?



MARKISUR



www.markisur.com
Hrein Fjárfesting ehf
REX
Dalbraut 3, 105 Reykjavík · Nánari upplýsingar í síma 567-7773 og 893-6337 um kvöld og helgar

# Bæta landheilsu jarðar

**Binding kolefnis í gróðri og jarðvegi, meðal annars með skógrækt og landgræðslu, hefur mikla kosti sem lausn á þeim loftslagsvanda sem steðjar að jörðinni að mati Rattans Lal prófessors.**



**EYÐIMÖRK** Um 20 milljónir ferkílómetra er eyðimörk í heiminum í dag.

Breytingar eru að eiga sér stað á loftslagi jarðar af mannavöldum. Landheilsu jarðar hrakar vegna hnignunar vistkerfa og eyðingu jarðvegs. Þetta leiðir til vaxandi erfiðleika við að tryggja mannkyni nægan mat. Ein af hinum sameiginlegu lausnum þessa margslungna vanda er að binda kolefnið í gróðri og jarðvegi, meðal annars með landgræðslu og skógrækt, og bæta um leið frjósemi landsins og fæðuöryggi jarðarbúa.

Rattan Lal, prófessor í jarðvegsvísindum, er staddur hér á landi til að halda fyrirlestur um vandamál og lausnir til að sporna við loftslagsbreytingum. Sameinuðu þjóðirnar hafa helgað árið 2006 baráttu gegn eyðingu jarðvegs og myndun eyðimarka. Í tilefni af því stendur forsetaembættið fyrir fyrirlestraröðinni Nýir straumar í samstarfi við Landbúnaðarháskóla Íslands og Landgræðslu ríkisins.

Rattan Lal er prófessor við ríkisháskólann í Ohio í Bandaríkjunum og jafnframt forstöðumaður rannsóknastofnunar við háskólann sem sérhæfir sig í rannsóknum á bindingu kolefnis. Hann er meðal fremstu vísindamanna heims á sviði samspils landkosta og loftslagsbreytinga.

Um 50 til 75 prósent af hinum lífrænu efnum jarðar hafa tapast úr jarðvegi á jörðunni vegna afskipta manna, til dæmis vegna eyðingar skóga, annarrar landhnignunar og uppblásturs. Uppistaðan í því er kolefni sem er létt efni og flyst því auðveldlega með vatni og vindum. Þegar súrefni binst við kolefnin verður til koltvísýringur sem losnar út í andrúmsloftið. Allt að helmingur þess kolefnis sem flyst með veðrun berst út í andrúmsloftið og verður koltvísýringur. Aukið magn koltvísýrings í andrúmsloftinu stuðlar að hækkun hitastigs.

Bruni jarðefnaeldsneytis hefur leitt til mikillar losunar á koltvísýringi út í andrúmsloftið eða á bilinu 270 til 300 gígatonn. Losun koltvísýrings úr jarðvegi er á bilinu 80 til 100 gígatonn. Lal telur að hægt sé að binda kolefni sem tapast með jarðvegseyðingu og stuðla þannig að bættara vistkerfi. Alþjóðasamfélagið verður að grípa til aðgerða til að snúa við þeirri þróun sem á sér stað í jarðvegseyðingu í dag að mati Lals. Ef hitastig hækkar um fjögur stig á 21. öldinni telur Lal að vistkerfi nái að aðlagast hækkuninni að mestu leyti. En ef hækkunin verði á bilinu níu til ellefu stig, líkt og sumir spá, muni bráðnun jökla og hækkun sjávarmáls hafa alvarlegar afleiðingar.



RATTAN LAL PRÓFESSOR Í JARÐVEGSVÍSINDUM

Lal segir Ísland sérstaklega gott land til að beita þeirri aðferð að binda kolefni í gróðri og jarðvegi af tveimur ástæðum. Í fyrsta lagi af því að hér er nauðsyn fyrir það. Í öðru lagi nefnir hann þá framúrskarandi vísindavinnu sem hefur verið unnin af íslenskum vísindamönnum.

„Ísland er lítil eyja og því er losun hér tiltölulega lág. Þessvegna er mögulegt að vega upp á móti losun jarðefnaeldsneytis.“ Rattan Lal telur góðar forsendur hérlendis til að gera Ísland losunarfrítt þar sem einungis fjórar milljónir tonna af koltvísýring eru losaðar hér árlega. Samkvæmt útreikningum sem hann gerði og byggði á íslenskum rannsóknum telur hann að með mótvægisaðgerðum verði hægt að vega upp á móti losuninni og gott betur. „Það frumkvæði sem íslensk stjórnvöld og stofnanir hér hafa tekið til að bæta vistkerfið sýna framúrskarandi dæmi og getur verið fyrirmynd annarra ríkja.“

Sumir halda þvífram að hlýnun loftslags sé hluti af náttúrulegu ferli jarðar og að áhrif mannkyns séu þar ýkt. Lal segir að það sé þrýstihópur olíufyrirtækja og fleiri hagsmunaaðila sem einkum haldi þessum sjónarmiðum á lofti. Svo er annar þrýstihópur sem telur að mannkynið hafi átt mestan þátt í hlýnun loftslags með losun gróðurhúsalofttegunda. Lal telur að báðir hópar hafi eitthvað til síns máls. „Ég held að við lok 21. aldarinnar, ef magn koltvísýrings í andrúmsloftinu heldur áfram að aukast, muni verða breytingar. Vonandi getum við snúið þessari þróun við með því að hlúa að vistkerfum jarðar.

Ólafur Arnalds, deildarforseti umhverfisdeildar Landbúnaðarháskóla Íslands, segir Ísland með sérstöðu í heiminum hvað varðar landgræðslu. Náðst hefur að snúa við þróun landeyðingar og búa til rík vistkerfi ofan á. „Okkar sérstaða liggur í því að okkur hefur tekist að búa til kort af öllu landinu þar sem eru mismunandi jarðvegsgerðir og gróðurflokkar eru til staðar. Hægt að taka heilt land þar sem til er gríðarlega mikið af aðgengilegum upplýsingum sem hægt er að vinna með. Þannig að við erum í betri stöðu en flestir aðrir.“



FRÉTTASKÝRING
SIGRÍÐUR D. GUÐMUNDSD.
sdg@frettabladid.is



TÍMI TIL AÐ AUKA LÍFSGÆÐI Í BORGINNI, FJÖLGA ÍBÚUM OG STÓRAUKA FRAMBOÐ LÓÐA

Skipulagsstefna Sjálfstæðisflokksins og önnur stefnumál á betriborg.is

XD
SJÁLFSTÆÐISFLOKKURINN

# 20%

## afsláttur af öllum gallabuxum þessa viku



ZIKZAK

TÍSKUHÚS

Grafarvogi · Mörkin · Kópavogi · Hafnarfirði · Keflavík · Selfossi



**Bangkirai harðviðarpalla-klæðning.**

| | |
|---|---|
| 19x90mm 601200 | 270 kr/m |
| 21x145mm 600900 | 526 kr/m |
| 25x145mm 601000 | 590 kr/m |

Borið á 3ja hvert ár!

6 litir




**Viðarvörn** 1.590 3.595

**Trebitt Terrassebeis,** 1 ltr / 3 ltr ~~1.990~~ ~~4.190~~

7049307+8

2.195 ~~2.795~~




**Fúavarnarefni**

**C-Tox,** 5 ltr, glært eða brúnt

7047020

3.295 ~~4.190~~




**Grunnviðarvörn**

**Jotun Visir,** 3 ltr glær vörn á allt tréverk utanhúss

7049441

2.995 ~~3.790~~




**Olíuviðarvörn**

**Jotun Drygolin,** 3 ltr þekjandi olíuviðarvörn

7049330

399 ~~590~~



**Pallaeining, 60x60 sm**

604300

1.490 ~~2.190~~




**Pallaolía, Jotun Treolje**

**3 ltr,** á gagnvarið efni, margir litir

7049123+33+37

2.990 ~~3.990~~



**Blómakassi**

**Rose,** 60x60 sm

604000

2.290 ~~2.990~~



**Blómakassi**

**Rose,** 51x51 sm

604005

4.750 ~~5.950~~



**Skjólveggur**

**Skandik,** 90x120 sm

603200

2.390 ~~3.490~~



**Skjólveggur**

**Vilníus,** 180x80 sm

603290

# Gerðu garðinn að



**Heflað gagnvarið efni í palla og skjólgirðingar.**
**Komið og skoðið glæsilegan sýningarsal okkar í Súðarvogi.**

| | |
|---|---|
| **21x120mm** 621700-762 | **199 kr/m** |
| **21x95mm** 621600-660 | **99 kr/m** |
| **28x95mm** Lengd 3-4,5m 628600-642 | **149 kr/m** |
| **28x120mm** Lengd 2,7-4,2m 628700-742 | **179 kr/m** |
| **48x98mm** Lengd 2,7-4,5m 648600-642 | **185 kr/m** |
| **48x148mm** Lengd 2,7-4,5m 648800-842 | **275 kr/m** |
| **98x98mm** 698600-660 | **365 kr/m** |

# Pallaefni. Stórlækkað verð!

Verð frá 139kr/m



**Pallaefni**
**Heflað lerki**
21x95mm/28x120mm
728700/721600

180kr/m



**Pallaefni**
**Gróf/fínrásað lerki**
728600

440kr/m



**Pallaefni**
**Lerki,** 90x90 sm
790600

4.990 ~~6.590~~



**Skjólveggur**
**Nordik,** 90x140/160 sm
603230

9.490 ~~12.490~~



**Skjólveggur**
**Nordik,** 180x160/180 sm
603225

6.490 ~~12.722~~



**Skjólveggur**
**Skandik,** 180x180 sm
603150

# sælureit!




**HÚSASMIÐJAN**
...ekkert mál

**?** **Vissir þú...**
*að Orrasonurinn Sær frá Bakkakoti á 235 skráð afkvæmi. Hæst dæmdur er Ás frá Ármóti með 8,26 í aðaleinkunn en hann vakti töluverða athygli á Stórsýningu hestamanna fyrir nokkru.*
*www.worldfengur.com*

# Fákar
*og fólk*

**HESTAMAÐURINN:** ATLI GUÐMUNDSSON, SIGURVEGARI Í MEISTARADEILD VÍS

## *Það er gott að vera með nokkur grá hár*



„Ég tel að það sé gott að vera með nokkur grá hár, það er að segja dálitla reynslu, til að ná árangri í svona keppni," segir Atli Guðmundsson nýbakaður meistari eftir harða keppni í meistaradeild VÍS. Hann er 700 þúsund krónum og þremur sigrum ríkari eftir harða keppni í Ölfushöllinni undanfarnar vikur. Leikar fóru þannig, að Atli var efstur með 44 stig, fast á hæla honum kom Sigurður Sigurðarson með 43 stig og í þriðja sæti varð Þorvaldur Árni Þorvaldsson með 39 stig.

„Það er mikilvægt að vera búinn að keppa á öllum stigum hestamennskunnar, hvort sem um er að ræða fjórgang, tölt eða skeið," heldur Atli áfram. „Þó maður sé með einn góðan hest og sé sterkur í einni grein þá dugar það ekki langt í svona keppni."

Atli kveðst mjög ánægður með keppnishaldið í meistaradeildinni nú.

„Mér finnst þetta í fyrsta skipti sem komið hefur mótahald af þessu tagi sem vit er í. Þetta er mjög þægilegt fyrir okkur keppendur. Það fer ein kvöldstund í þetta, í stað þess að þurfa að hanga á einhverju móti allan daginn. Áhorfendur koma þarna klukkan átta og fara heim klukkan tíu. Þetta er eins og að fara í bíó, nema að þarna fá þeir að sjá spennandi og góða hesta. Aðstaðan er skemmtileg. Fólk situr inni, getur fengið sér veitingar og spjallað við vini og kunningja."

Það er ýmislegt fram undan hjá Atla þótt þessari keppnishrotu sé lokið. Um næstu helgi fer hann á Reykjavíkurmeistaramót. Á mánudag hefjast svo kynbótasýningar, þar sem hann mun sýna 10-15 hross. Eftir það taka við úrtökur í gæðingakeppni fyrir landsmótið.

„Þar ber endurkoma gæðingsins Orms frá Dallandi hæst, en hann vann A-flokkinn árið 2000," segir Atli. „Þá er ég með Ófeig frá Þorláksstöðum sem er til alls vís."

Það hefur vissulega áhrif fyrir þessa komandi vertíð að hafa gengið svona vel um daginn. Maður fær orku út úr því og það verður léttara að lifa um stund."

## Námsstefna um hóf- og fótamein í hestum

Nýstofnað Járningamannafélag Íslands og Dýralæknafélag Íslands standa fyrir námstefnu helgina 27.-28. maí um járningar og hóf- og fótamein í hestum.

Tilgangurinn með námsstefnunni er að auka fræðslu á sviði járninga og auka færni í hinum ýmsu aðferðum við járningar og tengja þær sjúkdómum í fótum hesta.



Miklar framfarir hafa orðið í þessari grein á síðustu árum. Það er markmið námsstefnunnar, að kynna fyrir járningamönnum. dýralæknum og öðrum á Íslandi, sem áhuga hafa, allt það nýjasta sem völ er á í þessum fræðum í heiminum í dag. Þá er það ekki síður tilgangurinn að auka samvinnu þessara tveggja stétta hvað varðar meðferð á fótameinum í hrossum.

Hollenski dýralæknirinn og járningamaðurinn Hans Castelijns verður aðalfyrirlesari á námsstefnunni. Hann starfar við dýralæknadeild háskólans í Perugia á Ítalíu. Járningar sem meðferð við fótameinum er nokkuð sem Castelijns hefur lagt mikla áherslu á og haldið fyrirlestra um víða um heim. Námsstefnan er öllum opin en fyrirkomulag hennar er með þeim hætti að fyrirlestrar verða fyrir hádegi og verkleg kennsla eftir hádegi. Kennsla fer fram í félagsheimili Gusts í Kópavogi en skráningareyðublöð má nálgast á www.dyr.is. Tilkynna þarf þátttöku fyrir 17. maí.



**GÓÐUR ÚTBÚNAÐUR SEGIR EKKI ALLT.** Ekki er nóg að eiga hestinn, hnakkinn, beislið og flottu fötin. Maður verður víst að kunna að stjórna líka. Fötin á myndinni voru lánuð af hestavöruversluninni Líflandi. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA


**Réttu tækin í þrifin**
Nilfisk-ALTO háþrýstidælur á tilboðsverði

Vortilboð RV
Nilfisk-ALTO háþrýstidælur



26.888 kr.
Nilfisk-ALTO E 140 X-TRA
Þrýstingur: 140 bör
Vatnsmagn: 500 l/klst.



6.888 kr.
Nilfisk-ALTO C 100
Þrýstingur: 100 bör
Vatnsmagn: 440 l/klst.

48.888 kr.
Nilfisk-ALTO P 150 X-TRA
Þrýstingur: 150 bör
Vatnsmagn: 610 l/klst.

TUNGLIÐ RV6206A

Bjarnþór Þorláksson
bílstjóri RV

Tilboðið gildir út maí 2006
eða meðan birgðir endast.

Rekstrarvörur
- vinna með þér
Réttarhálsi 2 • 110 Reykjavík
Sími: 520 6666 • Fax: 520 6665
sala@rv.is • www.rv.is
RV


# Dýrt að byrja

**Ef byrjandi fjárfestir í öllu sem tilheyrir hestamennsku á einu bretti er algengt að hann þurfi að punga út frá 300 til 800 þúsund krónum. Þessi upphæð getur þó hækkað eða lækkað eftir því hverjar kröfurnar eru.**

Hestar eru misjafnir að gæðum og í verði. Sama má segja um þann útbúnað sem fylgir hestamennsku. Það getur því verið strembið fyrir byrjanda að vita hversu mikið þurfi að borga fyrir lágmarksútbúnað í hestamennsku. Blaðamaður Fréttablaðsins gerði óformlega könnun til að komast að því.

Hnakkar eru misjafnir og gott er að fá ráð hjá sölumönnum um hvað henti best, en byrjendum eru oft ráðlagt að kaupa algengan og vandaðan búnað sem ekki endilega er sá dýrasti. Hnakkar kosta frá 40.000 - 230.000 kr.

Beislið er það sem hestinum er stjórnað með. Það samanstendur af höfuðleðri, méli, múl og taumi. Beisli má fá á 5.000 til 20.000 krónur.

Hjálmanotkun meðal hestamanna hefur færst mjög í vöxt síðustu ár. Við kaup á hjálmi þarf að athuga að hann sé með öryggisstaðal. Mikill verðmunur er á hjálmum sem liggur helst í útliti og þægindum. Verð á hjálmum er frá 5.000 til 20.000 króna.

Tískan nær til hestamennskunnar líkt og allra annarra geira þjóðfélagsins. Ekki dugar að vera í gömlu vaðstígvélunum og úr sér gengnu skíðaúlpunni á hestbaki. Algengustu reiðbuxurnar eru svokallaðar skóbuxur. Þessar buxur fást í öllum hestavörubúðum og kosta 8.000 til 25.000 krónur. Góð úlpa er nauðsynleg í vetrarhörkum og sumarrigningu. Þær fást á 6.000 til 25.000 krónur. Góður skófatnaður er nauðsynlegur. Flestir hestamenn ganga núorðið í uppháum leðurskóm með teygju. Verðið er frá 5.000 til 18.000 króna.

Allt væri þetta til einskis ef enginn væri hesturinn. Hann er að sjálfsögðu stærsti útgjaldaliðurinn. Hesta má reyndar fá ókeypis en sumir kosta margar milljónir. Í því eins og öðru er þó meðalhófið það sem gildir. Kunnugir hestasölumenn telja að til að fá hreingengan, þokkalega fallegan, vel taminn hest þurfi að ganga út frá 250 til 400 þúsund krónum. Fari verðið mikið neðar en það séu líkur á einhverjum göllum sem byrjandi eigi erfitt með að eiga við.

Ef allt þetta er tekið saman má byrjandi gera ráð fyrir að borga frá 320 þúsund krónum upp í 790 þúsund krónur fyrir lágmarksútbúnað í hestamennsku. Hér er ótalinn sá kostnaður sem fylgir því að eiga og ala hest, sem er talsverður.

**solveig@frettabladid.is**




TÍMI TIL AÐ FJÖLGA SAMVERUSTUNDUM FJÖLSKYLDNA Í BORGINNI MEÐ ÞVÍ AÐ SAMRÆMA SKÓLANÁM BARNA OG ÍÞRÓTTA- OG TÓMSTUNDASTARF

Fjölskyldustefna Sjálfstæðisflokksins og önnur stefnumál á betriborg.is

XD
SJÁLFSTÆÐISFLOKKURINN


Gómsæt
grillspjót
Bestir í kjöti
NÓATÚN
í 40 ár
NAUTAFILLET SPJÓT, KANSAS MARINERING
298 kr. stk.
Fiskispjót
í úrvali á grillið
50% afsláttur
UNGNAUTA RIB EYE 2.998 kr. kg
MÓA KJÚKLINGALÆRI 299 kr. kg
MÓA KJÚKLINGAVÆNGIR 149 kr. kg
LAMBAFILLET FYLLT 2.998 kr. kg
EGILS KRISTALL, EPLA, MEXICAN-LIME & SÍTRÓNU
79 kr. stk.
40% afsláttur
KARTÖFLUSALAT
ÞYKKVABÆJAR KARTÖFLUSALAT
173 kr. stk.
GOÐA BACONHLEIFUR
481 kr. kg
35% afsláttur
2 FYRIR 1
NÓATÚNS SAMLOKUBRAUÐ HEILT, 2 FYRIR 1
209 kr. 2 stk.
NÓATÚN

## Útgjöldin

> Verðlagsþróun á 50 cl. Viking bjór




Heimild: Hagstofa Íslands

**neytendur**
*hagur heimilanna*

**NEYTANDINN:** LÁRA STEFÁNSDÓTTIR VERKEFNISSTJÓRI

# *Langar að mynda uglu á staur*

„Ein bestu kaup sem ég hef gert um ævina var þegar ég keypti mér stafræna ljósmyndavél, Fuji FinePix S7000, fyrir tveimur árum. Vélin kostaði 72 þúsund krónur og hefur fært mér ómælda ánægju,“ segir Lára Stefánsdóttir verkefnisstjóri og varaþingmaður Samfylkingarinnar í Norðausturkjördæmi.

Ljósmyndun er vaxandi áhugamál hjá Láru og hefur hún unnið til gull-, silfur- og bronsverðlauna fyrir myndir sínar á vefnum ljosmyndakeppni.is. „Ég hef tekið um tuttugu þúsund myndir á þessa vél. Fæstar fara þær á pappír en margar á vefsíðu mína lara.is.“



Landslag og hið smáa í náttúrunni eru helstu viðfangsefni Láru þegar kemur að ljósmyndun. „Ég náði góðum myndum af frostnálum á Akureyri í fyrra og tvær þeirra birtust í bókinni Ljósár en hún inniheldur myndir áhugaljósmyndara sem tekið hafa þátt í keppnum á ljosmyndakeppni.is. Mér finnst mjög gaman að mynda blóm og skordýr og mig dreymir um að mynda uglu á staur í Eyjafirði. Ég keypti mér nýlega fimm hundruð millimetra aðdráttarlinsu og hyggst nota hana meðal annars við að mynda fugla.“

Verstu kaup Láru tengjast ekki áhugamálum hennar heldur eldamennsku. „Fyrir mörgum árum fékk ég þá hugmynd að fjárfesta í rándýrum djúpsteikingarpotti sem átti að vera mikil og þarfadrjúg eign. Hugmyndin var í sjálfu sér fáránleg því bæði mér og manninum mínum finnst djúpsteiktur matur vondur og notkunin á græjunni endurspeglar það. Potturinn var settur upp í búrinu og hefur aðeins einu sinni verið notaður og þá til að steikja franskar kartöflur. Ef ég man rétt þá er potturinn enn í búrinu og líklega er kominn tími til að koma honum í endurvinnslu,“ segir Lára. **- kk**

## GÓÐ HÚSRÁÐ

### HVÍTLAUKUR Á SÁR

■ *Jón Arnar Magnússon, tugþrautakappi og einkaþjálfari, vandist því í æsku að hvítlaukur væri notaður til þess að græða opin sár. Hann hefur þó ekki beitt ráðinu á börn sín.*



JÓN ARNAR MAGNÚSSON

„Ef maður fékk ígerð í sár þá var hvítlaukur mulinn yfir sárið. Það virkaði vel en ég veit svo sem ekki hversu hollt það er að nota þessa aðferð. Ég hef að minnsta kosti ekki þorað ennþá að beita þessari aðferð á börnin mín. Ég er ekki viss um að konan mín myndi samþykkja þessar aðferðir.“

**Hvað kosta... sumardekkin**

## Frá tólf þúsundum og upp úr



Ekki er seinna vænna að skipta út vetrardekkjum sínum fyrir sumardekk enda langt liðið á vorið og sumarið í nánd. Ekki síst á það við um þá fjölmörgu sem enn aka um á nagladekkjum. Samkvæmt úttekt Fréttablaðsins má fá umgang af sumardekkjum frá tíu til tólf þúsundum króna og er þá um notuð dekk að ræða í flestum tilfellum. Standi vilji til að kaupa ný dekk mega bíleigendur eiga von á þrjátíu þúsund króna reikningi að lágmarki fyrir dekkin fjögur. Vert er að gera verðsamanburð enda er samkeppni talsverð meðal dekkjaverkstæða og getur verðmunur á nýjum dekkjum skipt þúsundum. Aftur á móti endast góð dekk í mörg ár með réttri umhirðu og er því ekki um árleg útgjöld að ræða.

**Verslun og þjónusta**

## Bílalán eða rekstrarleiga?

Litlar eða engar hömlur eru á bílalánum hvers konar. Góð sala nýrra bíla síðustu tvö árin hefur þýtt að verð notaðra bíla er orðið hagstæðara en var enda sitja bílasölur og umboðin uppi með talsvert mikið af notuðum bílum nú sem gerir neytendum auðveldara fyrir að semja um og jafnvel prútta niður verð.

Ýmsir velta fyrir sér muninum á bílalánum og rekstrarleigu. Margrét Valdimarsdóttir, ráðgjafi hjá Ráðgjafarstofu um fjármál heimilanna, gerði úttekt á þessu fyrir tveimur árum síðan. Er niðurstaða hennar sú að kostirnir tveir séu áþekkir. Báðar leiðir hafa sína kosti og galla og verður hver og einn að meta hvað hentar hverju sinni. Lesa má nánar um málið á heimasíðunni www.fjolskylda.is./fjarmal








**VERÐÞRÓUNIN** Verð á 95 oktana bensíni og díselolíu hefur yfirleitt verið það sama á tímabilinu frá ársbyrjun 2001. Annað hvort hafa olíufélögin hækkað verðið samdægurs eða annað þeirra fylgt hækkuninni eftir næsta dag. Hér sést kona dæla eldsneyti á jeppa í sjálfsafgreiðslu en verð á þjónustustöðvum var einungis skoðað. Í sjálfsafgreiðslu má gera ráð fyrir að eldsneytið sé nokkrum krónum ódýrara en í þjónustu, yfirleitt 4-5 krónum. Myndin er úr safni.

# Sama eldsneytisverð og sömu breytingar

**Eldsneytisverð hefur yfirleitt verið það sama hjá Skeljungi og Olíufélaginu og hefur hækkað jafnt síðustu árin. Pétur Blöndal alþingismaður segir að þetta bendi til þess að ekki sé næg samkeppni á markaðnum.**

**ELDSNEYTISVERÐ** Eldsneytisverð hefur verið það sama hjá Skeljungi og Olíufélaginu Esso frá ársbyrjun 2001. Verðhækkanir og -lækkanir hafa haldist í hendur, samkvæmt verðupplýsingum sem Fréttablaðið hefur fengið frá olíufélögunum tveimur. Gögnin sýna að olíufélögin hækka verð oftast samdægurs eða skömmu síðar, oftast daginn eftir, og yfirleitt um sömu upphæð.

„Þetta bendir til þess að það sé ekki næg samkeppni á markaðnum. Auðvitað getur samkeppni verið á sviði þjónustu og allrar aðstöðu og greiðslutilhögunar en svona jafnt verð bendir til þess að það sé ekki virk verðsamkeppni í gangi,“ segir Pétur Blöndal alþingismaður og bætir við: „Nú hafa bæst við nýir aðilar þannig að það er kannski að komast á meiri samkeppni.“

Þó að fákeppni sé á matvörumarkaði hefur matvöruverð samt farið lækkandi. Þegar Pétur er spurður að því af hverju það gerist ekki á eldsneytismarkaði segist hann ekki vera með svar í hendi. „Þetta er góð spurning. Auðvitað getur verið að eftirspurnin sé mjög föst og menn versli alltaf við ákveðnar stöðvar. Ég hef ekkert annað svar.“

„Þegar samkeppni er mjög mikil verður það til þess að framleiðendur eða seljendur lækka verð eins mikið og þeir geta til að halda markaðshlutdeild sinni eða þangað til þeir standa á núllpunkti í rekstrinum. Mikil samkeppni leiðir til þess að sama verð er hjá öllum. Ef annað fyrirtækið leiðir verðþróunina og hitt eltir þá bendir það til þess að það sé ekki nægilega mikil samkeppni á markaði. Til að skoða það hvort samkeppni sé næg verður því einnig að skoða rekstrarafkomuna,“ segir Lilja Mósesdóttir, prófessor við Viðskiptaháskólann á Bifröst.

Jónas Guðbjörnsson, framkvæmdastjóri fjármálasviðs hjá Olíufélaginu, segir að það sé „blússandi samkeppni“ á eldsneytismarkaði. „Menn eru hér vakandi yfir því hvað hinir eru að gera á hverri mínútu og þeir vonandi sömuleiðis gagnvart okkur,“ segir hann.

Stefán Karl Segatta, framkvæmdastjóri Neytendasviðs hjá Skeljungi, segir að olíufélögin versli einsleita vöru á sama markaði á sama verði að gefnum ákveðnum forsendum í sambandi við frakt sem oftast taki tillit til vegalengda og stærðar farma. „Við bregðumst einnig við markaðsaðstæðum á Íslandi og þá ekki bara ef það er þörf á hækkunum,“ segir hann.

Olís vildi ekki gefa upplýsingar um verðþróunina hjá sér. „Það er okkar ákvörðun. Það er gömul ákvörðun að senda ekki út verðupplýsingar enda birtum við verð á hverjum tíma á heimasíðu félagsins,“ segir Samúel Guðmundsson, framkvæmdastjóri vörustýringar hjá Olís, og neitar að segja hversu gömul ákvörðunin sé eða gefa rökstuðning fyrir henni.

Rétt er að taka fram að markmið fréttarinnar var í upphafi að sýna verðþróunina á línuriti frá árinu 2001 en þar sem verðið er það sama og verðbreytingarnar þær sömu var það ekki hægt, línurnar hefðu fallið saman.

**VERÐÞRÓUN Á ELDSNEYTI**
**26. febrúar – 19. apríl 2006**




### Álagningin um 13 prósent

Álagningin er föst krónutala hjá Olíufélaginu Esso, eða sem svarar um 13 prósentum af eldsneytisverðinu eftir aðstæðum hverju sinni. Álagningin tekur verðbreytingum yfir lengra tímabil. Frá árinu 2001 hefur álagningin breyst í takt við almennar verðlagsbreytingar og má því segja að hún sé verðtryggð. Hin olíufélögin, Olís og Skeljungur, vildu ekki gefa upplýsingar um álagninguna.


ÞAÐ KOSTAR EKKERT AÐ FÁ SKJÁINN
ÞÚ FÆRÐ BLÓÐBÖND AÐEINS Á VÍDEÓLEIGU SKJÁSINS
BLÓÐBÖND TIL LEIGU FRÁ OG MEÐ 11. MAÍ
• Þú ferð á skjarinn.is eða hringir í þjónustuver Símans, 800 7000
• Við komum heim til þín og setjum upp búnað þér að kostnaðarlausu.
• Þú byrjar að leigja þér myndir með fjarstýringunni
STEALTH
GOAL!
Lie with Me
Bewitched
Til að breyta sjónvarpstækinu þínu í vídeóleigu þarftu aðeins að vera með ADSL hjá Símanum. Með búnaðinum sem við setjum upp fyrir þig fylgir fjarstýring sem þú notar til að leigja myndir. Þú ýtir á VOD hnappinn á fjarstýringunni, velur þér mynd og getur horft á hana eins oft og þú vilt næstu 24 tímana. Greiðslan fer á reikninginn þinn. Einfalt og þægilegt!
Síminn
Þú færð Skjáinn í öllum verslunum Símans, í síma 800 7000 eða á skjarinn.is
Skjárinn
– á þínu valdi!
VOD VIDEO ON DEMAND
ENNEMM / SÍA / NM21699

## KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

**ICEX-15** 5.453 **+0,12%** **Fjöldi viðskipta:** 104 **Velta:** 1.334 milljónir

| MESTA HÆKKUN | | MESTA LÆKKUN | |
|---|---|---|---|
| **Bakkavör** | +1,84% | **Vinnslustöðin** | -5,68% |
| **Actavis** | +1,29% | **Össur** | -1,79% |
| **Landsbankinn** | +0,48% | **FL Group** | -1,70% |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Actavis 62,80 +1,29% ... Alfesca 3,79 +0,00%... Atorka 5,75 +0,00% ... Bakkavör 49,90 +1,84% ... Dagsbrún 5,23 +0,00% ... FL Group 17,40 -1,70% ... Flaga 4,07 +0,00% ... Glitnir 16,70 +0,00% ... KB banki 740,00 +0,41% ... Kögun 74,50 +0,00% ... Landsbankinn 20,80 +0,48% ... Marel 70,30 +0,00% ... Mosaic Fashions 17,50 +0,00% ... Straumur-Burðarás 16,60 -1,19% ... Össur 110,00 -1,79%

**Tölur kl. 14.30**

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

## *Peningaskápurinn...*

**Stóraukið verðmæti Actavis**

Greining Glitinis banka hefur metið á ný verðmæti lyfjaframleiðandans Actavis og hefur það hækkað um rúm 50 prósent. Síðasta verðmat bankans frá því í júlí í fyrra hljóðaði upp á 45 krónur á hlut, en nýtt mat er upp á 68,1 krónu á hlutinn. Fyrirtækið er nú metið á 226,7 milljarða króna. Gengi bréfa félagsins tók enda smáhækkunarkipp í gærdag og var um miðjan dag tæpar 63 krónur á hlutinn.

Hækkunin síðan í júlí í fyrra segir bankinn að sé til komin vegna væntinga um jákvæð samlegðaráhrif vegna kaupanna á rúmenska samheitalyfjafyrirtækinu Sindan og samheitalyfjahluta Alpharma. „Lækkun gengis krónunnar gagnvart evrunni skiptir einnig verulegu máli. Ekki er tekið tillit til mögulegra áhrifa af kaupum á króatíska samheitalyfjafyrirtækinu PLIVA,“ segir bankinn hins vegar og áréttar að verði af þeirri yfirtöku kalli það á



nýtt verðmat á fyrirtækinu. Óvissa um yfirtökuna, verð, fjármögnun og fleiri hluti varð hins vegar til þess að bankinn tók PLIVA ekki með í reikninginn að sinni.

**Nýráðningum fækkar í Bandaríkjunum**

Nýráðningar starfsfólks í síðasta mánuði voru undir væntingum sérfræðinga. Samkvæmt upplýsingum Vinnumálastofnunar Bandaríkjanna voru þær 138 þúsund talsins, þær fæstu í einum mánuði síðasta hálfa árið. Sérfróðir höfðu spáð 200 þúsund nýráðningum. Þá hafa laun vestra hækkað um 3,8 prósent síðasta árið. Það er mesta hækkun síðan árið 2001 og vekur ugg um yfirvofandi verðbólgu.

Atvinnuleysi í Bandaríkjunum stóð hins vegar í stað á milli mánaða og mældist enn 4,7 prósent í síðasta mánuði. Störfum fækkaði mest í í smásölugeiranum vestra og fjölgaði hjá byggingar- og fjármálafyrirtækjum. Fjölgunin í byggingargeiranum hefur víst ekki verið meiri í tvö ár.

## MARKAÐSPUNKTAR

Gengi krónunnar hefur hækkað um 4 prósent frá byrjun mánaðarins og áhættuálag á bréf bankanna lækkað á alþjóðlegum skuldabréfamarkaði. „Gefur það góð fyrirheit um aðgengi að og kostnað við fjármögnun erlendis,“ segir greiningardeild Glitnis.

Sænski bílaframleiðandinn Volvo hefur sent frá sér tilkynningu þar sem eigendur kvartmilljón nýrra Volvobíla af tegundunum XC90, S40 og V50 eru beðnir að renna við á næsta umboðsverkstæði vegna einhverra galla.

Bréf danska bjórframleiðandans Carlsberg hækkuðu nokkuð í Kauphöllinni í Kaupmannahöfn í gær eftir að birtar voru tölur um að tap fyrirtækisins á fyrsta ársfjórðungi væri minna en ráð var fyrir gert.

# Krónan styrkist

Gengi krónunnar hefur farið hækkandi síðustu daga og hefur krónan styrkst um 4 prósent það sem af er maímánuði. Í Morgunkorni greiningardeildar Glitnis segir að jákvæð umfjöllun um íslenska fjármálakerfið, lækkun áhættuálags á bankana á alþjóðlegum skuldabréfamarkaði og það að margir hafi lokað stöðum sínum gegn krónunni skýri að hluta gengishækkun krónunnar undanfarna daga.



Í gær var tilkynnt um krónubréfaútgáfu þýska ríkisbankans KFW fyrir 3 milljarða króna. Segir í Morgunkorninu að krónubréf séu nú margfalt betri kostur en áður þar sem væntingar um gengislækkun krónunnar hafi gengið eftir. Þó sé hætt við að hugsanlegir kaupendur hafi fælst frá vegna neikvæðrar umfjöllunar um íslenska hagkerfið að undanförnu og þess að nær allir útgefendur krónubréfa hingað til hafa tapað á útgáfunni. Líkur virðist því á að útgáfa krónubréfa verði með minna móti á næstunni. **- hhs**






# Dregur úr umsvifum á fasteignamarkaði

**Útlán Íbúðalánasjóðs voru helmingi færri í apríl en í mars. Forstöðumaður greiningardeildar Landsbankans segir aðstæður á markaði vera að breytast þannig að hann færist nær eðlilegu ástandi.**



**REYKJAVÍK ÚR LOFTI** Heildarútlán Íbúðalánasjóðs í apríl voru minni en í mars. Edda Rós Karlsdóttir, forstöðumaður greiningardeildar Landsbankans, segir að spáð hafi verið um að minnkandi verðhækkanir yrðu á fasteignum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Heildarútlán Íbúðalánasjóðs námu 3 milljörðum króna í síðasta mánuði. Þar af voru rúmlega 2,8 milljarðar króna sem tilheyra almennum lánum og tæpar 200 milljónir sem tilheyra leiguíbúðalánum. Þetta er samdráttur á milli mánaða en í mars námu heildarútlán sjóðsins 4,5 milljörðum króna.

Það sem af er árinu hafa umsvif á fasteignamarkaði verið minni en á sama tíma í fyrra en þá námu heildarútlán Íbúðalánasjóðs 6,1 milljarði króna.

Í mánaðarskýrslu Íbúðalánasjóðs fyrir apríl kemur fram að samdrátturinn kunni m.a. að eiga sér skýringar í hærri vaxtakjörum og að aðgengi að lánsfjármagni hafi dregist saman.

Hámarkslán Íbúðalánasjóðs hækkuðu úr 15,9 milljónum í 18 milljónir 18. apríl síðastliðinn. Hámarkslánin hækkuðu hins vegar ekki í heilt ár á sama tíma og fasteignaverð á höfuðborgarsvæðinu hækkaði um 30 til 40 prósent. Þá gerir áætlun Íbúðalánasjóðs ráð fyrir að útlán verði 14-15 milljarðar króna á öðrum fjórðungi ársins.

Edda Rós Karlsdóttir, forstöðumaður greiningardeildar Landsbankans, varar við því að oftúlka mánaðartölur Íbúðalánasjóðs fyrir apríl því þær sýni meiri samdrátt á fasteignamarkaði en efni standi til. Páskarnir, sem voru í mánuðinum, eigi nokkra sök á því að umsvifin drógust saman á milli mánaða. Því megi ekki ofmeta upplýsingarnar sem komi fram í mánaðarskýrslu Íbúðalánasjóðs en lengra samanburðartímabil þurfi til að meta þróun fasteignaverðs.

Aðspurð hvort líkur séu á að hægja muni á hækkunum fasteignaverðs segir Edda Rós að þörf sé á að húsnæðisverð hætti að hækka með þeim hraða sem verið hafi. Spáð hafi verið hægari hækkunum fyrr á árinu en henni sýnist sem þær séu seinni á ferðinni en gert hafi verið ráð fyrir. „Aðstæður á fasteignamarkaðnum eru að breytast. Þetta er í þá átt sem menn áttu von á. Það verður að hægja á hækkunum á fasteignaverði og færa þær nær eðlilegu ástandi,“ segir hún. **- jab**

# Álverð í hámarki

Álverð hefur hækkað um rúm 30 prósent það sem af er ári og hefur ekki verið hærra í 18 ár. Í Vegvísi Landsbankans er sagt frá því að álver hafi á þriðjudag í fyrsta sinn farið yfir 3.000 dollara á tonnið frá því í júní árið 1988. Hækkunin skýrist meðal annars af aukinni eftirspurn í Kína, sem er stærsti notandi áls í heiminum.

Þessi mikla hækkun á álverði skilaði sér í góðri afkomu álfyrirtækja á fyrsta ársfjórðungi. Hagnaður Alcoa nam 608 milljónum bandaríkjadala sem var aukning um 134 prósent frá sama tímabili í fyrra og er það mesti hagnaður á einum ársfjórðungi í sögu félagsins. Hagnaður tímabilsins hjá Alcan nam 453 milljónum bandaríkjadala sem er 108 prósenta aukning frá sama tímabili í fyrra.

Þorsteinn Hilmarsson, upplýsingafulltrúi Landsvirkjunar, segir hátt álverð til skamms tíma ekki hafa bein áhrif á afkomu Landsvirkjunar þótt raforkuverð ráðist af heimsmarkaðsverði á áli. Langtímasamningar séu gerðir við álframleiðendur sem taka mið af meðalálverði yfir 20 ára tímabil. Hátt verð til skamms tíma hafi því ekki mikil áhrif nema til hækkunar á meðalverði. Hann



**ALCOA SKILAÐI METHAGNAÐI Á FYRSTA ÁRSFJÓRÐUNGI** Álframleiðendur njóta góðs af háu heimsmarkaðsverði á áli.

segir álverð þó hafa verið fyrir ofan meðalverð síðasta eitt og hálfa árið og litlar lægðir hafi verið í því í nokkuð langan tíma, sem séu góð tíðindi fyrir afkomu Landsvirkjunar. **- hhs**



**NORSK-ÍSLENSK SÍLD** Síldarútflutningur frá Noregi hefur nánast stöðvast. FRÉTTABLAÐIÐ/KK

# Síld selst treglega

Síldarútflutningur frá Noregi hefur nánast stöðvast. Miklar birgðir eru í landinu sem og í Rússlandi en birgðastaðan í Úkraínu er heldur hagstæðari.

Rússland og Úkraína eru helstu markaðir fyrir norsk-íslensku síldina.

Verð á síld hefur lækkað um 5-10 prósent á síðastliðnum tveimur mánuðum og útlitið fyrir að sumarið og haustið verði slæmt fyrir útflutningsaðila.

Fiskifréttir hafa eftir norska sjávarútvegsblaðinu Fiskaren að staðan nú sé allt önnur en á sama tíma fyrir ári. Þá segir að talið sé að síldveiðum Rússa í Kyrrahafi sé um að kenna að birgðaaukning sé í Rússlandi. **- jab**

# Allan ...sólarþríhyrninginn!




## Alltaf opið

**Nú er sólarhringsverslun 10-11 alltaf opin nálægt þér.**

**www.10-11.is**




**Kringlan stækkar og blómstrar...**

Biðin er á enda! Next hefur opnað nýja og stórglæsilega verslun í 1400 fermetra húsnæði á tveimur hæðum í nýrri viðbyggingu Kringlunnar. Komdu og skoðaðu enn fjölbreyttara úrval. Óvæntur glaðningur bíður allra viðskiptavina!

**Opið til 21 í kvöld**

INGUR ÚT

LKOMIN

NEXT verslun opnar í dag!

NEXT
KRINGLUNNI
551 3200

Kringlan
MEÐ ALLT Á EINUM STAÐ

www.kringlan.is / upplýsingasími 588 7788 / skrifstofa 568 9200

# skoðun

SJÓNARMIÐ
JÓN KALDAL

Hlutdeild hefðbundinna fjölmiðla við fréttaöflun og upplýsingagjöf er að breytast hratt.

## Fjölmiðlar á krossgötum

Einn þekktasti fréttaritari í sögu BBC, Martin Bell, sagði einu sinni: „Fólki hættir til að trúa því að fréttamenn séu þar sem fréttirnar gerast. Þannig er það ekki. Fréttirnar eru þar sem fréttamennirnir eru.“ Var hann þar á vissan hátt að leggja út af hinni gamalkunnu heimspekilegu spurningu: Ef tré fellur í skóginum og enginn er nálægur heyrist hljóð?

Auðvitað eru um allan heim sífellt að gerast fréttnæmir atburðir sem lenda ekki í kastljósi fjölmiðlanna einfaldlega vegna þess að ekki er nokkur leið að koma upplýsingum um þá á framfæri. En umhverfið er hins vegar mikið breytt frá því að Martin Bell lét ummælin hér að ofan falla og við lifum á tímum þar sem hlutdeild hefðbundinna fjölmiðla við fréttaöflun og upplýsingagjöf til almennings er að breytast svo hratt að litlir möguleikar eru að sjá fyrir hvar sú vegferð mun enda.

*Uppspretta frétta er orðin margfalt fjölbreyttari en sú að fólk sæki eingöngu til blaða, ljósvakamiðla eða fréttasíðna á netinu þar sem atvinnumenn í fréttum vega og meta hvað telst fréttnæmt og deila því síðan út til lesenda sinna, hlustenda eða áhorfenda.*

Uppspretta frétta er orðin margfalt fjölbreyttari en sú að fólk sæki eingöngu til blaða, ljósvakamiðla eða fréttasíðna á netinu þar sem atvinnumenn í fréttum vega og meta hvað telst fréttnæmt og deila því síðan út til lesenda sinna, hlustenda eða áhorfenda.

Netvæðing heimsins leikur lykilhlutverkið í þessum breytingum og umfram allt netsíður þar sem fólk miðlar upplýsingum, skrifuðu máli, stundum ljósmyndum og myndskeiðum, frá því sem það telur sjálft fréttnæmt. Í því samhengi leika farsímar með myndavélum og einfaldar, ódýrar stafrænar myndatökuvélar líka stórt hlutverk.

Bloggsíður frá afskekktum stöðum, sem fréttamenn komast jafnvel ekki til eða er meinað að heimsækja, geta orðið uppspretta heimsfrétta sem hefðu ekki ella borist umheiminum. Upplifun og skráning fólks á sögulegum atburðum renna nú óhindrað, án matreiðslu fagfólks í fréttum, inn á netið og geta hæglega gefið dýpri og áhrifaríkari mynd en hefðbundnu miðlarnir.

En á sama tíma og heimurinn hefur þannig skroppið saman á netinu býður það líka fólki upp á að skapa sér einfaldari og þrengri mynd af tilverunni en áður hefur þekkst. Það er til dæmis auðvelt að drekkja sér í efni á netinu um eitt fótboltalið eða eina rokkhljómsveit eða hvaða öðrum skika mannlífsins sem er, og hætta að fylgjast með flestu öðru.

Miðstýrt fréttamat er þannig á undanhaldi. Valdið er að færast frá rit- og fréttastjórum til fólksins sem sækir sér þær fréttir sem það hefur áhuga á. Og þótt það sé nýr veruleiki fyrir fjölmiðlafólk þarf hann ekki að vera svo slæmur því eins og Walter Lippman, frægur bandarískur dálkahöfundur frá síðustu öld, setti á blað um 1940, þá „hefur of mikil trú á eigið mikilvægi eyðilagt fleiri blaðamenn en brennivínsdrykkja“.

LAGERSALA
50% AFSLÁTTUR AF ÖLLU !
H&M ROWELLS
OPIÐ 11-19
FELLSMÚLA 28
(GAMLA WORLD CLASS HÚSINU)

## FRÁ DEGI TIL DAGS

**Allt orkar tvímælis...**
Ólafur Teitur Guðnason fjölmiðlarýnir fer með allri hógværð og auðmýkt fram á ritvöllinn og hefur efst í huga hið fornkveðna, að allt orkar tvímælis þá gert er, þegar hann dæmir fjölmiðla og fjölmiðlafólk. Hann samsinnir því að hann sé bullandi hægrimaður eins og það var orðað í Silfri Egils um síðustu helgi, en þar kynnti hann pistlasafn sitt sem komið er út á bók. Orka dómar hans tvímælis vegna þessa?
Ólafur Teitur veit að fyrsti vandi fjölmiðla er fólginn í því að ekki er alltaf vandað til verka. Það varð DV að falli þegar forsíðufrétt þess á miðjum vetri gaf öðrum miðlum tilefni til að varpa ábyrgð á láti manns, sem féll fyrir eigin hendi, yfir á blaðið. Myndabrengl um síðustu helgi bætti gráu ofan á svart og mætti hafa til marks um slakt gæðaeftirlit.



**Hugur ræður hálfri sjón**
Vandinn getur í öðru lagi verið fólginn í trúarsetningum og kreddum blaðamanna.
Hvernig á að lesa fjölmiðlapistla Ólafs Teits? Spyr hann flugmann hvaða flokk hann styður áður en hann vogar sér að ganga um borð í flugvél með honum? Gengur Ólafur Teitur úr skugga um að læknirinn sé í réttum flokki áður en hann leggst undir hnífinn hjá honum? Við göngum þó alltaf að því sem gefnu að tannlæknir geri jafn vel við tennur í hægri- og vinstrimönnum. Mistök í blaðamennsku geta reynst fjárhagslega jafn dýr og læknamistök eins og dæmin sanna og því þarf fagfólk til verka.

**Að upplýsa**
Fréttablaðið fær á baukinn hjá Ólafi Teiti fyrir að hafa birt upphaflegar ákærur í Baugsmálinu í sérblaði í fyrra þótt þar hafi verið skýringar á lagagreinum er varða ákærurnar, tímatal atburða og viðtöl við tvo sakborninga. Hann sakar Fréttablaðið um að fjalla ekki um ákærurnar þótt í meginatriðum hafi blaðið beitt sömu aðferð og Morgunblaðið gerir svo oft, að birta skjöl óstytt og gefa lesendum kost á að kynna sér málið. Menn vita þrátt fyrir allt að með upplýsingar að vopni hefur sérhver lesandi betri forsendur til þess að greina milli þess sem unnt er að sannreyna og hins sem aldrei verður sannað. Mikilvægt er hverjum manni að geta andæft og gagnrýnt, því hættan í samtímanum er fólgin í slagorðum, hópskoðunum og tískuhugsun.

johannh@frettabladid.is

## Aldrei sama greiðslan?

Í DAG
STJÓRNMÁL OG LANGLÍFI



ÞORVALDUR GYLFASON

*Margrét Thatcher skipti aldrei um greiðslu og ekki heldur um nafn. Greiðslan á höfði hennar haggaðist ekki í átján vindstigum. Hún hélt sínu striki langt fram yfir síðasta söludag að flestra dómi...*

Hann hét fullu nafni Jósef Djúgasvílí og hefði trúlega orðið guðfræðingur, hefði hann ekki verið rekinn úr prestaskólanum suður í Georgíu, þar sem hann var við nám. Myndir af honum ungum eru eftirtektarverðar meðal annars fyrir þá sök, að hann var alltaf að skipta um greiðslu, svo að hann er stundum nánast óþekkjanlegur frá einni ljósmynd til annarrar. Stundum skipti hann hægra megin, stundum vinstra megin, stundum alls ekki, stundum lá strýið eins og heypoki langt niður á ennið, stundum var hárið stutt og smurt og strokið beint aftur eins og á Pínóchet hershöfðingja. Hann gerði þetta víst til að villa á sér heimildir, svo að hann gæti farið huldu höfði um landið. Svo þurfti hann líka að skipta um nafn og hét þá ekki lengur Djúgasvílí, heldur Stalín, sem þýðir stálin stinn á rússnesku.

Margrét Thatcher skipti aldrei um greiðslu og ekki heldur um nafn. Greiðslan á höfði hennar haggaðist ekki í átján vindstigum. Hún hélt sínu striki langt fram yfir síðasta söludag að flestra dómi, einnig samherja hennar, sem sneru baki við henni hver af öðrum og veittust sumir harkalega gegn henni í brezka þinginu í kveðjuskyni, tóku hana nánast af lífi, eins og til dæmis Geoffrey Howe. Hann var fjármálaráðherra í fyrstu ríkisstjórn Thatchers 1979-83 og síðan utanríkisráðherra til 1989 og gegndi báðum störfum með miklum brag. Hann var nánasti samstarfsmaður Thatchers frá upphafi og sagði loks af sér embætti með háreysti 1990 vegna þess, að Thatcher lét sér ekki segjast í Evrópumálum, og hún hrökklaðist frá völdum þrem vikum síðar. Howe og aðrir nánustu bandamenn hennar í Íhaldsflokknum, þar á meðal Nigel Lawson fjármálaráðherra, töldu rétt og nauðsynlegt, að Bretar gengju til gjaldeyrissamstarfs við hinar Evrópusambandsþjóðirnar, en það mátti Thatcher ekki heyra nefnt. Henni var pundið heilagt eins og landið, tungan og þjóðin.

Hún var ekki yfirgangssamari en svo, ólíkt Stalín, að samherjar hennar þorðu að standa uppi í hárinu á henni og segja síðan af sér. Afsögn Howes bar að í þeim svifum, þegar House of Cards, eitt áhrifamesta stjórnmáladrama, sem sézt hefur á sjónvarpi fyrr og síðar, gekk á BBC og fjallaði einmitt um brezkan forsætisráðherra, sem er kominn fram yfir síðasta söludag. Thatcher reyndist mega sín lítils ein og yfirgefin og náði ekki endurkjöri sem formaður flokks síns og hefur æ síðan verið í pólitískri útlegð. Það er helzt, að Tony Blair hafi sýnt henni áhuga; hann bauð henni til kvöldverðar á undan öllum öðrum í Downingstræti 10, eftir að hann flutti þangað inn 1997. Þvermóðska hennar í Evrópumálinu varð einn stærsti banabiti hennar og Íhaldsflokksins. Hún tók sér ekki sæti í seðlabankanum að leikslokum; hún varð aldrei uppvís að því að skara eld að eigin köku.

Sama verður ekki sagt um annan mann, sem hún var í nánu vinfengi við. Ég á við Ágúst Pínóchet, yfirmann herforingjastjórnarinnar í Síle 1973-90. Sá þriðjungur sílesku þjóðarinnar, sem studdi Pínóchet og stjórn hans gegnum þykkt og þunnt, þreyttist aldrei á að mæra Pínóchet fyrir heiðarleika. Hann kann að hafa brotið gegn mannréttindum, sagði þetta fólk (130 þúsund handtökur, 30 þúsund fangelsisdómar með pyndingum og öllu tilheyrandi, þrjú þúsund morð), en hann er strangheiðarlegur. Þessari skoðun myndi þetta fólk líklega lýsa enn, ef Pínóchet væri horfinn til feðra sinna. En hann lifir enn og er á tíræðisaldri, svo að tími hefur gefizt til að grafast fyrir um fortíð hans.

Það var ekki fyrr en vorið 2004, að Hæstiréttur Síle lýsti Pínóchet nógu hraustan til að svara til saka fyrir dómi. Þá hafði rannsóknarnefnd Bandaríkjaþings leitt í ljós, að Pínóchet átti fúlgur fjár á leynireikningum í bandarískum bönkum, langt umfram það, sem tekjur hans dugðu til að skýra. Og þá tók að losna um málbeinið á öðrum. Stríðsdagbækur sjálfstæðishetjunnar Josés Miguels Carrera hurfu úr þjóðskjalasafninu skömmu eftir 1973 og fundust heima hjá Pínóchet samkvæmt ábendingu skjalavarðar; þeim var skilað aftur til safnsins í fyrra. Annar safnstjóri hefur tilkynnt um aðra dýrgripi í vanskilum: tvö sverð frelsishetjunnar Bernardós O'Higgins, sem hurfu af þjóðminjasafninu, en hermönnum er afhent afsteypa af þeim með viðhöfn, þegar þeir eru hækkaðir í herforingjatign. Safnstjórinn heldur, að sverðin séu heima hjá Pínóchet. Málið er í athugun.

Hvað gekk honum til? Hélt hann, að sjálfskipuð návist við ósviknar þjóðhetjur leysti hann undan ábyrgð á níðingsverkunum?

## Misskilin mislægð

UMRÆÐAN
MISLÆG GATNAMÓT



GÍSLI MARTEINN BALDURSSON
FRAMBJÓÐANDI

Hundruð Reykvíkinga eiga ákaflega slæmar minningar frá gatnamótum Miklubrautar og Kringlumýrarbrautar. Ekki vegna þess að þeir hafi setið fastir í umferð á þessum fjölförnustu gatnamótum landsins, sem sífellt fleiri þurfa þó að gera. Slíkt flokkast ekki undir raunverulega slæmar minningar í samanburði við þá sem hafa lent í umferðaróhöppum á þessum gatnamótum. Um langt árabil voru þessi gatnamót þau slysahæstu á landinu og árum saman hafa forvarnarfulltrúar tryggingafélaganna barist fyrir mislægri lausn á þessum stað.

Borgarbúar sjálfir hafa margoft sagt skoðun sína á þessu máli. Þeir vilja mislæg gatnamót. Lögreglan hefur lýst áhyggjum sínum af „sprungnu gatnakerfi“ og fjölgun slysa vegna þess. Hún vill mislæg gatnamót. Fulltrúar slökkviliðsins á höfuðborgarsvæðinu hafa kvartað undan því að viðbragðstími þeirra á annatímum hafi lengst vegna tafa í umferðinni. Þeir vilja mislæg gatnamót.

Ennþá er hinsvegar lítill hópur á móti slíkum gatnamótum. Ástæðan er sú hugmyndafræðilega kenning að með því að torvelda för fjölskyldubílsins takist að fæla okkur borgarbúa út úr bílunum. En á þeim tólf árum sem þessi stefna hefur verið rekin, hefur orðið meiri fjölgun á bílum í borginni en nokkru sinni áður í sögu hennar. Borgarbúar láta ekki segja sér hvernig þeir eiga að ferðast.

En nú hafa andstæðingar bílsins fundið nýja leið til að tefja gatnamótin. Hún er sú að tala um „margra hæða mislæg gatnamót“, og lýsa þeim sem einhverskonar tröllagatnamótum. Þetta nátttröll muni síðan ógna verulega lífsgæðum fólksins í borginni. Þarna er vísvitandi farið rangt með.

Í skýrslu vinnuhóps Reykjavíkurborgar og Vegagerðarinnar sem fjallaði um þessi gatnamót kom í ljós að hagkvæmasta og arðbærasta lausnin væri mislæg gatnamót með bæði Miklubraut og Kringlumýrarbraut í stokki og efst væri hringtorg fyrir þá sem ekki ætluðu að halda áfram beina leið. Gatnamót af þessum toga eiga auðvitað ekkert skylt við þá mynd sem andstæðingar fjölskyldubílsins reyna að draga upp af tröllagatnamótum. Markmið þessarar stokkalausnar á gatnamótunum er tvíþætt: Að auka umferðaröryggi og að anna meiri umferð. Og nú er spurt: Hver er á móti því?

*Höfundur er í 3. sæti Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík.*

FRÉTTABLAÐIÐ
ÚTGÁFUFÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRAR: Kári Jónasson og Þorsteinn Pálsson FRÉTTARITSTJÓRI: Sigurjón M. Egilsson AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Jón Kaldal FRÉTTASTJÓRAR: Arndís Þorgeirsdóttir, Pétur Gunnarsson og Trausti Hafliðason RITSTJÓRNARFULLTRÚI: Steinunn Stefánsdóttir RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **AÐALSÍMI: 550 5000** SÍMBRÉF Á FRÉTTADEILD: 550 5006 NETFÖNG: **ritstjorn@frettabladid.is** og **auglysingar@frettabladid.is** VEFFANG: **visir.is** UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. **dreifing@posthusid.is** Fréttablaðinu er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.
issn 1670-3871




## SUMARLEGT OG ÞJÓÐLEGT Í SENN

Sportlegar treyjur með lopapeysumynstri, fánanum og frelsishetjum eru nýjasta framleiðsluafurð Henson. TÍSKA 2



## LATEXFORM OG LITRÍKAR SMÁVÖRUR

Í versluninni Af hjartans list í Brautarholti eru fallegar smávörur á heimilið.

HEIMILI 6

allt

FASTEIGNIR HEIMILI HEILSA HÚS BÖRN NÁM FERÐIR MATUR BÍLAR TÍSKA ATVINNA BRÚÐKAUP TILBOÐ O.FL. FRÉTTABLAÐIÐ

## ALLT HITT

**[TÍSKA, HEILSA OG HEIMILI]**



**Stærsta** sending Gyllta kattarins til þessa var að berast til landsins. Verslunin er því troðin af nýjum og skemmtilegum vörum, bæði fyrir stráka og stelpur, allt frá sundbolum til leðurjakka.

**Mörg** sumartilboð eru nú í Europris. Nýlega kom bæklingur inn á flest heimili landsins en þar má finna fjölbreytt úrval af garðhúsgögnum, verkfærum, klæðnaði og fleiru. Tilboðin gilda til 23. maí næstkomandi eða á meðan birgðir endast.

**Tiltektardagur** verður í Þrekhúsinu á morgun, föstudaginn 12. maí. Af þeim sökum verður lokað í Þrekhúsinu frá klukkan 08.00, en opið verður frá klukkan 06.00 til 08.00. Hinar stöðvar ISF verða þó opnar þennan dag.

## GÓÐAN DAG!

**Í dag er fimmtudagurinn 11. maí, 131. dagur ársins 2006.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 4.26 | 13.24 | 22.24 |
| Akureyri | 3.54 | 13.09 | 22.26 |

*Heimild: Almanak Háskólans*

Smáauglýsingasími
550 5000
Auglýsingasími Allt
550 5880
Þú getur pantað smáauglýsingar á visir.is



Helena Konráðsdóttir í uppáhaldsflíkinni sinni, sem hún keypti í New York. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

# Fjölbreytt notagildi

***Helena Konráðsdóttir, förðunarfræðingur og nemi í ensku í Háskóla Íslands, hefur mikinn áhuga á tísku og öllu því sem viðkemur henni. Uppáhaldsflíkina sína um þessar mundir keypti hún nýlega í New York.***

Helena kallar uppáhaldsflík sína bol þó blaðamaður fái leyfi til að kalla hana kjól enda getur flíkin þjónað mörgum tilgangi. En hvar fékk Helena hins vegar kjólinn góða? „Ég fékk hana í „second hand"-hluta Urban Outfitters í New York í byrjun mars," segir Helena og bætir við að hún hafi ekki þurft langan tíma til þess að ákveða sig, hún hafi einfaldlega mátað flíkina og strax ákveðið að kaupa hana.

Hún segir að helsti kostur kjólsins sé á hversu fjölbreyttan máta megi nota hann, bæði fyrir fín tækifæri og hversdags. Kjóllinn kemur því að góðun notum hér á landi þar sem aldrei er hægt að treysta á blíða og spaka veðurguði. Helena hefur því notað kjólinn bæði stakan og við gallabuxur og annað slíkt. „Þetta er líka uppáhaldsliturinn minn en ég hef alltaf sótt mikið í grænbláan."

Almennt séð segist Helena samt klæðast gömlu í bland við nýtt. Hún reynir oftast að klæðast eins afslappað og hún getur og klæðist sem dæmi mun frekar strigaskóm en háum hælum. „Hettupeysur eru líka í miklu uppáhaldi. Um helgar eru samt kjólarnir vinsælastir," útskýrir Helena.

Helena segist að mestu vera ánægð með þá tískustrauma sem eru heitastir í dag, þar sem mest er leitað aftur til fortíðarinnar. „Ég fíla alveg þetta sixtís-útlit sem er svo heitt núna. Mér finnst samt svo margt vera í gangi. Þú getur eiginlega klætt þig hvernig sem er og ef það fer þér vel þá er það mjög svalt," segir förðunarfræðingurinn brosmildi að lokum.

*steinthor@frettabladid.is*

**Betri leið til að vinna á tímaskorti**

"...hvergi áður náð jafn hárri ávöxtun á tímasparnað ..."
**Fylkir Sævarsson, 39 ára Iðnfræðingur.**

"Í þessu er fólginn mikill tímasparnaður."
**Ester Ýr Jónsdóttir, kennari**

"Hreinn tímaþjófur að láta það fram hjá sér fara."
**Rut Skúladóttir, 20 ára nemi.**

**Meiri tími – Aukið forskot – Sterkari sérstaða**

**Hvað segja nemendur um námskeiðið:**
Frábært, markvisst, hnitmiðað, krefjandi, mikil aðstoð, árangursríkt, góð þjónusta.

3. vikna hraðnámskeið **13. júní**
Akureyri 3. vikna hraðnámkeið **17. maí**
**Náðu árangri með okkur í sumar og skráðu þig á sumarnámskeið Hraðlestrarskólans.**

**Gerum föst verðtilboð í fyrirtækjanámskeið**

HRAÐLESTRARSKÓLINN

**VR** og fleiri stéttarfélög styrkja þátttöku félagsmanna sinna á námskeiðinu.

**Barnahúsgögn sem stækka**

Barnahúsgögnin okkar bjóða upp á ótal samsetningarmöguleika og sveigjanleika sem gerir þér kleift að nota eitt og sama rúmið allt frá því barnið hættir í grindarrúminu og fram á unglingsár.


3ja ára


6 ára


9 ára


12 ára

www.design.is @ 2006

HÚSGAGNA HEIMILIÐ

Fossaleynir 6 - 112 Reykjavík - Sími: 586 1000 - Fax: 586 1034 - www.husgogn.is

**Með hækkandi sól** er óhætt að taka kvartbuxurnar fram. Stundum eru þær í tísku og stundum ekki, en óháð því eru þær alltaf þægilegar. Leyfðu tánum að anda og verða brúnar í sumar.




















# Sumarlegt og þjóðlegt í senn

***Sportlegar treyjur með lopapeysumynstri, fánanum og frelsishetjum eru nýjasta framleiðsluafurð Henson.***

Þeir sem halda að íslenskur fataiðnaður sé fyrir bí ættu að heimsækja Henson. Bak við ofurvenjulega hurð í Brautarholtinu er búinn til klæðnaður á alla aldurshópa og ekkert lát á framleiðslunni. Sumarlegar peysur í líflegum litum með lopapeysumynstri og önnur með íslenska fánanum eru til dæmis að koma glóðvolgar út á markaðinn. Mynstrin eru prentuð með alveg nýrri tækni í efnið, sem á ekki sinn líka hér á landi, að sögn Halldórs Einarssonar, eiganda og heilans í Henson frá upphafi. Frelsishetjurnar Che Guevara og Jón Sigurðsson prýða líka hvor sína peysuna sem eru nýjar af nálinni í orðsins fyllstu merkingu og aðeins búnar til í fáum eintökum að sögn forstjórans.

Henson-vörur hafa fylgt þjóðinni frá 1969 og bæði yngri og eldri tekið í þeim margt sporið. Þau eru líka mörg saumsporin sem verða til í þessu fyrirtæki þar sem vélarnar ganga frá morgni til kvölds. Efnið leikur í höndum saumakvennanna sem renna því undir vélarfótinn og skapa fullkomnar flíkur á mettíma. Þótt fatnaður frá Henson fáist í hinum ýmsu sportvöruverslunum segir Halldór sérstöðu fyrirtækisins einkum fólgna í sérframleiðslu fyrir félög og fyrirtæki. „Við erum íslenskt fyrirtæki á íslenskum markaði og þjónustum fólkið í landinu,“ segir hann og nefnir til dæmis íþróttabúninga með merki félaga sem prjónað er í dúkinn. „Þetta hefur aldrei verið til á Íslandi áður. Svona reynum við að mæta óskum hvers og eins,“ segir Halldór og svo er hann rokinn í símann.




Meðal nýjustu afurðanna eru peysur með lopapeysumynstri og íslenska fánanum. Starfsstúlkurnar Bergþóra og Hye sátu fyrir. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA




Sígildur Henson-galli.

Nýjar treyjur með frelsishetjunum Jóni Sigurðssyni og Che Guevara.



Hye býr til mynstrin í tölvunni og hér ráðfærir hún sig við forstjórann Halldór Einarsson.



María Gísladóttir er að sauma íþróttagalla fyrir ótilgreint félag. Hún hefur unnið hjá Henson síðan 1984.



Jenný Garðarsdóttir framleiðslustjóri býr sig undir að sníða buxur.



## Úr háborg tískunnar

BERGÞÓR BJARNASON SKRIFAR FRÁ PARÍS

# Sköllótt fyrirsæta og ananas með stingandi brjóst

Hver myndi ekki vilja vera á boðslistum tískuhúsanna og sjá með eigin augum á tískusýningu hvernig framtíðartískan verður? Ekki spillir fyrir að vera boðsgestur á sömu sýningum og Catherine Deneuve, Madonna eða Monica Bellucci. Ég hef verið svo heppinn í tvígang að fara á sýningu Lanvins-tískuhússins og hjá Cacharel og er það vissulega sérstök stemning.

Aðeins einu sinni í tískusögunni hér í París hefur hönnuður boðið almenningi að koma á tískusýningu. Það var árið 1984 að Thierry Mugler seldi sex þúsund miða á afslætti á sýningu í Zénith-tónleikahöllinni.

Í Galliera-safninu í sextánda hverfi Parísar er nú sýning sem segir sögu tískusýninga í eina öld, einmitt til að veita almenningi örlitla innsýn í þennan heim og að opna baksviðs sem venjulega enginn utanaðkomandi fær að sjá. Á þessari sýningu sem stendur fram í júlílok og allir tískupinnar ættu að sjá má finna þrjúhundruð flíkur og fylgihluti, jafnt Prêt-à-porter, Haute couture, sögulegar ljósmyndir, tískublöð, upptökur frá sýningum og sviðsmyndir af frægum sýningum. Í einum salnum er sýnd upptaka frá hátískusýningu Christian Lacroix sumarið 2006, sýnd frá þremur sjónarhornum, baksviðs með fyrirsætunum, frá enda sviðsins þar sem ljós- og myndatökumenn eru og svo frá fremsta bekk VIP-gestanna. Í öðrum sal hanga á vegg hundrað og fimmtíu sérvalin og söguleg boðskort frá jafnmörgum tískuhúsum. Allt hefst þetta með boðskortinu sem þarf að heilla bæði blaðamenn og stjörnur og þarf því að vera frumlegt fyrir nýliðana. Og þar sem að tískublaðamennirnir eru boðnir á þrjúhundruð tískusýningar á rúmri viku þurfa þeir að raða upp í forgangsröð.

Húsnæðið er ekki síður mikilvægt og þarf að vera frumlegt. Reyndar eru margar af tískusýningunum í dag í Carrousel du Louvre, verslunarmiðstöðinni sem er undir glerpýramídanum við Louvre-safnið. Þannig geta blaðamennirnir verið á einum stað og séð margar sýningar á dag. Síðan í fyrrasumar hafa hinir stóru, eins og Karl Lagerfeld hönnuður Chanel og John Galliano hjá Dior, valið hina nýuppgerðu Grand Palais til þess að halda stórar sýningar þar sem hönnunin fær að nýju meira rými en sýningin. Jacques Esterel notaði 1964 sköllótta fyrirsætu sem þótti hneyskli, YSL aðra berbrjósta í hátískunni, 1984 sýnir Gaultier ananaskjólinn með stingandi brjóstunum og 2003 er það svarti kjóllinn með regnhlífarhettu frá Isabelle Ballu. Þannig er stiklað á sögu tískusýninga og tískunnar um leið.

Musée Galliera, 10, avenue Pierre-I.-de-Serbie, 75016 Paris, www.galliera.paris.fr

*bergthor.bjarnason@wanadoo.fr*



Sigrún mælir með að fólk sé duglegt að fara á stofur í klippingu og djúpnæringu til að viðhalda heilbrigðu og fallegu hári í sumar. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

# Fallegt og heilbrigt hár í sumar

***„Með hækkandi sól, meiri útiveru og íþróttaiðkun, eins og sundi, er viðbúið að hár verði fyrir miklum þurrki, ef ekki er gripið til viðeigandi ráðstafana", segir Sigrún Ægisdóttir, eigandi Hársögu sem er til húsa í Hótel Sögu og Austurstræti 8.***

„Eitt besta ráð gegn hárþurrki af völdum sterkra sólargeisla og annarra skaðvalda er sérstakar hárvörur, svo sem rakagefandi sjampó, sem eru fáanlegar á öllum helstu hársnyrtistofum. Við hjá Hársögu bjóðum til dæmis upp á hárvörur frá India og Schwarszkopf, sem hafa verið þróaðar til að geta brugðist við þessum vanda og gefið hafa góða raun. Svo er líka alltaf sniðugt að panta tíma í djúpnæringu á stofu."

„Fólk þarf að leggja ákveðinn metnað í hárumhirðu, ef það vill að það sé fallegt," bendir Sigrún á. „Ég tala nú ekki um í sumar þar sem áherslan er á fallegt og heilbrigt í hártískunni. Við eigum eftir að sjá talsvert af frjálslegu hári hjá konum, bæði síðu og stuttu. Svokallað „wet look" er alltaf vinsælt hjá karlmönnum á sumrin, en með því á ég við glansandi hár sem lítur jafnvel út fyrir að vera blautt. Slíku er auðvelt að ná fram með ákveðnum geltegundum."



Sigrún Ægisdóttir á og rekur hárgreiðslustofurnar Hársögu í Hótel Sögu og við Austurstræti 8. Hún segir nauðsynlegt að gera ráðstafanir svo hár verði ekki þurrt í sumarsólinni. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA



Kate Moss hefur verið að snúa við blaðinu eftir að hafa farið í meðferð við eiturlyfja- og áfengisfíkn sinni. NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES

# Fatalína frá Kate Moss í bígerð

***Kate Mosse íhugar að hefja framleiðslu á sinni eigin línu.***

Eftir að allt fíaskóið í kringum eiturlyfjaneyslu hennar hefur Kate Moss þurft að gefa fyrirsætustarfið upp á bátinn. Í kjölfar fjölmiðlafársins í kringum meðferð Moss sögðu margar tískuvörukeðjur upp samningum við ofurfyrirsætuna, auk þess sem hún hefur verið eitt aðalviðfangsefni bresku slúðurblaðanna.

Fyrir stuttu greindi fréttavefur Vogue-tímaritsins frá því að þrálátur orðrómur um fatalínu frá Moss væri á rökum reistur. En vegna þeirrar miklu athygli sem Moss fær frá frá gulu pressunni má ekki búast við línunni alveg á næstunni. „Þetta er einn af þeim framtíðarmöguleikum sem Moss er að skoða, eftir að hún hefur lokið sínum ferli sem fyrirsæta," lét talsmaður hennar hafa eftir sér í vikunni. Hún bætti jafnframt við að ekki væri von á línunni fyrr en í fyrsta lagi eftir þrjú til fjögur ár.

Gabor
Gæði og glæsileiki

Teg: 26.304 Extra breidd

Teg: 22.272 Extra breidd

Teg: 22.702 Extra breidd

Teg: 25.591

Teg: 26.221 Extra breidd

Teg: 21.730
xena
MJÓDDINNI S: 557 1291
GLÆSIBÆ S: 553 7060
BORGARNESI S: 437 1240

Lager sala
á 2. hæð Faxafeni 12,
fimmtudag, föstudag, laugardag og sunnudag
Faxafen 12 - Reykjavík
Opið fimmtudag og föstudag 10-18, laugardag 10-16, sunnudag 12-17.
66° NORÐUR

# Frjálslegur klæðnaður í fyrirrúmi í sumar

***Herratískan á sumrin er alltaf svolítið skemmtileg því þá léttir yfir öllu, segir Arnar Gauti Sverrisson, annar eigenda GK Reykjavík á Laugavegi 66.***

„Drappaður og brúnn eru sumarlitirnir í ár, en líka svolítið út í appelsíngult og rautt, sem eru nýir litir hjá okkur. Hvít jakkaföt eru síðan alltaf sígild á sumrin og verður hægt að kaupa þau í búðinni, aðallega í höri. Nóg verður af léttum hörjakkafötum, svolítið út í safarístíl, og jökkum og peysum sem er þægilegt að klæðast í hlýju veðri.“



Arnar Gauti Sverrisson, annar eigenda GK Reykjavík á Laugavegi 66, spáir hörjakkafötum og niðurmjóum gallabuxum vinsældum í herratísku sumarsins. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI




Þessi nýtískulega peysa frá Patrizia Pepe er á 16.900 kr., en buxurnar eru frá Wrangler og kosta 11.900 kr. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Gallabuxur verða áberandi í sumar. „Þær verða fremur nýtískulegar, sem sést á því að þær eru ekki með hefðbundnu sniði,“ segir Arnar Gauti. „Niðurmjóar gallabuxur eru til dæmis mikið í tísku, en sniðið kallast því skemmtilega nafni „gulrótarsnið“. Svo hefur efnið verið þvegið með mismunandi hætti og er það yfirleitt ljósara á veturna en sumrin og á því verður engin undantekning í ár. Jakki, skyrta og buxur eru þrenna sem gengur við ólík tækifæri og getur ekki klikkað,“ bendir Arnar Gauti á.

Arnar Gauti segir að þessa strauma megi greina í merkjavöru sem seld er í GK, frá tískufrömuðum á borð við Calvin Klein, Patrizia Pepe og Lacoste, sem einkum hefur notið mikilla vinsælda undanfarið.

roald@frettabladid.is




Þessi fallegi jakki frá Calvin Klein kostar 77.900 kr. Gallabuxurnar eru frá Patrizia Pepe, á 16.900 kr. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



Gott úrval er af vönduðum jakkafötum hjá verslunni GK. Hér sjáum við ljós jakkaföt frá hönnuðinum Calvin Klein, sem nýtur stöðugra vinsælda. Fötin eru seld saman og kosta 56.900 kr. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI
















# Óformlegt og þægilegt í sumar

***Fat Face býður viðskiptavinum sínum upp á frjálslegan fatnað tilvalinn fyrir sumarið.***



Flott fyrir karla. Stuttermaskyrta á 5.690 kr., bolur á 2.790 kr., stuttbuxur á 5.690 kr. og sandalar á 5.690 kr.

Fataverslunin Fat Face var opnuð fyrir rétt rúmu ári í Kringlunni. Er þetta fyrsta búðin sem samnefnd fatakeðja opnar utan Bretlandseyja, þar sem hún hefur yfir 146 verslunum að ráða. Í Fat Face má finna gott úrval þægilegra fata, en Jóhannes Hafsteinn Sigurðarson verslunarstjóri segir það hafa verið yfirlýsta stefnu keðjunnar frá upphafi að hanna og selja óformleg og notaleg föt.

„Fyrsta verslunin var stofnuð árið 1988 af tveimur vinum sem höfðu lagt leið sína til frönsku Alpanna þar sem þeir vildu njóta lífsins fyrirhafnarlaust. Þeir urðu þó brátt auralausir, enda lífsmátinn dýr,“ segir Jóhann. „Vinunum datt þá í hug að hanna boli sem þeir gætu selt að nóttu til, svo daginn mætti áfram nýta til skíðaferða. Þeir ákváðu síðan að doka við í Ölpunum til vors, þar til tími væri kominn til að halda aftur niður á strönd og bruna á brimbrettum. Segja má að þar með hafi grunnurinn verið lagður að því mikla fataveldi sem Fat Face er í dag.“

Jóhann segir það algengan misskilning að búðin bjóði eingöngu upp á íþróttaflíkur. „Fat Face sérhæfir sig í alls kyns klæðnaði, þannig að fötin sem viðskiptavinum standa til boða henta við ýmis tækifæri. Við bjóðum til dæmis fjölbreytni í fötum sem henta vel til sólarlandaferða eða annarrar útiveru í sumar. Við erum með flottar flíkur, sem klæðast má á ströndinni. Ég vil bara hvetja viðskiptavini til að koma við og skoða úrvalið,“ segir hann loks.



Mikið er um litadýrð í kvenfatatískunni hjá Fat Face í sumar, eins og sést hér. Toppur á 3.250 kr., kvartbuxur á 5.390 kr. og kúrekahattur á 2.490 kr. Á myndinni eru einnig bikiníföt, en toppurinn kostar 2.490 kr. og buxurnar 1.790.



## Next í stærra rými

TÍSKUVÖRUVERSLUNIN NEXT HEFUR FLUTT SIG UM SET Í KRINGLUNNI OG OPNAR Í DAG STÓRGLÆSILEGA VERSLUN.

Next hefur verið á annarri hæð Kringlunnar um nokkurt skeið en flytur nú í nýja viðbyggingu Kringlunnar við vesturhlið hússins. Nýja rýmið verður helmingi stærra, alls 1400 fermetrarog úrvalið mun aukast eftir því. Bætt hefur verið við einni aukadeild en það er svokölluð Next heimilisdeild og að sögn Kristínar Önnu Jónsdóttur, annars eiganda verslunarinnar, er sú deild hin fyrsta sinnar tegundar utan Bretlands. Verslunin verður opnuð í dag og fá allir gestir óvæntan glaðning.




Fæst í apótekum og Hagkaupum um land allt.
Dr Fischer



Gallar
ný sending
Bómullar og velúr gallar fyrir konur á öllum aldri.
Einnig vesti og buxur
Stærðir 10 - 20

Verið velkomin
SNYRTIVÖRUVERSLUNIN GLÆSIBÆ
Sími 568 5170



EFLIR almannatengsl / HNOTSKÓGUR grafísk hönnun
Viltu ná glæsilegum árangri?
TT námskeið

Þú léttist og styrkist andlega og líkamlega
TT-námskeiðin sívinsælu!
Frá Toppi til táar
Ný námskeið hefjast 21. maí
Skráning hafin!
Sumar-TT
TT-tímatafla

| Kl | Mán | Þri | Mið | Fim | Fös |
|---|---|---|---|---|---|
| 06:20 | x | | x | | x |
| 07:20 | x | | x | | x |
| 08:20 | x | | x | | x |
| 12:05 | x | | x | | x |
| 16:20 | x | | x | x | |
| 17:20 | x | | x | x | |

Vertu velkomin í okkar hóp!

Hafðu samband!
www.jsb.is
sími 581 3730
DANSRÆKT JSB
leggur línurnar
Lágmúla 9 • 108 Reykjavík
Sími 581 3730 • Bréfsími 581 3732

**Vorhreingerningin** er sjálfsagt í algleymingi á flestum heimilum þessa dagana. Með skrautlegum áhöldum og skemmtilegri tónlist getur heimilisfólkið skemmt sér vel við þrifin.



Steikarskúffa
Tilboðsverð: 9.900 kr
Verð áður: 13.180 kr



Villeroy & Boch
Kringlunni



Snotur ostabakki úr keramiki og með glerplötu, ásamt hnífi, kostar 2.490 í forláta gjafakassa úr tré.



Rósaformið nýtur mikillar hylli en mörg fleiri eru til bæði skrautleg og látlaus sem henta hvort sem er í bakstur eða ísgerð. Verðið er 2.450 krónur.



Löberar úr 100% bómull, með hekluðum dúllum og tréperlum kosta 1.330 í versluninni Af hjartans list.

GLUGG-INN



Fákafeni 11,Rvk og Bæjarhrauni 12 , HF
s. 8611004 s. 8614177
Opið alla daga

# Latexform og litríkar smávörur

***Í versluninni Af hjartans list í Brautarholtinu eru fallegar smávörur á heimilið.***

„Það sem hvað mestra vinsælda nýtur núna er latexvörurnar ítölsku sem við höfum nýlega fengið. Þær eru algerlega að slá í gegn," segir Katrín Gísladóttir í versluninni Af hjartans list (sem reyndar á að skrifa með teiknuðu hjarta og ns). Í framhaldinu sýnir hún margar gerðir ólíkra forma sem öll eiga það þó sameiginlegt að þola bæði hörkufrost og allt uppí 240 stiga hita. Formin eru öll með öryggishring efst sem heldur þeim í skorðum. Þegar kakan er bökuð eða ísinn frosinn er hægt að taka hringinn af og fletta forminu utan af, skola það innan og síðan er það tilbúið til notkunar á ný. Fleiri munir eru úr þessu sama efni svo sem borðmottur undir heita potta og grillhanskar.

Beinhvítir bómullardúkar og löberar með alls konar mynstri er meðal þess sem Af hjartans list býður og þar er úrval silkiblóma eigulegra mokkabolla og margra annarra muna sem prýða má heimilin með.



Blóma og berjahringir fara víða vel. Þeir fást í mörgum stærðum og gerðum.



Ítalski grillhanskinn þolir allt að 300 stiga hita.



Sultukrukkur með skeið eru sætar. Þær kosta 1.150 í Af hjartans list.



Það getur verið nauðsynlegt að merkja glösin í garðpartíinu. Pakki með sex kúlum á sogskálum kostar 990 krónur.



Latexmottur má nota hvort heldur sem pottaleppa eða borðmottur undir heit ílát.



Tryggvi Ólafsson
síðasta sýningarhelgi

Gallerí Fold · Rauðarárstíg
Opið laugardaga kl. 11-16
Opið sunnudaga kl. 14-16
Sjáumst í Galleríi Fold

LISTMUNASALA fold
Rauðarárstíg 14-16, sími 551 0400
Kringlunni, sími 568 0400 · www.myndlist.is

# Hugmyndabanki heimilanna

***Handlagnir heimilisbúar ættu að kynna sér bókaklúbb Eddu útgáfu sem kallast hugmyndabanki heimilanna.***

Eddu-bókaklúbburinn Hugmyndabanki heimilanna er bráðsniðugur klúbbur fyrir þá sem hafa gaman af því að fegra heimili sitt og dunda sér við ýmiss konar föndur. Bækurnar fást ekki á almennum markaði.

Meðal þeirra bóka sem fást í klúbbnum eru bók um ullar- og silkiþæfingu, bók um gerð náttúrulegra snyrtivara, bók um gerð fallegra engla til skrauts og gamans, bækur um hvernig má búa til lampa, skerma og ljósker og einnig hvernig sauma á út myndir og



Krosssaumur er bók mánaðarins hjá Hugmyndabanka heimilanna.

mynstur á ólíka nytjahluti. Margar fleiri skemmtilegar bækur eru í boði eins og bækur um pakkaskreytingar, hvernig búa á til heimatilbúin kort, textílföndur, tómstundaföndur og leiðir til að varðveita ljósmyndir og aðrar minningar.

Þessa dagana er Edda með sérstakt inntökutilboð í klúbbinn þar sem nýir meðlimir geta valið sér tvær bækur, greiða aðeins fyrir sendingargjaldið og fá fimmtán prósenta afslátt af öllum bókum Eddu forlaga í þjónustumiðstöðinni að Suðurlandsbraut. Mánaðarlega fá klúbbmeðlimir sent fréttabréf um bókina sem er væntanleg.

Bók maímánaðar heitir Krosssaumur og í henni má finna falleg krosssaumsmunstur á ýmiss konar hluti, allt frá borðdúkum og handklæðum til bókamerkja.

Nánari upplýsingar má finna á www.edda.is.

# Heimili fyrir tölvu

***Heimilistölvan er oft fyrirferðarmikil og lítil prýði. Lítið mál er að koma tölvunni fyrir í skáp þannig að hún hverfi sjónum þegar hún er ekki í notkun.***



Margir líta svo á að aukaherbergi eða afdrep sé nauðsynlegt undir heimilistölvuna og það sem henni fylgir. Margir koma tölvunni fyrir á skrifborði á gangi eða í litlu plássi, sem dregur úr nýtingu gólfflatar í íbúðinni.

Spara má mikið pláss með því að kaupa einfaldan skáp eða skenk fyrir tölvuna sem hefurborð fyrir lyklaborðið sem er hægt að renna út. Best er að hægt sé að leggja skápahurðirnar með hliðunum þegar skápurinn er opinn. Auðvelt er þá að ganga frá snúrum svo að þær þvælist ekki fyrir börnum, gæludýrum eða öðrum. Þar með er tölvan komin með sitt eigið heimili.

Þegar tölvan er ekki í notkun er skápnum einfaldlega lokað, hverfur hún þá sjónum og eftir stendur fallegur skápur sem heimilisprýði.

## ráð }


Sumarblómin lífga upp á tilveruna og það er á hvers manns færi að planta þeim. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

## Sumarblómin sett niður

LÉTTAR LEIÐBEININGAR UM UNDIRBÚNING OG PLÖNTUN.

Sumarblóm þurfa um 15 til 20 cm jarðvegsdýpi. Í beð þar sem sumarblóm eru ræktuð er ágætt að setja lífrænan áburð á 5-10 ára fresti, en annars láta duga að gefa tilbúinn áburð, eins og blákorn.

Ekki ætti að gefa mikinn áburð þar sem mikill áburður getur dregið úr blómgun en aukið blaðvöxt. Auk þess er auðvelt að drepa blómin ef þau fá of mikinn áburð. Betra að gefa lítið í einu og oftar. Velja ætti áburð sem ekki inniheldur mikið köfnunarefni. Best er að blanda áburðinum saman við jarðveginn eða strá honum létt yfir jarðveginn, en alls ekki að setja hann í hrúgur upp að rótarhálsinum eða að rótunum.

Mátulegt bil við útplöntun er 10-20 cm milli plantna. Því stærri sem plantan verður því meira millibil. Við plöntun ætti að hafa í huga að það kemur yfirleitt betur út að planta saman nokkrum plöntum af sömu tegund saman, frekar en að blanda saman mörgum tegundum í einu. Útplöntun og tegundaval eru þó alltaf einstaklingsbundið smekksatriði.

(Efni fengið af www.birkihlid.is)






## Tivoli sumar



**Tivoli Pal** útvarpið er algerlega ómissandi í sumar og getur skapað skemmtilega stemningu hvar sem er. Þú getur valið þinn uppáhalds lit og hlustað af innlifun í góðum gír jafnt úti í garði, við grillið, í sólinni, í veislunni sem og í eldhúsinu og jafnvel í barnaherberginu. Enda lífga þau svo sannarlega upp á tilveruna og byggja upp stemninguna fyrir sumarið jafnt úti sem inni. Tivoli Pal útvörpin fást hjá Epal, Kokka, Duka, Mirale, CM og Pjúra og kosta aðeins 18.800kr.








Svefn & heilsa
★★★★★
www.svefn.is

allt hús
Alla mánudaga


Vegglistaverkið sem amma hennar Erlu gerði kemur mjög vel út á græna veggnum. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Tók tvo veggi í gegn með hjálp mömmu

***Erla Þuríður Pétursdóttir lögfræðingur málaði einn vegg heima hjá sér og veggfóðraði annan og útkoman er mjög góð.***

Erla ákvað síðasta haust að lífga upp á svefnherbergið sitt með því að veggfóðra vegginn við höfðagaflinn á rúminu. „Mig langaði að veggfóðra því það er í tísku núna og mér finnst veggfóður mjög hlýlegt,“ segir hún.

Leitin að rétta veggfóðrinu var búin að standa lengi yfir áður en það fannst. „Ég kíkti á endanum inn í Seating Concept á Laugavegi og þar fann ég rosalega smart gamaldags veggfóður sem ég keypti.“

Móðir Erlu sá um að veggfóðra fyrir hana og tókst mjög vel upp. „Ég ætlaði nú ekki að treysta henni til þess fyrst en svo lét ég slag standa núna fyrir páska. Hún gerði þetta af mikilli fagmennsku og kom mér á óvart því það var eins og hún hefði aldrei gert annað. Hún hafði reyndar veggfóðrað hjá sér einhvern tímann í kringum 1980 þegar hún flutti inn í húsið sem hún býr í og hún kunni greinilega til verka því samskeytin sjást ekki einu sinni.“

Erla er mjög ánægð með svefnherbergið eftir að það var veggfóðrað. „Herbergið er mjög hlýlegt og það er svona Hroka og hleypidóma-stemning í því. Fyrstu nóttina sem ég svaf í því leið mér alveg eins og hefðardömu á breskum herragarði.“


Það er óneitanlega herragarðsstemning í svefnherberginu hjá Erlu. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Svefnherbergisveggurinn er ekki eini veggurinn sem Erla er búin að taka í gegn því hún málaði einn vegginn í stofunni sinni grænan. „Ég málaði vegginn til þess að vegglistaverk sem amma mín gerði nyti sín betur á honum. Hún hafði sjálf ofið stykki sem hún saumaði svo út í með þræði sem hún spann sjálf. Ullin sem hún notaði var af kindum sem hún og afi áttu og hún litaði sjálf með jurtalitum. Ég fékk þessa mynd síðasta haust og mamma strengdi hana á plötu fyrir mig svo ég gæti sett hana upp.“

Vegglistaverkið lítur virkilega vel út á græna veggnum og Erla er mjög ánægð með útkomuna. „Mér þykir líka mjög vænt um myndina af því að amma mín gerði hana alveg sjálf,“ segir hún.

*emilia@frettabladid.is*

Falleg hönnun á falleg heimili


nýbýlavegi 18 | s. 517 2100
mubla
Öflugt lið ungra, kröftugra og áhugasamra starfsmanna **Lind** uppfyllir þarfir kröfuharðra viðskiptavina sinna með stöðugu flæði frábærra hugmynda og hefur ávallt að leiðarljósi að færa þeim hámarksgæði og fallega hönnun.
Klassísk hönnun, komdu og skoðaðu!




Í Marimekko fást meðal annars falleg veggfóður.

# Veggirnir fóðraðir

***Fyrir sumarið gæti verið fallegt að veggfóðra einn vegg á heimilinu til að brjóta upp hvítt litamynstur.***

Hvítir veggir geta orðið leiðigjarnir til lengdar, sérstaklega á sumrin þegar hugurinn þráir liti og fegurð. Lítið mál er að velja einn stæðilegan vegg á heimilinu og skella á hann litríku veggfóðri með fallegu mynstri. Bæði er veggfóðrið fallegt fyrir augað og brýtur upp annars einfalda hönnun heimilisins.

Séu allir veggir heimilisins veggfóðraðir getur það verið heldur yfirþyrmandi og því er ágætt að byrja á einum vegg og sjá hvernig til hefur tekist.

Heldur er ekkert því til fyrirstöðu að veggfóðra skápahurðir að innan og þá blasa við falleg mynstur þegar skápurinn er opnaður. Fallegt veggfóður kemur ímyndunaraflinu af stað og hleypir lit og gleði inn í lífið.

# Fataefni á húsgögnin

***Efnin gera útrás úr fataskápnum og inn á heimilið.***

Þegar við skipuleggjum innviði heimilisins er ekki nóg að hugsa í litum og formum. Efni hafa mikið um það að segja hvernig við upplifum umhverfið og hversu vel okkur líður í því.

Straumar í efnisvali innanhússhönnuða síðustu misseri hafa legið í nokkuð óvænta átt. Efni sem eitt sinn voru aðeins notuð í föt eru nú notuð í húsgögn og innanstokksmuni. Þessa breytingu má rekja til þess að þróun hefur orðið í framleiðslu efna, þvottheldni þeirra og litun.

Tvíd er nú hægt að fá með mismunandi áferð og í ferskum nýjum litum. Áður var það framleitt úr grófri ull en nú er hægt að fá tvíd úr 100% lambaull sem gerir það mýkra.

Þá hefur kostnaður á flaueli lækkað mikið með tilkomu nýrrar framleiðslutækni. Flauel er því ekki lengur sú munaðarvara sem það var og í raun á hvers manns færi. Nú tíðkast að nota það í innanstokksmuni í bland við önnur grófari efni.

Að lokum hefur silki svo tekið við af gegnsæju dulunum sem hafa hangið fyrir öðrum hverjum glugga síðustu mánuði. Gluggatjöld úr silki eru það heitasta í dag og þeir sem leggja mikla áherslu á stílhreint heimili eru með sama lit og efni fyrir svefnherbergisglugganum og í náttfötum sínum.



Það væri nú ekki slæmt að eiga svona fínan stól úr mjúku flaueli.

## Húsráð }

### Að ná hvítlaukshýðinu af

Til þess að ná hýðinu utan af hvítlauksrifi er þjóðráð að setja það inn í örbylgjuofn í fimmtán sekúndur en eftir það flettist það afar auðveldlega. Einnig má kremja rifið með sléttum hníf en þá springur efsti hluti þess og eftir það er barnaleikur að ná hýðinu af.

### Börn í bíl

Það er ekkert grín ef börnin verða bílveik og því eru holl ráð í þeim efnum gulls ígildi. Mörgum foreldrum hefur reynst vel að hvetja börn sín til að horfa út um gluggann meðan á ferðalaginu stendur í stað þess að þau lesi eða leiki sér. Einnig hefur engiferöl hamlað bílveiki margra barnanna.

## ráð }



Sjónvörp eru alltaf að verða fullkomnari og í leiðinni hættuminni.

### Hugaðu að viðhaldi sjónvarpsins

SJÓNVARP GETA BEINLÍNIS VERIÐ LÍFSHÆTTULEG EF ÞEIM ER EKKI RÉTT VIÐ HALDIÐ.

Sem betur eru flest nútíma sjónvörp frekar hættulaus miðað við það sem áður var. Þó berast reglulega fréttir að bruna af völdum sjónvarpa. Rétt viðhald getur einnig lengt endingartíma sjónvarpsins.

Þar sem litlar líkur eru á því að hver og einn geti gert við sjónvarpið sitt upp á eigin spýtur er gott að hafa nokkur lítil atriði í huga svo koma megi í veg fyrir óþarfa bilanir. Fyrst ber að hafa í huga að láta sem minnst af ryki og annarri fíngerðri drullu komast nálægt sjónvarpinu. Annað mikilvægt atriði er að passa að sjónvarpið komist ekki í mikinn raka, til dæmis er ekki gott að hafa sjónvarp nálægt glugga.

Þegar þrífa á sjónvarpsskjáinn er best að nota gluggahreinsi en ekki er mjög gott að nota venjulega eldhúsrúllu þar sem grófur pappír getur rispað sjálfan skjáinn. Best er að nota gamlan bol eða sléttan pappír. Fyrir plasma og LCD þarf alveg sérstaka klúta sem fást í flestum heimilistækjaverslunum. Rafsegulbylgjur frá myndbandstækjum og sjónvörpum geta einnig haft áhrif á tækin en til þess að koma í veg fyrir slík utanaðkomandi áhrif má setja álpappír á milli tækjanna.

Þetta eru aðeins örfáar og einfaldar ráðleggingar um hvernig megi viðhalda sjónvarpinu á eðlilegan hátt. Ef einhverjar bilanir eru fólk hins vegar í öllum tilvikum hvatt til þess að leita til verkstæðis.



# Kjólar fyrir sumarstóla

***Garðhúsgögn eru nauðsynleg á sumrin en lengi hefur þeirra helsti galli verið að þau eru ekki mikið augnakonfekt. Sófalist á Garðatorgi selur áklæði á sólstóla sem fegra bæði stólana og umhverfið.***

Sófalist hefur verið starfandi í um það bil þrjú ár og flutti sig nýverið í stærra húsnæði að Garðatorgi í Garðabæ. Verslunin sérhæfir sig í áklæðum á húsgögn og hefur mest verið að klæða sófastóla og borðstofustóla.

En þar sem húsnæðið er orðið stærra var úrvalið aukið og það nýjasta hjá Sófalist er eins konar „kjólar“ fyrir sól- og garðstóla. Línan er mjög skemmtileg og hugmyndin bráðsniðug. Garð- og sólstólar eru oftar en ekki úr plasti og með fallegri ábreiðu er auðvelt að lífga upp á annars einfalda hönnun. Áklæðin eru amerísk og koma í mörgum litum og með ýmsum mynstrum og eru auðveld í þrifum.



Áklæði yfir sólstóla eru meðfærileg og þægileg í þrifum.



Fjólublátt og grænt sumarlegt mynstur lífgar upp á garðhúsgögnin.



Fallegir púðar geta prýtt veröndina. Púðarnir hjá Sófalist koma í ýmsum litum.



Blárósótt áklæði á garðstóla. Í Sófalist fæst einnig nokkuð úrval af dúkum.




Vaxtalausir dagar og frábær verð

Glæsileg sófasett og frábært úrval af tekk borðstofuhúsgögnum.

skenkar- stólar- borðstofuborð- sófar- hægindastólar- sófaborð smávara- skemlar- púðar- sjónvarpsskápar- skilrúm

Verið velkomin að Dalvegi 18

Gallerí Húsgögn

Sími 554 5333



Opnunartími:

Virka daga 11-18 • Laugardaga 11-16 • Sunnudaga 13-16




## Í GARÐINUM HEIMA

HAFSTEINN HAFLIÐASON SKRIFAR UM POTTAPLÖNTUR

# Tvær Lísur – önnur iðin, hin fín

Sennilega hefur það verið eitt af fyrstu afrekum mínum í pottaplönturæktuninni að koma til græðlingi, sem kona á næsta bæ gaf mér, af blómi sem hún kallaði „iðnulísu“. Ég var bara átta ára krakki, en samt tókst mér að fá rætur á græðlinginn. Það gerði ég í lítilli glerkrús með vatni í sem stóð á bak við þunna léreftsgardínu í glugganum á herberginu sem ég hafðist lengst af í á bernskuheimili mínu. Þegar ræturnar voru komnar plantaði ég lísunni í stóra niðursuðudós með mold. Plantan óx og dafnaði og skilaði ótrúlegum fjölda, fannst mér, af skærbleikum blómum allt það sumar. Svo man ég nú ekki hvað varð um plöntuna eftir að skammdegismyrkrið svarf að. Enda hef ég þá líklega verið kominn með annað áhugamál.

### Iðnalísa

Iðnalísan hefur lengi verið vinsælt pottablóm og eitt af þeim allra auðveldustu að fást við. Uppruni hennar er í austanverðri Afríku og hún er ein af um 850 tegundum í ættkvíslinni Impatiens sem finna má dreift um allt heita og heittempraða gróðurbelti jarðarinnar frá Mið-Ameríku í vestri til Papúu-Nýju-Gíneu í austri. Iðnalísa, sem reyndar heitir á vísindamálinu Impatiens wallerana, barst með enskum og þýskum nýlenduherrum í Tanganíjku (nú Tansaníu) til Evrópu um miðbik nítjándu aldar og sló strax í gegn. Þykkir og safaríkir stönglar með fallega löguðu ljósgrænu laufi og síðan þessi fádæma framleiðsla á snotrum blómum sem minntu á skærbleik fiðrildi. Svo gerði hún heldur engar sérstakar kröfur til ræktandans. Birta, ylur, mismunandi regluleg vökvun og kannski sletta af blómaáburði af og til var allt sem hún þurfti. Svo var hægt að yfirvetra hana á þurrum stað yfir veturinn, rétt eins og pelargóníurnar – frost þolir hún ekki – og vekja hana svo aftur til lífsins með hækkandi sól. Iðnalísan er samt fremur sjaldgæf á blómamörkuðunum í seinni tíð. Ástæðan mun vera sú að þrátt fyrir að vera mjög auðveld í ræktun og afar blómsæl þykir hún ekki góð söluvara vegna þess að hvert blóm stendur stutt við og gömlu blómin falla viðstöðulaust allt í kring um hana meðan nýju blómin springa út. Því finnst mönnum að hún sóði svolítið leiðinlega út á söluborðunum og verði þess vegna fremur ólystilegur varningur innan um pottaplöntur sem halda betur á sínu.

### Fínalísa

En iðnalísan eignaðist líka harðan keppinaut. Þar var komin stjúpsystir hennar ættuð alla leið austan úr fjallaskógum Papúu-Nýju-Gíneu. Reyndar var þessi stjúpsystir hvergi til sem ein og eðlileg tegund frá skaparans hendi, heldur höfðu amerískir grasafræðingar, í leiðangri til eyjarinnar um 1960, fundið nokkuð margar tegundir af þessari ættkvísl vítt og breitt í ýmsum fjalladölum. Tegundirnar þóttu skera sig úr fyrir fjölbreytileika, risastór blóm og litfögur blöð. Engin þessara tegunda þótti samt vænleg til ræktunar eins og þær komu fyrir. Þær höfðu of frjálslegt vaxtarlag og tóku tamningu ekkert sérlega vel. Þegar reynt var að víxlfrjóvga þær við hina gömlu iðnulísu, tókst það ekki. Hins vegar voru þær fúsar til að æxlast innbyrðis og úr þeim æxlunum voru síðan valin nokkur form sem vænleg þóttu til ræktunar. Þessum blendingum var svo gefið vísindaheitið Impatiens x hawkeri – til heiðurs leiðangursstjóranum. En venjulega þekkjum við þær bara undir söluheitinu „Impatiens NewGuinea-hybrids“. Þessar lísur tóku iðnulísunni langt fram í blómstærð og blómlitirnir voru í margvíslega ljósum, bleikum og skærrauðum litum. Blöð þeirra eru aflangari en á iðnulísu og oft í mismunandi litum, bronsgræn, hvítskjöldótt eða rauðleit. Enn hefur ekki tekist að fá festu í litningaskipan þessara blendinga. Það er aldrei að vita hvað sprettur upp af fræjum frá þeim, svo yfirleitt er öllum afbrigðunum fjölgað á kynlausan hátt með græðlingum eða – miklu oftar – með vefjaræktun. Og þær eiga nú þann sess sem iðnalísan hafði áður og standa fyllilega undir nafngiftinni „fínalísa“.

### Í stuttu máli:

Lísurnar þurfa góða pottamold, jafnan raka og dálitla áburðargjöf vikulega á sumrin. Þeim líður best í góðri birtu og á hlýjum stað, gjarna þar sem nokkurn skugga ber á yfir hádaginn. Oftast eru þær ræktaðar sem einær pottablóm en það er hægt að endurnýja þær með græðlingum seinnipart sumars – og hafa smáplönturnar í glugga yfir veturinn og vökva þær þá rétt aðeins til að forða þeim frá uppþornun, en ekki það mikið að þær fari að sýna nývöxt fyrr en seint í febrúar.





# HEIÐUR OG HVATNING TIL ÁFRAMHALDANDI STARFA

*Bæjarlistamaðurinn Rúna* SJÁ BLS. 2

[ SÉRBLAÐ UM HAFNARFJÖRÐ – FIMMTUDAGUR 11. MAÍ 2006 ]

# Hafnarfjörður



FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## EFNISYFIRLIT


MIKIÐ UM DÝRÐIR
*Bjartir dagar í Hafnarfirði*
BLS. 2

STÓRFELLD UPPBYGGING
*Skipulagsmál*
BLS. 2





UPPBYGGILEGT ÆSKULÝÐSSTARF
*Sumarstarf Hraunbúa*
BLS. 4

Á SLÓÐUM ÁLFA
*Sigurbjörg Karlsdóttir*
BLS. 4

FRÁBÆR ÁRANGUR Í FORVARNARSTARFI
*Gamla bókasafnið*
BLS. 6

LÆKUR TIFAR LÉTT...
*Lækurinn*
BLS. 10

SÉRSTAKAR GOLFAÐSTÆÐUR
*Golfklúbbar Hafnarfjarðar*
BLS. 12

NÝJUNGAR Í SKÓLASTARFI
*Hraunvallaskóli*
BLS. 14





# Mikið um dýrðir

Bjartir dagar í Hafnarfirði.

Bjartir dagar verða haldnir í fjórða sinn í Hafnarfirði dagana 1.-10. júní, í tilefni af 98 ára afmæli kaupstaðarréttinda bæjarins. Líkt og undanfarin ár má búast við fjölbreytilegri og skemmtilegri dagskrá, samkvæmt Marín Hrafnsdóttur menningar- og ferðamálafulltrúa, sem segir jafnframt að mikið verði um dýrðir í firðinum.

„Setningarathöfnin fer fram kl. 17.00 1. júní í Bæjarbíói, en það er Lúðvík Geirsson stjórnmálamaður sem setur hana,“ segir Marín. „Að setningu lokinni verður bæjarlistamaður Hafnarfjarðar valinn, ásamt því að tveir hvatningarstyrkir eru veittir hafnfirskum listamönnum eða listnemum. Það er í annað sinn sem valið fer fram.“

Af stærri viðburðum hátíðarinnar má nefna Rokkið í fimmtíu ár, stórtónleika sem haldnir verða í íþróttahúsinu að Strandgötu, og Rativ, útisýningu fimm nema í Listaháskóla Íslands á Strandstígnum, þar sem leikið er með hugtakið vita. „Þá er áhersla lögð á fjölmenningu á hátíðinni, þar sem meðal annars verður sýnd stuttmynd í Gamla bókasafninu með þátttakendum frá ólíkum menningarheimum, og svo er Söngvakeppni hinna ólíku tungumála haldin í Hafnarfjarðarleikhúsinu í samvinnu við Alþjóðahúsið,“ segir Marín loks.

Nánari upplýsingar um dagskrána má nálgast á vef Hafnarfjarðarbæjar www.hafnarfj.is.



Á síðustu hátíð var veglegu dátaballi slegið upp. MYND/MARÍN HRAFNSDÓTTIR



Rúna á vinnustofu sinni í Hafnarfirði, þar sem hún vinnur hörðum höndum við skapandi störf. Samkvæmt Rúnu er jafnvel von á annarri sýningu, þótt hún vilji ekkert segja til um tímasetninguna. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

# Heiður og hvatning til áframhaldandi starfa

Á síðasta ári var Sigrún Guðjónsdóttir valin fyrsti bæjarlistamaður Hafnarfjarðar.

Á síðasta ári var í fyrsta sinn valinn bæjarlistamaður Hafnarfjarðar, en menningar- og ferðamálanefnd bæjarins stóðu að valinu í samvinnu við listasafnið Hafnarborg. Var Sigrún Guðjónsdóttir, betur þekkt undir listamannsnafninu Rúna, valin og segist hún hafa verið afar hrærð yfir niðurstöðunni.

„Þetta er góð viðurkenning fyrir þau störf sem ég hef unnið og að sama skapi hvatning til áframhaldandi starfa, því þótt ég sé komin á háan aldur er ég enn á fullu við listsköpunina,“ segir Rúna.

Tæp hálf öld er liðin frá því að Rúna útskrifaðist frá máladeild Listaakademíunnar í Kaupmannahöfn ásamt eiginmanni sínum Gesti Þorgrímssyni myndhöggvara, sem nú er látinn. „Að námi loknu rákum við Gestur leirmunagerð í mörg ár og unnum talsvert saman í listinni, þar sem hann sá um formin en ég skreytingarnar,“ segir Rúna. Af stærri verkum sem eftir þau hjón liggja má nefna skreytinguna í áhorfendastúku Laugardalsleikvangsins.



Hér sést Rúna við höggmynd eftir Gest, sem heitir Moby Dick frá 1992 og er úr ítölskum marmara. Á veggnum er flísaverk eftir hana sjálfa frá árinu 1989, þar sem landslag er viðfangsefnið. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

Rúna hefur aldrei veigrað sér við að blanda listgreinum saman í vinnu sinni, sem sést meðal annars á því hvernig hún teiknar og málar á flísar með sérstakri aðferð sem hún hefur þróað sjálf. „Fyrir rúmum tveimur árum hélt ég sýningu í Hafnarborg, þar sem ég var með málverk unnin á steinflísar og á handgerðan japanskan pappír. Segja mætti að málverkin mín séu í lýrískum abstrakt stíl, á meðan fígúrur og landslag einkenna flísarnar.“

„Eins og stendur bý ég á vinnustofunni minni í Hafnarfirði þar sem ég sit alla daga og skapa,“ segir Rúna. „Það er aldrei að vita nema ég haldi aðra sýningu. Við skulum þó láta tímasetninguna liggja á milli hluta í bili,“ bætir hún við dularfull í bragði.

# Stórfelld uppbygging

Það nýjasta í byggðamálum Hafnarfjarðar.

„Mikil uppbygging á sér nú stað á Völlum og í Áslandi í suðurhluta Hafnarfjarðar,“ segir Bjarki Jóhannesson, sviðsstjóri umhverfis- og tæknisviðs Hafnarfjarðarbæjar. „Þetta eru blokkarhúsnæði og sérbýli í bland. Búið er að byggja 2.700 íbúðir og hægt er að byggja 2.600 íbúðir til viðbótar, svo þetta gætu orðið samtals 5.300 íbúðir sem rúma 15.000-17.000 íbúa.

„Á þessu eða næsta ári verður uppbygging hafin á síðasta hlutanum,



Bjarki Jóhannesson á Strandstíg sem liggur meðfram miðbænum. Í baksýn má greina verslunar- og skrifstofubyggingar og Norðurbakkann, sem er gamalt hafnarsvæði þar sem fjölbýlishúsabyggð mun rísa.

sem nefnist Vellir 7, og nú er verið að gefa vilyrði fyrir þrjá hluta Áslandsins. Þar fyrir sunnan rís hverfi sem kallast Hamranes og er fyrsti áfanginn í því áætlaður árið 2009. Um er að ræða ca. 200 einingar sem teljast aðallega til sérbýla.“

„Við erum líka að byggja upp miðsvæði Valla, á milli Ásbrautar og Reykjanesbrautar við Haukahúsið,“ segir Bjarki. „Þar er í byggingu sundlaug og kirkja vestan við hana. Eftir það koma eitthvað á 300 námsmannaíbúðir.“

„Hinum megin á milli Ásbrautar og Reykjanesbrautar er verið að reisa hverfi eins til fjögurra hæða verslunar- og skrifstofuhúsnæða. Nokkur fyrirtæki hafa fengið bygggingarleyfi á svæðinu og fleiri hafa fengið lóðavilyrði, svo sem KFC og Europris.“

„Svo erum við að tengja Krýsuvíkurveginn við Reykjanesbrautina, þannig að nú verður hægt komast frá Völlunum eftir Krýsuvíkurveginum og sleppa við hringtorgin. Á milli Valla og Krýsuvíkurvegarins verður athafnasvæði fyrir verslun og þjónustu og léttan iðnað. Syðst



Suðurhluti Hafnarfjarðar, þ.e. athafnasvæði í Selhrauni fremst, þá Vallasvæði, Áslandssvæði lengra burt. Hafnarfjörður, höfuðborgarsvæðið og Esjan eru í baksýn. Teikning eftir Sigurð Val Sigurðsson. MYND/HAFNARFJAÐARBÆR

á svæðinu verður stæði fyrir stóra bíla, sem hefur sárlega vantað hingað til,“ bætir Bjarki við.

„Búið er að skipuleggja stórt iðnaðarsvæði fyrir sunnan Hellnahraun og á borði hjá okkur liggja drög að því þriðja. Af þessu er ljóst að ásókn í iðnaðarlóðir í Hafnarfirði er mikil, enda erum við með eina samfellda iðnaðarsvæðið á höfuðborgarsvæðinu, þar sem nóg útboð er af lóðum.“

„Það er líka verið að byggja húsnæði á Norðurbakkanum. Blokkabyggð upp á 300 íbúðir er að rísa í Hvaleyrarholtinu, þar sem olíutankarnir hverfa. Svo erum við að skoða hvort byggja megi skrifstofur, einkahúsnæði og afþreyingaraðstöðu tengda hafinu, þar sem slippurinn er nú. Loks má nefna að í miðbænum höfum við til skoðunar reitinn á bak við ráðhúsið þar sem bílastæði eru nú. Það getur vel verið að við efnum til hugmyndasamkeppni í tengslum við það síðastnefnda,“ segir Bjarki í lokin.



Svíf þú inn í svefninn
í RB rúmi
Hjónarúm
180x200 cm
Verð frá kr.
74.100,-
án fylgihluta
Nolte rúm
Verð frá kr.
58.000,-
án dýna
160x200 cm
Úrvalið er hjá RB
Hjá okkur er fjölbreytnin í fyrirrúmi. Þú velur það sem þér hentar: Springdýnur, tvöfaldar fjaðradýnur, sérhannaðar sjúkradýnur með varmaklæðningu eða Super deluxe og Grand deluxe springdýnur með tvöföldum mjúkum yfirmottum.
Sælurúm
Verð frá kr.
160.000,-
Stærðir: 80-90-1.20,-1.30 cm.
Opið á laugardögum kl. 10-14
RAGNAR BJÖRNSSON ehf.
Sérhæfing í framleiðslu og hönnun springdýna.
Sængurfatnaður og fylgihlutir
Rúmteppi, púðar, pífur, sængurverasett, lök, dýnuhlífar, náttborð, kommóður og margt fleira.
Dalshrauni 8
220 Hafnarfirði
Sími: 555 03 97
Fax: 565 17 40
www.rbrum.is

# Á slóðum álfa

Sigurbjörg Karlsdóttir leiðir erlenda ferðamenn um Hafnarfjörð og segir þeim sögur af álfum.

Álfagöngufyrirtækið Horft í hamarinn hlaut fyrr á þessu ári hvatningarverðlaun ferðaþjónustunnar í Hafnarfirði en þau voru þá veitt í ellefta skipti á ferðamálþingi bæjarins. Sigurbjörg Karlsdóttir er eigandi fyrirtækisins, sem sérhæfir sig í gönguferðum um álfaslóðir sem eru mjög vinsælar meðal erlendra ferðamanna.

Sigurbjörg var nýkomin úr einni af gönguferðum sínum þegar Fréttablaðið spjallaði við hana. „Þetta var frábær ferð í dag enda veðrið að leika við mann. Annars er veðrið alltaf gott ef maður bara klæðir sig rétt,“ sagði Sigurbjörg. Ferðirnar eru á þriðjudögum og fimmtudögum klukkan 14.30 og er kynningin á ensku en hún er einnig með sérferðir fyrir áhugasama Íslendinga.

„Það er góð aðsókn í þetta og margir sem voru búnir að íhuga að skella sér létu verða af því eftir að ég fékk þessi verðlaun frá ferðaþjónustunni. Göngutúrinn hefst í miðbænum og svo tekur við þessi sígildi rúntur og tekur túrinn um einn og hálfan tíma. Svo gerði Erla Stefánsdóttir kort sem fylgir með ferðunum og hefur verið skemmtilegur minjagripur sem vakið hefur mikla athygli enda er hún sjáandi,“ sagði Sigurbjörg.



Sigurbjörg segir álfagönguna taka um einn og hálfan tíma. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## Láttu eftir þér...



...að fara í göngutúr í góðu veðri um gamla bæinn í Hafnarfirði og skoða þar gömul hús og falleg hverfi. Tilvalið að enda göngutúrinn í Hellisgerði, sem er rómað fyrir ævintýralegt umhverfi. Börnin gleyma sér í leikjum, klifri og hellaskoðunum.



...að skella þér á Kaplakrikavöllinn í sumar og sjá leik með FH. Hafnarfjarðarmafían, stuðningsmannafélag FH, nær alltaf að halda uppi góðri stemningu og kemst maður ekki nær því hér á landi að upplifa stemningu eins og þekkist til að mynda í Englandi.



Nanna Guðrún Bjarnadóttir sveitarforingi segir góða dagskrá framundan hjá skátunum í sumar. Hér sést hún inni á skátaheimili Hraunbúa, skátafélagi Hafnfirðinga, sem er til húsa að Hjallabraut 51. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

# Uppbyggilegt æskulýðsstarf

Fjölmargt er á dagskrá hjá Hraunbúm, skátafélagi Hafnfirðinga, í sumar.

Skátafélagið Hraunbúar hefur í áratugi rekið öflugt tómstunda- og æskulýðsstarf í Hafnarfirði. Nanna Guðrún Bjarnadóttur, sveitarforingi Rauðskinna, sem er stúlknasveit innan Hraunbúa, segir að nóg sé að gera hjá félaginu, en hún hefur yfirumsjón með skátastarfinu í sumar.

„Skátastarfið er nokkuð fjölbreytilegt,“ byrjar Nanna á að segja. „Við erum fyrst og fremst að stuðla að hollu æskulýðsstarfi bæði utan- og innandyra, fyrir börn á aldrinum níu ára og upp úr. Við reynum að hafa góða samblöndu af leik og starfi. Börnum er kennd skyndihjálp og áhersla lögð á hreyfingu. Börnin læra að bjarga sér í náttúrunni, sem er einn liður þeirrar sjálfsræktar sem við leggjum áherslu á. Þannig fylgjum við eftir kjörorðum Roberts Baden-Powell, stofnanda skátahreyfingarinnar, sem taldi að best væri að læra af reynslunni.“

Samkvæmt Nönnu skiptast Hraunbúarnir niður í nokkrar skátasveitir, háð kyni og aldri. „Þetta er að mörgu leyti líkt menntakerfinu,“ segir Nanna, „þar sem aldur og þroski ráða því í hvaða flokki viðkomandi lendir. Á ákveðnum aldri sameinast kynin síðan í einn hóp, sem nefnist dróttskátar.“

„Hraunbúar munu halda úti kröftugu starfi í sumar,“ segir Nanna. „Í fyrsta lagi ber auðvitað að nefna árlegt skátamót, það er vormót sem haldið er um hvítasunnuhelgi í Krýsuvík. Segja mætti að þetta sé ein stór útilega því krakkarnir tjalda í þrjár nætur og elda eigin mat. Farið verður í ýmsa leiki og tónleikar haldnir, þannig að nóg verður í boði. Síðan sækjum við mót annarra skátafélaga víðs vegar um land. Í sumar verðum við líka með námskeið í boði fyrir börn, sem kallast Útilífsskóli. Námskeiðin byggja á hefðbundnu skátastarfi, en þar fara börnin í útilegu, klifra, kveikja eld og fara í náttúruskoðun. Öllum börnum á aldrinum 8-11 ára er frjálst að taka þátt,“ segir hún loks.



Á vormóti Hraunbúa, sem haldið verður um hvítasunnuhelgi í sumar, verða tónleikar meðal annars haldnir. MYNDIR/NANNA GUÐRÚN



Hraunbúar reyna að hafa góða samblöndu af leik og starfi.



Hjá skátunum í Hafnarfirði er áhersla lögð á útiveru og hreyfingu, meðal annars klettaklifur og sig.

# Dyrnar
## að þínum draumum



**RS21KCSM**
Lakkað Stál.
Kælir og frystir 176 x 91x 72 cm tvö kælikerfi og Klakavél og kælt vatn. Sér kælihólf í skápnum til að afþýða eða hraðkæla.
**249.900,-**

## Skápar til innbyggingar

### Rústfrítt stál og ál

SAMSUNG



**RS21KLSR** - Stál
Kælir og frystir 176 x 91x 72 cm tvö kælikerfi og klakavél og kælt vatn. Sér kælihólf í skápnum til að afþýða eða hraðkæla.
**299.900,-**



**RS21KLAL** - Ál
Kælir og frystir 176 x 91x 72 cm tvö kælikerfi og klakavél og kælt vatn. Sér kælihólf í skápnum til að afþýða eða hraðkæla.
**329.900,-**

### Stál, kámfríir

SAMSUNG



**RS21DASM**
Lakkað Stál
Kælir og frystir 176 x 91x 72 cm tvö kælikerfi og klakavél og kælt vatn.
**209.900,-**

SAMSUNG
**kæli- og frystiskápar**

SAMSUNG

### Hvítir kæliskápar



**RS21NASV** Hvítt
Kælir og frystir 176 x 91x 72 cm tvö kælikerfi og LCD stjórnborð.
**139.900,-**



**RS21DASV** Hvítt
Kælir og frystir 176 x 91x 72 cm tvö kælikerfi og klakavél og kælt vatn.
**179.900,-**



**RS21FASV** Hvítt
Kælir og frystir 176 x 91x 72 cm tvö kælikerfi og klakavél og kælt vatn.
**199.900,-**



**RS21KCSV** Hvítt
Kælir og frystir 176 x 91x 72 cm tvö kælikerfi og klakavél og kælt vatn. Sér kælihólf í skápnum til að afþýða eða hraðkæla.
**229.900,-**

imago

### Einfaldir kæliskápar

SAMSUNG



**RL36EBSW** Hvítur
182 cm á hæð kælir og frystir
**69.990.-**



**RL39EBSM** Stál lakkaður
192 cm á hæð kælir og frystir
**89.990.-**



**RL39WBSW** Hvítur
192 cm á hæð kælir og frystir og með vatns tank fyrir kalt vatn
**89.990.-**



**RL39WBMS** Stál lakkað
192 cm á hæð kælir og frystir og með vatns tank fyrir kalt vatn.
**99.990.-**

### Umboðsmenn:

**Suðurland:** Árvirkinn Selfossi og Eyjaradio Vestmannaeyjum.
**Vesturland:** Model Akranesi.
**Vestfirðir:** Þristur Ísafirði.
**Norðurland:** Bókaverslun Þórarins Stefánssonar Húsavík, Kaupfélag Skagfirðinga Sauðárkróki, SR Byggingavörur Siglufirði, Krákur Blönduósi og Verslunin Urð Raufarhöfn.
**Austurland:** Verslunin Vík Egilsstöðum, Reyðarfirði og Neskaupstað, HS Raf Eskifirði, Beint í Mark Vopnafirði

RADIONAUST
Furuvöllum 5 • Sími 461 5000

ORMSSON
SMÁRALIND Sími 530 2800
LÁGMÚLA 8 Sími 530 2800

Ný Ormsson verslun í Keflavík | Hafnargötu 25 | Sími 421 1535

# Frábær árangur

Ótrúlegur árangur hefur náðst í forvörnum í Hafnarfirði.

Mikið og athyglisvert forvarnarstarf hefur verið unnið í Hafnarfirði undanfarin ár og árangurinn hefur svo sannarlega ekki látið á sér standa eins og tölurnar sýna. Höfuðstöðvar forvarnarstarfsins hafa verið kaffi- og menningarhúsið Gamla bókasafnið sem ætlað er ungu fólki en þar má meðal annars finna netkaffi, tónleika, kaffihús, breiðtjald, hópastarf og klippitölvur.

„Árangurinn í forvarnarstarfi bæjarins hefur verið vægast sagt frábær. Við höfum verið að vinna að þessu í þrjú til fjögur ár og gerðar hafa verið rannsóknir sem sýna hvernig neysla hjá ungu fólki í bænum hefur breyst. Áfengis- og tóbaksneysla hjá ungu fólki hefur minnkað mikið á þessum árum og til að mynda hefur áfengisneysla hjá krökkum í tíunda bekk minnkað um helming síðan 2002,“ segir Geir Bjarnason, forvarnarfulltrúi í Hafnarfirði.

„Ég er bara feitur kall sem rífur kjaft en samvinna er það sem hefur skilað þessum árangri. Stór hópur fólks var sammála því að breytingar þyrfti vegna þess að krakkar bæjarins voru farnir að drekka og reykja mun meira en landsmeðaltalið. Okkar helstu samstarfsaðilar hafa í raun verið foreldrar sem hafa unnið að þessu með okkur. Svo hafa stofnanir bæjarins, Félagsþjónustan og lögreglan einnig hjálpað til og þegar þessir aðilar taka höndum saman verður árangurinn mikill,“ segir Geir en mikil vinna er enn eftir.

„Við ætlum okkur að viðhalda þessum árangri. Bærinn hefur verið að niðurgreiða íþróttaiðkun hjá krökkum tólf ára og yngri og þeim sem stunda íþróttir fjölgar ört. Þeir sem stunda íþróttir drekka og reykja síður en aðrir. Það er langtímamarkmið okkar að auka hreyfingu og minnka þyngdaraukningu barna. Það er stórt framtíðarverkefni og eitt af næstu skrefum okkar,“ segir Geir Bjarnason.



Á Gamla bókasafninu eru tónleikar, netkaffi, breiðtjald, hópastarf o.fl. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA



Hljómsveitin Jakobínarína á sviði.

# Styrkja gróskuna í tónlistinni

Fjórar hafnfirskar hljómsveitir hlutu í vetur styrk frá Menningar- og ferðamálanefnd Hafnarfjarðar. Styrkurinn er ætlaður tónlistarmönnum sem standa í stórræðum svo sem við plötuútgáfu eða tónleikahald.

Menningar- og ferðamálanefnd Hafnarfjarðar veitti í vetur hljómsveitunum Jakobínarínu, Sign, Morðingjunum og djasssveitinni Smáaurunum fjárstyrki til menningarstarfsemi. Skilyrði styrksins voru að listamennirnir tilgreindu ástæðu umsóknarinnar og að þeir tengdust Hafnarfjarðarbæ á einhvern hátt.

Heimir Gestur Valdimarsson, gítarleikari Jakobínarínu, segir styrkinn hafa komið hljómsveitinni að góðum notum. „Við fengum þennan styrk vegna þess að við vorum á leiðinni til Bandaríkjanna að spila“. Heimir segir metnað einkenna Hafnarfjarðarhljómsveitirnar enda spili það inn í að lítið framboð sé á æfingahúsnæði í bænum og því verði menn að nýta tækifærið þegar þeir loksins fái það.



Hljómsveitin Morðingjarnir var meðal þeirra sem fengu styrk frá Hafnarfjarðarbæ.

Atli Erlendsson og félagar hans í hljómsveitinni Morðingjunum gefa á næstunni út plötuna Í götunni minni sem 12 tónar sjá um að dreifa.

Atli segir það hafa komið sér mjög vel fyrir unga hljómsveit að fá slíkan styrk þar sem útgáfa plötunar sé í höndum sveitarmeðlima.

Páll Sveinsson úr Smáaurunum, sem hlutu sinn styrk vegna útgáfutónleika sveitarinnar, segist ekki alveg gera sér grein fyrir því hvers vegna gróskan sé svona mikil í Hafnarfjarðarbæ. „Það er náttúrlega gott að búa hérna en kannski er það Álfurinn úti í hrauni, þessi Sigur Rósar komplex sem drífur menn áfram“ segir Páll hlæjandi.

Ekki náðist í neinn meðlima rokkhljómsveitarinnar Sign en þeir eru um þessar mundir á leið til Bretlands í tónleikaferð.

Styrkurinn er veittur einu sinni á ári og er öllum sem uppfylla tiltekin skilyrði frjálst að sækja um.


## Fimmtudagar eru langir dagar…

…í Hafnarborg
Opið kl. 11-21

…á Bókasafninu
Opið kl. 9-21

…á Byggðasafninu
Opið kl. 11-21










FABRIKAN

**Nú er opið lengur á fimmtudögum á Bókasafninu, Byggðasafni Hafnarfjarðar og Hafnarborg.
Fimmtudagar eru því sannkallaðir safnadagar. Við mælum með heimsókn!**

Draumahús Hafnarfirði



530 1820

# Alltaf föst lág söluþóknun

Yfir 330 eignir á **www.draumahus.is**

**Tvær skrifstofur: Strandgötu 41, Hafnarfirði og Mörkinnni 4, Reykjavík**

Draumahús ehf. • Hjalti Pálmason hdl. og Sigurður J. Sigurðsson, löggiltir fasteignasalar
Mörkinni 4 • 108 Reykjavík • sími 530 1800 • fax: 530 1801 • Strandgötu 41 • 220 Hafnarfirði • sími: 530 1820 • fax: 530 1821 • www.draumahus.is • draumahus@draumahus.is




ENNEMM / SÍA

www.alcan.is

# Svona erum við!



Guðni, 53 ára
... starfsmaður Alcan í 25 ár



Kristjana, 55 ára
... hóf störf hjá Alcan fyrir 9 árum

**Hlutverk okkar er að framleiða hágæða ál með hámarksarðsemi í samræmi við óskir viðskiptavina og með þeim hætti að umhverfis-, öryggis- og heilbrigðismál séu höfð í fyrirrúmi.**

**Gildi okkar eru heiðarleiki, ábyrgð, traust og samvinna.**

Lykillinn að árangri er hæft, áhugasamt og jákvætt starfsfólk sem skapar öruggan og eftirsóknarverðan vinnustað. Við leggjum áherslu á markvisst fræðslustarf, endurgjöf á frammistöðu og gott upplýsingaflæði ásamt tækifærum til starfsþróunar.

ALCAN

**– Hugvit, tækniþekking og samfélagsleg ábyrgð í 40 ár**



Við Lækinn er fjölbreytt fuglalíf.



Lækurinn setur sterkan svip á bæinn og bæjarlífið.

FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

# Lækur tifar létt...

Við Lækinn í hjarta Hafnarfjarðar er fallegt um að litast.



Eitt sem einkennir Hafnarfjörðinn er falleg gömul hús. Mörg þeirra standa við Lækinn.



Svæðið er skemmtilegt til útivistar.

Lækurinn er eitt af helstu kennileitum Hafnarfjarðar. Umhverfi Lækjarins er fallegt og á hann fastan sess í hjörtum flestra Hafnfirðinga, en hann er merkilegur fyrir margra hluta sakir. Um aldamótin 1900 virkjaði Jóhannes Reykdal Lækinn og nýtti orkuna til þess að knýja trésmíðavélar í trésmiðju sem reist var við Lækinn. Hann lét ekki staðar numið þar og árið 1904 keypti hann rafal og virkjaði Lækinn betur. Í desember sama ár tók virkjunin til starfa og ljós voru tendruð í fimmtán húsum í bænum. Það má því segja að rafmagsvæðing Íslands hafi byrjað þarna við Lækinn.

Í dag er Lækurinn og umhverfi hans fallegt útivistarsvæði. Mikið fuglalíf er við Lækinn og þar er notalegt að rölta um á góðum dögum og njóta náttúrunnar í hjarta bæjarins.



Tjarnarbraut liggur meðfram Læknum.

FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR




## Gæði glersins skipta öllu máli

Með notkun **Suncool™ HP** gæðaglers frá Glerborg er auðvelt að halda kjörhita innandyra og hitaútstreymið er lítið.

argus - 06-0185

GLERBORG

Dalshrauni 5 | 220 Hafnarfirði | Sími 555 3333 | www.glerborg.is


## Allar upplýsingar á einum stað

ÁNÆGJA MEÐ ÞJÓNUSTUVER HAFNARFJARÐABÆJAR

Síðla árs 2003 var Þjónustuver Hafnarfjarðarbæjar opnað við Strandgötu 6. Mikil ánægja ríkir meðal bæjarbúa með að nú geta þeir sótt nánast alla þjónustu á einn og sama staðinn. Í verinu er einnig upplýsingagjöf fyrir ferðamenn í bænum og sinnir það daglegri upplýsingagjöf til ferðamanna. „Það voru sex afgreiðslur settar undir einn hatt 2003 og opnunartíminn lengdur. Öll almenn afgreiðsla fer fram í gegnum okkur í öllum deildum fyrir utan félagsþjónustuna. Það er stöðugt verið að hringja og svörum við um 45. 000 afgreiðslum á ári svo það er nóg að gera," sagði Anna Bára Gunnarsdóttir hjá þjónustuverinu.

„Við höfum fengið margar furðulegar beiðnir frá almenningi en mjög skemmtilegar. Við höfum gaman af því að takast á við fjölbreytt verkefni og reynum að gera okkar besta til að beina fólki á rétta braut og sjá til þess að það fái góða þjónustu," sagði Anna en það er góður hópur fólks sem þarna starfar.

„Fólk er ánægt með það að geta komið bara á einn stað og ekkert vesen. Við höfum allar grunnupplýsingar fyrir fólk um ýmsa hluti." Í þjónustuverinu er öll almenn afgreiðsla og símsvörun fyrir Hafnarfjarðarbæ.

# Sérstakar golfaðstæður

Vel á annað þúsund kylfingar eruð skráðir í Golfklúbbana Keili og Setberg sem hafa aðsetur í Hafnarfirði. Gróft landslagið í kringum vellina getur þó komið kylfingunum í klandur enda ekki gott að bjarga golfkúlu úr hraunsprungu ef illa fer.

Í Hafnarfirði er góð aðstaða til þess að spila golf. Tvo ágæta golfvelli er að finnan innan bæjarmarka en þeir eru Hvaleyrarvöllur og Setbergsvöllur.

Hvaleyrarvöllur, sem er í umsjá Golfklúbbsins Keilis, er fjórði stærsti golfvöllur landssins með um 1100 félagsmenn. Á vellinum eru bæði níu holu æfingavöllur og átján holu keppnisvöllur. Sérstaða vallarins er fólgin í því að hann stendur að hluta til á gamalli bújörð og er umlukinn Hafnarfjarðarhrauninu. Blaðamaður rakst á golfáhugamanninn Þorsteinn Magnússon, sem gekk nýverið í Keili og öðlaðist því fullan rétt til þess að spila á Hvaleyrarvelli. Þorsteinn segir völlinn strax hafa heillað sig alveg upp úr golfskónum. „Sérstaðan er náttúrlega sú að völlurinn er í hrauninu og því er hann fljótur að refsa manni ef maður slær lélegan bolta. Það er ekki auðvellt að bjarga sér úr slíku röffi“, segir hann og bætir við að utan hraunsins sé útsýnið yfir sjóinn og Bessastaði alveg frábært.

Setbergsvöllur, sem sömuleiðis er bæði átján holu og níu holu völlur liggur á mörkum Hafnarfjarðar og Garðabæjar. Setbergsvöllur er í umsjá Golfklúbbsins Setbergs og hefur hann notið mikilla vinsælda undanfarin ár. Óvíst er um framtíð vallarins þar sem ákveðið hefur verið að hefja skipulagningu á svæðinu þar sem golfvöllurinn liggur. Því liggur ekki ljóst fyrir hvort golfvöllurinn verði áfram á svæðinu. Golfklúbburinn heldur vellinum í sumar en eftir áramót er óvíst hvort landeigendur geti tryggt aðstöðuna áfram.



Hvaleyrarvöllur í Hafnarfirði.





**KYNNTU ÞÉR MÁLIN HJÁ OKKUR**

Þjónustuverið/Upplýsingamiðstöð ferðamanna
Strandgötu 6 · Opið alla virka daga 8-17
+ í júní, júlí og ágúst um helgar frá 10-15

**Sími 585 5500 · info@hafnarfjordur.is · www.hafnarfjordur.is**


## Láttu eftir þér...



...að skrá þig í kennslu í flugukasti hjá Stangaveiðifélagi Hafnarfjarðar. Félagið selur veiðileyfi í Hlíðarvatni og Djúpavatni og heldur úti öflugu félagsstarfi. Þá er einnig boðið upp á námskeið í fluguhnýtingum.



...að heimsækja Fjörukrána og upplifa ósvikna víkingastemningu. Glæsilegur veitingastaður með fjöldann allan af skemmtilegum uppákomum. Húsið er byggt 1841 og er næstelsta hús Hafnarfjarðar. Opið er fyrir matargesti alla daga eftir klukkan 18.



...að kíkja í Hafnarborg, menningar- og listastofnun Hafnarfjarðar. Þar er boðið upp á sýningar af ýmsum toga og fjölbreytta tónleika. Einnig er starfrækt kaffihús á jarðhæð hússins í rólegu umhverfi.

...að skella þér til sunds í gömlu Sundhöllinni í Hafnarfirði sem er við Herjólfsgötu. Þessi sundhöll þótti glæsilegt mannvirki á sínum tíma en ekki er annað hægt að segja en að þetta sé sundlaug með sál.

# VERKFÆRI FYRIR PALLASMÍÐINA

Byggingavöruverslun fyrir framkvæmdafólk og fagaðilia

kr. 4.970.-



***Hleðsluvél í tösku***

kr. 18.950.-



***DeWalt 220 w höggborvél***

Bútasög kr. 13.950.-



***Bútsög á borði með laser***

kr. 450.-



***Klaufhamar rauður***

kr. 590.-



***Superbygg sög***

frá kr. 340.-



***Málbönd ýmsar gerðir***

frá kr. 340.-



***Bitasett ýmsar gerðir***

kr. 3.490.-



***Stingsög með laser***

frá kr. 290.-



***Vinnuvettlingar í miklu úrvali***

skrúfur



***Ryðfríar skrúfur í úrvali***

festingar



***BMF festingarnar***

kr. 1.990.-



***Búkki hækkanlegur***

Úrval þekktra rafmagnsverkfæra frá:

- ***Metabo***
- ***DeWalt***
- ***Silverstorm***
- ***Ryobi***
- ***Power Super***
- ***Bosch***

Opið alla virka daga 8-18 og lau 10-15

Bæjarhrauni 8
Sími: 414 6080
www.superbygg.is

**SÚPERBYGG**
***– meira fyrir minna***

pipar / SIA

# Nýjungar í skólastarfi

**Hraunvallaskóli í Hafnarfirði er að ljúka sínu fyrsta starfsári og í haust verður fyrsti hluti skólahússins tekinn í notkun. Skólinn er sérstakur fyrir þær sakir að hann er fyrsti skólinn á Íslandi sem er hannaður sem einn skóli fyrir nemendur á grunn- og leikskólaaldri.**



Einar Sveinn Árnason og Sigrún Kristinsdóttir, skólastjórar Hraunvallaskóla. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Einar Sveinn Árnason er skólastjóri Hraunvallaskóla og Sigrún Kristinsdóttir er leikskólastjóri. Þau eru spennt fyrir komandi vetri og ánægð að fá að taka þátt í því að skapa nýjan skóla allt frá grunni. Skólastarf í Hraunvallaskóla hófst síðastliðið haust og í vetur hafa verið þar um 100 nemendur við nám í 1. til 4. bekk. Skólinn hefur verið til húsa í sex lausum skólastofum við íþróttamiðstöð Hauka að Ásvöllum og að sögn Einars hefur starfið gengið vel. „Þetta er afskaplega spennandi og það hefur verið gaman að vinna með krökkunum, sem hafa staðið sig vel miðað við þessar sérstöku aðstæður,“ segir Einar. „Það er spennandi verkefni fyrir allt skólafólkið að fá að taka þátt í að skapa nýjan skóla frá grunni. Þetta er vissulega heilmikil vinna en það er góð samstaða um að gera þetta vel og sjá til þess að krökkunum líði sem best. Þetta er nýtt hverfi og hér eru krakkarnir, jafnt og fullorðna fólkið, að læra að fóta sig,“ segir Einar.



Í vetur hefur verið kennt í lausum kennslustofum við íþróttamiðstöð Hauka að Ásvöllum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Í grunnskólanum verða í haust nemendur í 1. til 7. bekk en síðan bætist við einn árgangur árlega uns skólinn hefur náð upp í 10. bekk. Næsti áfangi skólabyggingarinnar verður tekinn í notkun haustið 2007 og vonast er til þess að skólinn verði fullbúinn haustið 2008. Að sögn Einars mun skólinn hafa einstaklingsmiðað nám að leiðarljósi og er skólabyggingin hönnuð með það fyrir augum. „Kennslurýmin hjá okkur eru skipulögð sem stór heildarrými sem síðan má skipta í minni svæði fyrir misstóra nemendahópa. Þetta gefur okkur kost á að vinna frjálslegar með aldurshópana, vinna í stórum eða litlum hópum og þar fram eftir götunum,“ segir Einar.

Hraunvallaskóli er hannaður sem einn skóli fyrir nemendur á leik- og grunnskólaaldri. Það felur í sér að meira samstarf verður á milli skólastiga, en það ætti að koma sér vel fyrir alla nemendur. Sigrún er í óðaönn að skipuleggja leikskólastarfið þar sem leikskólinn tekur til starfa í haust. Þar verða um 100 börn á fjórum deildum og skólinn verður í nánu samstarfi við yngstu hópana í grunnskólanum. „Við ætlum að reyna að brúa þetta bil sem oft vill myndast milli leik- og grunnskólans þannig að það auðveldi krökkunum breytingarnar,“ segir Sigrún og bætir því við að í samstarfinu felist einnig ákveðinn hagnaður þar sem bókasafn, íþróttahús og ýmis önnur aðstaða verði samnýtt. „Þar sem einstaklingsmiðað nám er í fyrirrúmi hjá okkur sjáum við líka fram á að geta samnýtt stoðkerfið milli skólastiganna, til dæmis hvað varðar sérkennslu. Það er gott fyrir þau börn sem þurfa sérstakan stuðning að geta haldið áfram í sama skólanum þegar þau byrja í 1. bekk,“ segir Sigrún og bætir því við að leikskólakennarar sem hafi umsjón með elstu börnum leikskólans og grunnskólakennararnir sem taki við börnunum í fyrsta bekk muni vinna saman.






# Sumarið er salat

KFC Zinger salat



pipar / SIA

KFC

Reykjavík • Hafnarfirði • Selfossi
Kópavogi • Mosfellsbæ • Reykjanesbæ

**Opið alla daga frá kl: 11.00 - 22.00**




# Skírnargjöf SPH

## 10.000 krónur fyrir barnið þitt!

**SPH hefur allt frá árinu 1931 gefið öllum börnum, sem búsett eru í Hafnarfirði, Garðabæ og Álftanesi, skírnargjöf – bundna sparisjóðsbók með inneign sem nemur nú 10.000 kr.**

**Þannig viljum við eiga þátt í að leggja grunn að fyrsta sparnaði barnsins.**

**Auk þess fær barnið þitt reglulega óvæntan glaðning frá SPH ef þú nýtir þér gjöf okkar.**

ARGUS 06-0177

sph

*– fyrir þig og börnin!*

550 2000 | www.sph.is

**Gott reiðhjól** er ekki bara skemmtilegur og traustur fararskjóti, heldur færanleg heilsuræktarstöð af bestu gerð. Hjólaðu í sund, ræktina og vinnuna. Þú kannt það ennþá því að hjóla er eins og... að hjóla. Maður gleymir því aldrei.



# Auka mannréttindi aldraðra og virðingu fyrir þeim

***Þjóðfundur um þjóðarátak í málefnum aldraðra verður haldinn í Háskólabíói 16. maí að tilhlutan nýstofnaðs Aðstandendafélags aldraðra.***



Mikilvægasti þátturinn í lífi hvers og eins er að hann geti búið á eigin heimili sem lengst á eigin forsendum.

Þjóðfundurinn er haldinn til að efla vitund almennings um það sem brennur á eldri kynslóðinni eins og lífskjörin og sjálfræðið. Það er hið nýstofnaða Aðstandendafélag aldraðra sem að honum stendur en það hefur á stefnuskránni að auka mannréttindi aldraðra og virðingu fyrir þeim. Á sömu nótum er það starf sem Heilsugæslan í Reykjavík sinnir með Evu Kristínu Hreinsdóttur hjúkrunarfræðing í Hlíðunum sem sinn helsta ráðgjafa. „Mikilvægasti þátturinn í lífi hvers og eins er að hann geti búið á eigin heimili sem lengst á forsendum og stjórnað athöfnum sínum sjálfur frá hinu stærsta til hins smæsta,“ segir hún. Tilgangur heilsuverndar eldri borgara á heilsugæslustöðvunum er að auðvelda aðgengi þeirra að heilbrigðisþjónustu og styðja þá í að viðhalda andlegu, líkamlegu og félagslegu heilbrigði.“

Eva segir heilsuverndina vera lið í stuðningsneti við aldraða sem vilji búa heima sem lengst. „Við erum nýtt afl inn í þessa þjónustu. Sú stefna hefur verið við lýði á Íslandi að eldri borgarar hafa viljað fara fyrr inn á þjónustustofnanir fyrr en gerist annars staðar á Norðurlöndunum. Það er vegna ákveðins öryggisleysis en við viljum veita eldir borgurum það öryggi sem þarf til að þeir geti verið heima.“ Á Heilsugæslunni í Hlíðunum býður Eva upp á heilsufarsviðtöl fólki að kostnaðarlausu og er með opna móttöku í tveimur félagsmiðstöðvum í hverfinu. Hún segir svipaða þjónustu vera að komast á hjá öðrum stöðvum borgarinnar.



Þingvallavatnshringurinn er rúmlega sjötíu kílómetrar.

## Sprett úr spori

Allnokkrir Íslendingar verða á hlaupaskónum í sumar og taka þátt í langhlaupum erlendis. Sex þeirra tóku góða æfingu nýlega er þeir hlupu hið árlega Þingvallavatnshlaup, sem er rúmlega sjötíu kílómetra langt. Meðal þeirra sem þátt tóku var Elín Reed og er hún fyrsta konan sem þreytir það hlaup. Hún hyggst taka þátt í Lapland-Ultra sem fram fer í Svíþjóð 30. júní og með henni í því hlaupi verða Pétur Frantzson, Ellert Sigurðsson og Gunnar Richter. Það er 100 kílómetra langt og Elín verður fyrsta íslenska konan til að hlaupa slíkt ofurmaraþon. Enn fyrr á döfinni er tíunda 100 kílómetra hlaupið sem fram fer í Óðinsvéum í Danmörku 27. maí. Þar hyggja þeir Halldór Guðmundsson og Gunnlaugur Júlíusson á þátttöku.




www.svefn.is
IQ-CARE
HEILSUKODDAR
Svefn & heilsa

NÝ LÍNA Í SJÁVARRÉTTUM – GÓMSÆT OG HOLL
HOLLUSTA 1 ÚR HAFINU
HOLLUSTA ÚR HAFINU
hollustaurhafinu@simnet.is
www.simnet.is/hollustaurhafinu

Precision Burner
Hámarks fitubrennsla... í flösku!
Fáanlegur í öllum betri heilsuræktarstöðvum, matvöruverslunum og bensínstöðvum.
Nánari upplýsingar um Precision Burner fást í síma 555-2866 eða á www.eas.is.

Flott í sumar
Ný tæki - Léttari greiðslur
LÉTTARI GREIÐSLUR
SLENDERTONE FLEX 4.995.- kr. á mán í 3 mán .- Verð kr. 14.985.-
SLENDERTONE MAX 6.665.- kr. á mán í 3 mán. - Verð kr. 19.995.-
allt fyrir kroppinn
HREYSTI
Skeifunni 19 - S. 568 1717

Hollusta í hverjum bita!



GULLFISKUR
BITAFISKUR
NÁTTÚRULEG ORKA 80% PRÓTÍN
OMEGA 3
SÖLUSTAÐIR:
Bónus • Hagkaup • World Class • Hreyfing • Hress

Dansnámskeið í Sumar!



Einstakt tækifæri!
Ballett, Modern og Jazzballett!
Við bjóðum uppá tveggja vikna dansnámskeið í sumar, í ballett, nútímadansi og jazzdansi. Hægt er að velja um 2 tímabil, annars vegar 12.-23.júní og hins vegar 26.júní- 7.júlí.
3 aldursflokkar:
10-12 ára: kl. 11-14 fjóra daga vikunnar
13-15 ára: kl.16-19 fimm daga vikunnar
16 ára og eldri: kl. 18-21 fimm daga vikunnar
Einnig bjóðum við uppá djass-námskeið tvisvar í viku í tvær vikur.
Kennarar eru Unnur Elísabet Gunnarsdóttir og Riina Turunen sem báðar eru útskrifaðar frá Konunglega Sænska Ballettskólanum.
Námskeiðin eru haldin í Ballettskóla Guðbjargar Björgvins.
Í lok hvers námskeiðs verður lítil sýning.
Skráning í síma 691-6380 og 695-0399 og 561-1459 og í unnsadans@hotmail.com

KENNARA-NÁMSKEIÐ FYRIR ÞIG?
ROPE YOGA WORKOUT
www.ropeyoga.is

## Ýmislegt



Rafhitaðir kanadískir heitir pottar frá Beachcomber. Vorum að taka upp ‘06 árgerð. Fimm ára ábyrgð. Frí heimsending hvert á land sem er. Sendum bæklinga samdægurs. Opið alla daga frá 9 til 21.00. Allar nánari uppl. í s. 897 2902 eða mvehf@hive.is




Stigar hringstigar og handrið á lager. Til í 38mm þykkt beiki, gler og einnig stál. Mjög hagstætt verð. Einnig ryðfrítt fitting fáanleg á sama stað. Atlantskaup ehf. Uppl. í s. 533 3700.

# TÓMSTUNDIR & FERÐIR

## Gisting

**Gisting á Spáni**
Íbúð til leigu í Costa Brava og Menorca í sumar. Og í Barcelona í haust. Uppl.í s. 899 5863 www.helenjonsson.ws

## Fyrir veiðimenn




# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

Leigjendur, takið eftir! Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

840fm iðnaðarhúsnæði til leigu í Garðarbæ, hentar vel fyrir kvikmyndatökur. Uppl. í s. 897 2000.

Skipti. Við erum 4ra manna reglusöm fjölskylda. Erum með æðislega íbúð í Suðurhluta Kína í hinni fallegu borg Xiamen, íbúðin er alveg miðsvæðis og glæný. Við viljum skifta um íbúð við reglusamt fólk frá 1. ágúst til miðjan september 2006. Við viljum fá íbúð mjög miðsvæðis í Rvík, helst 101. Áhugasamir sendi póst sem fyrst á elinkrulla@hotmail.com Elín og Rúnar

Stúdíóíbúð. Nýstandsett stúdíóíbúð til leigu í Hafnarfirði. Öll húsgöng fylgja. Uppl. í s. 693 0253.

RE/MAX Mjódd: Erum með eignir sem eru lausar strax! Hafðu samband: Ásdís s. 863 0402 & Hafdís s. 895 6107.

## Húsnæði óskast

Óskum eftir 2-3 herb. íbúð, helst í Grafarvogi. Reglsemi heitið og góð meðmæli. S. 894 4004 & 551 3304.

Kona á sextugsaldri, óskar eftir 2ja herb. íb. til leigu sem fyrst, reglusemi og skilvísum greiðslum heitið. Uppl. í s. 695 2161 & 557 3771.

Ungt par óskar, eftir 2 herb. íbúð í Rvk. frá 1. júní. Greiðslugeta 60-70 þús. á mán. Skilvísum greiðslum og reglusemi heitið. Áhugasamir hafi samb. í s. 868 3925.

**3ja herbergja íbúð óskast.**
Óskum eftir 3ja herbergja íbúð, frá og með 1. júní, n.k. Reglusemi og skilvísum greiðslum heitið. Meðmæli ef óskað er. Nánari upplýsingar í síma 696 8999 Kristinn.

Þýsk enskumælandi stelpa óskar eftir að taka herbergi á leigu strax, miðsvæðis í Rvk. Langtímaleiga, öruggar greiðslur. S. 695 8508.

Fjölskylda óskar eftir 4ra herb. íbúð í Kópavogi. Langtímaleiga. S. 693 9011 & 421 3748.

Óska eftir einstaklings eða stúdíóíbúð á góðu verði. Reyklaus. S. 893 8551.

Bindindissamur trésmiður óskar eftir stúdíó eða 2ja herb. íbúð sem fyrst á sanngjörnu verði. Uppl. í s. 844 7139.

## Atvinnuhúsnæði

**Atvinnueign.is**
Þarftu að leigja eða taka á leigu atvinnuhúsnæði? Skráðu þig þá á leigulista Atvinnueignar þér að kostnaðar lausu. www.atvinnueign.is S. 568 6600.

Til leigu 562 fm við Smiðjuveg. Lofth 3,3 m, innk.hurð og góðir gluggar, næg bílast. Hægt að sk.í minni ein.Uppl. í síma 8930420 eða 5871590, Guðmundur.

Óska eftir 40-60 fm húsnæði til bílaviðgerða á stór Rvík svæðinu. Uppl. í s. 821 6625.

## Geymsluhúsnæði




Búslóðageymsla Olivers geymir búslóðir á brettum. Starfað í 18 ár. S. 567 4046 & 892 2074. Sækjum og sendum búslóðirnar.

## Bílskúr

Bílskúr til leigu að Hjarðarhaga 44-50 vesturbæ. Hiti og rafmagn. S. 696 9520.




# ATVINNA

## Atvinna í boði

**Mothers and Others!**
Help needed! Part time $500 - $2000 Full time $2000 - $8000 Full training www.123ibo.com
**www.123ibo.com**

**Keiluhöllin Öskjuhlíð**
óskar eftir starfsfólki Í afgreiðslu á kvöld og helgarvaktir á aldrinum 18-40 ára.
**Upplýsingar í síma 864 6112 eða á keiluhollin.is.**

PÍTAN

**Frábær vinnustaður, skemmtilegt fólk og rótgróinn rekstur.**
Langar þig að vinna á Pítunni? Erum með laus störf í vaktavinnu og kvöld- og helgarvinnu bæði í sal og í eldhúsi.
**Umsóknareyðiblöð á Pítunni og á pitan.is. Umsækjendur þurfa að geta byrjað í maí.**

MAX1 BÍLAVAKTIN

**Atvinna**
Laghenta einstaklinga vantar til starfa á hraðþjónustu Max1 í Reykjavík.
**Áhugasamir leiti upplýsinga í síma 515 7093 milli kl. 16-17 virka daga. Góður vinnustaður fyrir gott fólk.**

**Starfsfólk óskast.**
Okkur vantar gott starfsfólk í vinnu. Þetta er vaktavinna á skyndibitastað í Reykjavík. Ef þú vilt slást í hóp úrvals starfsfólks á góðum vinnustað erum við með starf fyrir þig.
**Hringdu eftir klukkan 14 í dag. 892 9846 Kolla. Hlöllabátar Bíldhöfða 5.**

**Við bjóðum þér gott starfsumhverfi!**
Starfskraft með meirapróf vantar í standsetningu Ingvars Helgasonar ehf. Um er að ræða starf aðstoðarmanns rekstrarstjóra standsetningar. Starfið er fjölbreytt og krefjandi og viðkomandi þarf að hafa gott viðmót og framkomu. Verður að geta hafið störf fljótlega.
**Nánari upplýsingar veitir Ragnheiður í síma 822 8067. Umsóknir skulu sendar á tölvupóstfangið ragnheidur@ih.is**

**Matsvein og háseta**
vantar á línubát sem rær með beitningavél.
**Upplýsingar í síma 852 2389 & 892 1757.**

**Bortækni.**
Óskar eftir mönnum í sögun, borun og brot. Góð laun í boði fyrir réttan aðila.
**Upplýsingar í síma 892 7544.**

**Kexverksmiðjan Frón óskar eftir starfsmönnum í eftirtalin störf**
Starfsmenn óskast í pökkun, þrif og á lager. Áhugasamir geta mætt á Skúlagötu 28. Milli 9-12 virka daga. Gengið inn bakdyramegin.
**Kexverksmiðjan Frón. s. 856 2799.**

Nesbyggð

**Reykjanesbær - Múrarar**
Múrarar eða menn vanir múrverki óskast Mikil vinna framunda, framtíðarstarf. Húsnæði fyrir hendi. Upplýsingar í síma 840 6100 Nesbyggð ehf.

**Langar þig að vinna á Undralandi?**
Með vorinu losnar fullt starf hjá okkur. Reynsla æskileg.
**Nánari uppl. í s. 554 0880. Undraland er einkarekinn leikskóli í Kópavogi, stofnaður 1987, 33 börn eru í skólanum og 7 starfsmenn.**

**Bílstjórar. Veitingahúsið Nings Suðurlandsbraut og Stórhöfða**
Óskum eftir að ráða bílstjóra í kvöld og helgarvinnu. Hægt er að leggja inn umsóknir á nings.is
**Upplýsingar í síma 822 8833.**

Getum bætt við vönum starfsmönnum á hjólbarðaverkstæði og smurstöðvar á Akureyri og á Egilsstöðum. Dekkjahöllin, s.4623002 & 4712002

Rizzo Pizzeria. Óskum eftir duglegu og hressu starfsfólki í kvöld og helgarvinnu. Uppl. gefur Kristinn í s. 840 6670.

Sumarafleysingar! Óskum eftir starfsfólki til sumarafleysinga. Dagvinna, kvöldvinna og helgarvinna. Tilvalið fyrir þá sem vilja halda áfram í haust, og vinna með skóla, eða annari vinnu. Komið og sækið um eða sendið e-mail á krames@mmedia.is. Krambúðin Skólavörðustíg 42.

*Bættur hagur! *Betri tímar! *Er það ekki fyrir þig? www.myusdollars.com

### Dekkjaverkstæði
Óskum eftir verkstjóra og vönu fólki til starfa hjá hjólbarðaverkstæði Bílkó. Framtíðarstarf. Uppl. í s. 660 0560, Guðni.

Íþróttahús FRAM óskar eftir starfsfólki í fullt starf og hlutastörf. Um er að ræða störf við húsvörslu og þrif. Vinnutími frá kl. 15.00 og um helgar. Upplýsingar í síma 533 5600 milli kl. 08:00-14:00 virka daga.

### Gallerý Kjöt
Óskum eftir starfskröftum í verslun okkar. Sumar/hluta og framtíðarstörf í boði. Uppl. í s. 553 1600 & 896 6467.

Vanan háseta vantar strax á Eldhamar frá Grindavík. Uppl. í s. 894 2013 & 426 8286.

### Bílstjórar
Kornið Bakarí óskar eftir bílstjóra. Vinna hefst 6 á morgnana. Uppl. í síma 864 1585.

### Helgarvinna í boði:
Ölgerðin Egill Skallagrímsson ehf. óskar eftir að ráða starfsmenn í áfyllingar um helgar. Leitað er að skilvirkum og ábyrgðarsömum einstaklingum. Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem allra fyrst. Áhugasamir sendi fyrirspurn á netfangið keli@egils.is fyrir 12. maí eða hringi í síma 821 9092.

Veitingahúsið Hornið vill ráða snyrtilegan og reglusaman þjón, reynsla æskileg. Vaktavinna. Uppl. í síma 898 6481.

Óska eftir mönnum í húsaviðgerðir. Mikil vinna og góð laun í boði. Uppl. í s. 893 1858.

Óska eftir bílstjóra í vinnu, yngri en 24 ára kemur ekki til greina. Sakarvottorð skilyrði. S. 697 4000.

### Bráðvantar Starfsmann
Handlaginn mann vantar til starfa við húsaviðgerðir o.fl. Góð laun fyrir réttan aðila. S. 616 1569.

### Réttingamaður
eða maður vanur bílaréttingum óskast sem fyrst. Einnig bifvélavirkja eða mann vanan bílaviðgerðum. Uppl. í s. 561 1190 & 899 2190.

### Bílpróf
Stundvís reglusamur starfskraftur óskast í matvöruverslun í Austurbænum til ýmissa starfa. Uppl. í s. 553 8844. Kjöthöllin Háaleitisbraut 58-60.

Heimir og Þorgeir ehf. óska eftir að ráða vana vélamenn til starfa nú þegar. Næg verkefni framundann. Uppl. gefur Heimir í síma 696 9933.

Kaffibrennslan óskar eftir aðstoðarmönnum í eldhús sem fyrst. Áhugasamir vinsamlegast hafið samband við Mike í síma 692 5967 eða á brennslan@brennslan.is

### Leikfangaverslun
Starfsmann vantar í leikfangaverslun. Fullt starf. Uppl. í s. 865 8289 á milli kl. 9 og 16.

Takið eftir! Unglingar og annað fólk! Vantar aðstoð í öll almenn sveitastörf. Uppl. í s. 452 7104

Unglingur óskast í sveit. Uppl. um aldur, nafn og síma sendist til FBL, Skaftahlíð 24 eða á smaar@frettabladid.is. merkt "sveit".

### Skalli Hraunbæ
Óska eftir að ráða röska starfskrafta í kvöld, helgar og dagvinnu. Uppl. í s. 567 2880 á virkum dögum .

## Atvinna óskast

Járnamenn geta bætt við sig verkum. Uppl. í s. 663 4626 & 865 4788.

Ung kona getur tekið að sér heimilisþrif. Er dugleg og vandvirk. S. 866 4237.

Starfsfólk frá Lettlandi: byggingarmenn, bílstjórar o.fl. S. 845 7158.

## TILKYNNINGAR

## Tapað - Fundið

Canon IXUS 700 tapaðist. Var í svartri Canonleðurtösku. Þeir sem kunna að hafa séð vélina eða hafa hana undir höndum vinsamlegast hafið samband í s. 616 7490.

## Ýmislegt

Skotveiðifélag Kópavogs kynnir landsins stærstu byssusýningu sem haldin verður núna um helgina í sal félagsins Digranesi.

## Einkamál







Símaspjall 908-2020. Komdu og talaðu við mig í síma. Opið allan sólarhringinn. Enginn bið.

Símaspjall 908-6666. Ég heiti Rósa og er til í símapjall. Opið allan sólarhringinn. Enginn bið nema að ég sé að tala.

Spjall fyrir samkynhn. KK, aðeins kr. 4,90 mín m/korti, s. 535 9988.

Allar helstu bílapartasölur landsins eru á www.partasolur.is

Kona, 44ra, ljósh., grannv., vill kynnast karlm. m/nána skemmtun í huga. RTS, s. 905 2000 (símat.) og 535 9920 (kort), nr. 8179.

Kona, 29, ljósh., grannv., vill kynnast karlm. m/tilbr. í huga. RTS, s. 905 2000 (símat.) og 535 9920 (kort), nr. 8143.

Karlm., 55, 180 cm, vill kynnast konu m/vinsk. Varanl. kynni í huga. RTS, s. 555 4321 (gjaldfrj. f. konur), nr. 8930.

## TIL SÖLU

# Til sölu

Af sérstökum ástæðum er til sölu lítið innflutningsfyrirtæki aðallega með vín og ýmsar vörur frá Kína
– Góð sambönd og góðir möguleikar.
Fyrirspurnir sendist á **box@frett.is** merkt „heildsala – 15".

## Heildsala – Smásala

Til sölu með eigin innflutning og góða álagningu, ásamt fínum samböndum. Góð uppgrip framundan. Verð ca. 12 m. Svar merkt: „Tækifæri" sendist á netfang: *galle@isl.is.*

## TILKYNNINGAR

## Stofnfundur – Litla-Borg ehf

Stofnfundur Landeigendafélags Litlu-Borgar ehf í Húnaþingi vestra, verður haldinn á Grand Hótel (Gallery) þriðjudaginn 23. maí kl. 20:00. Fundargögn verða send eigendum. Stjórnin.

*Asociatia Culturala „Romania – Islanda"*

Va invita Sambata, 13 Mai 2006, ora 20[00] la Alþjóðahúsinu, Hverfisgötu 18, intr-un cadru organizat la intalnirea romanilor din Islanda. Informatii suplimentare la telefon: 8689330-Jóhannes.

*Menningarfélagið „Rúmenia – Ísland"*

býður þér á samkomu fyrir Rúmena á Íslandi sem haldin verður þann 13. maí 2006, kl. 20[00] í Alþjóðahúsinu, Hverfisgötu 18.
Nánari upplýsingar í síma: 8689330-Jóhannes.

## Félagsfundur

**Félagsmenn í Hestamannafélaginu Gusti**

Boðað er til félagsfundar fimmtudaginn 11. maí kl. 20.00 í veislusal félagsins

*Fundarefni:*
Samningar og viljayfirlýsingar við Kópavogsbæ.

Stjórn Hestamannafélagsins Gusts.

## ATVINNA

# Vantar þig aukapeninga?

Brátt mun Fréttablaðið hefja mikla sókn í gerð skoðanakannana vegna komandi sveitarstjórnarkosninga 27. maí og því vantar okkur hóp málglaðra einstaklinga í úthringingar. Góð leið til að afla sér aukatekna fyrir sumarfríið. Bónusar verða greiddir fyrir framúrskarandi störf.

Áhugasamir um frekari upplýsingar sendi tölvupóst á kannanir@frettabladid.is.

365

## FASTEIGNIR

## KÖTLUFELL 2JA HERBERGJA

Heimilisf.: Kötlufell 1
Stærð eignar: 63,7 fm
Fjöldi herb.: 2
Byggingarár: 1974
Brunab.mat: 8,2 millj.
Bílskúr: Nei



Mjög góð 63,7 fm. íbúð á 3. hæð. Stofa og eldhús eru samliggjandi með nýlegu plastparketi á gólfum. Eldhús er með hvítri innréttingu og góðum borðkrók. Rúmgott svefnherbergi, plastparket á gólfi. Baðherbergi með góðri innréttingu. Húsið er klætt að utan og er því viðhaldslítið. Yfirbyggðar svalir.
Verð 12,7 millj.

Þorkell Ragnarsson
520-9557 898-4596
thorkell@remax.is





Frum

RE/MAX Mjódd
Jónas Örn Jónasson hdl. og lögg. fasteignasali



## Vitastígur 8a 2. og 3. hæð
## Opið hús í dag milli kl. 17 og 19



Frum

Tvær sjarmerandi og fallegar íbúðir 99 fm og 6 fm geymsla 4ra herbergja á annarri og þriðju hæð. Seljast saman eða í sitt hvoru lagi. Verð: 22,6 millj. á þriðju hæð og 21 millj. á annari hæð. Frábærar eignir í miðbæ Reykjavíkur.

HÓLL

Hóll fasteignasala | Franz Jezorski lögg.fasteignasali | Skúlagata 17 | 101 Reykjavík

HRAUNHAMAR FASTEIGNASALA
Bæjarhrauni 10 - Hafnarfirði - Sími 520 7500 - www.hraunhamar.is

## AUSTURBERG - 4RA RVÍK



Frum

Sérlega góð íbúð á þessum vinsæla stað. íbúðin er 88,7 auk geymslu og bílskúrs sem er 17,9 fm. Íbúðin er á 4 hæð. Skipting eignar: 3 svefnherb., forstofa, stofa, borðstofa, eldhús, þvottahús, baðh. svalir, geymsla og bílskúr. **V. 18,9 millj.**

Magnús Emilsson, löggiltur fasteignasali

**Fasteignasala Mosfellsbæjar**
Sími: 586 8080
Fax: 586 8081
www.fastmos.is
Einar Páll Kjærnested
Löggiltur fasteignasali

## Arnarhöfði - endaraðhús



Frum

**NÝTT Á SKRÁ**
189,7 m2 endaraðhús á 2 hæðum með innb. bílskúr við Arnarhöfða í Mosfellsbæ. Á jarðhæð er stór stofa, eldhús með fallegri viðarinnréttingu, borðstofa, svefnherbergi, forstofa og gestasalerni. Á 2. hæðinni eru tvö stór svefnherb. og möguleiki á 2 öðrum svefnherb., þvottahús og baðherbergi. Stór suðvesturgarður og svalir í suðvestur með miklu útsýni. Raðhúsið er á flottum stað í Höfðahverfinu, stutt er á golfvöllinn og leikskóli, grunnskóli og sundlaug (í byggingu) eru í göngufjarlægð. **Verð kr. 41,9 m.**

Iðnaðarhúsnæði
# SMIÐJUVEGUR 38 TIL LEIGU!

310 fm með stórum innkeyrsludyrum rúmlega 5 metra háar, góð lofthæð, skrifstofa og kaffistofa á millilofti.




AL HÚS
Leigumiðlun og Spánn
Arnar Loftsson,
Lögg. leigumiðlari
s. 694 9212
www.alhus.net

# Kópavogur

## Auglýsing um afgreiðslu bæjarstjórnar, bæjarráðs og skipulagsnefndar Kópavogs á auglýstum tillögum að deiliskipulagi.

Í samræmi við 1. mgr. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, með síðari breytingum, er hér með auglýst afgreiðsla bæjarstjórnar, bæjarráðs og skipulagsnefndar Kópavogs á eftirfarandi deiliskipulagstillögum:

**Dimmuhvarf 9, 9a, 11, 11a 13, 13a og 15. Breytt deiliskipulag.**
Bæjarráð Kópavogs samþykkti þann 8. desember 2005 tillögu að breyttu deiliskipulagi að lóðunum nr. 9, 11, 13 og 15 við Dimmuhvarf. Í breytingunni felst að lóðunum er skipt upp þannig að lóðum fjölgar um þrjár. Tillagan var auglýst lögum samkvæmt frá 24. október til 21. nóvember 2005 með athugasemdafresti til 5. desember 2005. Engar athugasemdir eða ábendingar bárust. Skipulagsstofnun hefur yfirfarið málsgögnin og gerði ekki athugasemd við að birt yrði auglýsing um samþykkt deiliskipulagsins sbr. ofangreind lög. Auglýsing um gildistöku deiliskipulagsins birtist í B-deild Stjórnartíðinda 11. maí 2006.

**Skjólbraut 9 og 11. Deiliskipulag.**
Bæjarstjórn Kópavogs samþykkti þann 28. mars 2006 tillögu að deiliskipulagi lóðana nr. 9 og 11 við Skjólbraut. Í breytingunni felst heimild til að fjarlægja einbýlishús byggt 1944 á lóðinni nr. 9 við Skjólbraut og byggja í stað þess tveggja hæða parhús. Hámarks nýtingarhlutfall lóðar er 0,5 og þakhæð 31,5. Á lóðinni nr. 11 er í tillögunni gert ráð fyrir endurbyggingu núverandi einbýlishúss auk þess sem að byggt er við það. Hámarks nýtingarhlutfall lóðar er 0,5 og þakhæð 32,5. Tillagan var auglýst frá 19. desember 2005 til 26. janúar 2006 með athugasemdafresti til 6. febrúar 2006. Athugasemdir og ábendingar bárust. Tillagn var lögð fram að nýju í skipulagsnefnd 21. mars 2006 ásamt ofangreindum athugasemdum og ábendingum og umsögn bæjarskipulags um þær. Er umsögnin dags. 13. febrúar 2006. Tillagan var samþykkt óbreytt og vísað til bæjarráðs og bæjarstjórnar til afgreiðslu. Tillagan var samþykkt í bæjarstjórn 28. mars 2006 eins og að ofan greinir. Skipulagsstofnun hefur yfirfarið málsgögnin og gerði ekki athugasemd við að birt yrði auglýsing um samþykkt deiliskipulagsins sbr. ofangreind lög. Auglýsing um gildistöku deiliskipulagsins birtist í B-deild Stjórnartíðinda 11. maí 2006.

**Álfabrekka 17 og 19. Deiliskipulag.**
Bæjarstjórn Kópavogs samþykkti þann 14. mars 2006 tillögu að deiliskipulagi lóðana nr.17 og 19 við Álfabrekku. Í auglýstri tillögu fólst að byggð verða tveggja hæða íbúðarhús með tveimur íbúðum á sitt hvorri lóðinni. Grunnflötur er áætlaður um 200 m2, nýtingarhlutfall tæplega 0,5 og hámarkshæða fyrirhugaðra bygginga er milli 7,5-8,0 metrar miðað við aðkomuhæð. Í tillögunni felst jafnframt að sumarhús, um 70 m2 að grunnfleti byggt 1939 úr timbri, verður rifið. Tillagan var auglýst frá 29. desember til 26. janúar 2006 með athugasemdafresti til 13. febrúar 2006. Athugasemdir og ábendingar bárust. Tillagan var lögð fram að nýju í skipulagsnefnd 7. mars 2006 ásamt þeim athugasemdum og ábendingum er borist höfðu. Jafnframt voru lagðar fram umsagnir bæjarskipulags um þær. Er umsögnin dags. 22. febrúar 2006. Með tilvísan í framlagða umsögn samþykkti skipulagsnefnd tillöguna með eftirfarandi breytingum:
• Texti í inngangi greinargerðar breytist. Í stað: **„Ekki er í gildi deiliskipulag fyrir svæðið en lóðirnar eru samnýttar fyrir sumarhús sem staðsett er á lóð nr. 17“** komi: **„Ekki er í gildi deiliskipulag fyrir svæðið“.**
• Þá hefur eftirfarandi texta í greinargerðinni verið breytt. Í stað: ìLeyfilegt verður að reisa íbúðarhús á tveimur hæðum með tveimur bílskúrum og einn til tvo bílskúra innan byggingarreitsî komi: ìLeyfilegt verður að reisa íbúðarhús á tveimur hæðum með einni eða tveimur íbúðum og einn til tvo bílskúra innan byggingarreitsî.

Með tilvísan í ofangreinda afgreiðslu skipulagsnefndar samþykkti bæjarstjórn þann 14. mars 2006 framlagða tillögu að deiliskipulagi Álfabrekku 17 og 19 eins og að ofan greinir. Skipulagsstofnun hefur yfirfarið málsgögnin og gerði ekki athugasemd við að birt yrði auglýsing um samþykkt deiliskipulagsins sbr. ofangreind lög. Auglýsing um gildistöku deiliskipulagsins birtist í B-deild Stjórnartíðinda 11. maí 2006.

**Fossahvarf 1-7 og 2-6 Breytt deiliskipulag.**
Bæjarstjórn Kópavogs samþykkti þann 28. mars 2006 tillögu að breytt deiliskipulagi lóðana nr.1-7 og 2-6 við Fossahvarf. Í breytingunni felst að norðan Fossahvarfs er gert ráð fyrir tveimur tveggja hæða raðhúsum með samtals 8 íbúðum og hins vegar tvíbýlishúsum með samtals 12 íbúðum sunnan götunnar. Í tillögunni er því gert ráð fyrir 20 íbúðum í sérbýli í stað 17 íbúða í tveggja hæða einbýlishúsi, tvíbýlishúsum og tveimur tveggja hæða fjórbýlishúsum eins og fram kemur í gildandi deiliskipulagi. Lóðamörk, byggingarreitir og fyrirkomulag bílastæða breytist. Tillagan var auglýst frá 19. september til 17. október 2005 með athugasemdafresti til 31. október 2005. Athugasemdir og ábendingar bárust. Fyrir Fossahvarf var í gildi deiliskipulag Vatnsenda- norðursvæði, frá 12. september 2005. Í því deiliskipulagi var gert ráð fyrir tveggja hæða og fjögurra íbúða fjölbýlishúsum við Fossahvarf 2 og 6 og tvíbýlishúsum á tveimur hæðum (sérhæðir) með bílskúrum við nr. 1, 3, 5 og 7 við Fossahvarf. Á lóðinni nr. 4 við Fossahvarf stendur einbýlishús og hesthús. Samkvæmt skipulaginu var endurbyggingarréttur á lóðinni sem miðast við einbýlishús á einni eða tveimur hæðum með innbyggðri eða stakstæðri bílgeymslu. Á ofangreindum lóðum var því miðað við samtals 17 íbúðir samkvæmt gildandi deiliskipulagi. Í auglýstri tillögu að breyttu deiliskipulagi lóðanna er gert ráð fyrir að einbýlishúsið og hesthúsið verði rifið og byggðar verði 20 íbúðir í tveggja hæða raðhúsum. Lóðamörk og fyrirkomulag bílastæða verði jafnframt breytt. Með tilvísan í athugasemdir og ábendingar er bárust bæjarskipulagi á kynningartíma er ofangreind tillaga var kynnt, voru eftirfarandi breytingartillögur á auglýstri tillögu lagðar fram í skipulagsnefnd 7. febrúar 2006:
• Heimil byggingarhæð húsa við Fossahvarf verði 6,0 m í stað 7,5 m.
• Norðurmörk byggingarreita lóðanna í húsaröðinni norðan Fossahvarf (lóðir 2, 4 og 6) verði óbreytt frá gildandi deiliskipulagi.
• Hæðarsetning Fossahvarfs verði endurskoðuð, þannig að endi götunnar lækki um 0,5 – 1,0 m. Hæðarkótar húsa við Fossahvarf verði endurskoðaðir til samræmis við það.

Skipulagsnefnd frestaði afgreiðslu tillögunnar og óskaði eftir því að ofangreindar breytingar yrðu kynntar þeim er sent höfðu inn athugasemdir og ábendingar við upphaflegu tillöguna. Fór sú kynning fram á bæjarskipulagi 15. mars 2006. Tillagan var lögð fram að nýju í skipulagsnefnd 21. mars 2006 og samþykkt með ofangreindum breytingum. Með tilvísan í afgreiðslu skipulagsnefndar frá 21. mars 2006 samþykkti bæjarstjórn tillöguna með áorðnum breytingum þann 28. mars 2006 eins og að ofan greinir. Skipulagsstofnun hefur yfirfarið málsgögnin og gerði ekki athugasemd við að birt yrði auglýsing um samþykkt deiliskipulagsins sbr. ofangreind lög. Auglýsing um gildistöku deiliskipulagsins birtist í B-deild Stjórnartíðinda 11. maí 2006.

**Vesturvör 13. Deiliskipulag.**
Bæjarstjórn Kópavogs samþykkti þann 19. júlí 2005 tillögu að deiliskipulagi lóðarinnar nr. 13 við Vesturvör. Í breytingunni felst heimild til að reisa tveggja hæða raðhús með 6 íbúðum með innbygðum bílskúrum. Nýtingarhlutfall verður 0.79. Tillagan var auglýst frá 26. nóvember til 27. desember 2004 með athugasemdafresti til 11. janúar 2005. Athugasemdir og ábendingar bárust. Tillagan var lögð fram að nýju og samþykkt óbreytt í skipulagsnefnd 15. mars 2005 og í bæjarstjórn 19. júlí 2005 eins og að ofan greinir. Skipulagsstofnun hefur yfirfarið málsgögnin og gerði ekki athugasemd við að birt yrði auglýsing um samþykkt deiliskipulagsins sbr. ofangreind lög. Auglýsing um gildistöku deiliskipulagsins birtist í B-deild Stjórnartíðinda 11. maí 2006.

**Hlíðarvegur 7. Breytt deiliskipulag.**
Bæjarstjórn Kópavogs samþykkti þann 19. júlí 2005 tillögu að deiliskipulagi lóðarinnar nr. 7 við Hlíðarveg. Í tillögunni felst að einnar hæða einbýlishús byggt úr holsteini árið 1940 er rifið og í þess stað byggt tveggja hæða parhús með tveimur innbyggðum bílskúrum. Grunnflötur er áætlaður allt að 300 m2 og nýtingarhlutfall allt að 0,5. Tillagan var auglýst frá 9. janúar til 6. febrúar 2006 með athugasemdafresti til 20. febrúar 2006. Athugasemdir og ábendingar bárust. Tillagn var lögð fram að nýju í skipulagsnefnd 7. mars 2006 ásamt ofangreindum athugasemdum og ábendingum og umsögn bæjarskipulags um þær. Er umsögnin dags. 7. mars 2006. Með tilvísan í framlagða umsögn samþykkti skipulagsnefnd tillöguna með þeirri breytingu að fjarlægð byggingarreits frá lóðamörkum að norðan verði 5,0 m og 4,0 m frá lóðamörkum að austan í stað 3,0 m sbr. auglýsta tillögu. Jafnframt samþykkti nefndin að hámarks hæð hússins verði í kóta 31,25 í stað 31,75 eins og fram kom í auglýstri tillögu. Með tilvísan í ofangreinda afgreiðslu skipulagsnefndar samþykkti bæjarstjórn Kópavogs þann 14. mars 2006 framlagða tillögu að deiliskipulagi Hlíðarvegar 7 eins og að ofan greinir. Skipulagsstofnun hefur yfirfarið málsgögnin og gerði ekki athugasemd við að birt yrði auglýsing um samþykkt deiliskipulagsins sbr. ofangreind lög. Auglýsing um gildistöku deiliskipulagsins birtist í B-deild Stjórnartíðinda 11.maí 2006.

**Álfhólsvegur 53. Breytt deiliskipulag.**
Á fundi skipulagsnefndar 4. apríl 2006 var lögð fram til síðari umræðu tillaga að breyttu deiliskipulagi lóðarinnar nr. 53 við Álfhólsveg. Í tillögunni felst að einbýli byggt úr timbri 1947 er rifið og fjórbýlishús á tveimur hæðum með kjallara að hluta reist í þess stað. Samanlagður grunnflötur hússins er um 270 m2 að flatarmáli og hámarkshæð 8.0 metrar. Á lóðinni er gert ráð fyrir átta bílastæðum. Tillagan var auglýst frá 31. janúar til 28. febrúar 2006 með athugasemdafresti til 14. mars 2006. Athugasemdir og ábendingar bárust. Á grundvelli þeirra athugasemda sem bárust **hafnaði** skipulagsnefnd tillögunni.

---

Nánari upplýsingar eða gögn um ofangreindar deiliskipulagsáætlanir og afgreiðslur þeirra er hægt að nálgast á Bæjarskipulagi Kópavogs, Fannborg 6, 200 Kópavogi, milli kl. 8:00 og 16:00 mánudaga til fimmtudaga og á föstudögum frá 8:00 til 14:00.

Skipulagsstjóri Kópavogs.

# Vilja kjósendur fá ríkisstjórnina í ráðhúsið?

**UMRÆÐAN**
BORGARSTJÓRNAR-KOSNINGAR



**SVANDÍS SVAVARSDÓTTIR**
FRAMBJÓÐANDI

Engum dettur í hug að Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson sé spólandi frjálshyggjumaður sem ætli að kollsteypa Reykjavík komist hann til valda. Vilhjálmur hefur mikla reynslu af þátttöku í sveitarstjórnarmálum í borginni og hjá samtökum sveitarfélaga í landinu og hefur þar margt vel gert. En er þá í lagi að sjálfstæðismenn sitji einir að völdum í Reykjavík næstu fjögur árin? Aldeilis ekki. Nefna má nokkra málaflokka sem verður ekki sinnt ef Sjálfstæðisflokkurinn fer með meirihluta í borginni næstu fjögur ár.

1. Leikskólinn sem fyrsta skólastigið. Sjálfstæðismenn segjast vera á móti sköttum en víla ekki fyrir sér að leggja álögur af öðru tagi á borgarbúa. Þeir ætla sér t.d. að halda áfram að láta foreldra leikskólabarna greiða skólagjöld. Jafnframt verður horfið frá baráttu VG fyrir því að leikskólinn öðlist raunverulega viðurkenningu sem fyrsta skólastigið og verði gjaldfrjáls.

2. Stöðnun í samgöngumálum. Nýjum lausnum í samgöngumálum verður enginn gaumur gefinn. Öllum valkostum við einkabílinn verður smám saman útrýmt. Notendur almenningssamgangna vita hvað gerist ef Sjálfstæðisflokkurinn fær að halda áfram þar sem frá var horfið 1994: Niðurskurður og meiri niðurskurður ef ekki einkavæðing líka. Hið sama má segja um hjólreiðabrautir og aðra valkosti í samgöngumálum í Reykjavík. Öll nýsköpun í þessum málaflokki mun frestast um fjögur ár ef sjálfstæðismenn verða einir á valdastóli. Við munum sitja föst í 20. öldinni í stað þess að horfa til 21. aldar og aðkallandi lausna í umhverfismálum.

3. Velferðin í borginni. Ef Sjálfstæðisflokkurinn verður einn í meirihluta verður meiri áhersla lögð á rekstur fremur en velferð borgarbúa. Það liggur í eðli Sjálfstæðisflokksins. Sjálfstæðismenn lofa nú öldruðum aukinni velferð en ferill þeirra í ríkisstjórn talar sínu máli. Það ríkir neyðarástand í málefnum aldraðra. Ekkert bendir til þess að íhaldsmeirihluti í borginni muni hafa aðrar áherslur en nú ríkja í landsstjórninni enda ekki mikið innihald á bak við loforðin þegar grannt er skoðað. Formaður Sjálfstæðisflokksins hefur beinlínis boðað að sveitarfélögin muni ekki fá meira í þennan málaflokk, sem ríkið leiðir núna, verði hann fluttur til þeirra.

Af nógu er að taka en er ekki nóg sagt um framtíðarhorfur borgarinnar ef Sjálfstæðisflokkurinn kemst einn í meirihluta? Það sem við horfum upp á þá er einfaldlega að mennta-, félags-, umhverfis- og velferðarmál verða sett í annað sæti. Er þetta það sem við viljum? Nei, við viljum ekki ríkisstjórnina í Ráðhúsið!

*Höfundur skipar efsta sæti V-lista Vinstrihreyfingarinnar - græns framboðs í borgarstjórnarkosningunum í Reykjavík 27. maí.*

# Allir með

**UMRÆÐAN**
KJÖR INNFLYTJ-ENDA



**FALASTEEN ABU LIBDEH**
SKRIFSTOFUSTÚLKA

Um tólf hundruð einstaklingar af erlendum uppruna fengu atvinnuleyfi árið 1996 en árið 2005 rúmlega sex þúsund. Þetta er mikil fjölgun og því ekki óeðlilegt að stjórnvöld og samfélagið hafi ekki náð að aðlaga sig. Þessi þróun heldur áfram. Heimsbyggðin er að verða eitt atvinnusvæði.

Íslendingar hafa hagnast gífurlega undanfarin ár, m.a. vegna þess frelsis sem EES færði íslenskum fyrirtækjum í alþjóðasamkeppni. Ísland er því ríkt land. Þrátt fyrir þennan auð er stór hópur sem vinnur langan vinnudag á lágum launum. Í þessum hópi er verkafólk af erlendum uppruna mjög áberandi.

Við horfum á að fólk í láglaunastörfum er í meirihluta af erlendum uppruna. Allir sem horfa fram á veginn hljóta að sjá þá þróun sem við okkur blasir. Tvískipt þjóðfélag, þar sem skiptingin grundvallast á því hvort einstaklingarnir geti rakið ættir sínar til gömlu landnámsmannanna.

Í Reykjavík eru að myndast hverfi þar sem fólk af erlendum uppruna er í meirihluta, einskonar útlendingahverfi eins og við þekkjum í Evrópu. Orsökin er ekki sú að útlendingum finnist svo gott og gaman að vera saman, heldur sú að þessi hverfi eru ódýrust.

Hvað getum við gert til að sporna við þessari þróun? Hver er lausnin? Er mögulegt að hafa samfélagið opið þeim sem vilja taka þátt í því, en um leið sporna við slíkri þróun? Auðvitað er það hægt, en það gerist ekki að sjálfu sér. Til þess þarf átak sem byggir á félagshyggju og fordómaleysi. Þetta heppnast aðeins ef stjórnvöld og almenningur takast á við verkefnið með opnum huga. Það er óeðlilegt að samkeppnishæfni íslenskra fyrirtækja grundvallist á því að hingað flytji fólk sem á fárra kosta völ. Lág launa mega ekki vera forsenda þess að hægt sé að skila hagnaði í rekstri.

Við eigum að fjárfesta í öllum innflytjendum, ekki bara þeim sem komu árið 874 heldur öllum, sama hvaða landnámsmanni þeir eru komnir af. Við viljum samfélag jafnréttis og jöfnuðar. Við viljum samfélag þar sem allir eru með.

*Höfundur er í 16. sæti Samfylkingarinnar í Reykjavík.*

**SENDIÐ OKKUR LÍNU**
Við hvetjum lesendur til að senda okkur línu og leggja orð í belg um málefni líðandi stundar. Greinar og bréf skulu vera stutt og gagnorð. Eingöngu er tekið á móti efni sem sent er frá Skoðanasíðunni á visir.is. Þar eru nánari leiðbeiningar. Ritstjórn ákveður hvort efni birtist í Fréttablaðinu eða Vísi eða í báðum miðlunum að hluta eða í heild. Áskilinn er réttur til leiðréttinga og til að stytta efni.

Antiksprengja
Lokum í hafnafirði 24. maí, eftir 13 daga.
Allt á að seljast

30-50%
Af öllum vörum
Opið laugardag og sunnudag
ANTIKBÚÐIN Bæjarhrauni 10B
Hafnafirði (bak við Hraunhamar) sími 588 9595
Einstakt Tækifæri
250 fm troðfull antikbúð
ALLT á að seljast
Höfum opnað nýja antikbúð
Á Laugavegi 118 (neðri hæð bókabúðar)

Verið velkomin
Antikbúðin Hlemmi
Laugavegi 118
Sími 552 8222
KAUPUM OG SELJUM

# Höldum flugvellinum í Vatnsmýrinni

UMRÆÐAN
REYKJAVÍKURFLUGVÖLLUR



GUNNAR HÓLM HJÁLMARSSON

F-listinn er eini flokkurinn sem vill hafa flugvöllinn áfram í Vatnsmýrinni. Flugtæknilega er Vatnsmýrin besti staðurinn á höfuðborgarsvæðinu fyrir flugvöll og einnig skipulagslega góður kostur fyrir Reykvíkinga. Höfum það hugfast að flugmálayfirvöld og flugrekstraraðilar hafa aldrei lýst áhuga sínum á að flytja flugvöllinn úr Vatnsmýrinni þótt einhverjir hafi nefnt einn stað öðrum fremur ef flugvellinum verður bolað burt.

Tuttugu þúsund manna byggð í Vatnsmýrinni, eins og talað er um, með tilheyrandi sextíu þúsund bíla umferð á degi hverjum að og frá þeirri byggð er illleysanlegt vandamál og gríðarlegur kostnaður sem fylgir því að byggja samgöngumannvirki sem gætu hugsanlega komið að gagni.

Allir borgarstjórnarflokkarnir vilja þó hafa flugvöll áfram í Reykjavík. Framsóknarflokkurinn með Björn Inga í brjósti fylkingar vill flugvöllinn út á Löngusker. Löngusker eru ekki í umdæmi Reykjavíkur. Bæjaryfirvöld í Kópavogi og á Álftanesi hafa lýst því yfir að þau vilji ekki flugvöll við bæjardyrnar hjá sér. Þótt borgaryfirvöld í Reykjavík geti hrakið flugvöllinn burt úr Vatnsmýrinni geta þau ekki ákveðið honum stað á Lönguskerjum. Hvaða vitleysa er hér í gangi? Þetta kalla framsóknarmenn þjóðarsátt.

Sjálfstæðisflokkurinn vill flytja flugvöllinn upp á Hólmsheiði og hluti Samfylkingarinnar líka, en hluti hennar vill flytja innanlandsflugið til Keflavíkur. Allt eru þetta óraunhæfir kostir. Flugtæknilega er staðsetning á Hólmsheiði mun verri kostur en Vatnsmýrin. Hér er flugvöllurinn kominn upp á heiði í um 150 m hæð og í nálægð fjalla sem gerir flugsamgöngur erfiðari og hættulegri.

Við skulum líka hafa það hugfast að bygging flugvalla er á vegum ríkisins. Það eina sem er á valdi borgaryfirvalda er að bola flugvellinum burt en um framhaldið hafa þeir lítið að segja. Í mínum huga er alveg víst að ef flugvöllurinn fer úr Vatnsmýrinni flyst allt innanlandsflug til Keflavíkur. Ef það gerist munu samgöngur við höfuðborg allra landsmanna versna. Flugleiðir lengjast, flugfarþegum fækkar og slysum á þjóðvegunum fjölgar vegna meiri umferðar. Um fimm hundruð árleg sjúkraflug af landsbyggðinni eru oft upp á líf og dauða. Þá skiptir miklu máli að flugvöllurinn sé í næsta nágrenni Landspítalans.

Nú þegar hefur verið ákveðið að styrkja það háskólasamfélag sem fyrir er í Vatnsmýrinni með því að flytja Háskólann í Reykjavík þangað ásamt ýmsum rannsóknarstofnunum sem tengjast háskólastarfseminni. Auk þess hefur verið ákveðið að byggja hátæknisjúkrahús á svæðinu. Þetta er gott mál en hefur ekkert að gera með hugmyndir um tuttugu þúsund manna íbúðabyggð í Vatnsmýrinni. Með flugvöllinn á núverandi stað styrkist háskólasamfélagið með betri samgöngum innan borgarmarkanna og við landsbyggðina.

*Höfundur er í 10. sæti F-listans í Reykjavík.*




Pantaðu viðtal

*Ágæti borgarbúi*

*Pantaðu viðtal við borgarstjóra*
*í þjónustumiðstöð Laugardals- og Háaleitis*
*Bókaðu tíma í síma 411 1500.*
*Komdu og ræddu þín mál við borgarstjóra.*
*Heitt kaffi á könnunni.*

*Með bestu kveðju*

Viðtalstími
mánudaginn 15. maí
kl.10–12

Þjónustumiðstöð
Laugardals- og Háaleitis
Síðumúla 39
Sími 411 1500



Borgarstjórinn í Reykjavík
Nánari upplýsingar á: www.reykjavik.is

Auglýsingastofa Guðrúnar Önnu


# Bætt kjör með einu pennastriki

UMRÆÐAN
KJÖR ELDRI BORGARA



BJÖRGVIN GUÐMUNDSSON
VIÐSKIPTAFRÆÐINGUR

Nú er komið að athöfnum segir Afa, félag aðstandenda aldraðra. Tími orða, nefnda og skýrslna er liðinn. Undir þetta skal tekið. Það er löngu ljóst hvar skórinn kreppir í málefnum aldraðra. Það þarf ekki að skipa fleiri nefndir til þess að finna það út. Það er þess vegna með ólíkindum, að ríkisstjórnin skyldi fyrir skömmu skipa enn eina nefndina undir forystu Ásmundar Stefánssonar til þess að fjalla um málefni aldraðra. Áður hafði átt að vera starfandi samráðsnefnd aldraðra og ríkisvaldsins um sömu málefni. Sú nefnd starfaði lítið sem ekkert. Það læðist að manni sá grunur, að tilgangur þessara nefndaskipana sé að drepa málum á dreif og tefja málin.

**Hjón geti verið saman**

Mikil áhersla er nú lögð á búsetumál aldraðra meðal þeirra, sem fjalla um þessi mál. Það er vel. Skortur á hjúkrunar- og dvalarheimilum fyrir aldraða er eitt stærsta vandamálið í þessum málaflokki í dag. Langir biðlistar æpa á aðgerðir. Mestur er skorturinn á hjúkrunarrými en einnig vantar þjónustuíbúðir og dvalarheimili. Það er í tísku núna að tala gegn stofnunum. Sumir segja: Við viljum ekki fleiri stofnanir fyrir aldraða heldur minni heimili og heimilislegri. Það er gott svo langt sem það nær. En það verður ekki framhjá því gengið, að þeir eldri borgarar sem eru orðnir lasburða og veikir þurfa vistun á hjúkrunarheimilum. Það skiptir engu máli hvaða nafn við gefum þessum hjúkrunarheimilum. Þar verður að vera hjúkrun og læknisaðstoð. Það er ágætt að tengja saman hjúkrunarheimili og dvalarheimili og stuðla að því að hjón geti verið saman eða í námunda við hvort annað.

**Eldri borgarar haldi fjárhagslegu sjálfstæði**

Þess verður nú vart að stjórnmálamenn reyna að slá um sig með tillögum um aðgerðir í þessum málum og sumir þeirra telja sig hafa fundið upp nýjar aðgerðir til lausnar á vandanum. Rétt er að skoða allar slíkar tillögur. Félag eldri borgara í Reykjavík hefur lagt áherslu á, að eldri borgarar sem fara á vistheimili haldi fjárhagslegu sjálfstæði sínu. Lífeyririnn sé ekki rifinn af fólkinu án þess að spyrja það, heldur fái fólkið sinn lífeyri og greiði síðan sjálft fyrir þá þjónustu sem það fær. Það þarf ekki að byggja ný heimili til þess að koma þessari breytingu á. Það er unnt að framkvæma hana strax í öllum starfandi vistheimilum aldraðra.

**Kjaramálin auðveld viðfangs**

Þótt búsetumálin séu mikilvæg eru kjaramál aldraðra ekki síður brýn. Þau eru að því leyti til auðveldari viðfangs en búsetumálin, að unnt er að leysa þau strax. Það tekur tíma að byggja ný hjúkrunarheimili og dvalarheimili fyrir aldraða en það er unnt að hækka lífeyri aldraðra með einu pennastriki strax. Það eru nógir peningar til og því er ekki eftir neinu að bíða. Allir eru sammála um að kjör aldraðra eru óviðunandi. Stjórnmálamenn taka nú undir kröfur almennings í því efni. Helmingur ellilífeyrisþega er með ráðstöfunartekjur innan við 115 þúsund á mánuði. Það er skammarlega lágt hjá einu ríkasta þjóðfélagi heims. Einstaklingur þarf 167 þúsund á mánuði fyrir utan skatta til framfærslu samkvæmt neyslukönnun Hagstofu Íslands. Það má hækka lífeyri upp í þá upphæð í áföngum. Landssamband eldri borgara hefur krafist þess að lífeyrir eldri borgara hækki um 17 þúsund á mánuði strax. Það væri gott skref.

Stjórnarflokkarnir hafa haft af eldri borgurum 40 milljarða sl. 11 ár miðað við þau loforð, sem gefin voru 1995. Það er kominn tími til að borga eitthvað til baka af þeirri upphæð.

# Unga fólkið haft að féþúfu

UMRÆÐAN
BORGARSTJÓRNARKOSNINGAR



KJARTAN EGGERTSSON
FRAMBJÓÐANDI

Ein skelfilegustu mistök R-lista flokkanna á 12 ára valdatíma þeirra var uppboðið á byggingalóðunum. Afleiðingar uppboðsins voru þær að fyrir hverja lóð greiddi hver byggjandi fleiri milljónir sem sannarlega voru ekki notaðar til að gera lóðirnar byggingarhæfar heldur hurfu í hít borgarinnar. F-listinn krefst þess að hér verði breytingar á.

Það er eins og að borgarfulltrúar R-lista flokkanna séu löngu búnir að missa sjónar á hlutverki þessa félags sem við erum öll þátttakendur í og heitir Sveitarfélagið Reykjavík. Markmið félagsins er að vinna að málefnum sem leiða til almannaheilla og takast á við verkefni sem það eitt í krafti stærðar sinnar getur leyst. Það er sannarlega ekki markmið með rekstri þessa félags að græða á félagsmönnum eða nýta sér bágbornar aðstæður þeirra, en það hafa R-lista flokkarnir svo sannarlega gert við uppboðið á byggingalóðunum.

Allir þurfa þak yfir höfuðið. Ungt fólk sem hefur stofnað heimili og er að byrja að búa þarf að geta leigt sér húsnæði eða byggt. Með sameiginlegu átaki íbúa sveitarfélagsins er land unnið undir byggingalóðir og fólki úthlutað svo það geti byggt yfir sig. Það kostar fjármuni að vinna byggingaland og eðlilegt að unga fólkið greiði þann kostnað á einhverju árabili. Bankar og opinberir sjóðir hafa á undanförnum árum verið viljugri en áður að lána fólki til að byggja eða kaupa húsnæði, allt að 100% lán. Þetta ástand hefur nýst R-lista flokkunum vel við uppboð byggingalóðanna, því hvert sem verðið hefur verið á þeim hafa bankarnir nánast undantekningarlaust lánað til kaupanna.

Ungt fólk hefur ekki átt annarra kosta völ en að taka þátt í þessum leik og á þann hátt hefur það fyrir tilverknað R-lista flokkanna fest sig í óþarflega djúpt skuldafen vaxta og verðbóta til margra áratuga. Í raun hafa R-lista flokkarnir haft þetta unga fólk að féþúfu.

Vonandi er að þessu linni eftir sveitarstjórnarkosningarnar 27. maí n.k. F-listinn krefst þess að uppboðum á nýjum byggingalóðum verði hætt, en til eru margar góðar aðferðir við lóðaúthlutanir sem fullnægja kröfum um heiðarleika og sanngirni.

*Höfundur í 6. sæti á lista F-listans í Reykjavík.*




FRÉTTABLAÐIÐ
AUGLÝSINGASÍMI
550 5000



Virk Sam-keppni
KRÓNAN
VIRK SAMKEPPNI
GOTT Á GRILLIÐ
SS Mexikó Grísakótilettur
1.199 kr./kg
40%
MÓA GRILLAÐUR KJÚKLINGUR KALDUR
479 kr./stk
ýsa.is
FRÁBÆRT VERÐ
Fjörfiskur ýsubitar roð og beinlausir
498 kr./pk
3 FYRIR 2
Oetker Pizzur með skinku, sveppum eða pepperoni
Goða nauta-lamba hakk
699 kr./kg
15%
AFSLÁTTUR AF HEIMILISOSTI
57 krónur rúllan
Charmin salernis-pappír 24 rúllur
1.379 kr./pk
Head & Shoulders sjampó 4 tegundir
449 kr./pk
Cheerios Tvöfaldur
559 kr./pk
Góu Tvenna
319 kr./pk
25%
Afsláttur af Grand Italia pasta og pastasósum
Meira úrval
ALLTAF FRÁBÆR TILBOÐ



✝

*Eiginmaður minn, faðir okkar og tengdafaðir,*

**Sigurður G.H. Ingason**

fv. póstrekstrarstjóri, Hvassaleiti 58,

verður jarðsunginn frá Dómkirkjunni föstudaginn 12. maí kl. 15.00.

Erna Jónsdóttir
Skúli Már Sigurðsson | Sigrún Einarsdóttir
Gísli Jón Sigurðsson | Þorbjörg Jónsdóttir
Örn Sigurðsson | Una Guðlaug Haraldsdóttir



✝

*Móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma*

**Ásta G. Pjetursdóttir**

Háaleitisbraut 43, Reykjavík,

lést á líknardeild Landspítala Landakoti aðfaranótt 9. maí. Fyrir hönd aðstandenda,

Gunnþórunn Jónasdóttir | Einar S. Ingólfsson
Pétur J. Jónasson
Örn Jónasson
Gunnar Jónasson | Guðbjörg Eggertsdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.

✝

*Faðir minn, tengdafaðir og afi*

**Stefán Karlsson**

handritafræðingur,

sem lést í Kaupmannahöfn 2. maí síðastliðinn, verður jarðsunginn frá Neskirkju föstudaginn 12. maí kl. 15. Á sama tíma (kl. 17) verður Stefáns minnst í Húsi Jóns Sigurðssonar, Øster Voldgade 12 í Kaupmannahöfn.

Steinunn Stefánsdóttir | Arthur Morthens
Helga, Anna og Halla Tryggvadætur.



✝

*Elskuleg eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Bára Björnsdóttir**

lést á heimili sínu Hraunhvammi 4, Hafnarfirði, þann 9. maí 2006.

Magnús Þórðarson
Björn Magnússon | Aðalbjörg Reynisdóttir
Guðrún Elín Magnúsdóttir | Jan Anton Jöncher Nielsen
Þórður Rúnar Magnússon | Anna Lárusdóttir
Dagný Emma Magnúsdóttir | Hjörtur Kristinsson
ömmubörn og langömmubörn.



✝

*Hjartans litla ljósið okkar*

**Sigrún Maren Jóhannsdóttir**

lést föstudaginn 5. maí. Jarðsungið verður frá Háteigskirkju föstudaginn 12. maí kl. 15.00.

Helga María Hallgrímsdóttir | Jóhann Kristján Kristjánsson
Maron Þór Guerreiro
Kristján Valur Jóhannsson
Sigrún J. Jóhannsdóttir | Sigurður J. Stefánsson
Marianne Ellingsen | Sigurður Gylfason
Hallgrímur Hallgrímsson | Guðlaug Jónsdóttir
og aðrir aðstandendur.

**BOB MARLEY (1945-1981) LÉST ÞENNAN DAG**

*„Hver maður hefur rétt á að ráða sínum örlögum.“*

*Bob Marley var tónlistarmaður frá Jamaíku, þekktastur fyrir flutning sinn á reggí-tónlist.*



# tímamót

timamot@frettabladid.is

## ÞETTA GERÐIST > 11. MAÍ 1997

# *Djúpblá sigrar Kasparov*

Ofurtölvan frá IBM Djúpblá (Deep Blue) markaði á þessum degi árið 1997 tímamót í skáksögunni. Þá sigraði hún heimsmeistarann í skák Gary Kasparov sem á þessum tíma var af mörgum talinn besti skákmaður sem uppi hafði verið. Meistarinn rússneski varð að játa sig sigraðan eftir nítján leiki í sjöttu skákinni á mótinu. Hann tapaði með 2,5 vinningum á móti 3,5. Þetta var í fyrsta sinn sem sitjandi heimsmeistari tapaði fyrir vél á skákmóti.

Kasparov hafði áður att kappi við Djúpbláa, sem getur greint 200 milljónir leikja á hverri sekúndu. Í fyrri viðureign þeirra vann hann tölvuna örugglega. Fyrir síðari viðureign þeirra hafði Kasparov aldrei, á ferli sínum sem atvinnumaður í skák, beðið lægri hlut í einvígi.



**GARRÍ KASPAROV OG DJÚPBLÁ**

## ANDLÁT

**Helga Ingvarsdóttir**, Eiðismýri 30, andaðist föstudaginn 5. maí.

**Ólöf Ingibjörg Eiríksdóttir McCauley** andaðist í Kolorado Springs í Bandaríkjunum laugardaginn 6. maí.

**Gissur Elíasson**, Laufásvegi 18, Reykjavík, lést sunnudaginn 7. maí.

**Magnús Ágúst Torfason**, Stuðlaseli 17, Reykjavík, varð bráðkvaddur í Bandaríkjunum 8. maí.

**Sædís Sigurbjörg Karlsdóttir**, frá Bóndastöðum, Hjaltastaðaþinghá, lést mánudaginn 8. maí.

## JARÐARFARIR

13.00 **Ármann Leifsson**, frá Bolungarvík, Kirkjusandi 5, Reykjavík, verður jarðsunginn frá Langholtskirkju.

13.00 **Björn Berndsen** málarameistari, Leirubakka 18, Reykjavík, verður jarðsunginn frá Grafarvogskirkju.

13.00 **Guðrún Sigurbergsdóttir**, Rauðarárstíg 9, verður jarðsungin frá Háteigskirkju.

13.00 **Sigríður Ólafsdóttir**, Mánatúni 4, Reykjavík, verður jarðsungin frá Fossvogskirkju.

13.30 **Geir Garðarsson**, Skálateigi 1, áður Ægisgötu 3, Akureyri, verður jarðsunginn frá Akureyrarkirkju.

13.30 **Sonja Werner Guðmundsdóttir**, Fossheiði 62, Selfossi, verður jarðsungin frá Selfosskirkju.

15.00 **Axel Björnsson**, Lindarhvammi 2, Hafnarfirði, verður jarðsunginn frá Háteigskirkju.

15.00 **Sólveig Guðrún Halldórsdóttir** hjúkrunarkona, áður til heimilis í Ljósheimum 10A, Reykjavík, verður jarðsungin frá Fossvogskirkju.

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli, andlát og jarðarfarir í smáletursdálkinn hér að ofan má senda á netfangið timamot@frettabladid.is.
Auglýsingar á að senda á auglysingar@frettabladid.is eða hringja í síma 550 5000.



**VALUR Í NÍUTÍU OG FIMM ÁR** Starfsemi félagsins er margháttuð og fjöldi fólks iðkar íþróttir á vegum félagsins á degi hverjum. Á myndinni er Sverrir Traustason, forstöðumaður íþróttamannvirkja Vals, sem unnið hefur lengi hjá félaginu. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

KNATTSPYRNUFÉLAGIÐ VALUR: NÍUTÍU OG FIMM ÁRA Í DAG

# Valur vængjum þöndum

Í dag eru liðin 95 ár síðan Knattspyrnufélagið Valur var stofnað. Félagið hét raunar Fótboltafélag KFUM í fyrstu en var fljótlega breytt í Knattspyrnufélagið Valur. Í fyrstu hafði félagið aðstöðu á Melunum í Reykjavík en um 1930 fluttist starfsemin að rótum Öskjuhlíðar og er þar enn. Séra Friðrik Friðriksson var hvatamaður að stofnun Vals og eru félagsmenn ötulir við að halda minningu hans á lofti. Brjóstmynd af Friðriki var reist á Valssvæðinu við Hlíðarenda árið 1961 og Friðrikskapella var vígð 1993. Einkunnarorð Friðriks og Vals eru: Látið aldrei kappið bera fegurðina ofurliði. Á merki félagsins er mynd af fuglinum val sem svífur vængjum þöndum með knött í klónum.

Fyrstu árin léku Valsmenn í hvítum treyjum með bláum röndum en á þriðja áratugnum var skipt yfir í rauðar treyjur og hefur rauður verið einkennislitur félagsins upp frá því. Þessar upplýsingar eru fengnar af heimasíðu Vals, valur.is.

Valur er eitt sigursælasta íþróttafélag landsins og hefur unnið til allra helstu verðlauna í boltaíþróttunum þremur: knattspyrnu, handbolta og körfuknattleik. Meðal afreksmanna félagsins má nefna knattspyrnumennina Hermann Gunnarsson, Guðna Bergsson og Atla Eðvaldsson og handboltamennina Geir Sveinsson, Dag Sigurðsson og Ólaf Stefánsson.

Í tilefni af 95 ára afmælinu verður efnt til hátíðar í Laugardalshöll í dag. Sérstök dagskrá verður fyrir börnin þar sem þau geta spreytt sig á ýmiss konar þrautum auk þess sem Solla stirða mun heilsa upp á þau. Þá ætlar fullorðna fólkið að gera sér glaðan dag. Flutt verða ávörp og heiðursmerki félagsins veitt. Þá mun Ragnheiður Gröndal syngja nokkur lög sem og Valskórinn en Valsarar þykja söngelskari en gengur og gerist meðal íþróttamanna. Dagskráin í Laugardalshöll hefst klukkan 16.30.

Valsmenn ætla raunar að taka daginn snemma því morgunstund verður í Friðrikskapellu klukkan 8.30 og verður meðal annars lagður blómsveigur við brjóstmyndina af séra Friðriki.

**VALSMENN LÉTTIR Í LUND**

Valsmenn, léttir í lund
leikum á sérhverri stund.
Kætin kringum oss er
hvergi er fjörugra en hér.
Lífið er okkur svo kunnugt og kært,
kringum oss gleði nú hlær.
Látum nú hljóma í söngvanna sal
sveinar og meyjar í Val.
Já, Valsmenn, við sýnum og sönnum
söguna gömlu þá,
að við séum menn með mönnum
sem markinu skulu ná.



✝

*Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi*

**Gissur Elíasson**

Laufásvegi 18, Reykjavík,

lést að morgni 7. maí.

Elías Ragnar Gissurarson | Vera Snæhólm
Þórdís Gissurardóttir | Sverrir Þórólfsson
Hákon Örn Gissurarson | Valdís Kristinsdóttir
Hjördís Gissurardóttir | Geir Gunnar Geirsson
Magnús Þórarinn Gissurarson | Anna Ágústa Hauksdóttir
Ásdís Gissurardóttir | Ragnar Th. Sigurðsson
afabörn og langafabörn.



✝

*Ástkær sonur okkar, bróðir og unnusti*

**Jónatan Helgi Rafnsson**

Vesturtúni 26, Álftanesi,

sem lést af slysförum á Kanaríeyjum þann 1. maí verður jarðsunginn frá Vídalínskirkju í Garðabæ föstudaginn 12. maí kl. 15.00. Blóm og kransar eru vinsamlega afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hans er bent á Félag langveikra barna.

Brynhildur Brynjúlfsdóttir | Rafn Pálsson
Páll Ívar Rafnsson | Helena Rut Einarsdóttir
Snorri Benedikt Rafnsson
María Ósk Einarsdóttir


LEGSTEINAR OG FYLGIHLUTIR Í MIKLU ÚRVALI



Steinsmiðjan MOSAIK
Hamarshöfða 4 • 110 Reykjavík • sími 587 1960 • www.mosaik.is

LEGSTEINAR OG FYLGIHLUTIR
Mikið úrval legsteina og fallegra fylgihluta.
Ljósker, blómavasar, englar, styttur, kerti og margt fleira.
Hafðu samband eða komdu við í verslun okkar.
S:HELGASON
Skemmuvegi 48 | 200 Kópavogur | sími 557 6677 | www.shelgason.is

# HÖRKUTÓL
# Á HAGSTÆÐU VERÐI

## Nú geta allir eignast iðnaðar-verkfæri á „hobbý“ verði





NOVA 18V
Batterísborvél
+ 3,6V Skrúfvél,
borar og skrúfbitar

Kr. 3.498,-



Kr. 2.690,-

NOVA 18V Batterísborvél
+ borar og skrúfbitar



Kr. 1.295,-

NOVA 4,8V Skrúfvél
og skrúfbitar



| | |
|---|---|
| Litaspray, ótal litir | kr. 295,- |
| Deka hamrað lakk 1 líter | kr. 649,- |
| Bakki, rúlla og pensill | kr. 598,- |
| Málband 20 metra | kr. 198,- |
| Dúkahnífur | kr. 25,- |
| Hallamál 80 cm | kr. 475,- |
| Kíttissprauta | kr. 199,- |
| Múrfata 12 lítrar | kr. 212,- |
| Múrexi 600g | kr. 390,- |
| Múr glattari 12”x5” | kr. 189,- |
| Betomix B132 steypuhrærivél | kr. 34.900,- |
| Bosch rafhlöðuvél 14,4 VE2 | kr. 25.491,- |



Kr. 3.498,-

NOVA Batterísborvél 18V
+ 91 stk. verkfæri

*Múrbúðin hefur opnað verslun á Húsavík*

Meiri gæði
Lægra verð
MÚRBÚÐIN

LÆKKUM VERÐIÐ Á BYGGINGA-VÖRUM

**MÚRBÚÐIN**

*Byggingavöruverslunin í Árbænum*

Klettháls 7 · Sími: 544-5470 · sala@murbudin.is · www.murbudin.is



VORFUNDUR

KLÚBBSINS

Föstudaginn 12. maí kl. 20.
í félagsheimili KR

Dagskrá

Innritun nýrra félaga

Heimaleikjakort afhent

Þjálfarar og fyrirliðar
Mfl. karla og kvenna
tala um sumarið framundan

Ferðaklúbbur KR kynntur

KLÚBBURINN

## STUÐ MILLI STRÍÐA Eftirnöfn

KRISTÍN EVA ÞÓRHALLSDÓTTIR EIRÍKSSONAR DANÍELSSONAR...



Sagt er að náttúran hafi búið svo um hnútana að börn líkist föður sínum þegar þau fæðast, til þess eins að staðfesta faðernið. Ég ætla mér ekki sérstaklega að taka afstöðu til þessarar fullyrðingar í sjálfu sér, heldur nefni ég þetta því ég hef verið að velta fyrir mér eftirnöfnum og hlutverki þeirra. Ég er svo sem ekki fyrsta manneskjan til þess að ráðast í þær vangaveltur og segja sumir þeirra sem fetað hafa þennan stíg áður að það sé hrópandi óréttlæti að börn fái aðeins nafn föður síns. Hið mikla feðraveldi teygir anga sína víða og sér til þess að öll börnin séu vel merkt þeim. Enda er eftirnafnið lítið annað en merking eða stimpill sem segir eitthvað um hverra manna barnið er, og hægt er að reka genasögu barnsins langt aftur í ættir á eftirnafninu einu saman, með því að bæta við nöfnum afa og langafa o.s.frv. Eins og er til dæmis gert í Íslendingasögunum þar sem menn eru kynntir til leiks með löngum eftirnafnahala. Að sjálfsögðu þykir mér ekki sárt að bera nafn föður míns, en auðvitað er ekkert réttlæti í því að ég beri ekki líka nafn móður minnar. En það er erfitt að gæta jafnréttis. Konan er sú sem ber barnið og elur af sér og það er ekkert vafamál að hún er móðirin. Hins vegar eru fótspor föðurins óljós og ekki nokkur leið að segja til um hver sé faðirinn, nema barnið líkist honum eða barnið beri nafn hans. Fyrir vikið fellur nafn móðurinnar í skuggann. Nú kveða lög hinsvegar á um það að börn megi bæði bera nafn móður sinnar og föður, eða bara annars þeirra. Sonur minn gæti til dæmis verið Kristínarson, og yrði hann þá örugglega fyrir barðinu á fordómum fólks sem myndi hugsa með sér að móðir hans hafi ekki haft hugmynd um faðernið. Fólk myndi samstundis gefa sér það að barnið væri föðurlaust, eða ætti í litlum sem engum samskiptum við föður sinn. Mikilvægi föðurins er þannig staðfest með nafninu einu saman. Efast þá enginn um mikilvægi móðurinnar eða skiptir það engu máli?

## myndasögur

### Pondus

Eftir Frode Överli




### Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Pú og Pa

Eftir SÖB




### Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell




### Barnalán

Eftir Kirkman/Scott




Rachel Weisz
KYNNUM NÝJA BURBERRY LONDON ILMINN Í ÖLLUM SNYRTIVÖRUVERSLUNUM HAGKAUPA 11.-13. MAÍ.
Burberry London Woman, nýr ilmur fyrir dömur er kominn í verslanir Hagkaupa. Ilmurinn er fínlegur hrífandi blómailmur í anda sannra heimsborgara.
Burberry London
BURBERRY
LONDON
a new fragrance for women
HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

# LÆGRA

*í allt sumar í BYKO!*




**11.490**

~~14.900~~

OUTBACK

Vnr.50630100

**Gasgrill**

OUTBACK gasgrill Omega 200. Stærð: 55x36 cm, grillflötur með tvískiptum brennara, hliðarborði, neistakveikjara, þýstijafnara og grillsteinum.



**27.900**

Vnr.50632103

**Gasgrill**

ELEGANT UNION gasgrill, 3 brennarar, pottjárn í steikargrind. Grillfötur 66x50 cm. Neistakveikjari, grillsteinar, hitamælir og efri grind.




Vnr.50632110

**Gasgrill**

ELEGANT UNION gasgrill með þremur brennurum og hliðarhellu, pottjárn í grillgrind, grillflötur 63x49 cm, efri grind, neistakveikjari, hitamælir.

**39.900**



FRÁBÆRT VERÐ!

Vnr.50632104

**Gashitari**

MR. HEAT borðhitari ryðfrír, 2,7 kw, hæð 76 cm, hattur 48 cm. Þrýstijafnari og slanga fylgja ekki.

**9.999**

**Gashyllki**

Nú er hægt að fá gashylki og áfyllingu á öllum verslunum BYKO á góðu verði.

AGA Gasol hylkin eru léttari, ryðga ekki og þú sérð innihaldið. Nú átt þú kost á að velja á milli tveggja hylkjastærða.

AGA




Vnr.0291402

**Girðinga-einingar**

BETULA ESPALE
1000x900 mm

**3.590**








690 kr/lm

Vnr.0039490
**Pallaefni**
MASSARANDUBA,
25x145 mm.



Verð frá 75 kr/lm

**Fura**
Fura alheflað A-gagnvarið.

| | | |
|---|---|---|
| Vnr.0058272 | 27x45 cm | 75 |
| Vnr.0058254 | 22x95 cm | 103 |
| Vnr.0058273 | 27x70 cm | 120 |
| Vnr.0058504 | 45x95 cm | 185 |
| Vnr.0058506 | 45x145 cm | 275 |
| Vnr.0059954 | 95x95 cm | 365 |

BYKO

GÆÐI Á LÆGRA VERÐI

| Hringbraut opið virka daga: 8-19 laug: 10-18 sun: 11-17 - Sími: 562 9400 | Hafnarfjörður opið virka daga: 8-18 laug: 9-15 - Sími: 555 4411
| Reyðarfjörður opið virka daga: 8-18 laug: 10-14 - Sími: 470 4200 | Suðurnes opið virka daga: 8-18 laug: 9-15 - Sími: 421 7000 | Selfoss opið virka daga: 8-18 laug: 9-16 - Sími: 480 4600

**Kl. 20.00**

*Kliður fornra strauma mun óma um Salinn í Kópavogi í síðasta sinn í kvöld á 51. afmælisdegi bæjarins. Sú hefð hefur skapast að ljúka TÍBRÁ-tónleikaröðinni í Salnum með afmælistónleikum. Að þessu sinni verður efnisskráin alíslensk þar sem fram koma þau Bára Grímsdóttir, Sigurður Rúnar Jónsson og Steindór Andersen.*

# menning

menning@frettabladid.is

# Tilbrigði við Hamlet

Stoppleikhópurinn fagnar tíu ára leikafmæli sínu með hátíðarsýningu á verkinu Emma og Ófeigur eftir Árna Ibsen í kvöld klukkan 20. Verkið var frumsýnt í Iðnó í mars en sýningin er ferðasýning ætluð efstu bekkjum grunnskóla og framhaldsskólanemum. Hátíðarsýningin fer fram í Tjarnarbíói en þar verður verkið aðeins sett á fjalirnar þetta eina kvöld.

Emma og Ófeigur fjallar um tvö ungmenni og fjölskyldur þeirra. Emma er nýbúin að missa móður sína og ný kona, Geirþrúður, er komin í hennar stað á heimilið. Emma er hálf miður sín og einmana því pabbi hennar er upptekinn af nýju konunni og veitir henni því litla athygli. Þar fyrir utan grunar hún nýju mömmuna um græsku og hefur á tilfinningunni að eitthvað sé ekki eins og það á að vera.

Emma hittir síðar myndarpiltinn Ófeig sem er ákaflega óöruggur í kvennamálum þrátt fyrir útlitið. Þau kynnast og ná að styrkja hvort annað en margt á eftir að gerast áður en spurt er að leikslokum.

Leikritið er byggt lauslega á Hamlet eftir William Shakespeare en vísar jafnframt bæði beint og óbeint í ýmis bókmenntaverk, ævintýri og bíómyndir.



**EMMA OG ÓFEIGUR** Það gengur á ýmsu hjá þeim félögum áður en öll kurl koma til grafar.

## > Ekki missa af

Bergþóri Pálssyni barítón syngja á síðustu hádegistónleikum Hafnarborgar í Hafnarfirði. Tónleikarnir hefjast klukkan 12.

ungversku úrvalssýningunni The Hungarian Blue Print Collection sem lýkur á sunnudaginn. Sýningin er í Tjarnarsal Ráðhússins og þar eru sýnd 20 saumuð veggteppi sem valin voru sérstaklega til þess að kynna þessa þjóðarlist erlendis.

tónleikum hljómsveitanna Shadow Parade og Ég sem spila á Gauknum í kvöld. Shadow Parade mun kynna efni af nýrri plötu sem kemur út í sumar en Ég mun spila sín vel þekktu lög.


BORGARLEIKHÚSIÐ

RONJA RÆNINGJADÓTTIR
Lau 20/5 kl. 14 Su 21/5 kl. 14
Su 28/5 kl. 14
SÍÐUSTU SÝNINGAR Í VOR
ÓSÓTTAR PANTANIR SELDAR DAGLEGA

FULLKOMIÐ BRÚÐKAUP
Fi 18/5 kl. 20 UPPS. Fö 19/5 kl. 20 UPPS.
Fö 19/5 kl. 22:30 UPPS. Su 21/5 kl. 20 UPPS.
Fi 25/5 kl. 20 UPPS. Fö 26/5 kl. 20 UPPS.
Fö 26/5 kl. 22:30 UPPS.
Su 28/5 kl. 20 UPPS. Fi 1/6 kl. 20 UPPS.
Fö 2/6 kl. 20 UPPS. Fö 2/6 kl. 22:30 UPPS.
Má 5/6 kl. 20 Fö 9/6 kl. 20
Fö 9/6 kl. 23 Má 12/6 kl. 20

VILTU FINNA MILLJÓN?
Forsýningar miðaverð 1.500
Fö 12/5 kl. 20 UPPS. Lau 13/5 kl. 20 UPPS.
Má 15/5 kl. 20 UPPS. Þri 16/5 kl. 20 UPPS.
Mi 17/5 kl. 20 UPPS.
Fö 19/5 kl. 20 FRUMSÝNING UPPSELT
Su 21/5 kl. 20 UPPS. Fi 25/5 kl. 20
Fö 26/5 kl. 20 Fö 2/6 kl. 20
Lau 3/6 kl. 20 Má 5/6 kl. 20
Fi 8/6 kl. 20 Fö 9/6 kl. 20

MIKE ATTACK
Einleikur Kristjáns Ingimarssonar
Su 14/5 kl. 14 SÍÐASTA SÝNING
MIÐAVERÐ 1.900

MARLENE DIETRICH-Íd
Má 15/5 kl. 20 Þr 16/5 kl. 20
Mi 17/5 kl. 20 AÐEINS ÞESSAR SÝN.

BELGÍSKA KONGÓ
Su 14/5 kl. 20 Fi 18/5 kl. 20
Mi 24/5 kl. 20 SÍÐUSTU SÝNINGAR

HUNGUR
Su 14/5 kl. 20 SÍÐASTA SÝNING

TENÓRINN
Fi 18/5 kl. 20 Lau 27/5 kl. 20
AÐEINS ÞESSAR SÝN.

HLÁTURHÁTIÐ
HLÁTURHÁTÍÐARVIÐBURÐIR

Fi 18/5 kl. 22:30
LEiKTU FYRIR MIG MIÐAVERÐ 1.000
Leikarar leika eftir pöntun þín uppáhaldsatriði úr Áramótaskaupunum.

Fi 25/5 kl. 22:30
BANANABIKARINN MIÐAVERÐ 1.000
Leikarar frá Leikfélagi Reykjavíkur og Leikfélagi Akureyrar, keppa í leikhússporti

Su 28/5 kl. 20:00
HLÁTURNÁMSKEIÐ MIÐAVERÐ 1.000
Ásta Valdimarsdóttir og Kristján Helgason kenna hláturjóga.

Miðasala í síma 568 8000 - www.borgarleikhus.is



ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ

Þjóðleikhúsið – leikhúsið þitt!

STÓRA SVIÐIÐ KL. 20.00

FAGNAÐUR
**Frumsýning sun. 14/5 uppselt**, 2. sýn. fim. 18/5 örfá sæti laus, 3. sýn. fös. 19/5 örfá sæti laus, 4. sýn. lau. 20/5 örfá sæti laus, 5. sýn. sun. 21/5 örfá sæti laus.

STEFNUMÓT VIÐ PINTER
**Sun. 14/5 kl. 14:00**. Michael Billington, Penelope Wilton, Martin Regal, Hávar Sigurjónsson, Stefán Jónsson. Aðgangur ókeypis og öllum opinn.
**Málþing í samstarfi við Listahátíð í Reykjavík.**

ÁTTA KONUR
Fös. 12/5 örfá sæti laus, lau. 13/5 nokkur sæti laus. **Allra síðustu sýningar.**

KASSINN KL. 20:00

PÉTUR GAUTUR
Lau. 13/5 **uppselt**. **Sala hafin á sýningar í september.**
Fös. 15/9, lau. 16/9 nokkur sæti laus, sun. 17/9.

UMBREYTING - LJÓÐ Á HREYFINGU
**Frumsýning sun. 14/5 kl. 17:00 uppselt**, mið. 17/5 , fim. 18/5 , fös. 19/5, lau. 20/5, sun. 21/5. **Sýningin er ekki við hæfi barna yngri en 12 ára.**
**Samstarfsverkefni Þjóðleikhússins og Listahátíðar í Reykjavík.**

LITLA SVIÐIÐ

NÚ SKYLDI ÉG HLÆJA, VÆRI ÉG EKKI DAUÐUR!
Lau. 13/5 kl. 15:00 örfá sæti laus, sun. 14/5 kl. 11:00, mið. 17/5 kl. 17:00
**Samstarfsverkefni Nemendaleikhúss LHÍ og Þjóðleikhússins.**

LEIKHÚSKJALLARINN
**Hugleikur - Þetta mánaðarlega.** Í kvöld fim. 11/5 kl. 21:00
**Leikhúskjallarinn - gerðu meira úr góðri kvöldstund í leikhúsinu!**
Leikhúsveisla í mat og drykk fyrir sýningar um helgar frá kl: 18:00.
Smáréttir og veigar eftir sýningar. Borðapantanir í síma **585 1295**.

MIÐASALA Á NETINU ALLAN SÓLARHRINGINN - WWW.LEIKHUSID.IS
AFGREIÐSLA ER OPIN FRÁ KL. 12:30-18:00 MÁN.-ÞRI. AÐRA DAGA KL. 12:30-20:00.
MIÐASÖLUSÍMI: 551 1200. SÍMAPANTANIR FRÁ KL. 10:00 VIRKA DAGA.



Léttu þér Lífið




vilborga@centrum.is

General Electric

Sorpkvarnir
Minna sorp - betri lykt
GE sorpkvarnirnar eru öflugar og einfaldar í notkun og henta í flesta vaska. Með því að nota sorpkvörn minnkar ummál heimilissorpsins um allt að 30%. Notkun sorpkvarna auðveldar flokkun og endurvinnslu sorps til muna.
Fullt verð frá kr. 24.900

EIRVÍK
Suðurlandsbraut 20 - 108 Reykjavík
Sími 588 0200 - www.eirvik.is








AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ




**HALLDÓR HAUKSSON** Formaður vinafélags Sinfóníuhljómsveitar Íslands.

# Eins og að byggja hús

**Vinafélag Sinfóníuhljómsveitar Íslands stendur reglulega fyrir tónleikakynningum sem öllum standa opnar, en tilgangur þeirra felst meðal annars í eflingu áhuga á starfi sveitarinnar og undirbúningi fyrir tónleika.**

Halldór Hauksson er formaður félagsins en hann segir stöðugt fleiri sækja kynningarnar og að alla jafna mæti nú um 400 manns á ári. „Yngra fólkið lætur sig sárlega vanta, enda er það yfirleitt fólk af eldri kynslóðinni sem sækir tónleika Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Eflaust mætti meira gera til vekja ungt fólk til vitundar um mikilvægi þess að meta klassíska tónlist en miðað við hversu margt ungviðið leggur stund á klassískt tónlistarnám sætir þetta nokkurri furðu,“segir Halldór.

Tónlistarfræðingurinn Árni Heimir Ingólfsson sér um undirbúninginn fyrir tónleika á kynningarfundunum. Þá fjallar Árni um það tónverk sem er á dagskrá hljómsveitarinnar hverju sinni og veitir innsýn í verkið með tóndæmum, bæði af geisladiskum og píanói. „Þetta er eins og ef maður kæmi að húsi og vildi vita hvernig það er byggt, þá verður maður að þekkja efniviðinn eða einingarnar sem halda því uppi. Eins er með kynningu á tónverkum. Þær eru til þess gerðar að menn þekki þær einingar sem mynda verkið,“ heldur Halldór áfram.

„Árna er það í lófa lagið að koma ævi tónskáldanna og tónverkum þeirra á framfæri og veita viðstöddum ómetanlega innsýn í verkin áður en tónleikarnir sjálfir hefjast. Þetta á við hvort sem menn hafa hlotið einhverja tónmenntun eður ei.“ En hvað ávinnst með því að mæta á kynningarfundi fyrir tónleika og undirbúa sig þannig fremur en að njóta og nærast þegar þar að kemur? „Auðvitað er hugsunin ekki sú að metta fólk algerlega áður en á tónleikana er komið þannig að ekkert sé skilið eftir fyrir hlustandann sjálfan að túlka. Hugmyndin er aðeins sú að fólk fái betri tilfinningu fyrir tónverkinu og geti þannig betur skilið hvað býr að baki. Það er alveg sama um hvaða svið ræðir, ef maður hefur virkilega áhuga á einhverju þá vill maður vita eins mikið og unnt er um viðkomandi svið. Þá er ekki síður mikilvægt að þeir sem lítið hafa hlustað á klassíska tónlist geti náð utan um það tónverk sem þeir ætla að hlýða á. Það er ekki allt fengið þó fólki finnist tiltekið tónverk fallegt. Þá er oft gott að fá smá inngang frá fagmanneskju um það hvernig verkið er uppbyggt og hvað tónsmiðurinn var að hugsa þegar það var samið“, segir Halldór. „Þetta er alls ekki svo að Árni Heimir sé að segja fólki hvað það eigi að upplifa í þessum og hinum taktinum, heldur skilur hann eftir hálfkveðnar vísur fyrir áhorfendur til að botna.“

Síðasta tónleikakynning Vinafélags Sinfóníuhljómsveitar Íslands verður haldin í hliðarsal Hótel Sögu fimmtudaginn, 11.maí klukkan 18. Kynning verður á sjöttu sinfóníu Gustavs Mahlers sem Sinfóníuhljómsveit Íslands flytur í fyrsta sinn á tónleikum sínum í Háskólabíói síðar um kvöldið.

# Pistlahöfundur leitar portkonu

[ BÆKUR ]

UMFJÖLLUN

Í sögunni segir frá ónafngreindum pistlahöfundi sem á níræðisafmæli sínu ákveður að veita sér þann munað að leigja sér vændiskonu, nánar tiltekið hreina mey á unglingsaldri, og afdrifum þess að hann verður ástfanginn, hugfanginn og lifandi þó hann hafi aldrei verið formlega dauður.

Fyrir mér er þessi saga fyrst og fremst um elli óháða þroska og visku, það óhjákvæmilega hlutskipti mannsins að eldast og færast nær dauðanum, og þar með nær sjálfum sér. Frásögnin af þessum ósjarmerandi, feimna og fáránlega pistlahöfundi og afskiptum hans af saklausri stúlku vekur hjá mér ugg þótt ég geti ekki annað en brosað öðru hverju yfir vandræðalegum örlögum hans.

Örlög eru stórt orð sem menn eiga til að tengja við miklar epískar bókmenntir en það er allt annar bragur yfir þessari „litlu“ sögu en hinum doðröntunum hans Márquez. Þessi bók er eins og kafli eða sjálfbær útúrdúr og skemmtileg sem slík, raunamædd á köflum en inn á milli býsna skondin. Aðalpersónan er áhugaverður en nokkuð fráhrindandi gamall karl, óttalegur fauti sem alltaf hefur greitt fyrir greiðann og hefur með 512 hórur á samviskunni enda hefur hann tvisvar verið kosinn kúnni ársins á pútnahúsum götunnar. Hann lifir einföldu lífi, einangraður, vanafastur og hefur, að því er virðist, ekkert að lifa fyrir.

Eitthvað töfrandi hlýtur að gerast í sögu eftir Márquez og kvöldið sem hann hittir viðfang sitt, stúlkubarn sem hann kallar Delgandínu, hærist strengur í hans ástlausa og ónotaða hjarta og hann byrjar að finna fyrir þunga áranna sinna níutíu, telja hverja einustu mínútu sem hann á eftir ólifaða (36). Þannig er ástin, líkt og sá gamli hafi verið dæmdur til þess að lifa öll þessi ár og hafi einfaldlega ekki gert sér grein fyrir snautlegu lífi sínu eða verið tilbúin til þess að deyja fyrr en hann fann hana.

En þessi ást er óttalegt frat, hún er ekki háleit hugmynd í þessu samhengi, ekki upphafning eða botnlaus löðrandi losti. Samskipti hans við stúlkuna eru á köflum pervert, en hann nálgast hana eins og helgidóm enda er hún alltaf sofandi þegar segir af þeirra kynnum. Þannig verður ást hans ávallt tengd óhöndlanleika og æskudýrkun og manni verður óhjákvæmilega hugsað til Aschenbachs og Feneyja þegar pistlahöfundurinn játar og leitar í sífellu stúlkunnar sem þó minnir hann mest á ungt bardaganaut. Hún er jómfrú í öllum skilningi, ómótuð, ónotuð og óskilgreind. Þess vegna getur hún verið honum allt, uppfyllt allar hans þarfir og verið svar við spurningum sem hann hefur aldrei spurt sig fyrr. Kynni hans af stúlkunni hafa síðan afdrifaríkar afleiðingar á hans eigin skrif, hann fer að endurskoða líf sitt, rifja upp kynni af öðrum konum og portkvensum en bókin í heild er játning hans og um leið aflausn. Örvinglunin kemur einnig fram í pistlunum hans sem breytast í ástarbréf og hafa síðan smitandi áhrif á lesendur sína.

Það segir fátt af stúlkunni en við sögu kemur hórumamman Rosa Cabarcas sem hefur milligöngu um þeirra samskipti og byrlar stúlkunni sefandi drykki sem og ritstjóri pistlaskrifarans og köttur sem hann fær í afmælisgjöf frá prenturunum. Þessum aukapersónum hefði verið gaman að kynnast betur sem og sögusviðinu því galdri þess er haldið í algjöru lágmarki.

Eins langt og hún nær, heilar 127 síður, er þessi nóvella Márquez ágætis helgarlestur en mér finnst samt eitthvað skorta. Þessi óvenjulega saga um sammannlega þráhyggju og hálf klisjukennda trú á ástina fleytti of miklar kerlingar að mínu mati.

Kristrún Heiða Hauksdóttir




**MINNINGAR UM DÖPRU HÓRURNAR MÍNAR EFTIR GABRIEL GARCÍA MARQUEZ**

ÚTGEFANDI: EDDA ÚTGÁFA

**Niðurstaða:** Þessi óvenjulega saga um sammannlega þráhyggju fleytir og miklar kerlingar.

LITLA HRYLLINGSBÚÐIN
Sett upp í samstarfi við Leikfélag Akureyrar
LAUGARDAGUR 13. MAÍ KL. 20 - FRUMSÝNING - UPPSELT
SUN. 14. MAÍ KL. 19 - UPPSELT
LAU. 20. MAÍ KL.19 - NOKKUR SÆTI LAUS
LAU. 27. MAÍ KL. 15 - Aukasýning
LAU. 27. MAÍ KL. 19 - ÖRFÁSÆTI LAUS
LAU. 3. JÚNÍ KL. 19 - ÖRFÁ SÆTI LAUS
LAU. 10. JÚNÍ KL. 19 - Laus sæti
*Frábær sýning sem hefur slegið algjörlega í gegn. Sýnd í Óperunni í maí og júní. Miðasala hafin*
www.opera.is | opera@opera.is | Sími: 511 4200
Miðasalan er opin alla daga nema mánudaga frá kl. 14-18 og fram að sýningu sýningardaga Símasala kl. 10-18. þriðjudaga - föstudaga. Miðasala á Óperuvefnum allan sólarhringinn
ÍSLENSKA ÓPERAN









Reykjavík í öðru ljósi
Tímamótamynd Hrafns Gunnlaugssonar um skipulagsmál í Reykjavík.
Í kvöld á NFS kl. 21:10
NFS

Heineken®
DJAMMIÐ UM HELGINA:
VEGAMÓT
Fimmtudaginn:
DJ ÁRNI E
Föstudaginn:
DJ KÁRI
Laugardaginn:
D.SIMS & J-MASTA
CAFÉ ROSENBERG
Stuðbandið
MOGADON
Alla helgina
Heineken.is
Allt um djammið



**> Helltu...**

*...upp á kaffi og settu það á brúsa. Þrammaðu síðan með brúsann út í góða veðrið og njóttu kaffisins utandyra.*

# matur&vín

maturogvin@frettabladid.is

MATGÆÐINGURINN **BRAGI GUÐMUNDSSON DAGSKRÁRGERÐARMAÐUR Á LÉTTBYLGJUNNI**

## *Hnetusmjörið gerir gæfumuninn*

**Hvaða matar gætirðu síst verið án?**
Hangikjötsins á jóladag og svo grillkjöts á góðu sumarkvöldi þar sem ég held um tæki og tól og fylgi steikinni úr pakkningunni alla leið á diskinn, íklæddur svuntu og vopnaður einum köldum.

**Fyrsta minning um mat?**
Ég var örlítið matvandur svona fyrstu árin svo ég hef líklega ekki verið að festa mikið á minnið, en eldhúsborðið sé ég ljóslifandi fyrir mér.

**Besta máltíð sem þú hefur fengið?**
Það var tvenna af lambalundum og kjúklingabringum ásamt ýmsum sósum og meðlæti á líbanska veitingastaðnum Özer við Oxford Circus í London. Ótrúlega góður matur og flottur staður og ekki skemmdi fyrir að ég var þar með mínum bestu vinum.

**Er einhver matur sem þér finnst vondur?**
Súrsæt sósa hefur aldrei átt upp á pallborðið hjá mér þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir og sömuleiðis á ég erfitt með kjöt af villtum fuglum. Ég er líka ansi hræddur um að fjölskylduhefðin um mjólkurgraut á laugardögum verði aldrei viðhöfð á mínu heimili.

**Leyndarmál úr eldhússkápnum?**
Ef maður er að malla eitthvað austurlenskt í wokpönnunni er nauðsynlegt að eiga dós af hnetusmjöri, það gerir gæfumuninn fyrir bragðið.
Þetta trix fékk ég frá einum vel giftum vini mínum.

**Hvað borðar þú til þess að láta þér líða betur?**
Sem betur fer hef ég sjaldan notað mat í þeim eina tilgangi að rífa mig upp úr einhverjum bömmer, enda sjaldan á slíkum. Það er samt alveg ljóst að það er mikill lækningamáttur í mat og ætli megi ekki þess vegna segja að roast beef samlokan á Oliver sé heimilislæknirinn minn.

**Hvað áttu alltaf í ísskápnum?**
Það eru alltaf til egg og léttmjólk, gráðaostur og parmesan. Ef þetta er klárt er þá er hægt að útbúa fínustu máltíð úr því sem til er í hinum skápunum.



**Ef þú yrðir fastur á eyðieyju hvað tækirðu með þér?**
Yrði sniðugt að taka með sér bækur sem maður gæti svo borðað þegar maður er búinn að lesa þær. Og svo blakbolta upp á félagsskapinn.

**Hvað er það skrítnasta sem þú hefur borðað?**
Alveg sama hvert maður ferðast um heiminn þá verða svið það undarlegasta sem maður hefur látið ofan í sig. Við Íslendingar erum stórskrítið fólk.



**ÞRÚGUR GLEÐINNAR**
**> EINAR LOGI VIGNISSON**

## Tilboðsverð prýðileg afsökun

Á Chiledögum vínbúðanna sem nú standa yfir eru öll vín sem þemadögunum tilheyra á tilboðsverði. Það er prýðileg afsökun til að leyfa sér aðeins dýrari vín en vanalega, þau eru jú á tilboði! Ég þreytist sjaldan á að benda vínáhugafólki á hversu miklu munar á vínum sem kosta um þúsundkallinn og þeim sem kosta 2-400 kr. meira. Vegna hinna flötu áfengisskatta okkar hefur skattheimtan þegar fallið af mestum þunga á ódýrustu vínin og verðmunurinn þar eftir liggur að langmestu leyti beint í innkaupsverðinu. Þannig er 1.200 kr. vín í það minnsta helmingi dýrara frá framleiðanda og 1.400 kr. vín fjórum sinnum dýrara. Hér ætla ég því að benda á nokkru vín úr þessum verðflokki frá Chile og skora á fólk að gefa þeim og öðrum sambærilegum vínum gaum.

Hvítvín frá Chile eru flest fersk og einföld borðvín en þó geta feit og eikuð chardonnay-vín risið býsna hátt. Ef vínin hafa verið geymd á eik bera þau gjarnan viðskeytið reserve eins og hið ágæta Canepa Private Reserve á 1.190 kr. Nú eða Anakena Chardonnay Reservado á 1.290 kr. sem er lýst með þeim skemmtilega hætti í bæklingi Vínbúðanna að það sé gott í geimgöngur... De Martino Legado Reserva Chardonnay á 1.400 kr. er vel eikað eftir 11 mánuði og í Morande Vitisterra Chardonnay Grand Reserve sem kostar 1.590 kr. er ballansinn og mýktin orðin dansandi góð.

Rauðvín frá Chile eru gjarnan blönduð eins og Escudo Rojo sem kostar 1.290 kr. og var eitt af vínunum sem hlaut gyllta glasið hjá Vínþjónasamtökunum sl. haust. Carmenere er ein af þeim þrúgum sem henta sérlega vel í blöndur eins og Carmen Reserve Carmenere Cabernet á 1.390 kr. ber glögt vitni um. Aurelio Montes er einn besti framleiðandi Chile og ekki slæmt að geta nælt sér í eina Montes Alpha Cabernet Sauvignon á tilboði á 1.490 kr. Áður en við sprengjum verðskalan gætum við staðnæmst við tvö feykiöflug cabernet sauvignon vín, San Pedro 1865 á 1.680 kr. og Santa Rita Medalla Real á 1.790 kr. Bæði eru á hinum ágæta lista yfir vín sem eru eingöngu fáanleg í tilefni Chiledaganna.



**VERT AÐ SPÁ Í**
Ef menn komast á annað borð í stuð með að prófa eitthvað nýtt, afhverju ekki að prófa eitthvað óvenjulegt eins og sætvín frá Chile? Concha Y Toro Late Harvest er alveg prýðilegt og 1.350 kr. verðmiðinn ætti ekki að stöðva neinn í tilraunamennskunni. Svona hálfflaska dugar í eitt meðal matarboð fyrir 6-10 manns.



GAMAN AÐ GRILLA Bára á fallegt eldhús en hefur meira gaman af því að grilla utandyra, bæði á veröndinni heima og í útilegum.
FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

# Grillar hvernig sem viðrar

**Snyrtifræðingurinn Bára Alexandersdóttir er mikið fyrir grillmat og á hennar heimili er svo til öllu skellt á grillið.**

„Við hjónin erum mjög hrifin af grillmat og það er grillað allan ársins hring á okkar heimili,“ segir Bára. Hún segir að þau skelli kjöti, fiski og grænmeti á grillið en húsbóndinn sem er mikill veiðimaður hafi samt mest gaman af því að grilla eigin veiði eins og lax, sjóbirting og hreindýr. „Við erum með góða grillaðstöðu hér heima og látum rigninguna ekkert stoppa okkur. Þá grillum við bara undir skyggni og svo grillum við líka alltaf í útilegum,“ segir Bára sem fór einmitt í fyrstu útilegu sumarsins um síðustu helgi þegar leiðin lá í Þrastarskóg. Og þar var grillið að sjálfsögðu tekið fram. „Það var yndislegt að anda skógarlyktinni að sér en Þrastarskógur er virkilega fallegur staður sérstaklega á vorin og haustin.“

Bára segir að það sé stórsniðugt að nota grillið sem mest. Athöfnin sjálf, að standa í matartilbúningi utandyra við grillið, sé stórskemmtileg, uppvaskið sé lítið og grillmatur sé auk þess afar ljúffengur. Bára gefur hér lesendum Fréttablaðsins uppskrift að kartöflugratíni sem hún býr oft til bæði hversdags og spari. „Það passar með öllum mat, ekki síst grillmat og er alltaf jafnvinsælt.“

**KARTÖFLUGRATÍN SEM PASSAR MEÐ ÖLLU**

**1 poki frosnar kartöfluskífur**
**1 peli matarrjómi**
**2 msk hveiti**
**salt**
**hvítlaukspipar**
**ostur**

Eldfast mót er smurt með olíu og kartöflunum er raðað í það. Salti og hvítlaukspipar (eftir smekk) er blandað saman við hveitið og það er svo pískað saman við örlítið af rjóma. Restinni af rjómanum er svo blandað saman við og blöndunni hellt yfir kartöflurnar. Álpappír er settur yfir mótið og þetta er svo bakað í 50 mín. við 180-200 gráður. Þá er osti stráð yfir og bakað í 10 mínútur í viðbót. Ath. ekki er verra að blanda parmesanosti í ostinn.






VEITINGASTAÐURINN **FRIÐRIK V STRANDGÖTU 7, 600 AKUREYRI, S. 4615775**

## *Með útsýni yfir miðbæinn*

Veitingastaðurinn Friðrik V. Brasserie á Akureyri er fimm ára gamall. Hann er til húsa við Strandgötuna, á efri hæð Kaffi Akureyrar og tekur veitingasalurinn um 60 manns í sæti. Sjálfur veitingasalurinn er reyklaus en leyfilegt er að reykja í stofunni. Gott útsýni er yfir miðbæinn af staðnum og þar eru einnig reglulega haldnar myndlistasýningar með norðlenskum listamönnum. Veitingastaðurinn er rekinn af meistarakokknum Friðriki Vali Karlssyni og konunni hans, Arnrúnu Magnúsdóttur og þannig er nafn staðarins, Friðrik V, sótt til kokksins sjálfs en þetta er fimmti veitingastaðurinn á Akureyri sem hann eldar á.




**Matseðillinn?** Friðrik V. sérhæfir sig í mat úr íslensku hráefni sem eldað er á nútíma evrópska vísu. Matseðillinn er fjölbreyttur með girnilegum réttum bæði fisk-, kjöt- og grænmetisréttum. Vínlistinn er fullur af ungum eðalvínum.

**Vinsælast?** Þetta er staðurinn sem Akureyringar fara á þegar þeir hafa einhverju virkilega flottu að fagna. Þá velja menn gjarnan „gourmet menu“ en þá töfrar kokkurinn fram fimm óvænta rétti og kynnir þá fyrir gestum.

**Verð?** Það er hægt að fá 10 tapasrétti á kr. 6.690 og 5 rétta máltíð á 6.690. Einnig er boðið upp á sérvalið vínglas með hverjum rétti.

# TILBOÐ

# TVIX 3.5" SPILARI

NÝ OG GLÆSILEG KYNSLÓÐ TVIX SPILARA • NÝ KYNSLÓÐ

**BEINT Í SJÓNVARP**
Horfðu á kvikmyndir í sjónvarpi, ljósmyndir úr fríinu eða hlustaðu á tónlist allt saman án tölvu

**EINNIG 3.5" HÝSING**
Virkar einnig sem venjulegur harðdiskaflakkari og tengist þá beint í USB tengi tölvunnar

**BEINT Í GRÆJUR**
Með fjarstýringunni getur þú spilað tónlist beint úr TViX spilaranum án tölvu eða sjónvarps

**ÖRUGG VINNSLA**
DViCO TViX spilarinn er í hæsta gæðaflokki og virkar með öllum venjulegum 3.5" IDE harðdiskum

**AUÐVELD Í NOTKUN**
Spilar án vandræða alla mögulega staðla eins og AVI, DivX3-5, DAT, MPEG, VOB, MP3, WMA, OGG og JPEG

**FYLGIHLUTIR**
Allir helstu kaplar fylgja, einnig fullkomin fjarstýring sem er hlaðin af möguleikum

| ÁN HD | 250GB | 320GB |
|---|---|---|
| 14.900 | 25.900 | 29.900 |

## ÍSLENSKT LYKLABORÐ

Logitech

**ÍSLENSKIR STAFIR**
Loksins á Íslandi er hægt að fá fullkomið Logitech lyklaborð með ábrenndum íslenskum stöfum

**ÞÆGILEGT Í NOTKUN**
Þægileg "Zero Degree Tilt" hönnun sem varnar þreytumyndun í úlnliðum og fingrum

**FJÖLDI FLÝTIHNAPPA**
Frábærir Multi Media flýtihnappar ásamt auðveldri stjórn á hljóði og vöfrun, Zoom möguleikar í skjölum

VIÐURKENNDUR LOGITECH ENDURSÖLUAÐILI •

**VERÐ 3.490**

## DViCO TViX HÝSING

TViX mini

NÝ OG GLÆSILEG KYNSLÓÐ TVIX SPILARA • NÝ KYNSLÓÐ

**BEINT Í SJÓNVARP**
Horfðu á kvikmyndir í sjónvarpi, ljósmyndir úr fríinu eða hlustaðu á tónlist allt saman án tölvu

**BEINT Í GRÆJUR**
Með fjarstýringunni getur þú spilað tónlist beint úr TViX spilaranum án tölvu eða sjónvarps

**BEINT Í MYNDAVÉL**
Eina græjan sem þarf í fríið, þú flytur allar myndir beint úr myndavél eða kortalesara yfir á TViX án tölvu

| ÁN HD | 40GB | 100GB |
|---|---|---|
| 14.900 | 22.900 | 29.900 |

Öll verð eru birt með fyrirvara um breytingar, innsláttarvillur og myndabrengl

## VEFMYNDAVÉL

Logitech

Logitech QuickCam Fusion vefmyndavél með innbyggðum hljóðnema, hreyfiskynjara og Video Effects hugbúnaði

**VERÐ 12.900**

## LOGITECH MÚS

Logitech

Logitech MediaPlay er þráðlaus mús sem hægt að nota sem fjarstýringu fyrir tölvuna. Fjöldi af flýtitökkum

**VERÐ 5.990**

## ACER CE 5330

acer

Acer CE 5330, 5 MegaPixla upplausn 3x Optical Zoom, stór LCD skjár SD rauf, USB2, taska og hleðslurafhlaða

**VERÐ 17.900**

## ACER CU 6530

acer

Acer CU 6530, 6.3 MegaPixla upplausn 3x Optical Zoom, stór 2.5" LCD skjár 64MB SD kort, taska og hleðsludocka

**VERÐ 34.900**

512MB Secure Digital minniskort frá Corsair
**VERÐ 3.990**

1GB Secure Digital minniskort frá Corsair
**VERÐ 6.990**

Flottur Logitech þráðlaus Rumblepad USB stýripinni
**VERÐ 5.990**

12V bílastraumbreytir fyrir 2.5" TViX mini
**VERÐ 2.990**

Traxdata útvær 11-in-1 kortalesari fyrir flest kort
**VERÐ 2.990**

Taska úr leðurlíki með axlaról og beltisfestingu
**VERÐ 990**

MANHATTAN
Lítill og nettur þrífótur fyrir flestar myndavélar
**VERÐ 990**

Canon
100 stk 4x6 Glossy Photo GP-501 Ljósmyndapappír
**VERÐ 1.490**

# TÖLVULISTINN

SÉRVERSLUN MEÐ TÖLVUBÚNAÐ Í 12 ÁR

| 1 REYKJAVÍK | 2 AKUREYRI | 3 KEFLAVÍK |
|---|---|---|
| Nóatúni 17 | Glerárgötu 36 | Hafnargötu 90 |
| Sími 562 6730 | Sími 464 7400 | Sími 534 7400 |

*Michael: My father is no different than any powerful man, any man with power, like a president or senator.*
*Kay Adams: Do you know how naive you sound, Michael? Presidents and senators don't have men killed.*
*Michael: Oh. Who's being naive, Kay?*

Michael Corleone útskýrir fyrir heitkonu sinni hlutverk föður síns í Guðföðurnum eftir Francis Ford Coppola.

# bíó

bio@frettabladid.is

# Hæfileikaríkur tugthúslimur

Robert Downey Jr. hefur marga fjöruna sopið á ferli sínum í Hollywood. Leikarinn hefur margoft komist í kast við lögin vegna síendurtekinnar fíkniefnaneyslu og neyddist meðal annars til að dúsa í steininum eftir að hafa brotið skilorð. Fáir efast þó um hæfileika Downeys sem skaust upp á stjörnuhimininn um miðjan tíunda áratuginn

Downey vakti fyrst athygli í kvikmyndinni Less Than Zero þar sem hann lék á móti Andrew McCarthy og James Spader. Hann tók í kjölfarið að sér hlutverk í Air America þar sem hann lék á móti Mel Gibson. Stóra tækifærið kom þegar Downey var ráðinn til að leika gamanmyndagoðsögnina Charlie Chaplin eftir Richard Attenborough. Þó að myndin sjálf hefði ekki hlotið þá glimrandi dóma sem vonast hafði verið til þá skaut hún Downey upp á stjörnuhimininn. Hann var tilnefndur til óskarsverðlauna og hlaut hin eftirsóttu bafta-verðlaun.

Eftir miðjan tíunda áratuginn hallaði verulega undan fæti hjá leikaranum. Downey kom öllum á óvart er hann tók að sér hlutverk í sjónvarpsþáttaröðinni um Ally McBeal en það reyndist vera nýtt upphaf hjá Robert Downey Jr. Hann lék stórskemmtilegan bókaútgefanda í Wonderboyz og leikur á næstunni sjálfan Edgar Allen Poe.



**ROBERT DOWNEY JR.** Það virðast vera bjartari tímar framundan hjá leikaranum.
FRÉTTABLAÐIÐ / MYND: REUTERS

## > Ekki missa af...

Philip Seymour Hoffman, Laurence Fishburn og að sjálfsögðu Tom Cruise í fyrstu sumarmynd ársins, Mission Impossible III. Stanslaus spenna og hasar frá upphafi til enda þar sem þrjóturinn vílar ekki fyrir sér að fremja illvirki. Auðvelt fyrir þá sem hafa fengið ógeð á Tom Cruise að horfa framhjá því og njóta alls hins besta sem alvöru Hollywood-mynd hefur upp á að bjóða.





**CRY WOLF** Unglingatryllirinn Cry Wolf fjallar um menntaskólanema sem koma af stað orðrómi um að raðmorðingi gangi laus.

# Úlfur og hundur á hvíta tjaldinu

Kvikmyndirnar Cry Wolf og Shaggy Dog verða frumsýndar hérlendis um helgina. Cry Wolf er unglingatryllir sem fjallar um átta menntaskólanema sem eru meðlimir í leynilegum lygaraklúbbi. Eftir að morð er framið skammt frá háskólalóðinni breiðir klúbburinn út þann orðróm að raðmorðinginn The Wolf hafi framið morðið og ætli að láta til skarar skríða á ný. Á þessi leikur, sem upphaflega átti að vera létt grín, á eftir að hafa óhugnanlegar afleiðingar.

Með aðalhlutverk í myndinni fara Julian Morris, Lindy Booth, Jared Padalecki og söngvarinn Jon Bon Jovi.

Handlagni heimilisfaðirinn fyrrverandi, Tim Allen, fer með aðalhlutverkið í gamanmyndinni The Shaggy Dog. Myndin er byggð á samnefndri vinsælli mynd frá árinu 1959. Fjallar hún um lögfræðing sem breytist í stóran hund og hinar skondnu afleiðingar sem það á eftir að hafa á líf hans. Með önnur helstu hlutverk fara Kristin Davis, Robert Downey Jr. og Danny Glover.






# Rússíbanar frá Hollywood

**Sumarkvikmyndirnar eru farnar að berast hingað á Frón en þær eru jafnmikill vorboði og lóan eða geitungarnir. Í Hollywood er eytt gríðarlegum fjármunum í þessar kvikmyndir sem eru úttroðnar af stórstjörnum, sprengingum og hasar. Freyr Gígja Gunnarsson skellti sér í sumarfötin og hvarf inn í draumalönd Hollywood.**



**SIGURVEGARI SUMARSINS?** Ef Johnny Depp og félagar standa uppi sem sigurvegarar kæmi það mjög á óvart.

Síðasta sumar olli nokkrum vonbrigðum hjá stóru kvikmyndaverunum en augljósir smellir skiluðu ekki tilætluðum árangri. Árið í ár virðist ætla að verða óvenju bitastætt og tímaritið Newsweek gerði úttekt á þeim kvikmyndum sem líklegar þykja til vinsælda og kemur útkoman nokkuð á óvart.

### Skákar einhver Da Vinci?

Í síðustu viku var þriðja myndin í Mission Impossible-flokknum frumsýnd. Cruise og félagar hafa fengið fína dóma og góða aðsókn í Evrópu en Bandaríkjamenn virðast vera búnir að fá sig fullsadda af hinum uppátækjasama Cruise. Í úttekt Newsweek hafna Ethan Hunt og félagar í tíunda sæti yfir líklega stórsmelli. Í umsögn blaðsins segir að Cruise laði ekki lengur að eins og hann var vanur að gera og eru vonir bundnar við ansi safaríkan leikhóp með Philip Seymour Hoffman fremstan í flokki.

MI-3 kemst þó ekki með tærnar þar sem Da Vinci-lykillinn, sem byggð er á samnefndri sögu Dan Brown, hefur hælana. Bókin olli miklum deilum á sínum tíma og nú þegar eru kirkjunnar menn farnir að undirbúa mótmæli gegn myndinni.

Í Newsweek kemur fram að Columbia-framleiðslufyrirtækið hafi farið öruggu leiðina, ráðið Ron Howard til að leikstýra og sjálfan Tom Hanks til að leika Robert Langdon. Helsta vandamálið að mati tímaritsins er að myndin gæti verið of löng. „Tveir og hálfur tími - margir lásu bókina á skemmri tíma,“ segir í umsögninni.

### Óvæntur sigurvegari

Flestir myndu vafalítið reikna með að Newsweek myndi setja Superman í fyrsta sætið fyrst hvorki Mission Impossible né Da Vinci hafa erindi sem erfiði. Aðdáendur ofurhetjunnar hafa beðið lengi eftir endurgerðinni. Til stóð að Nicholas Cage yrði í aðalhlutverki og Tim Burton við leikstjórn en honum tókst vel upp með Leðurblökumanninn.

Tíu ár og þrjá leikstjóra þurfti hins vegar til að menn treystu sér loks að fara af stað. Bryan Singer leikstýrir myndinni og hinn óþekkti Brandon Routh fetar í fótspor Christophers Reeve. Newsweek setur myndina í þriðja sæti af þeim sem líklegar eru til vinsælda en telur hana engu að síður vera mikla áhættu. „Vilja áhorfendur sjá skátastrákinn Clark Kent þegar þeir hafa séð dökka mynd af Leðurblökumanninum, Köngulóarmanninum í tilvistarkreppu og utangarðsmennina í X-Men. Með Bryan Singer við stjórnvölinn verðum við að treysta því,“ segir í umsögn Newsweek.

Þegar Jerry Bruckheimer og Disney-fyrirtækið ákváðu að endurvekja sjóræningjastemninguna supu margir hveljur. Enn fleiri ráku upp stór augu þegar Johnny Depp var ráðinn í hlutverk Jacks Sparrow því leikarinn, þrátt fyrir mikla hæfileika, hefur aldrei leikið í stórum smelli. Hvað þá að myndin er byggð á leiktæki í Disney-garðinum. Bruckheimer vissi hins vegar hvað hann var að gera og myndin um sjóræningjana á Karíbahafinu sló strax í gegn. Newsweek spáir því að framhaldið, Dead Man's Chest, eigi eftir að verma efsta sætið áður en yfir lýkur og ef það gengur eftir ynnu Sparrow og félagar einn óvæntasta sigur sumarsins.

### Eitthvað fer úrskeiðis

Þrátt fyrir mikla peninga, stórstjörnur í hverri rullu og leikstjóra í hæsta gæðaflokki geta sumarmyndirnar klikkað og skilað miklu tapi. Fantastic Four og The Island voru gott dæmi um slíkt í fyrra en í ár verður Miami Vice að teljast líklegust til að hljóta þá vafasömu nafnbót að vera „mistök ársins“.

Þrátt fyrir að vera byggð á vinsælum sjónvarpsþáttum hefur Colin Farrell ekki það aðdáttarafl sem markaðsöflin halda að hann hafi. Jamie Foxx gæti hugsanlega bjargað myndinni auk leikstjórans Manns.

The Break Up beitir sömu markaðsbrellu og Mr. & Mrs Smith. Að þessu sinni er það Jennifer Aniston sem er í aðalhlutverki en ekki Angelina Jolie, eiginkona fyrrverandi eiginmanns Aniston, Brads Pitt.

Aniston varð ástfangin af mótleikara sínum Vince Vaughn sem svo kaldhæðnislega vill til að lék líka í Mr. & Mrs. Smith. Vaughn er einn af fyndnustu mönnum heims en þegar kemur að gamanmyndum getur brugðið til beggja vona.

### Tvíburaturnarnir og hryllingur

Hryðjuverkin 11. september breyttu heimsmyndinni og fjórum árum síðar ætlar Oliver Stone að bregða ljósi á þessa atburði frá sjónarhóli björgunarsveitarmanna. World Trade Center skartar Nicholas Cage í aðalhlutverki en eins og alltaf þegar Stone er nærri má búast við miklu fjaðrafoki. Kvikmyndin United 93 greinir frá síðustu stundum farþega þotunnar sem var grandað áður en hún var notuð til hryðjuverka og vakti myndin mikla athygli á Tribeca-hátíðinni. Hvorugar þessara mynda eru þó líklegar til að valda einhverjum usla í miðasölunni.

Þá má ekki gleyma öllum þeim endurgerðu hryllingsmyndum sem eiga að hræða líftóruna úr unglingunum M. Night Shyamalan mætir til leiks með Lady in Water en þar fer Paul Giamatti með aðalhlutverkið. Endurgerð Omen með Miu Farrow gæti gert góða hluti sem og An American Haunting með Donald Sutherland og Sissy Spacek.



**OFURMENNIÐ** Ungstirnið Brandon Routh með réttu græjurnar.

# Evrópu Frumsýning

## á nýrri 5 blaða rakvél frá Gillette

- 5 blaða kerfi, meiri þægindi
- 1 blað á bakhlið vélarinnar sem auðveldar rakstur á erfiðum svæðum
- Sýnir hleðslu rafhlöðu og slekkur á sér sjálfkrafa

**Aðeins í Hagkaupum**




**HAGKAUP**

*Skemmtilegast að versla*

# TOPPMERKI........

PONY · CLUB DEI PRIMI · PUMA · SKECHERS · PETER KAISER · PRIMIGI

FRÁBÆR TILBOÐ - MIKIÐ ÚRVAL - FRÁBÆR TILBOÐ - MIKIÐ ÚRVAL - FRÁBÆR TILBOÐ - MIKIÐ ÚRVAL - FRÁBÆ

**FRÁBÆRT VERÐ**
*Barnaskór*
995 kr. - verð nú
stærðir: 30-35



**67% afsláttur**
*Barnaskór*
4.495 kr. - verð áður
1.495 kr. - verð nú
stærðir: 36-41



**50% afsláttur**
*Strigaskór*
8.995 kr. - verð áður
4.495 kr. - verð nú
stærðir: 36-41



**50% afsláttur**
*Strigaskór*
8.995 kr. - verð áður
4.495 kr. - verð nú
stærðir: 36-41



**50% afsláttur**
*Strigaskór*
8.995 kr. - verð áður
4.495 kr. - verð nú
stærðir: 36-41



**50% afsláttur**
*Barnaskór*
3.995 kr. - verð áður
1.995 kr. - verð nú
stærðir: 28-35



**50% afsláttur**
*Strigaskór*
4.995 kr. - verð áður
2.495 kr. - verð nú
stærðir: 26-31



**60% afsláttur**
*Strigaskór*
4.995 kr. - verð áður
1.995 kr. - verð nú
stærðir: 28-38



**60% afsláttur**
*Strigaskór*
4.995 kr. - verð áður
1.995 kr. - verð nú
stærðir: 25-31



**FRÁBÆRT VERÐ**
*Barnaskór*
995 kr. - verð nú
stærðir: 28-33



**30% afsláttur**
*Barnaskór*
4.995 kr. - verð áður
3.495 kr. - verð nú
stærðir: 28-35



**FRÁBÆRT VERÐ**
*Netasandalar*
695 kr. - verð nú
stærðir: 28-41



**67% afsláttur**
*Barnaskór*
2.995 kr. - verð áður
995 kr. - verð nú
stærðir: 31-35



DÖMUSKÓR - HERRASKÓR - BA... ...DALAR - ... HERRASK... ...R - SANDALAR

SKÓR FRÁ: 100 kr.-

HÖFUM FYLLT Á 1000 kr.- BORÐIN

VERSLAÐU ÓDÝRT!

**SUMARIÐ ER KOMIÐ HJÁ OKKUR**

## TOPPSKÓRINN OUTLET
HEFUR OPNAÐ Á NÝJUM STAÐ Í
## GRAFARHOLTINU
(VIÐ HLIÐINA Á HÚSASMIÐJUNNI)




OPIÐ: MÁN.-FÖS. 11 - 18, LAU. 10 - 16

*BIRT MEÐ FYRIRVARA UM VERÐBREYTINGAR, MYNDBRENGL OG STAFSETNINGARVILLUR

# ....Á TOPPVERÐI

ara · Mary B. · ZINDA · ecco · LLOYD · Donna Carolina

TILBOÐ - MIKIÐ ÚRVAL - FRÁBÆR TILBOÐ - MIKIÐ ÚRVAL - FRÁBÆR TILBOÐ - MIKIÐ ÚRVAL - FRÁBÆR TILBOÐ

**58% afsláttur**

*Dömuskór*
6.995 kr. - verð áður
**2.995 kr. - verð nú**
stærðir: 36-41



**50% afsláttur**

*Dömusandalar*
4.995 kr. - verð áður
**2.495 kr. - verð nú**
stærðir: 36-41



**50% afsláttur**

*Dömusandalar*
4.995 kr. - verð áður
**2.495 kr. - verð nú**
stærðir: 36-41



**70% afsláttur**

*Dömusandalar*
9.995 kr. - verð áður
**2.995 kr. - verð nú**
stærðir: 36-41



**50% afsláttur**

*Dömusandalar*
9.995 kr. - verð áður
**4.995 kr. - verð nú**
stærðir: 36-41



**FRÁBÆRT VERÐ**

*Herrasandalar*
**2.995 kr. - verð nú**
stærðir: 41-46



**FRÁBÆRT VERÐ**

*Herraskór*
**2.995 kr. - verð nú**
stærðir: 41-46



**30% afsláttur**

*Dömusandalar*
6.995 kr. - verð áður
**4.897 kr. - verð nú**
stærðir: 40-46



**30% afsláttur**

*Dömusandalar*
6.995 kr. - verð áður
**4.897 kr. - verð nú**
stærðir: 40-46



*Dömustígvél*
14.995 kr. - verð áður
**6.995 kr. - verð nú**
stærðir: 36-41

**52% afsláttur**



DÖMUSKÓR - HERRASKÓR - BARNASKÓR - SANDALAR - DÖMUSKÓR - HERRASKÓ... NDALAR

**FRÁBÆRT ÚRVAL**

**NÝTT KORTA-TÍMABIL**

# Toppskórinn Outlet

*VÍNLANDSLEIÐ 6 - Grafarholt - S: 533 3109*

fjörið ... **Fólk**
folk@frettabladid.is

**EUROVISION 2006** GUNNHILDUR A. GUNNARSDÓTTIR SKRIFAR UM SILVÍU OG KEPPINAUTANA

# *Silvía sveik á annað hundrað aðdáendur*

Silvía sveik tæplega tvö hundruð unga aðdáendur sína þegar hún mætti ekki í Essó á Ártúnshöfða. Heilsíðuauglýsingar blaðanna höfðu boðað komu hennar á bensínstöðina til að gefa eiginhaldaráritanir. Silvía heldur til Grikklands í dag.

Ungu aðdáendurnir hrópuðu nafn hennar þegar ljóst var að Silvíu seinkaði. Eftir korters bið kom leikkonan Ólafía Hrönn í gervi Silvíu á svæðið. Enginn var Rómaríó, en Ingvar Sigurðsson, leikari, stóð þétt við hlið gervi-Silvíu.

Börnin voru fljót að átta sig og heimtuðu að fá að sjá átrúnaðargoðið. Álút og vonsvikin fóru þau svo af svæðinu þegar ljóst var að Silvía kæmi ekki.

Allt virðist á niðurleið hjá stórstjörnunni. Henni hefur verið tilkynnt að hún megi ekki blóta á sviði og verði jafnvel vikið úr keppni haldi hún því til streytu.

Svante Stockselius, yfirmaður Eurovision-keppninnar hjá Sambandi evrópskra sjónvarsstöðva, EBU, staðfestir að bréfið hafi borist Silvíu.

„Við ætlum að funda með íslensku sendinefndinni í Grikklandi, þar sem nokkur lönd innan sambandsins líða ekki að hún blóti í útsendingunni," segir Svante: „Mér er svo sem sjálfum sama en blótsyrðin eru bönnuð í löndunum þar sem Eurovision er fjölskylduskemmtun."

Svante segir sambandið ekki hafa fengið afrit af þeim texta sem svo heyrðist í myndbandinu. Blótsyrðinu hafi verið bætt við. Samkvæmt reglum megi ekki breyta textanum eftirá.

Jónatan Garðarsson, sem fer fyrir íslensku sendinefndinni, segir að Silvía Nótt hafi skrifað undir samning um að virða reglur keppninnar. Hann geri ráð fyrir því að hún standi við samninginn.

Silvía segir hins vegar á heimasíðu sinni, eins og fram hefur komið, að hún kviki ekki frá textanum: „Fucking say what I fucking want." Eftir daginn í gær mætti halda að sæti fyrir eftirlæti þjóðarinnar sé laust, að minnsta kosti í huga þeirra ríflega hundrað sem mættu í Essó í gær.




**GERVI-SILVÍA MÆTTI** Börnin sætta sig ekki við hvaða Silvíu sem er og gáfu þeirri nýju ekki færi á að tjá sig. Þau hrópuðu: „Við viljum Silvíu."



**JOLIE OG PITT** Angelina Jolie og Brad Pitt ásamt ættleiddri dóttur þeirra Zahara Jolie-Pitt.

# Enginn samningur

Hjartaknúsarinn Brad Pitt hefur enn ekki skrifað undir samning um að leika í framhaldsmyndinni Ocean´s 13.

Tökur á myndinni eiga að hefjast í Los Angeles og Las Vegas þann 21. júlí og er George Clooney, aðalleikari og einn af framleiðendum myndarinnar, orðinn áhyggjufullur.

Pitt er um þessar mundir staddur í Namibíu með hinni ófrísku Angelinu Jolie og tveimur ættleiddum börnum þeirra.

„Brad hefur ekki getað staðfest 100 prósent að hann geti leikið í myndinni og þess vegna er George orðinn áhyggjufullur," sagði kunningi Clooneys. „Í stað þess að vera heima að vinna að myndinni er hann í miðri Afríku. Fólk hefur áhyggjur af því að hann vilji frekar einbeita sér að föðurhlutverkinu í stað þess að fara aftur að vinna." ■

# Með hönnuð upp á arminn

Uppáhaldsviðburður tískuspekúlantanna er tvímælalaust Costume Institute Benefit-ballið en þar fá stjörnur, módel, hönnuðir og aðrir úr þotuliðinu að spóka sig um í fínu fötunum sínum heilt kvöld. Hér þarf enginn að vera tilnefndur til eins eða neins til að hafa ástæðu til að mæta, það eina sem þarf er að vera ágætlega þekkt nafn í tískuheiminum.

Ballið sem var haldið nýlega á að snúast um að safna pening fyrir Metropolitan-safnið í New York en hefur breyst í heljarinnar tískukeppni og allt snýst um það hver er flottast klæddur, en þemað að þessu sinni var Bretland. Þarna mæta stjörnur klæddar sérhönnuðum kjólum og í staðinn fyrir að láta tösku eða fína skartgripi nægja sem fylgihlut þá eru þær líka með hönnuðinn sjálfan upp á arminn. Þetta gerðu til dæmis Sarah Jessica Parker sem mætti með Alexander McQueen, Scarlett Johansson kom með Stellu McCartney, Charlotte Gainsbourg með Nicolas Ghesquiére og Charlize Theron tók John Galliano með sér. hilda@frettabladid.is



**JENNIFER LOPEZ** Hún var glæsileg í kjól frá Versace.



**MARGHERITA MISSONI** Að sjálfsögðu klæddist Missoni-barnabarnið kjól frá tískuhúsi fjölskyldunnar. Við kjólinn var hún með skartgripi frá Temple St. Clair.



**KATE MOSS** Þessi frægasta fyrirsæta heims sleppti galakjólnum, klæddist jakkafötum í staðinn og skar sig úr hópnum á skemmtilegan hátt.



**CHLOE SEVIGNY** Hún var í kjól frá Yves Saint Laurent.

**JACQUETTA WHEELER** Fyrirsætan flotta var í dásamlega fallegum kjól frá Alexander McQueen.

**HELENA CHRISTENSEN** Var flott á afslappaðan hátt í kjól frá Marc Jacobs.

**ASHLEY OLSEN** Hún þótti mjög flott og klæddist kjól frá Badgley Mischka og bar skartgripi frá Fred Leighton við.

**SELMA BLAIR** Þessi smekklega leikkona klæddist Chanel Haute Couture. NORDICPHOTOS/GETTY-IMAGES



**KIM BASINGER** Hún virðist vera að skipuleggja einhvers konar endurkomu en það er mjög langt síðan hún hefur sést opinberlega. Einnig er hún í nýjustu auglýsingunum frá Miu Miu sem þykja svakalega flottar. Hér klæðist hún „vintage" Ralph Lauren-kjól og ber Cartier-skartgripi við.


Ummmm ...

WHOPPER!

Ekta eldsteiktur hamborgari úr fyrsta flokks hráefni með brakandi fersku grænmeti.



BURGER KING

ÞITT ER VALIÐ

SMÁRALIND • ESSO ÁRTÚNSHÖFÐA • ESSO FOSSVOGI


# Richards á batavegi

Keith Richards, gítarleikari The Rollings Stones, hefur ekki gengist undir aðra heilaaðgerð eftir að hann féll niður úr pálmatré á Fijieyjum á dögunum. Orðrómur hafði verið uppi um að hann hefði farið í aðra aðgerð en hann reyndist ekki á rökum reistur.

Höfuðaðgerðin sem hann gekkst undir gekk mjög vel og er Richards á batavegi. „Það voru engar heilaskemmdir," sagði í yfirlýsingu frá The Rolling Stones. „Hann er á batavegi eins og búist hafði verið við."

The Rolling Stones átti að hefja tónleikaferð um Evrópu á Spáni í lok maí en hefur nú frestað ferðinni þar til í júní.

Jerry Hall, fyrrum eiginkona söngvarans Sir Micks Jagger, segist hafa verið í sambandi við fjölskyldu Richards. „Okkur þykir þetta mjög leitt. Mick er í fríi þessa dagana og fær að heyra sömu fréttir og við," sagði hún.



**KEITH RICHARD** Gítarleikari The Rolling Stones er á batavegi eftir að hafa gengist undir höfuðaðgerð. MYND/AP

# ÚTSALA

**Komdu á alvöru útsölu hjá Bílalandi B&L dagana 11. til 13. maí.**
**Valdir bílar á alvöru afslætti. Allt að 100% lán.**

## Aðeins þessa 3 daga.

LÝSING

### DÆMI UM BÍLA Á ÚTSÖLU



SUZUKI Jimny, sjálfsk., nýskr. 06.2001 - Ek. 92 þús.



Renault Scenic RX4, beinsk., nýskr. 06.2003 - Ek. 105 þús.



Renault Megane , beinsk., nýskr. 06.1999 - Ek. 137 þús.



Hyundai Elantra, sjálfsk., nýskr. 05.2000 - Ek. 116 þús.



Renault Scenic, sjálfsk., nýskr. 09.2000 - Ek. 106 þús.



Toyota Carina, sjálfsk., nýskr. 01.1997 - Ek. 165 þús.



SUZUKI Vitara, beinsk., nýskr. 06.1999 - Ek. 153 þús.



Renault Megane, beinsk., nýskr. 09.1999 - Ek. 145 þús.



Renault Megane, beinsk., nýskr. 09.1999 - Ek. 115 þús.



MMC Lancer, beinsk., nýskr. 05.1999 - Ek. 99 þús.



SUZUKI Grand Vitara, beinsk., nýskr. 06.2003 - Ek. 55 þús.



Renault Laguna, sjálfsk., nýskr. 06.2000 - Ek. 105 þús.



Renault Clio, beinsk., nýskr. 10.1999 - Ek. 111 þús.



Renault Laguna, sjálfsk., nýskr. 05.1997 - Ek. 133 þús.

Birt með fyrirvara um verðbreytingar og ásláttarvillur

**Opið frá kl. 10 til 18 fimmtudag og föstudag og frá kl. 12 til 16 laugardag.**

**Útsala einnig hjá SG Bílum Keflavík S: 421 4444,**
**Bílási Akranesi S: 431 2622 og Bílasölu Akureyrar S: 461 2533**

**575 1230**

bíla land B&L
notaðir bílar

**Grjóthálsi 1**
**bilaland.is**






# Fyrsta sólóplatan

Ísfirðingurinn Þröstur Jóhannesson hefur gefið út sína fyrstu sólóplötu sem nefnist Aðrir sálmar.

Hefur hún að geyma fjórtán rammíslensk lög við ljóð bæði Þrastar og þjóðþekktra skálda á borð við Stein Steinarr og Jónas Hallgrímsson.

Þröstur gefur plötuna út sjálfur en með honum á plötunni er einvala lið tónlistarmanna. Ingi Þór Ingibergsson sá um upptöku og hljóðblöndun og Jón Skuggi um lokafrágang hljóðs.

„Ég er búinn að vera nokkuð lengi í tónlistinni, reyndar með hléum,“ segir Þröstur, sem var áður meðal annars í hljómsveitinni Texas Jesús.

Hann segir að nýja platan hafi að geyma lágstemmda kassagítartónlist með ýmsum tilbrigðum. „Þetta eru bæði trúbador-lög og síðan fer ég út í hljómsveitarútsetningar. Þetta eru melódísk lög og öll á íslensku,“ segir hann.

Þröstur hélt útgáfutónleika þann 12. apríl á Ísafirði sem heppnuðust mjög vel. Um aðra helgi er ferðinni heitið til Reykjavíkur þar sem hann mun fylgja plötunni betur eftir.



**ÞRÖSTUR JÓHANNESSON** Fyrsta sólóplata Þrastar, Aðrir sálmar, er komin út.

# Britney aftur ófrísk

Söngkonan Britney Spears staðfesti í spjallþætti David Letterman að hún væri ófrísk af sínu öðru barni.

Britney, sem er 24 ára, eignaðist soninn Sean Preston í september í fyrra með eiginmanni sínum Kevin Federline sem á tvö börn af fyrra hjónabandi.

Britney hefur verið í fríi frá tónlistinni undanfarin ár og sinnt fjölskyldunni en á ýmsu hefur gengið hjá henni. Federline hefur verið sakaður um að hunsa barnauppeldið og eiginkonuna og eyða tímanum í að drekka og skemmta sér með félögunum.

Barnaverndaryfirvöld heimsóttu Spears-fjölskylduna fyrir ekki margt löngu eftir að Preston datt í gólfið og ljósmyndarar náðu myndum af Britney aka bíl sínum með strákinn í fanginu en ekki í barnastólnum.



**BRITNEY OG FEDERLINE** Söngkonan Britney Spears á von á sínu öðru barni með eiginmanni sínum Kevin Federline.
NORDICPHOTOS/GETTYIMAGES

# Nýr kraftur í Hollywood

**JJ Abrams fékk draum sinn uppfylltan þegar Tom Cruise réði hann í leikstjórastólinn fyrir þriðju Mission Impossible en leikstjórinn hefur átt sér þann draum að gera kvikmyndir frá blautu barnsbeini.**



**ABRAMS OG CRUISE** Leikstjórinn hefur slegið í gegn með sjónvarpsþáttaröðum og gerði góða hluti í þriðju Mission Impossible-myndinni. FRÉTTABLAÐIÐ / GETTY IMAGES.

Abrams ræddi lítillega við blaðamann AP-fréttastofunnar og birtist viðtalið á vefsíðu CNN. Hann er rétt liðlega fertugur, kvæntur og þriggja barna faðir. Abrams er sonur sjónvarpsframleiðandans Gerald W. Abrams og ólst upp við gerð sjónvarpsefnis enda viðurkennir hann í viðtalinu að þetta sé draumastarfið. „Ég heillaðist af göldrum þegar ég var lítill og þegar ég fór í skoðunarferðir með afa mínum um myndver Universal áttaði ég mig á því að kvikmyndagerð væri galdur,“ segir Abrams.

Engan skyldi undra að Tom Cruise vildi fá hann til liðs við Mission Impossible. Abrams átti hugmyndina að sjónvarpsþáttaröðunum Felicity, Alias og Lost sem hafa slegið í gegn beggja vegna Atlantshafsins. Cruise og Spielberg höfðu leikstjórann í huga er War of the Worlds var í undirbúningi en Abrams var þá önnum kafinn við skriftir fyrir þáttaröðina Lost. Þegar Cruise sá fyrstu þáttaröðina af Alias á DVD varð honum ljóst að Abrams væri rétti maðurinn til að bjarga Mission Impossible en sagan segir að myndin sé dýrasta frumraun leikstjóra á hvíta tjaldinu.

Abrams nýtti sér reynsluna frá sjónvarpsþáttunum þegar hann settist niður ásamt handritshöfundum sínum. Cruise treysti honum fyllilega til að skrifa handritið að þriðju myndinni en leikarinn hefur verið einráður við gerð þessara mynda. Glöggir menn þykjast líka sjá ákveðnar hliðstæður. Alias hefst á því að Jennifer Garner er með höfuðið ofan í klósettskál, Lost hefst með flugslysi og í fyrsta atriðinu í Mission Impossible sést Philip Seymour Hoffman pína Cruise til að fá vitneskju um dularfullan hlut sem gengur undir nafninu „Kanínufótur“. „Mér finnst gott að gefa áhorfendum vísbendingu um það sem gæti gerst,“ segir Abrams. Mission Impossible-þættirnir nutu mikilla vinsælda á sínum tíma en mörgum fannst önnur myndin ekki vera í hinum upprunalega anda.

Hlutverk Abrams var því að reyna að fanga gömlu stemninguna og mörgum gagnrýnendum þykir honum hafa tekist það.

Leikhópurinn heldur vart vatni yfir hæfileikum Abrams sem leikstýrir næst elleftu myndinni um Star Trek. Tom Cruise hefur mikið álit á honum og það er ekki verra að hafa slíkan mann í liði með sér. „Ég er sannfærður um að Abrams eigi eftir að setja mark sitt á poppmenninguna,“ sagði leikarinn í samtali við Time Magasine þegar tímaritið valdi áhrifamestu einstaklingana í Hollywood. Whing Rames tekur í sama streng og telur Abrams hafa sama kraftinn og einkennir kvikmyndaleikstjórann Quentin Tarantino. **- fgg**




# Til hamingju Ísland! kemur út

Eurovision er rétt handan við hornið en Silvía Nótt stígur á sviðið í Grikklandi 18. maí. Æstir aðdáendur geta hitað upp fyrir keppnina því safnplatan tvöfalda, Til hamingju Ísland! - 20 ár í Eurovision, kemur út á föstudag. Platan hefur að geyma öll þau íslensku lög sem keppt hafa til úrslita fyrir Íslands hönd í Söngvakeppni evrópskra sjónvarpsstöðva frá því Ísland tók þátt í fyrsta sinn með Gleðibankanum í Bergen árið 1986.

Lögin eru nítján því tvisvar sinnum tók Ísland ekki þátt. Það sem gerir þessa safnútgáfu sérstæða er að auk hinna opinberu framlaga Íslands, eru einnig á plötunni fimmtán laganna í öðrum útgáfum. Allt til ársins 1999 máttu Íslendingar aðeins flytja sitt lag á íslensku í keppninni og því var keppnislag okkar ár hvert einnig sungið á enskri tungu, ef ske kynni að við hrósuðum sigri.

Frá og með All Out Of Luck árið 1999 hafa öll lögin verið flutt á ensku en þrjú þeirra voru einnig tekin upp á íslensku. Allar opinberar útgáfur af lögunum eru því á plötunni auk fimmtán laga í öðrum útgáfum sem flestar hafa verið ófáanlegar um langa hríð og jafnvel aldrei áður fáanlegar íslenskum plötukaupendum.




**TIL HAMINGJU ÍSLAND!** Safnplatan Til hamingju Ísland hefur að geyma öll íslensku lögin sem hafa keppt til úrslita í Eurovision.







**FRÆ** Hljómsveitin Fræ kemur fram á Crunchy Frog-tónleikum á Nasa 26. maí.

# Fræ spilar á Crunchy Frog tónleikum

Hljómsveitin Fræ mun koma fram á Crunchy Frog-tónleikunum sem verða haldnir á Nasa 26. maí næstkomandi.

Fræ mun spila lög af fyrstu plötu sinni, Eyðileggðu þig smá, sem er væntanleg um næstu mánaðamót. Sveitin byrjar að spila klukkan 22.00 og í kjölfarið koma The Tremolo Beer Gut og Powersolo.

Aðalnúmer kvöldsins, hljómsveitin Heavy Trash með þá Jon Spencer og Matt Verta Ray innanborðs hefur síðan leik upp úr miðnætti.

Hljómsveitina Fræ skipa Palli úr hljómsveitinni Maus, Heimir og Siggi úr Skyttunum og Silla, sem einnig er þekkt sem Mr. Silla. Lagið þeirra, Freðinn fáviti, hefur notið mikilla vinsælda upp á síðkastið og náði toppsæti á vinsældarlista X-ins. Nýtt lag, Dramatísk rómantík, er væntanlegt í spilun fljótlega. Á nýju plötunni koma fjölmargir góðir gestir til aðstoðar, þ.á.m. Ragnar Kjartansson úr hljómsveitinni Trabant, Anna Katrín söngkona úr Idol, barnakór og strengjakvintett.

Á tónleikunum á Nasa bætast í hópinn Danni, trommari úr Maus og Sometime, og Friðfinnur sem spilar á bassa.

Miðasala á tónleikana á Nasa er hafin í verslunum Skífunnar og á miði.is. Miðaverð er 1.950 krónur.

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Nú hefur snobbkryddið **Victoria Beckham** eignast nýja bestu vinkonu og er hún ekki af verri kantinum heldur tískumógúllinn og leikkonan **Sienna Miller**. Hittust þær stöllur í partíi sem haldið var af David Furnish, félaga Eltons Johns og mun frú Beckham hafa gengið upp að Miller og sagt „það er gott að hitta einhvern sem er næstum því jafn óvinsæll og ég“. Þetta braut ísinn og náðu þær svo afskaplega vel saman að stöllurnar eru að skipuleggja frí saman. Sienna hefur þó eflaust lítinn tíma fyrir frí þessa stundina en væntanlegar eru tvær kvikmyndir með henni á þessu ári, Factory Girl, sem frumsýnd verður í september og Camille, sem einnig er væntanleg seinna á árinu.



**Jamie Donan**, fyrirsæta og fyrrverandi kærasti bresku leikkonunnar **Keiru Knightley**, hefur samið lag um sambandsslit þeirra. Donan, sem er þekktastur fyrir undirfataauglýsingar á vegum Calvins Klein, er söngvari í hljómsveitinni Sons of Jim og segir að meginástæða þess að þau hættu saman var frægð hennar og frami. Segist hann ennþá vera í sárum og getur varla sungið lagið án þess að finna til söknuðar. Lagið heitir „Only on the outside“ og mun eflaust koma út á næstunni. Nóg er að gera hjá Keiru þessa dagana en hún leikur eitt af aðalhlutverkunum í einni stærstu kvikmynd sumarsins, Pirates of the Caribbean 2 sem væntanleg er í kvikmyndahús landsins í ágúst.



# David Blaine var meðvitundarlaus

Bandaríski sjónhverfingamaðurinn David Blaine var meðvitundarlaus þegar hann var dreginn upp úr kúlu fullri af vatni í New York á dögunum.

„Ef við hefðum ekki skorist í leikinn væri hann enn inni í kúlunni,“ sagði Kirk Krack, þjálfari Blaines. „Ég var ekki að hugsa um nein met, ég var að hugsa um að bjarga honum,“ sagði hann.

Blaine hélt niðri í sér andanum í sjö mínútur, tveimur mínútum frá heimsmetinu sem hann ætlaði að bæta. Að sögn Kirks telur Blaine að hann hafi brugðist almenningi og ætlar að reyna við heimsmetið aftur. Þá ætlar hann ekki að dvelja ofan í vatni í heila viku áður, eins og hann gerði núna.

Mikið álag var á lifur og nýru Blaines á meðan á uppátækinu stóð auk þess sem húð hans var tekin að flagna af. Ástand hans hefur skánað síðan hann var dreginn upp úr kúlunni.



**DAVID BLAINE** Sjónhverfingamaðurinn þekkti er að jafna sig eftir nýjasta uppátæki sitt. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Blaine, sem er 33 ára, létti sig um 23 kíló til að auðvelda líkamanum að nýta súrefnið á meðan hann var í vatninu.




## Einar ráðinn þjálfari ÍBV

Einar Jónsson hefur verið ráðinn sem þjálfari Íslandsmeistara ÍBV í handknattleik kvenna. Hann tekur við af Alfreð Finnssyni sem genginn er í raðir Gróttu. Einar, 28 ára, er uppalinn Framari og var aðstoðarþjálfari meistaraflokks kvenna. Fram kemur á ibv.is að Einar sé ólofaður og barnlaus að því best sé vitað. Greinarhöfundur er þó ekki viss.

**sport**

sport@frettabladid.is

MARKVÖRÐURINN ÞÓRÐUR ÞÓRÐARSON: GÆTI TEKIÐ HANSKANA ÚR HILLUNNI:

# *Ég verð til taks ef kallið kemur í sumar*

Þórður Þórðarson gæti spilað með ÍA í sumar, ef í harðbakkann slær. Markmaðurinn knái fékk treyjunúmer hjá ÍA en hann neyddist til að leggja markmannshanskana á hilluna á síðasta ári vegna veikinda.

„Ég er ennþá í rannsóknum og læknana er farið að gruna að þetta sé annað en það sem þeir héldu fyrst. Þeir töldu að ég væri með mígreni og þjáðist af flogaveiki en nú telja þeir jafnvel að þetta sé gigt sem leggst á vefi í líkamanum. Það er ekkert fast í hendi en ég er ennþá öðru hverju í rannsóknum og þetta kemur í ljós síðar. Ég tek bara einn dag fyrir í einu,“ sagði Þórður við Fréttablaðið í gær.

„Ég er ekki að fara að æfa á fullu eins og staðan er í dag, ég hef ekki þrek í það. Ef ég ætlaði að koma mér í fullt form þá tæki það marga mánuði og ef ég reyni mikið á mig þá er ég bara að drepast, í öllum skrokknum. Ég fer því varlega í þetta, en verð til taks ef á þarf að halda, maður veit aldrei hvenær þessir vesalingar meiðast. Það er næg grenja í þessum ungu strákum í dag,



ef þeir finna til einhvers staðar kalla þeir strax á mömmu sína, sama hvaða lið við erum að ræða um. Þetta eru algjörir smákrakkar,“ sagði Þórður í léttum dúr. Þórður er nú aðstoðarþjálfari með Ólafi Þórðarsyni, og sérlegur markmannsþjálfari ÍA. „Þetta er flott, ég hef mjög gaman af þessu og hef lært mikið af Óla. Ég hef mikið verið með markmennina og fór meðal annars á markmannsnámskeið í Svíþjóð hjá sænska knattspyrnusambandinu. Ég er því í góðum gír,“ sagði Þórður Þórðarson.

## > Óskar „Reykás“ og Baldvin framlengja

Óskar Bjarni Óskarsson hefur samþykkt að stýra handknattleiksliði Val næstu tvö árin en þeir eru ekkert rosalega margir klukkutímarnir síðan hann sagðist vera hættur með liðið. „Það er léttur Reykás í manni,“ sagði Óskar og hló en hann játaði að hafa verið fúll eftir tapið á sunnudag og því hefði hann kannski átt að sleppa yfirlýsingunum. Baldvin Þorsteinsson hefur einnig samþykkt nýjan tveggja ára samning. Frakkinn Mohamadi Loutoufi er á förum frá Val sem hefur mikinn áhuga á Erni Hrafni Arnarssyni.



Valsstúlkur fá góðan liðsstyrk:

## Arftaki Laufeyjar fundinn?

**FÓTBOLTI** Ein af fremstu knattspyrnukonum Þjóðverja, Viola Oderbrecht, mun leika í tvo mánuði með Valsstúlkum í sumar. Oderbrecht er 23 ára gömul og spilar á miðjunni en Elísabet Gunnarsdóttir, þjálfari Vals, segir að hún sé hugsuð sem arftaki Laufeyjar Ólafsdóttur sem lagði knattspyrnuskóna á hilluna eftir síðasta sumar.

„Ég hef lítið til hennar séð en öll tölfræði segir okkur að hún verði einn besti leikmaður sem spilað hefur í íslenskri kvennaknattspyrnu. Ég vona að hún standi undir væntingunum,“ sagði Elísabet við Fréttablaðið í gær. Elísabet segir jafnframt að Valsstúlkur séu í leit að meiri liðsstyrk til að reyna að sporna við sterku liði Breiðabliks.

„Breiðablik er með sterkasta leikmannahópinn, jafnvel þó að Ásthildur Helgadóttir verði ekki með þeim. Það væri slys ef Breiðablik klárar ekki deildina.“

- hþh

# Hef varla fengið færi á tímabilinu

**Gunnar Heiðar Þorvaldsson er afar ósáttur með gang mála hjá liði sínu Halmstad það sem af er leiktíð í sænsku úrvalsdeildinni. Halmstad er síðasta sæti deildarinnar og hefur aðeins skorað eitt mark í sjö leikjum.**

**FÓTBOLTI** Landsliðsframherjanum Gunnari Heiðari Þorvaldssyni hefur ekki vegnað sem skyldi með liði sínu Halmstad á yfirstandandi leiktíð í sænsku úrvalsdeildinni í fótbolta og hefur enn ekki náð komast á blað.

Í leik Halmstad gegn Örgryte um síðustu helgi var Gunnar Heiðar settur á varamannabekk liðsins og í fjarveru hans náði Halmstad að skora sitt fyrsta mark á leiktíðinni í heilum sjö leikjum. Halmstad hefur gert fjögur markalaus jafntefli það sem af er leiktíð, tapað tveimur leikjum og aðeins unnið einn og situr í botnsæti deildarinnar.

„Við höfum spilað allt of mikinn varnarbolta og það sést best á því að liðið er loksins að skora mark í sínum sjöunda leik. Við höfum verið að spila 4-5-1, þar sem ég er einn frammi, og leikkerfið gengur út á að dúndra boltanum fram þar sem ég á að puða. Það gengur náttúrulega ekki og ég



**OF SEINN** Lýsandi mynd fyrir ástandið sem Gunnar Heiðar þarf að búa við hjá Halmstad sem eini framherji liðsins. „Framherjinn fær engan stuðning,“ segir hann.

FRÉTTABLAÐIÐ/GUÐMUNDUR SVANSSON

hef varla fengið færi það sem af er móti,“ sagði Gunnar Heiðar við Fréttablaðið í gær, en sem kunnugt er varð hann markakóngur í Svíþjóð á síðustu leiktíð með 16 mörk. „Munurinn núna og í fyrra er sá að þá fékk ég hjálp frá miðjumönnum og vængmönnum. Nú er ekkert slíkt í gangi og í staðinn er einblínt á vörnina,“ segir Gunnar Heiðar, ósáttur með gang mála.

Hann telur þó að hann sé ekki enn kominn út í kuldann hjá þjálfara liðsins en segir að félagaskipti hans til Hannover í sumar hafi klárlega eitthvað að segja um ástand mála. „Þjálfarinn vill leyfa öðrum að spila, leikmönnum sem hann veit að klára tímabilið. Það er ekki spurning.“

Sjálfur segir Gunnar Heiðar að það trufli hann ekki neitt að vera á förum eftir aðeins nokkrar vikur. „Ég er 100 prósent einbeittur og er staðráðinn í að klára þá leiki sem eftir eru með stæl. Ég finn alveg að formið er eins og í fyrra en það er synd að ég skuli ekki geta nýtt mér það,“ segir Gunnar Heiðar.

- vig

## | 1. SÆTI | FH

FRÉTTABLAÐIÐ Sýn besta sætið

LANDSBANKADEILDIN 2006

**LEIKMANNAHÓPURINN**

**MARKMENN:**
**Daði Lárusson**
**Róbert Örn Óskarsson**

**VARNARMENN:**
**Auðun Helgason**
**Peter Madzen**
**Tommy Fredsgaard Nielsen**
**Freyr Bjarnason**
**Sverrir Garðarsson**
**Guðmundur Sævarsson**
**Ármann Smári Björnsson**
**Heimir Snær Guðmundsson**

**MIÐJUMENN:**
**Ásgeir Gunnar Ásgeirsson**
**Davíð Þór Viðarsson**
**Baldur Bett**
**Sigurvin Ólafsson**
**Ólafur Páll Snorrason**
**Hermann Albertsson**
**Tómas Leifsson**
**Árni Freyr Guðnason**

**SÓKNARMENN:**
**Tryggvi Guðmundsson**
**Allan Dyring**
**Pétur Óskar Sigurðsson**
**Atli Viðar Björnsson**
**Atli Guðnason**
**Matthías Vilhjálmsson**

**KOMNIR: Allan Dyring (frá Fredericia), Peter Matzen (frá Danmörku), Sigurvin Ólafsson (frá KR).**

**FARNIR: Allan Borgvardt (til Viking), Dennis Siim (til Danmerkur), Heimir Guðjónsson (hættur), Jón Þorgrímur Stefánsson (til HK), Jónas Grani Garðasson (til Fram), Ólafur Þór Gunnarsson (til Þróttar)**

**ÞJÁLFARINN**

### Ólafur Jóhannesson

Stjórnar FH-liðinu fjórða árið í röð en er nú kominn með nýjan aðstoðarþjálfara. Leifur Garðarsson, sem hafði mikil áhrif innan FH-liðsins, er farinn til Fylkis og það verður fróðlegt að sjá hvernig Ólafi tekst til með annan mann sér við hlið.

# Pressan er bara frá konunni

**Fréttablaðið og Sýn spá því að Íslandsmeistarar FH verji titil sinn í sumar. Tryggvi Guðmundsson telur að deildin verði mun jafnari í ár en í fyrra.**

**LANDSBANKADEILDIN** „Ég er bjartsýnn fyrir sumrinu eins og venjulega, enda ekki ástæða til annars. Við erum að slípa okkur vel saman,“ sagði Tryggvi Guðmundsson, markakóngur í Landsbankadeildinni í fyrra, þegar hann skoraði sextán mörk í sautján leikjum.

FH varð fyrir mikilli blóðtöku, bæði eftir síðasta sumar og nú fyrir mót. Auðun Helgason spilar ekki með í sumar vegna meiðsla, Heimir Guðjónsson lagði skóna á hilluna og Allan Borgvardt hélt til Noregs. „Skörð þeirra eru vandfyllt. Auðun var besti varnarmaðurinn, auk þess að skora fimm mörk og Allan besti sóknarmaðurinn í deildinni í fyrra. Heimir er sem betur fer hjá okkur ennþá og það er okkur mikilvægt,“ sagði Tryggvi en Heimir er nú aðstoðarþjálfari liðsins.

**SPÁIN**

| | | |
|---|---|---|
| 1 | FH | 131 |
| 2 | ÍA | 125 |
| 3 | KR | 102 |
| 4 | Valur | 100 |
| 5 | Keflavík | 92 |
| 6 | Fylkir | 69 |
| 7 | Grindavík | 46 |
| 8 | Víkingur | 41 |
| 9-10 | Breiðab. | 32 |
| 9-10 | ÍBV | 32 |



**BIKARINN Á LOFT** Heimir Guðjónsson lyftir Íslandsmeistarabikarnum í fyrra.

FRÉTTABLAÐIÐ/TEITUR

Tryggvi gefur lítið fyrir pressuna sem er á liðinu að halda bikarnum í Kaplakrikanum. „Ég er löngu hættur að finna fyrir einhverri pressu, eina pressan sem ég finn fyrir er frá konunni minni,“ sagði Tryggvi í léttum dúr.

FH hlaut 48 stig í átján leikjum í fyrra, en liðin í öðru og þriðja sæti, Valur og ÍA, kræktu sér í 32 stig. „Ég hef trú á að þetta verði jafnara í sumar en í fyrra, það er bara skemmtilegra fyrir áhorfendur. Þetta verður bara spennandi fram í 18. umferð þegar við tryggjum okkur titilinn,“ sagði Tryggvi Guðmundsson á léttu nótunum að lokum.

- hþh

**LYKILMAÐURINN**

## Tryggvi Guðmundss.



Hann þarf ekki aðeins að halda sama formi og hann var í á síðasta tímabili heldur helst bæta í nú þegar mótvægi hans í sókninni, Allan Borgvardt, er horfinn á braut. Er undir mikilli pressu um að skora mörk og á vel að geta höndlað hana. Einn allra skæðasti framherji deildarinnar.

**FYLGSTU MEÐ....**

## Sigurvini Ólafssyni

Virðist hafa gengið í gegnum endurnýjun lífdaga á síðustu mánuðum og hefur verið að spila afar vel á undirbúningstímabilinu. Nýji maðurinn í treyju númer 10 og þarf að standa sig sem arftaki Heimis á miðjunni.

### Sóknin:

Misstu besta leikmann deildarinnar í Allan Borgvardt og nafni hans Dyring hefur ekki heillað marga enn sem komið er. Tryggvi kemur til með að bera markaskorun FH á herðum sér í sumar.

### Vörnin:

Það er mikill missir að Auðungetur ekki spilað með í sumar vegna meiðsla og Tommy Nielsen kemur því til með að binda vörnina, sem annars er skipuð mjög góðum leikmönnum.





*Líklegt byrjunarlið 4-3-3*

### Miðjan:

Fengu Sigurvin Ólafsson til að leysa vandfyllt skarð Heimis Guðjónssonar af hólmi. Þegar leikmaður eins og Baldur Bett er líklegur til að vera á bekknum má fullyrða að miðja þess liðs er feykiöflug.

### Markið:

Daði hefur sannað sig sem einn besti markmaður deildarinnar. Þá er Róbert Örn Óskarsson mjög frambærilegur markmaður. Vel settir hér.

### Bekkurinn:

Eins og síðustu ár hefur FH úr breiðum og reynslumiklum hópi að velja. Líklega öflugasti varamannabekkur deildarinnar.

## ÚRSLIT GÆRDAGSINS

### *UEFA bikarinn: Úrslitaleikur*

MIDDLESBROUGH-SEVILLA 0-4
0-1 Luis Fabiano (26.), 0-2 Enzo Maresca (78.), 0-3 Enzo Maresca (84.), Fredi Kanoute (89.).
*Sevilla er Evrópumeistari félagsliða.*

### *Þýski handboltinn:*

MAGDEBURG-HAMBURG 29-27
**Sigfús Sigurðsson** skoraði eitt mark fyrir Magdeburg en **Arnór Atlason** komst ekki á blað.

GUMMERSBACH-NORDHORN 31-25
**Guðjón Valur Sigurðsso**n var markahæstur hjá Gummersbach með níu mörk og **Róbert Gunnarsson** skoraði þrjú.

MINDEN-WILHELMSHAVEN 20-21
**Snorri Steinn Guðjónsso**n skoraði 5/2 mörk fyrir Minden og **Gylfi Gylfason** eitt fyrir Wilhelmshavener.

WETZLAR-GROSWALLSTADT 27-25
**Einar Hólmgeirsson** skoraði ekki fyrir Grosswallstadt en **Alexander Petersson** var með 4 mörk. **Róbert Sighvatsson** skoraði ekki fyrir Wetzlar.

GÖPPINGEN-LUBBECHE 26-26
**Þórir Ólafsson** lék ekki með Lubbecke vegna meiðsla.

DUSSELDORF-CONCORDIA 29-22
**Markús Máni Michaelsson Maute** skoraði eitt mark fyrir Dusseldorf.

KIEL-PFULLINGEN 36-19
MELSUNGEN-KRONAU/ÖSTRINGEN 31-29
**Gunnar Berg Viktorsso**n skoraði eitt mark fyrir Kronau/Östringen.

### *Sænska knattspyrnan:*

HAMMARBY-GAIS 5-2
**Gunnar Þór Gunnarsson** spilaði allan leikinn fyrir Hammarby en **Pétur Hafliði Marteinsson** lék ekki vegna veikinda. **Jóhann Birnir Guðmundsson** spilaði fyrstu 25. mínúturnar fyrir GAIS.



**MEISTARAR** Leikmenn Sevilla gátu leyft sér að fagna rækilega þegar þeir hömpuðu Evrópubikarnum í gærkvöldi. NORDICPHOTOS/AFP

Úrslitaleikur UEFA bikarsins:

## Sevilla hrósaði sigri gegn Boro

**FÓTBOLTI** Spænska liðið Sevilla er Evrópumeistari bikarhafa eftir öruggan, 4-0, sigur á Middlesbrough í úrslitaleik keppninnar í gær. Steve McClaren hafði vonast til að kveðja liðið sitt með titli áður en hann tekur við enska landsliðinu í sumar, en þeim draumi breytti Sevilla í martröð á svipstundu.

Luis Fabiano kom spánverjunum á bragðið í tilþrifalitlum fyrri hálfleik en þrátt fyrir nokkur ágæt færi var leikmönnum Middlesbrough fyrirmunað að skora. Allar flóðgáttir opnuðust síðan á síðasta stundarfjórðungi leiksins þegar Enzo Maresca skoraði tvö mörk með stuttu millibili og Fredi Kanoute rak síðan síðasta naglann í kistu Middlesbrough áður en leikmenn Sevilla dönsuðu trylltan stríðsdans í leikslok. - hþh

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

MAÍ

8 9 10 **11** 12 13 14

**Fimmtudagur**

**LEIKIR**

- 19.15 **Breiðablik** og **Valur** mætast í meistarakeppni KSÍ í kvennaflokki á Stjörnuvelli í Garðabæ.
- 19.30 **Fylkir** og **Haukar** mætast í úrslitum deildarbikars HSÍ í handbolta í Fylkisheimilinu.

**SJÓNVARP**

- 18.30 **US PGA Tour** á Sýn.
- 19.30 **Leiðin á HM** á Sýn.
- 20.00 **Landsbankadeildin** á Sýn. Spáð í spilin fyrir sumarið.
- 20.15 **Deildarbikar HSÍ** á Rúv. Bein útsending frá síðari hálfleik í leik **Fylkis** og **Hauka** í úrslitunum.

Arnór Guðjohnsen segir að engar viðræður hafi átt sér stað við Blackburn:

# Framtíð Eiðs skýrist í lok vikunnar

**FÓTBOLTI** Arnór Guðjohnsen, faðir og umboðsmaður Eiðs Smára Guðjohnsen, greindi frá því í viðtali við Sky-fréttastofuna í gær að framtíð Eiðs myndi líklega ráðast í þessari viku. Eiður Smári hefur átt á brattann að sækja í liði Chelsea á undanförnum mánuðum og hefur lítið fengið að spreyta sig í stjörnum prýddu liði Jose Mourinho.

Eiður hefur verið orðaður sterklega við sölu frá félaginu og voru Tottenham og Manchester United sögð hafa áhuga á landsliðsfyrirliðanum. Nú síðast hefur sprottið upp þrálátur orðrómur um að Eiður hafi þegar átt í viðræðum við Blackburn Rovers sem endaði í sjötta sæti ensku úrvalsdeildarinnar á nýafstöðnu tímabili og spilar í UEFA-bikarkeppninni á næstu leiktíð.

„Þetta er ekki rétt, við höfum ekki átt í neinum viðræðum við Blackburn," sagði Arnór við Sky. Þá áttu Chelsea og Blackburn að vera búin að komast að samkomulagi um kaupverð á Eiði, sem hljóðaði upp á sex milljónir punda. Arnór segir að framtíð Eiðs ætti að skýrast í vikunni.

„Við erum enn í viðræðum við Chelsea um framtíð Eiðs og vonandi komumst við að niðurstöðu fyrir vikulokin," sagði Arnór. - hþh



**MÖGULEGA Á FÖRUM** Flest virðist benda til þess að Eiður Smári yfirgefi herbúðir Chelsea í sumar. NORDICPHOTOS/AFP

Óli Stefán Flóventsson:

## Ekki með í fyrsta leik

**FÓTBOLTI** Óli Stefán Flóventsson, fyrirliði Grindavíkur, verður ekki með liði sínu í fyrstu leikjum Landsbankadeildarinnar. Óli Stefán er meiddur í hnésbótarsin og verður frá keppni í 2-3 vikur. Hins vegar er útlit fyrir að Sinisa Kekic geti spilað með í fyrsta leik, en smávægileg meiðsli hafa verið að angra hann að undanförnu.






## 2. SÆTI | ÍA

FRÉTTABLAÐIÐ | SÝN besta sætið

LANDSBANKADEILDIN 2006

# Væntingarnar eiga rétt á sér

**Fréttablaðið og Sýn spá ÍA öðru sæti í Landsbankadeildinni í sumar. Þórður Guðjónsson veit vel af væntingunum sem gerðar eru til hans og ÍA í deildinni.**

**LANDSBANKADEILDIN** Eftir tólf ár í atvinnumennsku er Þórður Guðjónsson kominn aftur til ÍA á Akranesi. Liðinu er spáð góðu gengi í sumar og margir bíða spenntir eftir því að sjá Þórð og bróður hans, Bjarna, aftur í íslenska boltanum.

„Þetta hefur gengið mjög vel hjá mér. Vissulega er heimkoman mikil viðbrigði fyrir mig en ég vissi alveg að breytingar myndu eiga sér stað, til að mynda að fara aftur á gervigras. Reyndar hefur aðstaðan hér heima stórbatnað og gæði knattspyrnunnar munu bara aukast fyrir vikið,“ sagði Þórður sem iðar í skinninu eftir komandi sumri.

„Mér líst stórvel á sumarið. Við erum með góðan hóp og þessa margrómuðu blöndu af efnilegum leikmönnum og reynsluboltum,“ sagði Þórður, sem veit að miklar væntingar eru gerðar til hans.

„Ég finn alveg fyrir pressunni og veit af væntingunum sem gerðar eru til mín og okkar, þær eiga fullan rétt á sér. Það gerir þetta enn skemmtilegra. Þetta er ný áskorun fyrir mig og ég get ekki beðið eftir því að takast á við hana,“ sagði Þórður, sem segir aðeins eitt komast að hjá ÍA.

„Það hefur sjaldan verið til Skagalið sem ekki setur stefnuna á toppinn. Á Akranesi er bara eitt og það er toppurinn, allt annað er ekki nógu gott. Við ætlum okkur að gera stórt tilkall til titilsins,“ sagði Þórður sem boðar sóknarbolta uppi á Skaga. „Við ætlum að skora mikið af mörkum og hafa gaman af þessu. Við viljum skemmta okkur og öðrum.”



**SAMAN Á NÝ** Arnar Gunnlaugsson og Þórður Guðjónsson hafa spilað vel í vor.

### SPÁIN

| | | |
|---|---|---|
| 1 | ? | |
| 2 | ÍA | 125 |
| 3 | KR | 102 |
| 4 | Valur | 100 |
| 5 | Keflavík | 92 |
| 6 | Fylkir | 69 |
| 7 | Grindavík | 46 |
| 8 | Víkingur | 41 |
| 9-10 | Breiðab. | 32 |
| 9-10 | ÍBV | 32 |

### LEIKMANNAHÓPURINN

**MARKMENN:**
Bjarki Freyr Guðmundsson
Páll Gísli Jónsson
Þórður Þórðarson

**VARNARMENN:**
Kristinn Darri Röðulsson
Bjarni Guðjónsson
Heimir Einarsson
Árni Thor Guðmundsson
Kári Steinn Reynisson
Guðjón Sveinsson
Helgi Pétur Magnússon
Guðjón Heiðar Sveinsson

**MIÐJUMENN:**
Pálmi Haraldsson
Þórður Guðjónsson
Igor Pesic
Jón Vilhelm Ákason
Arnar Már Guðjónsson
Ellert Jón Björnsson
Dean Edward Martin

**SÓKNARMENN:**
Hjörtur Júlíus Hjartarson
Arnar Bergmann Gunnlaugsson
Hafþór Ægir Vilhjálmsson
Andri Júlíusson

**KOMNIR:** Arnar Gunnlaugsson (frá KR), Árni Thor Guðmundsson (frá HK), Bjarni Guðjónsson (frá Plymouth), Þórður Guðjónsson (frá Stoke).

**FARNIR:** Andrés Vilhjálmsson (til Þróttar), Ágúst Örlaugur Magnússon (til Víkings), Finnbogi Llorens (til HK), Guðmundur Páll Hreiðarsson (til Hugins), Gunnlaugur Jónsson (til KR), Hjálmur Dór Hjálmsson (hættur), Reynir Leósson (til Trelleborg), Sigurður Ragnar Eyjólfsson (hættur), Unnar Örn Valgeirsson (hættur), Þorsteinn Gíslason (til Þróttar).

### ÞJÁLFARINN

**Ólafur Þórðarson**

Heldur enn tryggð við ÍA. Mætir til leiks með mikið breytt lið frá því í fyrra en er með öflugan hóp til að vinna úr.

### LYKILMAÐURINN

## Þórður Guðjónsson



Nýr fyrirliði og sjálfskipaður kóngur á Skaganum. Þórður þarf að búa til sem og að skora mörk og sýna að hann er ekki dauður úr öllum æðum. Þórður lýsti því yfir áður en hann skrifaði undir hjá ÍA að hann ætlaði að vinna sér landsliðssæti á ný. Ef frammistaðan verður svo góð eru Skagamenn í góðum málum.

### FYLGSTU MEÐ....

## Arnari Gunnlaugssyni

Allir vita að hann getur skorað mörk og ef hann verður í formi þarf ÍA ekki að hafa áhyggjur af markaleysi. Hefur spilað vel á undirbúningstímabilinu og virðist vera vel kunnugt um eigin takmörk.

**Sóknin:**

Arnar Gunnlaugsson hefur verið iðinn við kolann í vor en þarf að halda dampi og heilsu. Hjörtur Hjartarson er drjúgur og ef það breytist ekki verða Skagamenn í góðum málum fram á við í sumar.

**Vörnin:**

Missti burðarstólpana Gunnlaug og Reyni en Bjarni Guðjónsson hefur spilað með prýði í miðvarðarstöðunni og þá fengu þeir einn sterkasta varnarmann 1. deildarinnar, Árna Thor Guðmundsson.




*Líklegt byrjunarlið 4-3-3*

**Miðjan:**

Mjög vel skipuð staða. Þórður Guðjónsson er kominn heim og kemur til með að bera sóknarleik ÍA frá miðjunni uppi. Með marga frábæra og reynda leikmenn, bæði varnar- og sóknarlega.

**Markið:**

Bjarki verður líklega á milli stanganna í sumar, hann hefur ágæta reynslu og getur verið mjög góður en á það til að gera slæm mistök.

**Bekkurinn:**

Að mestu skipaður ungum og uppöldum leikmönnum eins og síðustu ár sem hafa þó nokkra reynslu. Leikmenn sem geta vel komið inn á án þess að veikja liðið svo mikið.


# Valur 95 ára 11. maí 2006






**Morgunstund að Hlíðarenda**

8:30 Blómsveigur lagður að styttu séra Friðriks Friðrikssonar
- morgunhressing

**Dagskrá í sal 2. - 4. í íþrótta- og sýningahöllinni í Laugardal**

16:30 Húsið opnar

17:00 Veitingar í boði Vals
- veislustjóri: Svali Björgvinsson

17:30 Setning afmælishátíðar
- ávarp formanns Vals, Gríms Sæmundsen

17:45 Ragnheiður Gröndal skemmtir gestum

18:00 Afhending silfur- og gullmerkja Vals

18:20 Valskórinn tekur nokkur lög

19:00 Dagskrárlok

**Dagskrá fyrir krakkana í höllinni**

16:30 Húsið opnar

17:00 Solla Stirða mætir á svæðið

17:30 Þrautir með leikmönnum Vals (handbolti, fótbolti og körfubolti), hoppukastali

18:00 Pepsi og pizzur

19:00 Dagskrárlok

Valsmenn hf. óska Knattspyrnufélaginu Val til hamingju með daginn

SKAPARINN AUGLÝSINGASTOFA



**Allir velkomnir ...Valsmenn léttir í lund**

Notaðir bílar. Fislétt kaup.
100% lán. Engir ábyrgðarmenn. Lægra verð - lægri afborgun.
Aðeins í 3 daga. Komdu strax.*

# Fislétt kaup

## Þig vantar bíl. Núna
## Aðeins 58 bílar í 3 daga
## Komdu strax

Opið frá kl. 9 - 18

Tökum notaðan uppí notaðan

NATURALIS

### Fislétt bílakaup - afborgun undir 15.000 kr. á mánuði




Daewoo Lanos skrd. 04/1999 ek: 108.000 km.
~~Verð 440.000 kr.~~ Tilboðsverð 299.000 kr.




Daihatsu Terios skrd. 061998 ek:101.000 km.
~~Verð 460.000 kr.~~ Tilboðsverð 359.000 kr.




Ford KA skrd. 09/1999 ek: 64.000 km.
~~Verð 440.000 kr.~~ Tilboðsverð 340.000 kr.




Daewoo Nubira skrd. 08/1999 ek: 90.000 km.
~~Verð 580.000 kr.~~ Tilboðsverð 399.000 kr.

### Fislétt bílakaup - afborgun 15.000 - 20.000 kr. á mánuði




MMC Lancer skrd. 08/2000 ek: 84.000 km.
~~Verð 720.000 kr.~~ Tilboðsverð 599.000 kr.




Ford Focus skrd. 03/2001 ek: 104.000 km.
~~Verð 890.000 kr.~~ Tilboðsverð 690.000 kr.




Renault Megane Scenic skrd. 03/2000 ek:116.000 km.
~~Verð 850.000 kr.~~ Tilboðsverð 699.000 kr.




VW Passat skrd. 03/1998 ek: 170.000 km.
~~Verð 690.000 kr.~~ Tilboðsverð 579.000 kr.

### Fislétt bílakaup - afborgun 20.000 - 25.000 kr. á mánuði




VW Passat skrd. 02/2002 ek: 71.000 km.
~~Verð 1.420.000 kr.~~ Tilboðsverð 1.190.000 kr.




Subaru Forester skrd. 10/1999 ek: 115.000 km.
~~Verð 1.390.000 kr.~~ Tilboðsverð 1.190.000 kr.




Citroen Picasso 05/2003 ek: 74.000 km.
~~Verð 1.240.000 kr.~~ Tilboðsverð 1.050.000 kr.




Suzuki Grand Vitara skrd. 07/1999 ek: 143.000 km.
~~Verð 1.090.000 kr.~~ Tilboðsverð 890.000 kr.

### Fislétt bílakaup - afborgun 25.000 - 30.000 kr. á mánuði




Honda HR-V skrd. 02/2004 ek: 25.000 km.
~~Verð 1.320.000 kr.~~ Tilboðsverð 990.000 kr.




Citroen C4 SX skrd. 03/2005 ek: 15.000 km.
~~Verð 1.660.000 kr.~~ Tilboðsverð 1.490.000 kr.




Subaru Forester Turbo skrd. 09/2001 ek: 72.000 km.
~~Verð 1.670.000 kr.~~ Tilboðsverð 1.490.000 kr.




MMC Pajero skrd. 04/1999 ek: 108.000 km.
~~Verð 1.320.000 kr.~~ Tilboðsverð 990.000 kr.

Þig vantar bíl. Komdu núna. Kíktu á netið.
Fislétt kaup. Aðeins í 3 daga.

Aflaðu þér frekari upplýsinga www.brimborg.is

Taktubíl

brimborg
Öruggur staður til að vera á

* Engir ábyrgðarmenn ef viðkomandi er fasteignaeigandi og er ekki á vanskilaskrá.

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | www.brimborg.is

## ÚR BÍÓHEIMUM

Í hvaða kvikmynd hljómaði þessi setning:

**„Childhood is what you spend the rest of your life trying to overcome.“**

Svar: Birdee úr Hope Floats frá 1998.

# dagskrá

**VIÐ TÆKIÐ: BERGSTEINN SIGURÐSSON ER BÚINN AÐ FÁ NÓG AF FRAMBJÓÐENDUM**

## *Gunnar, kosningar og Skrifstofan*

Endurvakinn áhugi á skáldskap Gunnars Gunnarssonar hefur verið áberandi undanfarna mánuði og á sunnudag slóst Kastljós í hóp þeirra sem hafa gert rithöfundinum skil. Kristján Kristjánsson á hrós skilið fyrir langt og skemmtilegt innslag. Þetta var vel gert, þótt mér fyndist fullmikið gert úr því að hugsanlega hafi meint og líklega ofmetin tengsl Gunnars við Þýskalands nasismans orðið til þess að Halldór Laxness fékk Nóbelsverðlaunin en ekki hann. Ekki var vikið að því einu orði að hugsanlega hafi gildismat tíðarandans frekar tekið tillit til þess að Halldór skrifaði á eigin tungu en ekki gömlu herraþjóðarinnar, sem má telja jafn líklega ef ekki líklegri ástæðu fyrir því að Gunnar varð af hnossinu. Kristján er fyrirmyndarsjónvarpsmaður, hefur þægilega rödd og góðan talanda en má gæta sín á frösum eins og „ljóst virðist“. Annað hvort er



eitthvað ljóst eða það virðist vera einhvern veginn. En þetta er smámunir sem óþarfi að láta fara í taugarnar á sér. Ég vil sjá meira af innslögum á borð við þetta í Kastljósi (eða á öðrum innlendum stöðvum ef út í það er farið).

Umfjöllun um komandi yfirvofandi sveitastjórnarkosningar er fyrirferðarmikil og á stundum vart þverfótað fyrir frambjóðendum á skjánum. Ég skal ekki segja – því meira sem ég sé og heyri í þessu fólki þeim mun meira sannfærist ég um að það felast skilaboð í að skila auðum seðli. Nú er hægt að fá hringitóna með röddum frambjóðenda. Er enginn innanborðs hjá þessum framboðum sem getur bent á þau sannindi að stundum er minna meira?

Ég sá bandarísku útgáfuna af Skrifstofunni í fyrsta sinn um daginn. Þetta eru ágætir þættir í samhengi við flest vestanhafs en líða alltof mikið fyrir samanburðinn við upphaflegu útgáfuna.



▶ 22.25 *Drama*

AÐÞRENGDAR EIGINKONUR



▶ 22.25 *Gaman*

HOW I MET YOUR MOTHER



▶ 22.30 *Drama*

EXTRA TIME – FOOTBALLER'S WIVES



▶ 22.00 *Spenna*

CSI: MIAMI



▶ 20.10 *Umræða*

ÞETTA FÓLK

### SJÓNVARPIÐ

**16.05** Ístölt, þeir allra bestu 2006 **16.35** Formúlukvöld **17.05** Leiðarljós **17.50** Táknmálsfréttir **18.00** Stundin okkar (1:31) **18.25** Julie (2:4)

**19.00 Fréttir, íþróttir og veður**
**19.35 Kastljós**
**20.15 Deildabikarinn í handbolta** Bein útsending frá seinni hálfleik leiks í úrslitakeppni karla.
**21.15 Sporlaust (12:23)** (Without a Trace) Bandarísk spennuþáttaröð um sveit innan Alríkislögreglunnar sem leitar að týndu fólki. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.
**22.00 Tíufréttir**
▶ **22.25 Aðþrengdar eiginkonur (38:47)** (Desperate Housewives II) Bandarísk þáttaröð um nágrannakonur í úthverfi sem eru ekki allar þar sem þær eru séðar. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.

**23.10** Lífsháski (40:49) **23.55** Söngvakeppni evrópskra sjónvarpsstöðva 2006 (3:4) **0.55** Kastljós **1.45** Dagskrárlok

### STÖÐ 2

**6.58** Ísland í bítið **9.00** Bold and the Beautiful **9.20** Í fínu formi 2005 **9.35** Martha **10.20** My Wife and Kids **10.45** Alf **11.10** 3rd Rock From the Sun **11.35** Whose Line Is it Anyway? **12.00** Hádegisfréttir **12.25** Neighbours **12.50** Í fínu formi 2005 **13.05** Home Improvement 4 **13.30** Two and a Half Men **13.55** Sketch Show 2, The **14.20** Eldsnöggt með Jóa Fel **14.50** Wife Swap **15.35** Tónlist **16.00** Barnatími Stöðvar 2 **16.25** Með afa **17.20** Bold and the Beautiful **17.40** Neighbours **18.05** The Simpsons

**18.30 Fréttir, íþróttir og veður**
**19.00 Ísland í dag**
**19.40 Strákarnir**
**20.05 Meistarinn (20:22)**
**20.50 Bones (3:22)** (Bein)
**21.35 Life on Mars (7:8)** (Líf á Mars)
▶ **22.25 How I Met Your Mother (16:22)** (Svona kynntist ég móður ykkar). Höfundar þáttanna skrifuðu American Dad og voru meðal aðalhöfunda að David Letterman-þáttunum. Hér eru á ferð gamanþættir sem eiga eftir að slá í gegn.
**22.50 American Idol (34:41)** (Bandaríska stjörnuleitin) Fimmta þáttaröðin af vinsælasta þætti heims. Þau Simon, Paula og Randy snúa öll aftur í dómarasætið.

**23.30** American Idol **23.50** Movern Callar (Str. b.börnum) **1.25** Huff (B. börnum) **2.15** Hard Cash (Str. b. börnum) **3.50** The Caveman's Valentine (Str. b. börnum) **5.35** Fréttir og Ísland í dag **6.40** Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí

### SIRKUS

**18.30 Fréttir NFS**
**19.00 Ísland í dag**
**19.30 Bernie Mac (5:22)** (Hair Jordan)
**20.00 Friends (2:23)** (Vinir)
**20.30 Splash TV 2006**
**21.00 Smallville** (Commencement) Í Smallville býr unglingurinn Clark Kent. Hann er prúðmenni og er fús til að rétta öðrum hjálparhönd.
**21.45 X-Files** (Ráðgátur)
▶ **22.30 Extra Time – Footballers' Wives** Þær eru fallegar, moldríkar og geta gert það sem þær vilja! Í þessari þáttaröð er fjallað um Aniku, systur Tanyu Turner. Ef ykkur fannst Tanya vera slæm, bíðið þá þar til þið sjáið Aniku.

**23.00** Friends (2:23) (e) **23.25** Splash TV 2006 (e)

### SKJÁREINN

**7.00** 6 til sjö (e) **8.00** Dr. Phil (e) **8.45** Fyrstu skrefin (e)

**17.05** Dr. Phil **18.00** 6 til sjö

**19.00 Frasier**
**19.35 Game tíví**
**20.00 Family Guy** Kolsvartur teiknimyndahúmor.
**20.30 Everybody Hates Chris** Þáttur úr smiðju Chris Rock, sem byggir á hans eigin æsku.
**21.00 Courting Alex – NÝTT!** Glæný gamanþáttaröð sem fengið hefur frábæra dóma.
**21.30 Everybody loves Raymond**
▶ **22.00 C.S.I: Miami** Horatio Cane fer fyrir hópi réttarrannsóknarfólks sem rannsakar snúin sakamál í Miami. Þættirnir hafa vakið mikla eftirtekt og eru systurþættir hinna vinsælu CSI og CSI:NY.
**22.50 Jay Leno**

**23.35** America's Next Top Model V (e) **0.30** Frasier – 1. þáttaröð (e) **0.55** Top Gear (e) **1.45** Óstöðvandi tónlist

### NFS

**7.00** Ísland í bítið **9.00** Fréttavaktin fyrir hádegi **11.40** Brot úr dagskrá

**12.00** Hádegisfréttir/Markaðurinn/Íþróttafréttir/Veðurfréttir/Leiðarar dagblaða/Hádegið – fréttaviðtal. **13.00** Íþróttir/lífsstíll **13.10** Íþróttir – í umsjá Þorsteins Gunnarssonar. **14.00** Fréttavaktin eftir hádegi **17.00** Fimmfréttir **18.00** Kvöldfréttir/Ísland í dag/íþróttir/Veður

**19.40 Hrafnaþing/Miklabraut**
▶ **20.10 Þetta fólk** Nýr og óvenjulegur spjallþáttur í umsjá Höllu Gunnarsdóttur blaðakonu og heimshornaflakkara.
**21.00 Fréttir**
**21.10 Reykjavík í öðru ljósi** Eins og landsmönnum er orðið rækilega ljóst þá setja stjórnmálaflokkarnir í skipulagsmálin á oddinn í komandi borgarstjórnarkosningum. Hrafni Gunnlaugssyni hefur um langa hríð verið þessi mál sérlega hugleikin og síðla árs árið 2000 frumsýndi hann heimildarmynd þar sem hann velti upp með aðstoð nýjustu tölvutækni nýjum og skemmtilegum hugmynd um þróun skipulagsmál í Reykjavík.
**22.00 Fréttir** Fréttir og veður
**22.30 Hrafnaþing/Miklabraut**

**23.15** Kvöldfréttir/Ísland í dag/íþróttir/Veður **0.15** Fréttavaktin fyrir hádegi **3.15** Fréttavaktin eftir hádegi **6.15** Hrafnaþing/Miklabraut

### STÖÐ 2 BÍÓ

**6.00** The Importance of Being Earne **8.00** Duplex **10.00** My Cousin Vinny **12.00** Sky Captain and the World of Tomorrow **14.00** The Importance of Being Earne **16.00** Duplex **18.00** My Cousin Vinny **20.00 Sky Captain and the World of Tomorrow** (Háloftakapteinninn og veröld morgundagsins) **22.00 Star Trek: First Contact** (Stjörnuvíg: Fyrstu kynni) Bönnuð börnum. **0.00** To Kill a King (B. börnum) **2.00** Frailty (Str. b. börnum) **4.00** Star Trek: First Contact (e) (B. börnum)

### OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

### E! ENTERTAINMENT

**11.30** 10 Ways **12.00** E! News **12.30** Style Star **13.00** The E! True Hollywood Story **14.30** Style Star **15.00** 50 Steamiest Southern Stars **16.00** 50 Steamiest Southern Stars **17.00** Celebrity Friends Gone Bad **17.30** Number One Single **18.00** E! News **18.30** 10 Ways **19.00** 50 Best Chick Flicks: Sex, Cries & Videotape **21.00** The Soup **21.30** Number One Single **22.00** Gastineau Girls **22.30** Gastineau Girls **23.00** 101 Craziest TV Moments **0.00** The Soup **0.30** 10 Ways **1.00** The E! True Hollywood Story **2.00** Guilty

### AKSJÓN

Fréttaþátturinn Korter er sýndur kl.18.15 og endursýndur á klukkutíma fresti til kl. 9.15

### ENSKI BOLTINN

**16.00** Man. Utd. – Charlton frá 08.05 **18.00** Newcastle – Chelsea frá 08.05
**20.00 More than a Game: England (e)** Þrátt fyrir að hafa fundið leikinn upp neituðu Englendingar að taka þátt í heimsmeistaramótinu í knattspyrnu allt fram til 1950.
**21.00 Arsenal – Wigan frá 08.05** Leikur sem fór fram síðast liðinn laugardag.
**23.00** Aston Villa – Sunderland frá 07.05
**1.00** Dagskrárlok




# VIÐ MÆLUM MEÐ ...

Reykjavík í öðru ljósi NFS 21.10

## *Forvitnilegar skipulagshugmyndir*



Árið 2000 var þessi mynd eftir Hrafn Gunnlaugsson frumsýnd og þótti hún afar forvitnileg en jafnframt þóttu sumar hugmyndirnar óraunhæfar og hálf draumkenndar. Í aðdraganda borgarstjórnarkosninganna hafa hins vegar hugmyndir Hrafns verið mikið í umræðunni, í reyndar mismunandi birtingarformi. Nægir þar að nefna hugmyndir um flutning Árbæjarsafns, en í myndinni leggur Hrafn til að safninu verði fundinn staður í Hljómskálagarðinum. Einnig veltir Hrafn fyrir sér möguleikum sem fyrir hendi eru á flutningi flugvallarins úr Vatnsmýrinni og nefnir þar til sögunnar Löngusker í Skerjafirði sem hugsanlegan flugvallarstað. Mynd sem sýnir skemmtilegt sjónarhorn á höfuðborgina og er gott og þarft innlegg í umræðuna, svona rétt fyrir kosningar.

## Sudoku dagsins

Fylltu út í reitina þannig að hver lína, hver dálkur og hver 3x3 kassi rúmi allar tölurnar á bilinu 1 til 9. Sama talan má ekki koma fyrir tvisvar sinnum í sömu línu, sama dálki eða sama 3x3 kassa. Engin stærðfræðikunnátta er nauðsynleg þó leikið sé með tölum. Þrautin er leyst með rökhugsun og útsjónarsemi. Lausnir, ráðleggingar og upplýsingar eru á www.sudoku.com. Lausn þrautarinnar birtist á sama stað í blaðinu á morgun.

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | 1 | | | 7 | |
| | 5 | 6 | | | 4 | | | |
| | 4 | 2 | 7 | | | 3 | | |
| | 8 | | | | 2 | | | |
| | | 4 | | 9 | | 5 | | |
| | | | 3 | | | | 8 | |
| | | 3 | | | 6 | 7 | 5 | |
| | | | 8 | | | 1 | 2 | |
| | 9 | | | 7 | | | | |

**Lausn á gátu gærdagsins**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2 | 7 | 5 | 3 | 8 | 6 | 9 | 4 | 1 |
| 4 | 8 | 1 | 7 | 2 | 9 | 5 | 6 | 3 |
| 3 | 6 | 9 | 4 | 1 | 5 | 2 | 7 | 8 |
| 1 | 3 | 2 | 5 | 6 | 4 | 8 | 9 | 7 |
| 6 | 5 | 4 | 9 | 7 | 8 | 3 | 1 | 2 |
| 7 | 9 | 8 | 2 | 3 | 1 | 6 | 5 | 4 |
| 8 | 1 | 7 | 6 | 9 | 2 | 4 | 3 | 5 |
| 5 | 2 | 6 | 1 | 4 | 3 | 7 | 8 | 9 |
| 9 | 4 | 3 | 8 | 5 | 7 | 1 | 2 | 6 |



▶ 19.30

*Knattspyrna*

LEIÐIN Á HM 2006

**16.10** UEFA Cup Final 2004/2005 **18.00** Íþróttaspjallið **18.12** Sportið

**18.30 US PGA í nærmynd** (Inside the PGA)

**19.00 Gillette HM 2006 sportpakkinn** (Gillette World Cup 2006) Öll liðin og leikmennirnir á HM 2006 í Þýskalandi teknir ítarlega fyrir.

▶ **19.30 Leiðin á HM 2006** (Destination Germany) Heimsmeistaramótið í knattspyrnu fer fram í Þýskalandi næsta sumar og verða allir leikir í beinni útsendingu á Sýn.

**21.00 Sænsku nördarnir** (FC Z) Hvað gerist þegar 15 Nördar sem aldrei hafa fylgst með knattspyrnu né sparkað í fótbolta mynda knattspyrnulið?

**21.50 Saga HM** (1982 Spánn) Í þessum þætti er fylgst með keppninni á Spáni árið 1982.

**23.30** Fifth Gear

### RÁS 1 FM 92,4/93,5

**6.30** Morguntónar **6.50** Bæn **9.05** Laufskálinn **9.45** Leikfimi **10.13** Litla flugan **11.03** Samfélagið í nærmynd

**12.00** Fréttayfirlit **12.20** Fréttir **12.45** Veður **12.50** Dánarfregnir og augl. **13.00** Vítt og breitt **14.03** Útvarpssagan **14.30** Miðdegistónar **15.03** Fallegast á fóninn **16.13** Hlaupanótan **17.03** Víðsjá **18.00** Fréttir **18.25** Spegillinn **19.00** Vitinn **19.27** Sinfóníutónleikar **21.55** Orð kvöldsins **22.15** Útvarpsleikhúsið **23.15** Hlaupanótan

**0.10** Útvarpað á samtengdum rásum

### RÁS 2 FM 90,1/99,9

**6.05** Morguntónar **6.30** Morgunútvarp Rásar 2 **9.05** Brot úr degi

**12.03** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Poppland **16.10** Síðdegisútvarpið

**18.00** Kvöldfréttir **18.24** Auglýsingar **18.25** Spegillinn **19.00** Sjónvarpsfréttir **19.30** Músík með Heiðu Eríks **20.30** Konsert **22.10** Saga Pink Floyd **23.05** Popp og ról

### BYLGJAN FM 98,9

**7.00** Ísland í bítið **9.00** Ívar Guðmundsson

**12.00** Hádegisfréttir **12.20** Óskalagahádegi **13.00** Rúnar Róberts **16.00** Reykjavík Síðdegis

**18.30** Kvöldfréttir og Ísland í dag **19.30** Bjarni Ólafur / Ívar Halldórs **1.00** Ragnhildur Magnúsdóttir

### AÐRAR STÖÐVAR

**FM 90,9 TALSTÖÐIN**
**FM 99,4 ÚTVARP SAGA**
**FM 95,7 FM957 /** Topp tónlistarstöðin
**FM 102,2 Útvarp Latibær /** Fjölskyldu útvarp
**FM 102,9 Lindin /** Kristilegt efni
**FM 96,7 Létt Bylgjan /** Tónlist og afþreying
**FM 105,5 Útvarp Boðun /** Kristilegt efni
**FM 89,5 Kiss /** Nýja bítið í bænum
**FM 88,5 XA-Radíó /** 12 spora efni
**FM 91,9 XFM /** Tónlist og afþreying
**FM 97,7 X-ið /** Enginn viðbjóður


# LEIÐTOGANÁMSKEIÐ

*fyrir reykvískar konur*

Reykvískum konum er boðið á spennandi leiðtoganámskeið á Grand Hótel á **sunnudaginn, 14. maí.**

Námskeiðið hefst kl. 14.00 með erindi Ásdísar Höllu Bragadóttur, forstjóra BYKO og höfundar bókarinnar **Listin að vera leiðtogi**, og lýkur með kvennakokteil kl. 18.00.

DAGSKRÁ

kl. 14.00 **Námskeið sett**
Hanna Birna Kristjánsdóttir, borgarfulltrúi

kl. 14.05 **Listin að vera leiðtogi**
Ásdís Halla Bragadóttir, forstjóri BYKO

kl. 16.15 **Kaffihlé**

kl. 16.30 **Tengslanet**
Sigríður Snævarr, sendiherra

kl. 17.00 **Að hugsa stórt - og öðruvísi**
Sr. Auður Eir Vilhjálmsdóttir
Hulda Dóra Styrmisdóttir, ráðgjafi
Dr. Guðfinna S. Bjarnadóttir, rektor HR

kl. 18.00 **Kvennakokteill,** góðgæti og óvæntur gestur








**Námskeiðið er þátttakendum að kostnaðarlausu** en nauðsynlegt er að skrá þátttöku í síma 515 1700 eða á leidtoganamskeid@xd.is

Allar frekari upplýsingar er að finna á **www.betriborg.is**

*Sjálfstæðisfélögin í Reykjavík*



## HRÓSIÐ

*...fá eigendur Kron og Kronkron fyrir að bjóða upp á hönnuði og merki á heimsmælikvarða en í síðarnefndu búðinni má meðal annars finna fatnað frá Vivienne Westwood og Eley Kishimoto.*

# Helgin okkar...

**Morgunverðurinn:** Fátt vekur bragðlaukunum jafnmikla gleði um helgar eins og amerískar pönnukökur, með bræddum osti ofan á, volgri parmaskinku og fetasalati, ásamt örlitlu af ólífuolíu, kóríander og balsamik-ediki.

**Hreyfingin:** Hressilegur göngutúr meðfram Ægissíðunni þar sem ferskt sjávarloftið leikur um vitin og þægileg hafgolan fær menn til að gleyma Bakkusi gærdagsins, er kjörin helgarhreyfing.



**Leikritið:** Farðu á leikritið ALF eða Andspyrnuhreyfing ljóta fólksins sem Leikfélag Kópavogs sýnir. Efnistökin í verkinu eru allrar athygli verð en þar er um að ræða blóðugt háð og óhuggulegt grín í garð þeirrar taumlausu útlitsdýrkunar sem einkennir vestræn samfélög samtímans. Virðist forvitnilegt.

**Heimasíðan:** kíktu á www.chomsky.info en þar getur á að líta, viðtöl, greinar, myndbandsbrot, bréfaskrif og margt fleira sem kemur ykkur í kynni við bandaríska snillinginn Noam Chomsky sem frægur er fyrir hárbeitta gagnrýni á utanríkisstefnu Bandaríkjaríkjanna.



**Sýningin:** Ef þú ert í vandræðum með að velja úr þeirri fjölbreyttu dagskrá sem Listahátíð Reykjavíkur býður upp á þá skaltu skella þér á miða á Grupo Corpo sem er brasilískur nútímadansflokkur af bestu gerð.

**Safnið:** Líttu inn á nútímalistasafnið SAFN að Laugavegi 37 en þar opnar um helgina sýning á verkum tveggja þekktra erlendra listakvenna, Karin Sanders og Ceal Floyer sem báðar eru búsettar í Berlín.





**LÁRÉTT**
**2** faðmlag **6** málmur **8** maðk **9** kann **11** leita að **12** kvíga **14** úldna **16** skóli **17** hætta **18** flýtir **20** vörumerki **21** prik.

**LÓÐRÉTT**
**1** eymsl **3** nafnorð **4** sorps **5** hæða **7** mega **10** traust **13** skordýr **15** svari **16** blaður **19** tveir eins.

**LAUSN**

**LÁRÉTT:** **2** knús, **6** ál, **8** orm, **9** get, **11** gá, **12** tyrfa, **14** fúlna, **16** ma, **17** ógn, **18** asi, **20** ss, **21** stig. **LÓÐRÉTT:** **1** bágt, **3** no, **4** úrgangs, **5** smá, **7** leyfast, **10** trú, **13** fló, **15** ansi, **16** mas, **19** ii.

allt
tilboð
Alla föstudaga

JÓNAS ÖRN HELGASON: KEPPIR TIL ÚRSLITA Í MEISTARNUM

# Dreginn í keppnina

Jónas Örn Helgason er hógvær ungur verkfræðinemi sem hefur farið mikinn í Meistarnum, spurningaþætti sem Logi Bergmann stýrir á Stöð 2. „Þegar ég ákvað að taka þátt í keppninni að undirlagi fjölskyldu minnar sem hvatti mig til dáða, var það fjarlæg sýn að komast þetta langt," segir Jónas. „Ég lagði heldur ekki upp með að vinna einhverja peningafúlgu heldur fyrst og fremst að hafa gaman af. Pabbi dró mig eiginlega í keppnina einn morguninn," heldur Jónas áfram, en eins og mörgum er kunnugt, lagði faðir Jónasar einnig leið sína í þáttinn en varð undir í fyrstu viðureign sinni. Þegar Jónas er spurður hverju hann þakki árangurinn, vísar hann jafnt til fjölskyldu sinnar sem heppni; í allt annað en eigin gjörvileika.

Þessa dagana les Jónas undir próf við Háskóla Íslands og segist pollrólegur þótt framundan sé úrslitaviðureignin þar sem keppt verður um nafnbótina Meistarinn og fimm milljónir króna í beinhörðum peningum. Jónas lagði Illuga Jökulsson eftirminnilega að velli í undanúrslitaviðureigninni og mun því að tveimur vikum liðnum etja kappi við Erling Sigurðsson safnstjóra eða Ingu Þóru Ingvarsdóttur sagnfræðing, en þau eigast við í kvöld. Jónas hefur margoft sýnt og sannað að hann býr yfir geysilega víðtækri þekkingu en margir muna einnig eftir honum úr Gettu betur þar sem hann keppti fyrir hönd MH í þrjú ár með eftirtektarverðum árangri. Fréttablaðinu lék forvitni á að vita hvar þessi geðþekki ungi gáfumaður elur manninn þessa dagana, hvernig úrslitin leggjast í hann og hvort undirbúningur sé einhver. „Það verður spennandi að sjá hvoru þeirra ég mæti þegar þar að kemur. Þau eru bæði mjög vel að sér en sennilega þætti mér skemmtilegra að mæta Ingu Þóru í úrslitunum þar sem hún er jú eina konan sem hefur náð svona langt, auk þess sem hún er vinkona bróður míns. Annars gildir það einu hvoru þeirra ég mæti í lokin þetta fer allt einhvern veginn," undirstrikar Jónas af fádæma yfirvegun.



**JÓNAS ÖRN** Er pollrólegur þrátt fyrir að styttist í að hann keppi um fimm milljónir í Meistaranum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVAL

Þegar spurt er um undirbúning fyrir keppnina segir Jónas lítið fara fyrir honum. „Ég bý svo sem að lestri bókanna hans Illuga Jökulsonar, til dæmis um 20. öldina á Íslandi, en hana las ég grimmt þegar ég undirbjó mig fyrir Gettu betur. Bækurnar hans eru hreint frábærar. Eins vafra ég um netið og les mér til í ýmsum alfræðiorðabókum, en annar er nú undirbúningurinn ekki."

Þrátt fyrir augljósan áhuga á mönnum og málefnum og mikinn lestur á margvíslegu efni, segist Jónas horfa mikið á sjónvarp, verja miklum tíma með vinum og hlusta töluvert á breska popptónlist. Spurður að því hvernig hann hyggist verja peningunum vinni hann keppnina 25. maí næstkomandi svarar Jónas því til „að hann myndi reyna að láta sigurinn ekki hafa mikil áhrif á líf sitt og leggja sem mest fyrir". -bb

## FRÉTTIR AF FÓLKI

X-B-ingar hafa verið með böggum hildar undanfarna daga því á ófáum netsíðum hefur birst mynd af miklum og stórum jeppa skreyttum merkjum exbé sem hefur verið lagt í stæði ætlað fötluðum fyrir utan Rimaskóla í Grafarvogi, en þar hélt flokkurinn fund á dögunum. Þykir þetta mál hið vandræðalegasta fyrir flokkinn sem eitt sinn var kenndur við Framsókn og á vefritinu hrifla.is leiðir **Rúnar Hreinsson** kosningastjóri lesendur í allan sannleika um þennan hryggilega atburð. Svo er mál með vexti að „ungur sjálfboðaliði á vegum framboðsins uggði ekki að sér og lagði jeppabifreið sem framboðið hefur á leigu í stæði merkt fötluðum". Þetta harmar Rúnar vitaskuld og biðst afsökunar og að hans sögn er sjálfboðaliðinn „miður sín vegna þessa". Málið á sér allt eðlilegar skýringar því sökum mikillar rigningar sá messadrengurinn ekki merkinguna en vildi leggja bílnum eins nálægt skólanum og hægt var „því hann átti að bera inn töluvert magn af vatni sem framsóknarmenn buðu gestum fundarins upp á". Að öðru leyti tókst fundurinn víst vel og fyrir tilstilli unga sjálfboðaliðans þurfti enginn að fara þyrstur út.



Stjórnmálaflokkarnir láta mikið með skipulagsmál í kosningabaráttunni fyrir borgarstjórnarkosningarnar í lok mánaðarins. Kvikmyndagerðarmaðurinn **Hrafn Gunnlaugsson** hefur úttalað sig hressilega um skipulagsmál í borginni á undanförnum árum. Árið 2000 frumsýndi hann heimildarmynd þar sem hann velti upp með aðstoð nýjustu tölvutækni nýjum og skemmtilegum hugmyndum um þróun skipulagsmála í Reykjavík. Mynd Hrafns skapaði mikla umræðu í samfélaginu og mætti segja að hún hafi átt stóran þátt í að hrinda af stað þeirri skipulagsumræðu sem nú er að ná hámarki. NFS sýnir þessa umtöluðu mynd Hrafns í kvöld klukkan 21.10 og svo að hún fari nú ekki fram hjá neinum verður hún endursýnd laugardaginn 13. maí klukkan 16.10 og sunnudaginn 14. maí klukkan 14.10. -bs/þþ



NÝR STÓR HUMAR
GRILLPINNAR
SIGIN GRÁSLEPPA

FISKBÚÐIN HAFBERG
Gnoðarvogi 44, sími 588 8686
opið alla laugardaga 10-14

# Framfylgdu ekki reglum

„Þetta er mál sem kom upp strax og það er búið að glíma við það," segir Jónatan Garðarson, talsmaður Eurovision-keppninnar hérlendis um þá kvörtun sem hefur borist vegna dónalegs orðalags í enskum texta lagsins Til hamingju Ísland með Silvíu Nótt. Er farið fram á að laginu verði vísað úr keppni ef textanum þar sem blótsyrðið kemur fyrir verði ekki breytt.

„Upphaflegi textinn sem við fáum og sjónvarpsstöðvarnar eru ekki með þessu orði inni en síðan er það á smáskífunni sem þau gáfu út með hinu orðalaginu. Þau sendu frá sér opinberan texta og voru búin að lofa að fylgja reglum og þær eru skýrar," segir hann en vill ekkert geta sér til um hvort framhald verði á málinu og hverjar afleiðingarnar yrðu þá.



**SILVÍA NÓTT** Söngkonan umdeilda er á leiðinni til Aþenu í dag ásamt föruneyti sínu til að taka þátt í forkeppni Eurovision þann 18. maí. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

Eurovision-fararnir héldu til Aþenu í morgun og hefjast æfingar fyrir íslenska lagið á föstudag. Keppendur fá tvær foræfingar og síðan þrjú svokölluð rennsli þar sem lagið verður prufukeyrt uppi á sviði. Forkeppnin hefst síðan fimmtudaginn 18. maí.

Jónatan segist ekki gera sér grein fyrir möguleikum íslenska lagsins í Eurovision. „Ég hef ekki hlustað á neitt af hinum lögunum," segir hann. „Ég hef litið á vefsíður þar sem menn eru að spá upp og niður en það er aldrei neitt að marka það."


REGATTA
GREAT OUTDOORS ™
NÝJAR VÖRUR
bolir
skyrtur
buxur
zip-off buxur
kvartbuxur
vesti
flíspeysur
softshell peysur
hettupeysur
regnjakkar
regnbuxur
isotex jakkar
isotex buxur
bakpokar
legghlífar
gönguskór
svefnpokar
göngustafir
töskur
sandalar
ofl. ofl.
NÝTT
KORTATÍMABIL
Opið
virka daga 10 – 18
laugard. 11 - 16
ÚTIVIST&SPORT
verslanir / hópa- og fyrirtækjaþjónusta
Reykjavík Faxafen 12 S. 533-1550. Akureyri Strandgata 3 S. 464-4450. Keflavík Hafnargata 25 S. 421-3322
Aðrir sölustaðir: Ísafjörður Hafnarbúðin S. 456-3245. Reyðarfjörður Molinn S. 474-1400. Höfn H. Hafnarbraut 34 S. 478-2216

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 550 5006, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000**





Reykjavík í öðru ljósi

Tímamótamynd Hrafns Gunnlaugssonar um skipulagsmál í Reykjavík.
Í kvöld á NFS kl. 21:10

NFS




**BAKÞANKAR**
**JÓNS GNARR**

## *Íslenskt sumar*

Þá er sumarið loksins komið. Nú get ég farið í bæinn með strákinn minn án þess að það sé eins og við séum að fara í heimskautaleiðangur. Það er nóg að taka með húfu. Regnhlífin, þurru fötin, úlpurnar og vettlingarnir og hlífðardúkarnir eru nú inni í skáp.

**SUMARIÐ** leggst yfir landið eins og fallegt bros og lýsir upp hvern krók og kima með geislum sínum og gleði. Íslenska sumarið er yndislegra en önnur sumur. Hvergi í heiminum eru til eins falleg sumur. Það er eins og hlýlegt orð á erfiðum tímum. Það er ekki eins heitt og sumrin í útlöndum. En það er einstakt. Að sumarið vilji koma hingað er kraftaverk.

**MÖRGUM** útlendingum finnst ekki mikið til um sumarið okkar. Þeir sjá ekki fegurðina í augum þess. Á sumum stöðum, úti í heimi, ríkir endalaust sumar. Þar finnst öllum sjálfsagt að veðrið sé alltaf gott. Stundum sér maður jafnvel útlendinga ganga niður Laugaveginn með húfur á höfðinu á heitum sumardögum þegar steikjandi hitinn teygir sig allt upp í 13 gráður og landsmenn flatmaga berir að ofan um stræti og torg.

**VERÐMÆTI** hluta felst oft í sjaldgæfi þeirra. Því sjaldgæfara sem eitthvað er þeim mun dýrmætara er það. Gull er dýrmætt því það er svo lítið til af því. Og líka demantar. Ef allir ættu demanta væru þeir lítils virði. Íslenska sumarið er gull og demantar í veðurhvolfi alheimsins.

**ÍSLAND** er dásamlegt. Að búa á Íslandi byggir karakter. Lífið er ekki alltaf gott. Ísland kennir okkur á lífið. Eftir að hafa þolað vetrarhörkurnar, rokið og rigninguna og endalausa grámygluna og myrkrið fáum við birtuna og sumarið. Og það kennir okkur að eftir alla erfiðleika kemur hvíld. Og sá sem er þreyttur kann best að meta hvíldina og hungrið er besta kryddið.

**KARVÝ-BLÓMIÐ,** sem vex á Indlandi er vel þekkt af blómaáhugamönnum. Það er einstakt, sérstaklega vegna þess að það blómstrar bara einu sinni á átta ára fresti. Margir leggja á sig mikla fyrirhöfn til að sjá það blómstra og þegar það gerist er það svo fallegt að það er allrar fyrirhafnarinnar virði. Saffran er dýrasta krydd í heimi vegna þess að það er næstum ófáanlegt. Menn borga allt upp í eina milljón fyrir kílóið af því.

**OG** þannig er íslenskt sumar. Njótum þess!


0 kr. alltaf

Viðskiptavinir í **Og1** greiða nú ekkert fyrir takmarkalausa notkun milli allra heimasíma innanlands.

Heimili sem eru með allt hjá **Og Vodafone**, GSM, Heimasíma og Internet geta skráð sig í **Og1.**

**Auðvelt að skipta.**
Það er ekkert mál að skipta um símafyrirtæki eða almennt að skrá sig í **Og1**. Hringdu núna í **1414** eða smelltu þér á www.ogvodafone.is og skráðu þig og þína.
Mánaðargjald heimasíma er 1.340 kr.

ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SIA.IS OGV 32427 05/2006

Og1



**Og Vodafone** hefur leitt samkeppni á íslenska fjarskiptamarkaðnum og fært neytendum betri þjónustu og lækkað verð.

Komdu í verslun **Og Vodafone**, hringdu í **1414** eða smelltu þér á **www.ogvodafone.is** fyrir nánari upplýsingar og skráningu í **Og1**.

og vodafone
Heyrumst!

FREMSTIR MEÐAL JAFNINGJA

Firestone



Auglýsingastofa Guðrúnar Önnu

**Firestone F590**
er að öllum líkindum **langódýrasta ALVÖRU fólksbíladekkið** sem þér stendur til boða í sumar.

**BETRA GRIP**
**DEKKJAÞJÓNUSTA**
**LÁGMÚLA 9**
**SÍMI: 5-333-999**

**SUMARDEKKIN**

BRIDGESTONE

**Bridgestone D694**
eru frábær jeppa- og pallbíladekk, mjúk og gripmikil. Flott dekk sem vekja athygli. Heilsársdekk.






UMFELGUN FRÁ KR. 4.900

VERÐDÆMI:
13" frá kr.: 4.590.-
14" frá kr.: 6.990.-
15" frá kr.: 7.990.-

HJÓLBARÐAÞJÓNUSTA